-----------------------------	---------

<b>29 Fjölskyldumál, heildargjöld .....</b>	<b>74.847,4</b>
---	-----------------

<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>-219,9</b>
-----------------------------	---------------

<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>74.082,5</b>
------------------------------------	-----------------

<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>545,0</b>
----------------------------------	--------------

m.kr.

### 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

#### 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

##### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	4.626,1
Rekstrartilfærslur .....	39.840,1
Fjárfestingarframlög .....	4,1
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>44.470,3</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur .....	-1.706,3
Framlag úr ríkissjóði .....	42.764,0

#### 30.20 Vinnumarkaður

##### 07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	1.764,7
Rekstrartilfærslur .....	86,0
Fjárfestingarframlög .....	23,7
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>1.874,4</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur .....	-810,6
Framlag úr ríkissjóði .....	1.063,8

<b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi, heildargjöld .....</b>	<b>46.344,7</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>-2.516,9</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>43.827,8</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

m.kr.

## 31 Húsnæðis- og skipulagsmál

### 31.10 Húsnæðismál

#### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrartilfærslur .....	2.100,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>2.100,0</b>

Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	2.100,0
-----------------------------	---------

#### 10 Innviðaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	3.779,1
Rekstrartilfærslur .....	11.762,0
Fjármagnstilfærslur .....	8.136,4
Fjárfestingarframlög .....	259,3
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>23.936,8</b>

Fjármögnun:

Rekstrartekjur .....	-1.525,5
Framlag úr ríkissjóði .....	22.411,3

### 31.20 Skipulagsmál

#### 10 Innviðaráðuneyti

Rekstrarframlög .....	507,4
Rekstrartilfærslur .....	306,9
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>814,3</b>

Fjármögnun:

Rekstrartekjur .....	-35,6
Framlag úr ríkissjóði .....	778,7

	m.kr.
<b>31 Húsnæðis- og skipulagsmál, heildargjöld</b> .....	<b>26.851,1</b>
<b>Rekstrartekjur</b> .....	<b>-1.561,1</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði</b> .....	<b>25.290,0</b>
<b>Viðskiptahreyfingar</b> .....	<b>0,0</b>

m.kr.

## 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

### 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

#### 08 Heilbrigðisráðuneyti

Rekstrarframlög . . . . .	3.132,3
Rekstrartilfærslur . . . . .	260,1
Fjárfestingarframlög . . . . .	30,4
<b>Heildarfjárheimild . . . . .</b>	<b>3.422,8</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur . . . . .	-1.071,5
Framlag úr ríkissjóði . . . . .	2.351,3

### 32.20 Jafnréttismál

#### 01 Forsætisráðuneyti

Rekstrarframlög . . . . .	268,0
Rekstrartilfærslur . . . . .	117,8
Fjárfestingarframlög . . . . .	0,9
<b>Heildarfjárheimild . . . . .</b>	<b>386,7</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur . . . . .	-11,3
Framlag úr ríkissjóði . . . . .	375,4

m.kr.

**32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála***08 Heilbrigðisráðuneyti*

Rekstrarframlög . . . . .	4.166,9
Rekstrartilfærslur . . . . .	268,3
Fjárfestingarframlög . . . . .	10,8
<b>Heildarfjárheimild . . . . .</b>	<b>4.446,0</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur . . . . .	-108,7
Framlag úr ríkissjóði . . . . .	4.337,3

**32.40 Stjórnsýsla félagsmála***07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti*

Rekstrarframlög . . . . .	3.696,6
Rekstrartilfærslur . . . . .	295,1
Fjárfestingarframlög . . . . .	16,3
<b>Heildarfjárheimild . . . . .</b>	<b>4.008,0</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur . . . . .	-87,8
Framlag úr ríkissjóði . . . . .	3.920,2

<b>32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála, heildargjöld . . . . .</b>	<b>12.263,5</b>
<b>Rekstrartekjur . . . . .</b>	<b>-1.279,3</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði . . . . .</b>	<b>10.984,2</b>
<b>Viðskiptahreyfingar . . . . .</b>	<b>0,0</b>

### 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi

#### 33.10 Fjármagnskostnaður

##### 19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Rekstrarframlög .....	98.095,6
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>98.095,6</b>

##### Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	68.109,0
Viðskiptahreyfingar .....	29.986,6

#### 33.20 Ríkisábyrgðir

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Fjárfestingarframlög .....	110,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>110,0</b>

##### Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	20,0
Viðskiptahreyfingar .....	90,0

#### 33.30 Lífeyrisskuldbindingar

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	79.067,2
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>79.067,2</b>

##### Fjármögnun:

Framlag úr ríkissjóði .....	39.651,0
Viðskiptahreyfingar .....	39.416,2

		m.kr.
<b>33</b>	<b>Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi, heildargjöld . . . .</b>	<b>177.272,8</b>
	<b>Rekstrartekjur . . . . .</b>	<b>0,0</b>
	<b>Framlag úr ríkissjóði . . . . .</b>	<b>107.780,0</b>
	<b>Viðskiptahreyfingar . . . . .</b>	<b>69.492,8</b>



### 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

#### 34.10 Almennur varasjóður

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	22.059,9
Rekstrartilfærslur .....	6.283,3
Fjárfestingarframlög .....	564,9
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>28.908,1</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur .....	-1.204,4
Framlag úr ríkissjóði .....	27.703,7

#### 34.20 Sértækar fjárráðstafanir

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	136,7
Rekstrartilfærslur .....	167,5
Fjárfestingarframlög .....	176,9
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>481,1</b>
Fjármögnun:	
Framlag úr ríkissjóði .....	481,1

#### 34.30 Afskriftir skattkrafna

##### 09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rekstrarframlög .....	6.510,0
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>6.510,0</b>
Fjármögnun:	
Viðskiptahreyfingar .....	6.510,0

	m.kr.
<b>34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir, heildargjöld . . . . .</b>	<b>35.899,2</b>
<b>Rekstrartekjur . . . . .</b>	<b>-1.204,4</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði . . . . .</b>	<b>28.184,8</b>
<b>Viðskiptahreyfingar . . . . .</b>	<b>6.510,0</b>

m.kr.

## 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

### 35.10 Þróunarsamvinna

#### 03 Utanríkisráðuneyti

Rekstrarframlög .....	3.313,9
Rekstrartilfærslur .....	11.696,4
<b>Heildarfjárheimild .....</b>	<b>15.010,3</b>
Fjármögnun:	
Rekstrartekjur .....	-4,9
Framlag úr ríkissjóði .....	15.005,4

<b>35 Alþjóðleg þróunarsamvinna, heildargjöld .....</b>	<b>15.010,3</b>
<b>Rekstrartekjur .....</b>	<b>-4,9</b>
<b>Framlag úr ríkissjóði .....</b>	<b>15.005,4</b>
<b>Viðskiptahreyfingar .....</b>	<b>0,0</b>

Greinargerð.

## Inngangur

Samkvæmt 42. gr. stjórnarskrárinnar ber að leggja frumvarp til fjárlaga fyrir Alþingi þegar það kemur saman og í þingskapalögum er kveðið á um að frumvarpið skuli lagt fram á fyrsta fundi haustþings sem er annar þriðjudagur í september.

Samkvæmt lögum um opinber fjármál skal frumvarp til fjárlaga sett fram á grundvelli þingsályktunar um fjármálaáætlun og skal það að efni til vera í samræmi við markmið hennar, sbr. 5. og 14. gr. laganna. Það fjárlagafrumvarp sem hér er lagt fram er í samræmi við fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 sem Alþingi samþykkti í júní sl.

Um meginefni fjárlagafrumvarpsins er fjallað í fjárlaganefnd Alþingis. Fjallað er um nauðsynlegar lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlaga og breytingar á almennum lögum sem tengjast afgreiðslu fjárlaga á annan hátt í öðrum fastanefndum Alþingis og eru framangreind frumvörp jafnan afgreidd eigi síðar en í desember.

### Stafræn framsetning frumvarps til fjárlaga

Vakin er athygli á því að frumvarp til fjárlaga er birt með stafrænum hætti á vefsíðu Stjórnarráðs Íslands á slóðinni [www.fjarlog.is](http://www.fjarlog.is). Lögð er áhersla á að hafa framsetningu frumvarpsins á vefnum skýra og notendavæna. Markmiðið með stafrænni birtingu er að bæta aðgengi að upplýsingum og um leið draga úr prentun en frumvarpið verður ekki prentað fyrir stofnanir og almenning. Hægt er að nálgast prentvæna útgáfu af frumvarpinu í heild sinni á vefsíðum Alþingis og Stjórnarráðsins.

### Efnisskipan frumvarps til fjárlaga

Í frumvarpinu eru alls sex lagagreinar ásamt tveimur nánari sundurliðunum sem jafnframt hafa lagalegt gildi, fyrir tekju- og útgjaldahlið frumvarpsins.

Efni lagaákvæðanna er sem hér segir:

- Í 1. gr. er birt fjárstreymisyfirlit um meginflokkun tekna og hagræna skiptingu útgjalda-þátta ríkissjóðs (A1-hluti) á þjóðhagsgrunni samkvæmt svonefndum GFS-hagskýrslustaðli (e. Government Finance Statistics) sem sýnir efnahagsleg áhrif ríkisfjármála á aðra geira hagkerfisins. Þá er sett fram hvaða breytingar á peningalegum eignum og skuldum felast í heildarafkomu fjárlagaársins.
- Í 2. gr. er yfirlit yfir sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluti). Niðurstaða rekstrar- og fjárfestingarhreyfinga er hreinn lánsfjárfjöfnuður sem þykir gefa góða mynd af samtímaáhrifum ríkisfjármálanna á efnahagslífið.
- Í 3. gr. er yfirlit yfir skiptingu fjárheimilda ríkissjóðs (A1-hluti) til málefnasviða greindar í rekstur, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingu. Þar eru líka sýndar áætlaðar rekstrartekjur og áætluð heildargjöld fyrir hvert málefnasvið.
- Í 4. gr. er yfirlit yfir fjárheimildir ríkissjóðs (A1-hluti) til málefnasviða og málaflokka sundurgreindar eftir ráðuneytum. Með þessu er ábyrgðarsvið og hlutdeild hvers ráðuneytis innan málefnasviðs skýr en útgjöld á einstökum málefnasviðum geta fallið undir fleiri en eitt ráðuneyti.
- Í 5. gr. er greint frá heimildum fjármála- og efnahagsráðherra til töku nýrra lána og veitingar lána og ríkisábyrgða.

- Í 6. gr. er kveðið á um heimildir fjármála- og efnahagsráðherra til samningsgerða og fjárráðstafana, s.s. að kaupa og selja eignir.

Efni sundurliðananna er sem hér segir:

- Nánari sundurliðun á tekjuáætlun fjárlaga (A1-hluti) í 1. gr. fjárlagafrumvarpsins.
- Nánari sundurliðun á útgjöldum í 3. gr. og 4. gr. frumvarpsins (A1-hluti) eftir málefnaviðum, málaflokkum og ráðuneytum með hagrænni skiptingu.

Í athugasemdum á eftir lagagreinum er umfjöllun um einstaka þætti frumvarpsins sem skiptist þannig:

- Í fyrsta kafla er fjallað um framvindu efnahags- og ríkisfjármála ásamt áherslum og úrlausnarefnum sem eru fram undan.
- Í öðrum kafla er fjallað um stöðu og horfur í efnahagsmálum fyrir komandi fjárlagaár og hagrænar forsendur stefnumörkunar um ríkisfjármálin.
- Í þriðja kafla er gerð grein fyrir markmiðum í ríkisfjármálum og helstu niðurstöðum frumvarpsins.
- Í fjórða kafla er fjallað um tekjuöflun ríkissjóðs (A1-hluti), helstu skattkerfisbreytingar og skattastyrki.
- Í fimmta kafla er umfjöllun um gjaldahlið frumvarpsins (A1-hluti) þar sem m.a. er greint frá meginbreytingum á útgjaldahlið fyrir næsta fjárlagaár ásamt verðlagsforsendum gjaldahliðar.
- Í sjötta kafla er fjallað um fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta og gerð grein fyrir flokkun ríkisaðila, áætlanir A2-hluta ríkisaðila, áætlanir A3-hluta ríkisaðila og helstu lykilstærðir í fjárreiðum þeirra.
- Í sjöunda kafla er fjallað um samstæðuylirlit A-hluta í heild ásamt rekstraryfirliti A-hluta í heild fyrir árin 2022–2025.
- Í áttunda kafla er fjallað um fjárreiður ríkisaðila í B-hluta og gerð grein fyrir áætlun um rekstrarafkomu, arðgreiðslur, fjárfestingar, lántökur og lánveitingar.
- Í níunda kafla er umfjöllun um efnahag, lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir.
- Í tíunda kafla eru skýringar á heimildum í frumvarpinu til samningsgerðar og fjárráðstafana.
- Í ellefta kafla er gerð grein fyrir áhættuskuldbindingum sem geta varðað fjárhag ríkissjóðs.
- Í tólfta kafla er yfirlit yfir lagabreytingar sem nauðsynlegar eru til að áætlanir um gjöld og öflun tekna, sem fram koma í frumvarpinu, nái fram að ganga.
- Þar á eftir eru birtar greinargerðir ráðuneyta þar sem fjallað er um skiptingu fjárheimilda eftir málefnaviðum og málaflokkum (A1-hluti), breytingar fjárheimilda fyrir næsta fjárlagaár og helstu aðgerðir málaflokka fyrir næsta ár.
- Loks er í viðauka fjallað um reikningshaldslega framsetningu ríkisfjármálanna, auk þess sem helstu tölulegu niðurstöður frumvarpsins eru settar fram í sérstökum töfluviðauka.

### **Innihald fylgirits með fjárlagafrumvarpi**

Samkvæmt lögum um opinber fjármál skal leggja fram fylgirit með frumvarpi til fjárlaga sem sýnir sundurliðun á tekjum ríkissjóðs og skiptingu á fjárheimildum til málaflokka í fjárveitingar til ríkisaðila í A1-hluta, annarra verkefna og í varasjóði málaflokka. Fylgirit fjárlaga er ekki eiginlegur hluti af sjálfum fjárlögum heldur til nánari útskýringar á þeim. Hægt er að nálgast fylgiritið með stafrænum hætti á vef Stjórnarráðsins.

Efni fylgiritisins er sem hér segir:

- Nánari sundurliðun á tekjuáætlun fjárlaga í 1. gr.
- Sundurliðun fjárveitinga eftir hagrænni skiptingu.
- Sundurliðun fjárveitinga eftir ráðuneytum og málaflokkum.
- Yfirlit fjárveitinga eftir stofnunum og verkefnum.
- Forsendur fjárveitinga samkvæmt reiknilíkönum.
- Yfirlit yfir skuldbindandi þjónustu- og styrktarsamninga.

Áréttað skal að í fylgiriti eru birtar áætlanir um fjárveitingar til stofnana og verkefna til næstu tveggja ára eftir fjárlagaárið sem eru ekki skuldbindandi fyrir Alþingi þar sem fjárlög gilda einungis til eins árs í senn.

## 1 Áherslur og forgangsmál

Íslendingar hafa á síðustu árum búið við mikinn kraft í samfélaginu. Eftir að heimsfaraldri kórónuveirunnar lauk var efnahagsbatinn undraskjótur og langt umfram væntingar og raunar einn sá mesti sem sést hefur á Vesturlöndum. Mikill uppgangur hefur verið í öllu atvinnulífi og atvinnuleysi verið með minnsta móti, bæði í sögulegu samhengi og í alþjóðlegum samanburði. Kaupmáttur launa hefur vaxið áfram ólíkt því sem hefur verið reyndin í flestum löndum sem við berum okkur saman við. Samhliða hafa kjör þeirra efnaminni vaxið hlutfallslega mest í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar. Allt hefur þetta komið fram í miklum hagvexti og jákvæðri þróun ríkisfjármála að undanfögnu. Jafnframt hefur íbúum landsins fjölgað verulega og hefur atvinnuþátttaka sjaldan verið meiri.

Eftir snarpan hagvaxtarsprett undanfarin þrjú ár er komið að því að hægja á ferðinni og afleiðingin af þessum öra vexti og krafti er að mikil spenna hefur myndast í efnahagslegu samhengi. Eftirspurn eftir fjármagni, vörum, þjónustu og vinnuafli hefur verið mikil og það hefur ýtt undir þenslu og neyslu í samfélaginu. Fylgifiskurinn var aukin verðbólga sem náði hámarki á síðasta ári. Ytri aðstæður hafa einnig ýtt undir verðbólgu, s.s. hækkandi verð á innflutningi á framleiðsluvörum og neysluvörum. Fjölskyldur og fyrirtæki eru farin að finna mikið fyrir þessu. Verðbólgan er einn af okkar fornu fjendum. Brýnasta verkefnið fram undan er að ráða niðurlögum hennar í samstilltu átaki um stefnuna í peningamálum, á vinnumarkaði og í ríkisfjármálum. Seðlabankinn hefur stigið fast á bremsuna með vaxtastýritækini og sjást ýmis merki um að farið sé að draga úr þenslunni. Þá voru samningar á almennum vinnumarkaði mikilvægt skref til að tryggja nauðsynlegan stöðugleika sem grundvöll fyrir þann árangur sem stefnt er að í íslensku efnahagslífi. Ríkisstjórnin hefur sett fram aðgerðaáætlun sem styður við þessa mikilvægu sátt, m.a. með auknum stuðningi við barnafjölskyldur og uppbyggingu hagkvæms húsnæðis.

Ríkisstjórnin hefur sett sér skýr og ákveðin markmið um að beita ríkisfjármálunum til að vinna að lækkun verðbólgunnar. Þau áform komu skýrt fram í fjármálaáætluninni sem kynnt var í vor og styðja þar með við markmið Seðlabankans um verðstöðugleika. Í þessu frumvarpi kristallast sá ásetningur að íslenskt efnahagslíf nái að aðlaga sig að breyttum aðstæðum og að búa í haginn fyrir nýtt vaxtarskeið á traustum grunni. Í þessari áætlun felst markmið um bættu afkomu ríkissjóðs og markvisst aðhald í opinberum umsvifum í því skyni að styðja við hjöðnun verðbólgu og skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta en þó ekki í þeim mæli að það gæti valdið lífsskjararýrnun og verulega auknu atvinnuleysi. Á sama tíma er ríkisstjórnin einbeitt í því að verja þau grunnkerfi sem velferð samfélagsins byggist á. Ríkisstjórnin vill hlúa að viðkvæmum hópum og styðja við öflugt atvinnulíf. Hvort tveggja er mikilvægt enda leggur aukin verðmætasköpun atvinnulífsins grunninn að góðu velferðarkerfi.

Þau efnahagsáform sem birtast bæði í fjármálaáætlun og frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 2025 eru ábyrg og markviss og til þess fallin að ná settum markmiðum um lækkun verðbólgu og vaxta án þess að höggva í velferðarkerfið og án þess að hægja um of á uppbyggingu mikilvægra innviða samfélagsins. Ríkisstjórnin hefur sett fram trúverðugar og metnaðarfullar áætlanir í efnahagsmálum sem alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn telja að séu viðeigandi í ljósi efnahagsaðstæðna.


Staða hagkerfisins er sterk. Hægt hefur á vexti efnahagssumsvifa undanfarið ár án þess þó að nokkur merki séu um snögga kólnun. Það er jákvætt og í samræmi við markmið hagstjórnar

um hjöðnun verðbólgu að 2,5% verðból gumarkmiði. Lækkun verðbólgu skapar skilyrði fyrir lækkun vaxta samhliða áframhaldandi sterkri stöðu á vinnumarkaði. Þrátt fyrir að nú hægi á vexti verðmætasköpunar, eftir einn þróttmesta hagvöxt vestrænna ríkja, er staða hagkerfisins í öllum meginatriðum afar sterk. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur gengið út á að byggja upp viðnámsþrótt gagnvart áföllum og það hafa heimilin líka gert. Rúmur gjaldeyrisforði, afar sterk erlend eignastaða þjóðarbúsins studd af afgangi á viðskiptajöfnuði, ábyrg ríkisfjármála-stefna, vel fjármagnað bankakerfi og skynsamlegar þjóðhagsvarúðarreglur sem setja skuldsetningu skorður voru mikilvægar forsendur þess að hægt var að verja efnahagsreikninga heimila og fyrirtækja í gegnum tíð áföll nýliðinna ára. Þennan viðnámsþrótt er mikilvægt að varðveita og styrkja.

### Mynd 1.1

#### Hagvöxtur var óviða meiri en hér á landi

Uppsafnaður hagvöxtur áráanna 2019-2023



#### Vaxtarbroddum atvinnulífsins fjölgar

Kraftur í vaxtarsprotum íslensks atvinnulífs hefur verið mikilvægur drifkraftur verðmætasköpunar sl. fjögur ár. Hagspár gera ráð fyrir umfangsmiklum vexti í útflutningi lyfja, fiskeldi er í mikilli sókn og útflutningur á ýmissi tæknitengdri þjónustu vex hratt. Þá hefur kvikmyndaiðnaður einnig átt góðu gengi að fagna. Ríkisstjórnin leggur áherslu á að búa fyrirtækjum samkeppnishæft rekstrarumhverfi og hyggst áfram styðja myndarlega við nýsköpun. Fjölbreytt og kröftugt atvinnulíf styður ekki aðeins við vöxt lífskjara til framtíðar heldur gerir samfélaginu einnig kleift að standa af sér áföll, sem reynslan sýnir að geta knúið dyra, jafnvel á nokkurra ára fresti.


#### Heimilin hafa sýnt fyrirhyggju, en vaxtabyrðin er orðin þung

Heimilin hafa einnig sýnt mikla ábyrgð og varið markverðum hluta kaupmáttarvaxtar, sem er einstakur í Evrópu, í sparnað og niðurgreiðslu skulda. Skuldir heimilanna, í hlutfalli við tekjur og VLF, eru þannig lágur í bæði sögulegum og alþjóðlegum samanburði. Ekki er þó hægt að fara í grafgötur með það að hægar hefur gengið að vinda ofan af verðbólgu en vonir hafa staðið til. Ein bagalegasta birtingarmynd þess er hátt vaxtastig og meiri vaxtabyrði heimila og fyrirtækja en gengið getur til lengdar.



**Mynd 1.2****Skuldsetning heimila er við söguleg lágmark**

Skuldir heimila, % af ráðstöfunartekjum



Heimild: Seðlabanki Íslands

**Áfangasigrar á öllum vígstöðvum í baráttunni við verðbólgu**


Í sinni einföldustu mynd má segja að drifkraftar verðbólgu séu þrír; hnökrar á framboðshlið hagkerfisins geta drifið verðbólgu til skamms tíma, þróttmikil eftirspurn umfram getu hagkerfisins til verðmætasköpunar getur þrýst upp verðbólgu og í þriðja lagi geta væntingar um verðbólgu reynst sjálfnærandi og viðhaldið henni um langt skeið. Í öllum þessum þáttum hafa unnist mikilvægir áfangasigrar. Framleiðsluvandræði voru mikilvægur drifkraftur verðbólgu við upphaf verðbólgukeisrins, bæði vegna kórónuveirufaraldursins og afleiðinga innrásar Rússlands í Úkraínu. Þau eru að baki og drifa ekki lengur verðbólguna. Greinilegt er að með ábyrgri hagstjórn er að takast að draga úr eftirspurn og umsvifum. Þótt enn sé kraftur í innlendri eftirspurn hefur vöxtur í kortaveltu heimila og veltu fyrirtækja verið sáralítill um mánaðaskeið samhliða því að verulega hefur dregið úr innflutningsvexti.

Eftir standa verðbólguvæntingar sem samkvæmt mælingum í könnunum og á skuldabréfmarkaði, að vísu með nokkurri óvissu, eru enn þá umfram markmið Seðlabankans. Jákvætt er að gerðir voru fjögurra ára kjarasamningar með launahækkunum sem samrýmast efnahagslegum stöðugleika til lengdar. Það segir sitt um trúverðugleika efnahagsstefnunnar við að vinna bug á verðbólgu. Við höfum því náð mikilvægum árangri í baráttunni við verðbólguna á öllum helstu vígstöðvum hennar. Hún hefur enda hjaðnað umtalsvert og undirliggjandi verðbólga mælist nú í námunda við 4%. Þar hafa allir armar hagstjórnar, peningastefnan, ríkisfjármálin og vinnumarkaðurinn, lagt hönd á plóginn.

Greiningaraðilar spá því allir að verðbólgan fari minnkandi. Lækki vextir Seðlabankans og íbúðalána í takt við verðbólguþá bankans gæti greiðslubyrði 30 m.kr. óverðtryggðs íbúðaláns á breytilegum vöxtum lækkað um 50 þús.kr. á mánuði, þ.e. 600 þús.kr. á ári. Það er því til mikils að vinna að halda rétt á spilunum og standa við gerðar áætlanir.

**Mynd 1.3****Greiðslubyrði 30 m.kr. láns gæti lækkað um 50 þús.kr. á mánuði**

Frávik frá greiðslubyrði á þriðja ársfjórðungi ársins 2024, í þús.kr.




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið. Útreikningar miða við 30 m.kr. óverðtryggt lán til 25 ára á breytilegum vöxtum. Miðað er við meðalvexti stóru bankanna þriggja. Gert er ráð fyrir að vextir lækki í takt við hjöðnun verðbólgu skv. spá Seðlabankans.

**Staðið verður við metnaðarfullar áætlanir**

Þótt Seðlabanka Íslands hafi verið falið það markmið að tryggja verðstöðugleika og hann hafi á sinni hendi helstu stjórnþæki peningamála sem þarf til að ná því markmiði gegna stjórn-málin og ríkisfjármálin vitaskuld einnig mikilvægu hlutverki í þeim efnum. Til lengdar er verð-bólga ekki síst mælikvarði á stjórnfestu og styrk stofnana samfélagsins. Þar mælist Ísland hátt í öllum alþjóðlegum samanburði. Í því sambandi er ástæða til að benda á að verðbólga, mæld á samræmdan mælikvarða, hefur að jafnaði ekki verið hærri á Íslandi en í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins né á Norðurlöndunum frá árinu 2015. Ríkisstjórnin hefur sett fram trúverðugar og metnaðarfullar áætlanir í ríkisfjármálum sem alþjóðastofnanir á borð við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn telja að séu viðeigandi í ljósi efnahagsaðstæðna. Seðlabankinn telur einnig að aðhald ríkisfjármála fari vaxandi. Fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 gerir ráð fyrir að útgjaldavexti verði haldið í skefjum án þess þó að gripið verði til teljandi niðurskurðar. Þannig heldur ríkisstjórnin áfram að endurheimta viðnámsþrótt opinberra fjármála samhliða því að varðveita efnahagslegan stöðugleika og skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta. Mikilvægasta framlag ríkisfjármála til efnahagslífsins við núverandi aðstæður er að standa við þessar áætlanir. Það er gert í þessu fjárlagafrumvarpi.

**Mynd 1.4****Verðbólga á Íslandi er að jafnaði svipuð og í samanburðarríkjum**

Meðalverðbólga frá 2015 á mælikvarða samræmdrar vísitölu neysluverðs



Heimild: Hagstofa Íslands

**Grunnkerfi varin með markvissum ráðstöfunum og forgangsröðun brýnna verkefna**

Í þessu fjárlagafrumvarpi er áhersla lögð á hóflegan raunvöxt útgjalda. Svigrúm verður skapað til nýrra og aukinna verkefna með markvissum ráðstöfunum sem draga úr útgjaldavexti. Þannig verði dregið úr ríkisumsvifum, staða ríkissjóðs styrkt og unnið gegn þenslu og verðbólgu í hagkerfinu. Fordást verður að grípa til aðgerða sem leitt geta til þjónustuskerðingar eða verri lífskjara. Það svigrúm sem skapast verður nýtt til að styrkja velferðarkerfin en nýtt örorkukerfi sem tekur gildi í september á næsta ári mun bæta kjör örorkulífeyrisþega verulega. Þá verður jafnframt gripið til aðgerða til að bæta kjör ellilífeyrisþega en almennt frítekjumark ellilífeyris hækkar um 46% í ársbyrjun 2025. Það þýðir 138 þús.kr. kjarabót á ári. Aukinn þungi verður settur á inngildinguna flóttafólks og innflytjenda í íslenskt samfélag og fjárframlög til styttingar málsmeðferðartíma í afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd verða hækkuð. Nýframkvæmdir og viðhald á vegakerfinu verða áfram í forgrunni og framlög til uppbyggingar samgönguinnviða og almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu verða aukin um 6,4 ma.kr. Heilbrigðismálin verða áfram forgangsmál en alls aukast framlög til málaflokksins milli ára um 10,4 ma.kr. á föstu verðlagi, eða sem nemur um 3%. Fjárveitingar til heilbrigðisstofnana og sjúkratrygginga verða auknar vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar og aukið fjármagn verður sett í rekstur nýrra hjúkrunarrýma. Framlög vegna lyfja og hjálpartækja aukast um 1,3 ma.kr. og áframhaldandi kraftur verður í byggingu nýs Landsspítala en á árinu 2025 verður 18,4 ma.kr. varið til verkefnisins. Heildarfjárheimildir til fjárfestinga og fjármagnstilfærslna verða 131 ma.kr. eða 2,7% af VLF á árinu 2025 og aukast um 9,7 ma.kr. á milli ára. Hafist verður handa við byggingu nýs fangelsis í stað Litla-Hrauns og fyrstu skrefin tekin í átt að byggingu Þjóðarhallar.

**Stuðningur við ungt fólk sem verðbólga og háir vextir bitna einkum á**


Með þessu fjárlagafrumvarpi er megináherslan lögð á að skapa aðstæður fyrir lækkun vaxta samhliða því að varðveita efnahagslegan stöðugleika. Á sama tíma er brýnt að horfast í augu við það að helsta meðalið við verðbólgu, þ.e. háir stýrivextir Seðlabankans, er mjög breiðvirkt. Það hefur aukaverkanir á flest heimili, en mismiklar eftir fjárhagsstöðu þeirra. Þannig er á það benti í kafla 2 *Efnahagsstefna* að af þeim sem á annað borð eiga skuldsetta fasteign hefur vaxtaþyrði ungs fólks hækkað margfalt hraðar en annarra aldurshópa. Aðgerðir stjórnvalda til að

styðja við markmið langtímakjarasamninga eru í forgangi og styðja sérstaklega við barnafólk, leigjendur og skuldsetta íbúðaeigendur á tímabili samningsins. Má nefna að sérstakur vaxta-  
stuðningur til heimila með íbúðalán var greiddur út á liðnu ári, gunnfjárhæðir húsnæðisbóta og  
eignaskerðingarmörk í húsnæðisbótakerfinu voru hækkuð umtalsvert og stuðningur við barna-  
fjölskyldur stórefldur. Umfang aðgerðanna nemur um 14 ma.kr. á árinu 2025.

### Mynd 1.5

#### Vaxtabyrði, einkum ungs fólks, hefur aukist

Hlutfall fólks sem greiðir yfir 20% af ráðstöfunartekjum í vexti\*



\*Skilyrt á fólk sem greiðir vaxtagjöld


Heimild: Álagningarskrá, fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Fjárhagsleg staða eldri borgara á Íslandi er almennt sterk og hafa kjör hópsins batnað umtalsvert síðastliðinn áratug. Gildir það hvort sem litið er til tekna, kaupmáttar eða eigna- og skuldastöðu. Kjör hópsins á ýmsum sviðum hafa almennt batnað umfram yngri aldurshópa. Samhliða hafa útgjöld almannatrygginga vegna eldri borgara aukist verulega. Það skýrist bæði af breyttri aldurssamsetningu þjóðarinnar, þar sem vægi aldraðra vex hröðum skrefum, og einnig af því að lífeyrisgreiðslurnar hafa í gegnum tíðina verið hækkaðar mun meira en sem nemur hækkun á almennu verðlagi og einnig talsvert meira en launavísitala Hagstofunnar.

Góð staða ellilífeyrisþega endurspeglar bæði í lágum skuldum og góðri eignastöðu. Eiginfjárstaða eldri borgara er almennt betri en hjá öðrum aldurshópum. Hópurinn er almennt lítið skuldsettur og vaxtagjöld hans í hlutfalli við ráðstöfunartekjur eru lág. Yfirgnæfandi meiri hluti eldri borgara býr í eigin húsnæði. Það, sem og sú staðreynd að skuldir eldri borgara eru almennt lágur, bendir til þess að húsnæðiskostnaður þeirra sé sömuleiðis lítill í samanburði við aðra aldurshópa. Viðvarandi áskorun er þó að bæta hag þeirra eldri borgara sem hafa lægstar tekjur. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tæplega 3 ma.kr. verði varið í hækkun fritekjumarks ellilífeyrisþega úr 25.000 kr. í 36.500 kr. á mánuði líkt og vikið hefur verið að framfarum í kaflanum.

**Mynd 1.6****Ellilífeyrir hefur hækkað umfram VNV og LVN**


Þróun ellilífeyris einhleyps einstaklings á árunum 1997-2024, 1997=100

**Tekjur umfram áætlanir hafa verið lagðar til hliðar**

Undanfarin ár hefur verið gert gott betur en að standa við gerðar áætlanir. Ríkisfjármála- stefnan hefur verið gagnrýnd fyrir að vera ekki nægilega aðhaldssöm í ljósi mikillar þenslu í þjóðarbúskapnum. Hið rétta er að áætlanir í þeim efnum taka, lögum samkvæmt, mið af opinberum þjóðhagsspám sem hafa ekki náð að fanga kraft íslenska efnahagslífsins. Þenslan og umsvifin í hagkerfinu hafa þannig ekki birst fyrir en eftir á, s.s. í kjölfar endurskoðana Hagstofunnar á þjóðhagsreikningum sem falið hafa í sér verulegar breytingar frá hagspám. Enda hefur afkoma ríkissjóðs ítrekað verið tugum milljarða króna betri en ráðgert var. Það er þó á sinn hátt vitaskuld afar jákvætt, enda felur það í sér að skuldahlutfall ríkissjóðs hefur þróast með markvert hagfelldari hætti en áður var gert ráð fyrir. Það gerist ekki af sjálfu sér, heldur aðeins ef tekjur umfram áætlanir eru lagðar til hliðar. Það hefur verið gert. Þrátt fyrir það er mikilvægt að ákvarðanir í opinberum fjármálum byggji á traustum upplýsingum um stöðu efnahagslífsins hverju sinni. Ríkisstjórnin leggur áherslu á nýtingu stafrænna lausna til að bæta bæði gæði og tímanleika gagna.

**Mynd 1.7****Skuldir ríkissjóðs náðu aldrei því stigi sem spáð var undir lok kórónuveirufaraldursins**

Skuldir skv. skuldareglu, % af VLF



\* Samanburður við fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026

### **Minni samfélagslosun og sanngjarnari**

Ríkisstjórnin setur umhverfis- og loftslagsmál á oddinn. Uppfærðri aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, sem kynnt var í sumar, er ætlað að skila 35–45% samdrætti í samfélagslosun fyrir árið 2030. Í áætluninni, sem felur í sér ítarlegri kortlagningu aðgerða og ávinnings en áður, er með afgerandi hætti skýrt að frekari árangur í loftslagsmálum velti á því að hér á landi sé nægt framboð grænnar orku sem komi í stað jarðefnaeldsneytis.

Síðara skref við innleiðingu nýs, einfaldara og sanngjarnara gjaldtökukerfis af ökutækjum og eldsneyti verður innleitt um áramótin. Gjaldið kemur í stað sértækra vörugjalda á bensín og olíu. Markmið þess er að tryggja sjálfbæra fjármögnun öruggra og greiðra vegasamgangna um allt land samhliða orkuskiptum til framtíðar. Fyrsta skrefið við innleiðingu kerfisins var stigið um síðustu áramót þegar kílómetragjald var lagt á notkun rafmagns- og vetnisbifreiða annars vegar og tengiltvinnbíla hins vegar á vegakerfinu. Innleiðing þess gekk vel og fyrir lok janúar sl. höfðu 97% eigenda þessara bifreiða skráð kílómetrastöðu á Ísland.is. Sú reynsla sem þar hefur fengist, sá lærdómur sem af því hefur verið dreginn, auk mikilvægra ábendinga sem hafa komið fram, verður nýtt við áframhaldandi innleiðingu kerfisins árið 2025. Þá bætast við 233.000 ökutæki. Með innleiðingu kílómetragjalds munu þeir sem aka um vegakerfið greiða fyrir afnot þess í samræmi við notkun og þyngd ökutækja. Gjaldtakan mun þannig með gagnsæjum hætti endurspeglar betur raunverulegan kostnað við notkun vegakerfisins.

### **Tryggja þarf viðhald og uppbyggingu samgöngukerfisins**

Samhliða árangri í orkuskiptum og minni eldsneytiseyðslu bílaflotans hefur landsmönnum fjölgað hratt. Óðum styttist í að Íslendingar verði 400.000. Auk þess sækja ríflega tvær milljónir ferðamanna landið heim á ári hverju. Hvort tveggja hefur leitt til aukinnar umferðar með vaxandi álagi á vegakerfið og þörf fyrir samgöngubætur. Því er mikilvægt að til staðar sé kerfi sem getur stutt fjármögnun uppbyggingar og viðhalds vegasamgangna í takt við notkun.

Stytti ferðatími, minni tafir, aukid umferðaröryggi, áhersla á að draga úr kolefnisspori, stórbættar almenningssamgöngur, fjölgun hjóla- og göngustíga og uppbygging stofnvega eru kjarninn í uppferðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins sem undirritaður var í ágúst. Markmiðið er að samgöngur á höfuðborgarsvæðinu verði í fremstu röð þannig að svæðið og Ísland allt sé samkeppnishæft um bæði fólk og fyrirtæki. Beint framlag ríkissjóðs til samgöngusáttmálans verður tæplega 3 ma.kr. árið 2025 auk árlegs 4 ma.kr. viðbótarframlags á tímabili gildandi fjármálaáætlunar. Í þingsályktunartillögu um samgönguáætlun 2024–2038 eru enn frekari framkvæmdir boðaðar með það að markmiði að tryggja greiðar og öruggar vegasamgöngur til framtíðar um allt land.

### **Stöðugleiki aukinn með skýrri stefnu í húsnæðismálum og uppbyggingu íbúða**

Stærsta áskorun samfélagsins í húsnæðismálum á komandi árum snýr að því að tryggja nægt framboð af fjölbreyttu húsnæði. Með þingsályktun um húsnæðisstefnu, sem Alþingi samþykkti í sumar, er í fyrsta sinn sett fram heildstæð langtímastefnumótun í húsnæðismálum á landsvísi sem hefur það að leiðarljósi að tryggja húsnæðisöryggi í víðtækum skilningi. Vönduð áætlanagerð um uppbyggingu íbúða til langs tíma í samræmi við mannfjöldaaukningu dregur úr óstöðugleika á húsnæðismarkaði, eykur fyrirsjáanleika og minnkar sveiflur á byggingarmarkaði.


Í tengslum við gerð langtímakjarasamninga ákvað ríkisstjórnin að styðja við byggingu 1.000 íbúða á ári á samningstímanum með stofnframlögum til almennra íbúða og hlutdeildarlánunum. Ríkissjóður leggur til 7–9 ma.kr. í stofnframlög á ári til að stuðla að stöðugri uppbyggingu. Í júní voru heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga í íbúðarhúsnæði rýmkaðar verulega. Þannig skapast auknar forsendur fyrir því að lífeyrissjóðir komi að uppbyggingu leiguhús-

næðis, sem er til þess fallið að auka stöðugleika á húsnæðismarkaði og halda aftur af verðhækkunum. Fjársterkir langtímaeigendur eru mjög ákjósanlegir kaupendur að húsnæði og aukin þátttaka þeirra á húsnæðismarkaði styður við uppbyggingu á húsnæðismarkaði.

### Mynd 1.8

#### Nýjar íbúðir til sölu hafa ekki verið fleiri í mörg ár

Fjöldi nýrra íbúða í sölu



#### Ríkissjóður þarf að geta stutt við hagkerfið þegar áföll dynja yfir

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 er sjönnum beint að þeim efnahagsáföllum og náttúruhamförum sem Íslendingar hafa þurft að glíma við á síðustu áratugum. Á undanföllum fimm árum einum saman hafa gjaldþrot stórra fyrirtækja, skriðuföll, heimsfaraldur og eldgos haft markverð áhrif á líf fólks. Krónan hefur spilað lykilhlutverk við árangursríka aðlögun hagkerfisins að þessum áföllum. Gengi hennar hefur verið afar stöðugt fyrir utan gengisveikingar við gjaldþrot WOW air og útbreiðslu faraldursins. Þannig studdi hún við samkeppnishæfni og útflutningsstarfsemi þegar áföll bar að garði. Forsenda þess að krónan gegni hlutverki sínu og styðji við efnahagslífið, fremur en að valda sveiflum, er að erlend skuldsetning hagkerfisins, einkum ríkissjóðs, sé hófleg. Fjármögnun ríkissjóðs verður að fara að mestu leyti fram á innlendum fjármálamörkuðum. Það setur hallarekstri ríkissjóðs skorður og krefur stjórnvöld um að styrkja afkomubattan enn frekar til að skapa skilyrði fyrir lækun vaxta.

Enn sér ekki fyrir endann á jarðhræringum og eldgosum í og við Grindavík. Stjórnvöld leggja þunga áherslu á að skapa forsendur fyrir öruggari framtíð Grindvíkinga og gera allt sem í þeirra valdi stendur til að Grindavík verði aftur það öfluga bæjarfélag sem það var fyrir elds-umbrotin. Áætlað er að kostnaður ríkissjóðs vegna fjölbreyttra stuðningsaðgerða við Grindavík árin 2023–2024 nemi um 80 ma.kr. Aðgerðirnar felast einkum í stuðningi til launagreiðslna, rekstrarstuðningi til fyrirtækja, sértækum húsnæðisstuðningi, byggingu varnargarða og kaupum Fasteignafélagsins Þórkötu á íbúðarhúsnæði í Grindavík.


Viðvarandi og mögulega vaxandi áhætta af náttúruhamförum og efnahagsáföllum felur í sér að mikilvægara en ella er að treysta viðnámsþol hagkerfisins. Líkt og rakið er að framan er staða hagkerfisins sterk og rík áhersla hefur verið lögð á að byggja upp viðnámsþótt efnahagslífsins. Nauðsynlegt er að standa við áætlanir í ríkisfjármálum, sem alþjóðlegar stofnanir telja viðeigandi, með því að halda aftur af útgjaldavexti og styrkja afkomu og skuldastöðu ríkissjóðs. Vöxtur heildarútgjalda samkvæmt frumvarpinu er 4% miðað við endurskoðaða áætlun um útgjöld ársins 2024, að launa- og verðlagsbreytingum milli ára meðtöldum. Gangi það eftir verður það verulega undir sögulegu meðaltali útgjaldavaxtar að nafnvirði frá 2012, sem er um 7%. Útgjöld ríkissjóðs árið 2025 verða þannig rúmlega 40 ma.kr. lægri en ef

útgjaldavöxtur væri við sögulegt meðaltal. Einnig má líta til þess að skv. frumvarpinu verða heildarútgjöld 30,5% af VLF en það er 0,8 prósentustigum lægra en áætluð útkoma ársins 2024. Þá er vöxtur frumgjalda, þ.e. að vaxtagjöldum fráöldum, hóflegur eða um 2,2% að raungildi milli árunna 2024 og 2025 en þá eru launa- og verðlagshækkunar undanskildar. Allt ber að sama brunni, hægt er á vexti útgjalda og ríkisfjármálin stuðla á þann hátt að hjöðnun verðbólgu og lækkun vaxta, sem mun styðja við fjárfestingar fyrirtækja og verðmætasköpun til allrar framtíðar. Aðeins þannig er unnt að tryggja svigrúm sameiginlegra sjóða til að styðja við fjölskyldur og efnahagslíf í gegnum áföll.

### Mynd 1.9

#### Fimmta árið í röð minnka ríkisumsvif í hlutfalli við stærð hagkerfisins

Frumgjöld ríkissjóðs % af landsframleiðslu



Það sést til lands í baráttunni við verðbólguna. Til að ná farsælli lendingu er brýnast að fylgja fast eftir þeirri áætlun sem lagt er upp með í gildandi fjármálaáætlun og í þessu fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2025. Síðustu ár hafa tekjur ríkissjóðs umfram áætlanir verið lagðar til hliðar til að lækka skuldahlutfallið. Umfram allt, þá er staða hagkerfisins sterk og rík áhersla hefur verið lögð á að byggja upp aukið þol og svigrúm til að bregðast við áföllum.

Síðustu misserin hefur allur almenningur og fyrirtækin í landinu fundið verulega fyrir háu vaxtastigi. Margt hefur verið gert til að draga úr þenslu og stuðla að efnahagslegum stöðugleika. Gerðir voru hófsamir fjögurra ára kjarasamningar á almennum markaði. Ríkisstjórnin lagði sitt af mörkum til að skapa aðstæður fyrir þá samninga og er mikilvægt að opinberi markaðurinn fylgi fordæmi hins almenna. Til marks um ábyrgð ríkisins, þá er breyting krónutölugjalda í fjárlagafrumvarpinu bundin við 2,5%.

Á sama tíma og krafist er almenns aðhalds eru grunnkerfi okkar varin, þ.e. velferðarkerfi, heilbrigðiskerfi, skólakerfi, löggæsla. Fordast er að grípa til aðgerða sem leitt geta til verri lífshjara. Svigrúm verður notað í nýtt kerfi örorku- og endurhæfingar. Einnig verður aukin áhersla lögð á inngildingu þeirra sem hingað flytja í íslenskt samfélag.

Í þessu fjárlagafrumvarpi eru engar kollsteypur, heldur markviss skref í átt að auknu jafnvægi, í átt að sterkari efnahag, öflugum samfélagi. Fjárlög eru ekki aðeins tölur á blaði. Bak við þær er rekstur heils samfélags.



## 2 Efnahagsstefna

Markmið stjórnvalda um aukið efnahagslegt jafnvægi og minni verðbólgu eru nú að ganga eftir. Útlit er fyrir að það muni skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta áður en langt um líður. Verðbólga hefur lækkað um meira en 4 prósentustig á 18 mánuðum. Efnahagssumsvif eru að ná lendingu í kjölfar meiri hagvaxtar hér á landi en í flestöllum þróuðum ríkjum bæði árin 2022 og 2023. Markvert hefur dregið úr þenslu í efnahagslífinu undanfarið ár og útlit er fyrir að hún hverfi alveg á næstu misserum.

Atvinnuleysi er lágt og þróun kaupmáttar er hagfelldari en í flestum samanburðarríkjum. Eftir stendur að verðbólga er ennþá of mikil þrátt fyrir markverða hjöðnun frá því að hún náði hámarki snemma árs 2023. Mikilvægt er því að halda áfram á þeirri braut aðhaldssamrar ríkisfjármálastefnu sem hefur verið mörkuð undanfarin þrjú ár. Það flýtir fyrir hjöðnun verðbólgu og skapar skilyrði fyrir lækkun vaxta sem síðan styður við vöxt verðmætasköpunar til meðallangs tíma.

Hagkerfið lendir eftir kröftugt vaxtartímabil

Þensla í þjóðarbúinu er í rénun

Verðbólga hjaðnar samhliða kólnun umsvifa

Hlutverk ríkisfjármála er að styrkja viðnámsþrótt og verðmætasköpun

### Hagvöxtur tekur við sér á ný árið 2025

Helstu hagtölur sýna að hagstjórninni hefur tekist að draga úr eftirspurn og verðbólguþrýstingi. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum þjóðhagsreikninga dróst landsframleiðsla saman um 1,9% á fyrri helmingi ársins 2024. Á undanförunum árum hafa bráðabirgðatölur um landsframleiðslu oftar en ekki verið endurskoðaðar til hækkunar, stundum verulega. Aðrar vísbendingar, s.s. fjöldi vinnustunda, eru í þá veru að efnahagssumsvif fari enn vaxandi en mun hægar en í fyrra. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, sem liggur til grundvallar frumvarpinu, gerir ráð fyrir 0,9% hagvexti á yfirstandandi ári í heild eftir 5% hagvöxt árið 2023.

Þjóðhagsspá Hagstofunnar gerir ráð fyrir að hagvöxtur taki við sér á ný árið 2025 og verði 2,6%, sem liggur nærri mati á langtímavexti þjóðarbúsins. Verulega hefur hægt á vexti einkaneyslu á yfirstandandi ári eftir alls 16% vöxt árin 2021–2023. Á næsta ári styður áframhaldandi hjöðnun verðbólgu við kaupmátt og neyslu heimila. Þrátt fyrir hátt vaxtastig er útlit fyrir áframhaldandi vöxt fjárfestingar í ár og á því næsta en nú hillir undir að framkvæmdir hefjist við stórar raforkuvirkjanir auk þess sem allnokkur stór fjárfestingaráform á vegum fyrirtækja eru á teikniborðinu. Lækkun vaxta samhliða frekari hjöðnun verðbólgu myndi styðja við fjárfestingu fyrirtækja og betri lífskjör heimilanna á næstu árum. Aukið framboð raforku kann einnig að hafa mikilvæga þýðingu í þeim efnium. Þjóðhagsspáin gerir ráð fyrir hratt vaxandi útflutningstekjum af lyfjaframleiðslu, auk þess sem hóflegur vöxtur verði í ferðaþjónustu. Spáin var unnin áður en niðurstöður þjóðhagsreikninga fyrir árið 2023 voru uppfærðar samhliða birtingu bráðabirgðaniðurstaðna fyrir 2. ársfjórðung 2024 en hagvöxtur 2023 var þá endurskoðaður úr 4,1% í 5%.

**Tafla 2.1 Þjóðhagsspá**

Breyting frá fyrra ári (%)*	2023 Ma.kr.	2023 Gildi	2024 Spá	2025 Spá
Einkaneysla .....	2.141	0,5	0,9	2,4
Samneysla .....	1.085	1,8	1,6	0,9
Fjármunamyndun .....	1.045	1,6	1,1	3,0
Atvinnuvegir .....	676	3,6	1,9	2,5
Íbúðarhúsnæði .....	196	-2,3	2,9	4,9
Starfsemi hins opinbera .....	173	-1,2	-3,9	2,6
Útflutningur .....	1.886	6,3	1,3	4,2
Innflutningur .....	1.865	-1,1	1,2	2,9
Þjóðarútgjöld .....	4.300	1,6	0,8	2,1
Verg landsframleiðsla .....	4.321	5,0	0,9	2,6
Vöru- og þjónustujöfnuður % VLF .....		0,5	0,5	1,2
Viðskiptajöfnuður % VLF .....		1,2	0,5	1,3
Vísitala neysluverðs .....		8,7	6,0	3,9
Atvinnuleysi VMST .....		3,2	4,0	4,2
Heildarlaun á ársverk .....		6,9	6,1	5,4

\*Nema annað sé tekið fram.

Samhliða kraftmiklum útflutningsvexti eftir heimsfaraldurinn og vaxandi sparnaði þjóðarbúsins hefur viðskiptajöfnuður batnað og erlend staða þjóðarbúsins styrkt í þeim mæli að hún var orðin jákvæð um 39% af landsframleiðslu um mitt ár 2024. Allt eykur þetta viðnámsþrótt hagkerfisins gagnvart efnahagslegum áföllum. Bata á viðskiptajöfnuði, sem endurspeglar muninn á sparnaði og fjárfestingu í hagkerfinu, má ekki síst rekja til stórbættrar afkomu ríkissjóðs, sem stuðlar að þjóðhagslegum sparnaði. Hallarekstur ríkissjóðs varð mestur 8,1% af VLF árið 2020 en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er áætlað að hann hafi hjaðnað niður í 0,8% af VLF á næsta ári.

### Verðbólga hjaðnar samhliða kólnun efnahagsumsvifa

Verðbólga hefur haldið áfram að hjaðna það sem af er ári og mældist 6,0% í ágúst eftir að hafa náð hámarki í 10,2% í febrúar 2023. Undirliggjandi verðbólga á mælikvarða kjarnavísitölu 4, sem undanskilur húsnæði og tiltekna sveiflukennða liði, er mun minni og mælist 3,5%. Samkvæmt þjóðhagsspánni verður verðbólga liðlega 5% í lok þessa árs og 4% í árslok 2025. Eftirspurn í hagkerfinu vex nú mun hægar en þegar verðbólga náði hámarki. Þess sjást merki í tölum um einkaneyslu, greiðslukortaveltu og í veltu fyrirtækja sem hefur dregist saman um 1% að raunvirði á árinu. Minnkandi vöxtur eftirspurnar heimila er farinn að endurspeglast greinilega í verðlagsþróun. Verðhækkanir um þessar mundir eru ekki á eins breiðum grunni og í fyrra. Þá hefur verð varanlegra neysluvara á borð við bifreiðar og heimilistæki hér um bil staðið í stað undanfarið ár. Minni spurn eftir slíkum vörum er gjarnan fyrsta merki þess að tekið sé að hægja á eftirspurn heimila.

**Mynd 2.1****Fyrirtækjum, sem skortir starfsfólk, fer hratt fækkandi**

Hlutfall fyrirtækja



Heimild: Seðlabanki Íslands.


Ein af mörgum vísbendingum um stöðu hagsveiflunnar sem er nú nálægt jafnvægi.

**Minni spennan á vinnumarkaði**

Eitt það jákvæðasta við hagþróunina að undanföruna er að dregið hefur úr spennu á vinnumarkaði án þess að komið hafi til markverðrar aukningar atvinnuleysis. Eins og sést á mynd 2.1 hér að ofan er hlutfall fyrirtækja sem telur sig glíma við skort á starfsfólki nú nærri langtíameðaltali eftir að hafa verið langt yfir því um nokkurt skeið.

**Mynd 2.2****Verulega hefur dregið úr vexti í veltu fyrirtækja**

Ársvöxtur veltu fyrirtækja í viðskiptahagkerfinu að raunvirði\*



Heimild: Hagstofa Íslands. Án lyfjaframleiðslu, fjármálafyrirtækja, sjávarútvegs og áls.

Stórt skref var stigið í átt að auknum stöðugleika í mars síðastliðnum þegar kjarasamningar til fjögurra ára voru gerðir á almennum vinnumarkaði. Aðkoma stjórnvalda til að liðka fyrir


gerð kjarasamninga miðaði fyrst og fremst að því að styðja við barnafólk, leigjendur og skuldsetta íbúðaeigendur. Aðgerðirnar nema í heildina um 0,2–0,3% af VLF árið 2025. Árlegar sammingsbundnar launahækkanir á almennum og opinberum markaði eru um 4% sem er í námunda við það sem má telja að viðhaldi stöðugri atvinnu og verðbólgu við markmið Seðlabanka Íslands til lengdar. Gengið hefur verið frá samningum á sömu nótum við stéttarfélög sem telja innan sinna raða um þriðjung af starfsfólki ríkisins. Ljóst er þó að kjarasamningarnir skilja eftir lítið sem ekkert svigrúm fyrir launaskrið, þ.e. launahækkanir umfram sammingsbundnar hækkanir, svo að líklegt megi telja að verðbólgu markmiðið náist á næstunni við núverandi atvinnustig.

### Engin merki um snögga kólnun efnahagssumsvifa

Engar vísbendingar hafa enn komið fram um snögga og alvarlega kólnun efnahagssumsvifa umfram þá aðlögun sem þarf nauðsynlega að eiga sér stað í kjölfar þenslutímabils. Það er þó fjarri því sjálfgefið að hagkerfið lendi mjúklega. Raunvextir eru fremur háir í sögulegu samhengi en einnig kann að skipta máli að þeir hafa hækkað afar hratt eftir að hafa verið neikvæðir um 3–4% fyrir einungis ríflega tveimur árum. Raunvextir hafa áhrif á efnahagssumsvif með töluverðri töf en Seðlabankinn telur að áhrif vaxtahækkana komi ekki fram að fullu fyrr en að 18–24 mánuðum liðnum. Áhrif vaxtahækkana eiga því eftir að koma fram síðar og ekki er hægt að útiloka að þau komi fram hraðar en væntingar eru um þótt engar vísbendingar séu um það enn sem komið er. Fjallað er um möguleg áhrif þess að aðhald peningastefunnar komi hraðar fram en væntingar standa til um í frávíkssviðsmynd hér neðar.

### Mynd 2.3

#### Raunvextir Seðlabanka Íslands hafa hækkað hratt




Heimild: Seðlabanki Íslands.

### Kaupmáttur hefur vaxið en hærri vaxtabyrði leggst á ung og skuldsett heimili

Kaupmáttaraukning undanfarinna ára hér á landi hefur mikla sérstöðu meðal ríkja Vestur-Evrópu þar sem kaupmáttur launa var víðast hvar ennþá minni en fyrir faraldurinn í upphafi þessa árs. Kaupmáttur meðalráðstöfunartekna jókst um 2% árið 2023. Dreifing tekna hér á landi hefur ekki áður mælst jafnari en á síðasta ári á helstu tiltæku mælikvarða, hvort sem lítið er til heildarlauna fullvinnandi fólks eða heildartekna einstaklinga.

**Mynd 2.4****Kaupmáttur hefur vaxið hraðar á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum**

1. ársfjórðungur 2020 = 100



Kaupmáttur launa í viðskiptahagkerfinu miðað við samræmda vísitölu neysluverðs.


Árstíðaleiðrétt.

Heimild: Eurostat.

Vaxtagjöld heimilanna hafa hækkað um sem nemur 2% af ráðstöfunartekjum þeirra síðan þau voru lægst árið 2021. Vaxtagjöld hafa þannig að meðaltali aukist um sem nemur meira en eins árs vexti kaupmáttar í venjulegu árferði. Fyrir heimili með íbúðalán hefur hækkun vaxta þannig vegið á móti aukningu kaupmáttar. Mynd 2.5 dregur fram að vaxtabyrði ungs fólks, sem á fasteign og skuldar, hefur hækkað og er sú mesta í meira en áratug, í hlutfalli við ráðstöfunartekjur. Taka skal fram að fleira en hækkun vaxta getur haft áhrif á vaxtabyrði eins og hún er sýnd á myndinni að neðan. Margir fyrstu kaupendur hafa komið inn á markaðinn á sl. þremur árum, sem eitt og sér gæti hækkað meðalvaxtabyrði ungs fólks. Þótt hærri vextir virðist einkum hafa hækkað vaxtabyrði ungra fasteignaeigenda eru þeir til þess fallnir að halda aftur af hækkunum á húsnæðismarkaði og tryggja viðunandi raunávöxtun sparnaðar, ekki síst þeirra sem búa ekki í eigin húsnæði. Vísbendingar eru um einstaklingar njóti vaxandi aðstoðar skyldmenna við fyrstu kaup. Vaxtabyrði eldri aldurshópa hefur ekki vaxið að ráði og er, þrátt fyrir hátt vaxtastig, lítil í sögulegu samhengi.

**Mynd 2.5****Vaxtagjöld heimila með íbúðalán**

% af ráðstöfunartekjum



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneyti.


Um fjórðungur af útistandandi íbúðalánnum sætir vaxtaendurskoðun á næstu tveimur árum þar sem vextir munu í flestum tilvikum hækka að óbreyttu. Skuldsetning heimila er þó almennt hófleg sem á sinn þátt í því að flest heimili eru í sterkri stöðu til þess að mæta hækkun vaxta. Veðsetning heimila með íbúðalán er raunar sú lægsta á þessari öld. Við það bætist geta heimila til þess að losa sig undan meiri greiðslubyrði með verðtryggðri endurfjármögnun sem hefur aukist undanfarin misseri.

Hækkun húsnæðisverðs hefur aftur sótt í sig veðrið. Vísitala markaðsverðs húsnæðis hækkaði um 12% milli ára í ágúst. Jarðhræringarnar við Grindavík hafa þar sín áhrif en þótt þær hafi leitt skyndilega til aukinnar eftirspurnar eftir húsnæði annars staðar á landinu er framboð íbúða til sölu áfram mikið. Þá er fjöldi íbúða í byggingu enn nærri sögulegu hámarki og íbúðafjárfesting hefur farið vaxandi síðustu þrjá ársfjórðunga. Þrátt fyrir hátt vaxtastig hefur fyrstu íbúðakaupum fjölgað undanfarin misseri og er fjöldi þeirra nú yfir sögulegu meðaltali.

**Þjóðhagslegt hlutverk ríkisfjármála er að styrkja viðnámsþrótt og verðmætasköpun**

Þótt enn sé brýnt að ríkisfjármálin gangi í takt við peningastefnuna er þjóðhagslegt hlutverk þeirra fyrst og fremst að tryggja viðnámsþrótt ríkisfjármálanna, og samfélagsins í heild, gagnvart áföllum og áskorunum framtíðar ásamt því að styðja við vöxt verðmætasköpunar til framtíðar. Það er gert með áframhaldandi forgangsroðun í ríkisfjármálum þar sem undirliggjandi rekstur ríkisins er bættur samhliða því að fjármunir eru veittir í arðbærar innviðafjárfestingar.

Efnahagsstefnan hefur nægt svigrúm til að spyrna á móti kólni efnahagssumsvif hraðar en gert er ráð fyrir í þjóðhagsspá Hagstofunnar. Hátt vaxtastig felur í sér að Seðlabankinn hefur ríflegt svigrúm til að lækka vexti telji hann ástæðu til. Þá er sjálfvirkt viðbragð ríkisfjármála við hagsveiflunni, svokallaðir sjálfvirkir sveiflufafnarar sem lækka skattbyrði og auka útgjöld sjálfkrafa í niðursveiflum og öfugt í uppsveiflum, sterkara en víðast hvar annars staðar. Líkt og fjallað er um í umræðuskýrslu um fjármálareglur, sem ráðherra lagði fram á Alþingi sl. vor, hafa sjálfvirkir sveiflufafnarar að jafnaði hraðari og skilvirkari áhrif til sveifluföfnunar en sértækar ráðstafanir í ríkisrekstri. Engin teikn eru á lofti um svo mikla kólnun efnahagssumsvifa að það kalli á sértæk viðbrögð í ríkisfjármálum til að styðja við eftirspurn.

**Mynd 2.6****Skilvirkni sjálfvirkra sveiflujafnara er talsvert meiri en að meðaltali í ríkjum OECD**

Heimild: OECD. Teygni hagsveiflutengdrar afkomu hins opinbera gagnvart framleiðsluspennu.

**Aðhaldsstig ríkisfjármála**


Markvert aðhald er í ríkisfjármálum á þessu ári og verður áfram árið 2025 skv. frumvarpinu. Þetta sýna niðurstöður þrenns konar mælikvarða á efnahagslegum áhrifum ríkisfjármála sem nánar er fjallað um hér á eftir.

Í kafla 2.2.4 í greinargerð fjármálaáætlunar 2025–2029 var tveimur af þessum þremur mælikvörðum lýst, annars vegar áhrifum útgjalda og skattkerfisbreytinga á aðhaldsstig og hins vegar breytingu í hagsveifluleiðréttri frumafkomu án einkiptisliða. Í álitsgerð fjármálaráðs um fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 er bent á að fleiri mælikvarðar kunni að gagnast við mat á efnahagslegum áhrifum ríkisfjármála. Tilteknir liðir hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs á rekstrargrunni, jafnvel þótt þeir kunni að hafa áhrif á bæði fjármögnunarþörf ríkissjóðs og eftirspurn í hagkerfinu. Nærtækt dæmi er Fasteignafélagið Þórkatla sem hefur keypt íbúðarhúsnæði í Grindavík og er að hluta fjármagnað úr A1-hluta ríkissjóðs án þess að það hafi bein áhrif á afkomu hans. Endurlán ríkissjóðs til lánasjóða á borð við Húsnæðissjóð mætti einnig nefna í því samhengi. Vegna þessa er hér einnig birt mat á aðhaldi A1-hluta ríkissjóðs á greiðslugrunni. Það felst í breytingu á hagsveifluleiðréttu handbæru fé frá rekstri, án vaxtatekna og vaxtagjalda, auk fjárfestingar, lánveitinga og eiginfjárframlaga. Lánveitingar og eiginfjárframlög A1-hluta ríkissjóðs renna nánast alfarið til aðila í A2- og A3-hluta ríkissjóðs, þ.m.t. Þórkötlu, og hafa efnahagsleg áhrif í gegnum þá.

Allir mælikvarðarnir hafa sína styrkleika. Breyting í hagsveifluleiðrétum frumjöfnuði A1-hluta ríkissjóðs er hefðbundinn mælikvarði á aðhaldsstig og sá sem alþjóðastofnanir og Seðlabankinn notast helst við. Með því að leggja saman áhrif ákvarðana um breytingar á skattkerfinu og útgjöld má aftur á móti betur greina áhrif pólitískra ákvarðana á aðhaldsstigið. Sá mælikvarði sem hér er birtur í fyrsta sinn, aðhald á greiðslugrunni að meðtöldum lánveitingum og eiginfjárframlögum, fangar síðan betur en hinir tveir mælikvarðarnir áhrif tiltekinna ráðstafana sem ekki hafa bein áhrif á tekjur og gjöld A1-hluta ríkissjóðs, auk þess að leiða betur fram samtímaáhrif ríkisfjármálanna á efnahagssumsvif.

**Mynd 2.7****Markvert aðhald í ríkisfjármálum á alla mælikvarða 2024 og 2025**

% af VLF



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Að meðaltali benda mælikvarðarnir til þess að aðhald ríkisfjármála nemi 1,6% af landsframleiðslu árið 2024 og 0,9% árið 2025. Samanlagt aðhald þessi tvö ár er áþekkt á alla þrjá mælikvarðana. Til að setja þetta aðhaldsstig í samhengi má nefna að slaki ríkisfjármála, mældur með breytingu í hagsveifluleiðréttem frumjöfnuði, var að meðaltali 1,7% af landsframleiðslu í niðursveiflunni vegna kórónuveirufaraldursins árin 2020–2021.


Munur á aðhaldsstiginu á mælikvarðana þrjá skýrist að miklu leyti af því að framlög til Fasteignafélagsins Þórkötlu teljast ekki til útgjalda. Mat ráðuneytisins á bata í hagsveifluleiðréttem frumjöfnuði 2024 og 2025 er nánast það sama og mat Seðlabanka Íslands frá því í maí.

Aðhald er á bæði tekju- og gjaldahlið A1-hluta ríkissjóðs árin 2024 og 2025. Á tekjuhliðinni leiðir aðhaldið af ákvörðunum um tilteknar breytingar í skattkerfinu sem nánar er fjallað um í kafla 4 *Tekjur ríkissjóðs* og nemur alls 0,4% af landsframleiðslu. Þar vegur þyngst áframhaldandi innleiðing kílómetragjalds og tímabundin hækkun tekjuskatts lögaðila. Á gjaldahliðinni felst aðhaldið einkum í því að frumútgjöld ríkissjóðs vaxa hægar en jafnvægisstig landsframleiðslunnar. Í fyrsta lagi eru í frumvarpinu sértækar aðhaldsaðgerðir í ríkisfjármálum sem nema 0,6% af landsframleiðslu ársins 2025. Í öðru lagi felst í því aðhald þegar fjárheimildir, s.s. til reglubundinna og kerfislægra útgjaldaliða, vaxa hægar en sem nemur jafnvægisstigi landsframleiðslunnar. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að útgjöld til tímabundinna verkefna taki enda. Þar vegur þungt að gert er ráð fyrir að útgjöld tengd ráðstöfunum í Grindavík minnki verulega milli ára. Samanlagt vegur þetta þyngra en sértækar tillögur frumvarpsins um ný og aukin útgjöld og nemur mismunurinn 0,4% af landsframleiðslu. Áþekkt aðhald er því í skattkerfinu og útgjöldum ríkissjóðs 2025. Nánar er fjallað um útgjöld ríkissjóðs í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.



**Mynd 2.8****Talsvert aðhald er í rekstri ríkissjóðs 2024 og 2025**

% af VLF




\*Vöxtur framleiðslugetu þjóðarþúsins samkvæmt þjóðhagsspá umfram heildarvöxt ríkisútgjalda, án einskíptisliða, vaxtagjalda og atvinnuleysisbóta, og að frádrögnum þeim liðum sem eru dregnir fram á myndinni.

\*\*Framlag til Fasteignafélagsins Þórkötlum telst ekki til útgjalda.

**Frávíkssviðsmyndir**

Óvissa ríkir hverju sinni um efnahagsþróun. Þótt góðar líkur standi til þess að hagkerfið lendi mjúklega eftir öran vöxt sl. þrjú ár getur þróunin orðið á annan veg. Enginn vafi er á því að hækkan stýrivaxta hefur dregið úr verðhækkunum, jafnt hér á landi sem í öllum okkar nágrannaríkjum. Þó er illmögulegt að meta með nákvæmni hversu mikil áhrif aðhaldið hefur á verðbólgu og efnahagssumsvif og með hversu mikilli töf. Ákvarðanir hagstjórnaraðila byggjast m.a. á þjóðhagslíkönum sem gefa vísbendingu um þetta en samspil hagstærða tekur sífelldum breytingum sem jafnvel þróuðustu haglíkön ná ekki að fanga. Í þessu samhengi má nefna breytingar á vinnumarkaði, á fjármálamarkaði og í samsetningu hagkerfisins eftir heimsfaraldurinn. Þetta er raunin jafnt hér á landi sem erlendis. Hér á landi bætist við óvissa um það hvort og hversu mikið kjölfesta verðbólguvæntinga hefur losnað og hvaða áhrif það hefur á virkni peningastefunnar.

Ef verðbólga reynist enn þrálátari en spár gera ráð fyrir, og hækkar jafnvel aftur, getur enn þurft að herða aðhald hagstjórnar með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á efnahagssumsvif. Það gæti t.d. gerst ef kjölfesta verðbólguvæntinga reynist veikari en tiltæk gögn benda nú til. Nýlegar hagspár gætu einnig reynst of svartsýnar og verðbólga lækkað hraðar en þar er gert ráð fyrir; meira svigrúm myndi þá skapast til lækkunar stýrivaxta. Óvissa um samspil hagstjórnar og efnahagssumsvifa er aðeins einn af mörgum efnahagslegum óvissuþáttum en e.t.v. sá sem blasir einna mest við nú um mundir.


**Mynd 2.9****Óvissa um verðbólgu endurspeglast í frávíkssviðsmyndum**

Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Í bjartsýnni sviðsmynd ráðuneytisins er gert ráð fyrir að verðbólga lækki hraðar en í grunnspá. Í sviðsmyndinni er verðbólga næsta árs um 1 prósentustigi lægri en í grunnspá, eða 3,0%. Stýrivextir eru þá að sama skapi lægri. Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir lítilllega meiri einkaneyslu og að fjárfesting taki meira við sér á næsta ári en í grunnspánni. Hagvöxtur er hátt í 1 prósentustigi meiri en í grunnspá, eða 3,4%.

**Mynd 2.10****Til mikils er að vinna við að ná niður verðbólgu, en afkoma ríkissjóðs er umtalsvert lakari í svartsýnu sviðsmyndinni**

Heildarafkoma A1-hluta ríkissjóðs árið 2025, % af VLF



Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Raungerist bjartsýna sviðsmyndin má gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði um 25 ma.kr. betri á næsta ári í samanburði við áætlun fjárlagafrumvarpsins, eða sem nemur 0,3% af VLF. Áætlaður halli á rekstri ríkissjóðs færi þannig úr 0,8% af VLF og yrði 0,5% af VLF. Skýrist það af lægri útgjöldum vegna minni áhrifa verðlagsbreytinga á gjaldahlið auk lægri gjaldfærslu verðbóta verðtryggðra lána. Tekjur ríkissjóðs yrðu á hinn bóginn nánast óbreyttar þar sem vegast á hækkun tekna vegna aukins hagvaxtar við lægri nafnvöxt tekjustofna vegna minni verðbólgu. Skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu laga um opinber fjármál yrðu samkvæmt

sviðsmyndinni um 31,1% af VLF í árslok 2025 í stað 31,4% af VLF eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu vegna bættrar afkomu.

Í svartsýnni sviðsmynd ráðuneytisins er gert ráð fyrir að bakslag verði í þróun verðbólgu og þar af leiðandi vaxta. Í sviðsmyndinni er verðbólga næsta árs 1,5 prósentustigi hærrí en í grunnspá, eða 5,4%, og myndi þá aðeins lækka lítið eitt milli ára. Stýrivextir þurfa þar af leiðandi að vera hærrí en í grunnspá með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á umsvif, einkum einkaneyslu og fjárfestingu. Atvinnuleysi eykst um 2 prósentustig milli ára og er 6% í sviðsmyndinni. Landsframleiðsla stendur nánast í stað milli ára í sviðsmyndinni í stað þess að vaxa um 2,6% eins og grunnspáin gerir ráð fyrir.

Raungerist svartsýna frávikssviðsmyndin má gera ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs verði, að öðru óbreyttu, tæplega 65 ma.kr. lakari í samanburði við áætlun fjárlagafrumvarpsins eða sem samsvarar 1,3% af VLF. Áætlaður halli á rekstri ríkissjóðs færi þannig úr 0,8% af VLF og yrði 2,1% af VLF. Forsendur sviðsmyndarinnar leiða til lækkunar tekna um 20 ma.kr., m.a. þar sem vinnuafseftirspurn og launastofn dragast saman, en á móti vegur að hluta hækkun fjármagnstekjuskatts vegna herra vaxtastigs. Áhrif sviðsmyndarinnar eru meira afgerandi á gjaldahlíð sem hækkar um tæplega 45 ma.kr. í samanburði við forsendur frumvarpsins. Um 15 ma.kr. af þeirri hækkun er vegna meira atvinnuleysis á árinu, en hvert prósentustig atvinnuleysis eykur útgjöld ríkissjóðs um 8–9 ma.kr. Til viðbótar þeirri hækkun má gera ráð fyrir um 30 ma.kr. viðbótarútgjöldum sem rekja má nokkurn veginn til jafns til hærrí vaxtagjalda vegna aukinna verðbóta verðtryggðra lána og hærrí frumgjalda vegna forsendna um þróun verðlags. Áhrif á skuldir ríkissjóðs skv. skuldareglu eru um 1,9% af VLF til hækkunar, og yrðu skuldir þá um 33,4% af VLF í árslok 2025 í stað 31,4% af VLF samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Þessi hækkun samanstendur af 1,3 prósentustiga hækkun vegna lakari afkomu og um 0,6 prósentustiga hækkun vegna breytinga á nafnvirði VLF í nefnara hlutfallsins, en nafnvirði VLF er um 95 ma.kr. lægra í sviðsmyndinni en gert er ráð fyrir í grunnspánni.

Vakin er athygli á því að í niðurstöðum sviðsmyndarinnar er gert ráð fyrir að frumgjöld, og eftir atvikum tekjur, ríkissjóðs sem tengd eru verðlagi taki breytingum innan ársins. Í framkvæmd má hins vegar gera ráð fyrir að hluti þeirra útgjaldabreytinga komi ekki fram í afkomu ríkissjóðs fyrr en ári síðar þegar fjárheimildir ráðuneyta og stofnana eru leiðréttar fyrir frávik í þróun verðlags frá forsendum fjárlaga ársins á undan. Þannig kann hluti af afkomubreytingu ríkissjóðs samkvæmt sviðsmyndinni að koma fram ári síðar.

### 3 Markmið í ríkisfjármálum

Í þessum kafla er fjallað um markmið og horfur í ríkisfjármálum og helstu niðurstöður frumvarpsins um afkomu ríkissjóðs á árinu 2025 í samhengi við helstu stefnumið fjármálaáætlunar fyrir árin 2025–2029.



Framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál ríkissjóðs í þessum kafla er samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli um opinber fjármál, svokölluðum GFS-staðli (e. Government Finance Statistics Manual). Markmið staðalsins er að veita góða sýn á efnahagsleg áhrif ríkisfjármálanna. Vakin er athygli á því að ríkisreikningur er birtur skv. IPSAS-reikningsskilastaðlinum (e. International Public Sector Accounting Standards) en fjallað er um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála á þessum tveimur stöðlum í viðauka með frumvarpinu.


#### 3.1 Markmið og horfur í ríkisfjármálum

Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að tæplega 41 ma.kr. halli verði á heildarafkomu ríkissjóðs sem samsvarar 0,8% af vergri landsframleiðslu (VLF). Afkoman batnar þannig talsvert milli ára frá uppfærðri áætlun fyrir yfirstandandi ár eða um 0,4% af VLF. Þá er áætlað að frumjöfnuður ríkissjóðs, þ.e. afkoma án vaxtagjalda og -tekna, verði jákvæður um rúmlega 36 ma.kr., eða 0,7% af VLF, á næsta ári sem er rúmlega 4 ma.kr. bati milli ára. Áætlað er að skuldir ríkissjóðs, á mælikvarða skuldareglu laga um opinber fjármál, verði í lok næsta árs um 1.500 ma.kr. eða rúmlega 31% af VLF og lækkar hlutfallið um 0,7% af VLF milli ára.

Fjárlagafrumvarp ársins 2025 er sett fram í samræmi við markmið gildandi fjármálaáætlunar eins og lög um opinber fjármál gera ráð fyrir en fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 var samþykkt á Alþingi í júní sl. Leiðarljós fjármálaáætlunarinnar er að tryggð verði viðunandi lækkun skulda sem samræmist markmiðum gildandi fjármálastefnu og tölulegum fjármála-reglum laga um opinber fjármál eftir gildistöku þeirra á ný árið 2026 en eins og kunnugt er var þeim vikið tímabundið til hliðar í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Auk þess að draga úr vaxtabyrði mun áframhaldandi bati í skuldastöðu ríkissjóðs veita stjórnvöldum meiri sveigjanleika til þess að geta brugðist við óvæntum áföllum af krafti, eins og reyndist mikilvægt á tímum veirufaraldursins. Breyting til batnaðar í afkomu og skuldastöðu ríkissjóðs á næstu misserum og árum hefur jafnframt þann hagstjórnarlega eiginleika að vinna gegn verðbólguþrýstingi og skapa grundvöll fyrir lækkun vaxta. Með þeim hætti styður stefnan í opinberum fjármálum betur við fjárfestingu einkageirans og verðmætasköpun til framtíðar. Forsendur gildandi fjármálaáætlunar gera ráð fyrir að jöfnuður náist í rekstri ríkissjóðs á árinu 2028 og að heildarafkoman verði orðin jákvæð árið 2029.

**Mynd 3.1****Afkoma ríkissjóðs batnar um 0,4% af VLF milli ára**


% af VLF



Áætlanir gera ráð fyrir að snarpur viðsnúningur hagkerfisins í kjölfar heimsfaraldursins, með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á tekjur ríkissjóðs, sé að baki. Gert er ráð fyrir að hagvöxtur verði um 0,9% á þessu ári og 2,6% á því næsta sem er talsverð breyting frá árunum 2021–2023 þegar hagvöxtur var að jafnaði yfir 5% á ári. Mikill hagvöxtur síðustu ára umfram fyrri áætlanir hefur gert það að verkum að afkoma ríkissjóðs hefur um þó nokkurt skeið reynst betri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Þannig hefur afkoman að jafnaði batnað um 1–2% af VLF vegna aukinna tekna við endurmat að hausti. Þá reyndist staða ríkisfjármála þessi ár að lokum enn betri samkvæmt reikningsuppgjöri en endurmatið gaf til kynna. Þar sem hagkerfið hefur nú að fullu unnið upp það framleiðslutap sem varð á tímum heimsfaraldursins er talið ólíklegt að ríkisfjármálin verði fyrir slíkri búbót á næstu misserum.

**Mynd 3.2****Undanfarin ár hafa afkomuhorfur yfirstandandi ára batnað um 1-2% af VLF við endurmat að hausti, en nú eru horfurnar í takt við fjárlög**

Breyting á heildarafkomu fjárlaga við endurmat að hausti, % af VLF



Afkomuhorfur ársins 2024 hafa nú verið endurmetnar með heildstæðum hætti og er gert ráð fyrir áþekktri afkomu og gengið var út frá í áætlun fjárlaga ársins 2024. Áætlað er að hagvöxtur á næsta ári verði nálægt mati á langtímavaxtargetu hagkerfisins og má leiða að því líkur að áframhaldandi bati í afkomu ríkissjóðs verði ekki drifinn af uppfærslu tekjuáætlunar, vegna aukinna umsvifa eins og undanfarin ár, heldur þurfi hann í auknum mæli að leiða af viðeigandi ráðstöfunum í ríkisfjármálum. Þær ráðstafanir munu í senn auka tekjur umfram það sem leiðir af uppfærðum efnahagshorfum og draga úr vexti útgjalda milli ára. Áfram verður viðvarandi verkefni næstu missera að ná fram stöðugum bata í rekstri ríkissjóðs með ráðdeild og markvissri forgangsröðun verkefna. Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2025 endurspeglar þennan ásetning stjórnvalda.

Tekjuáætlun ársins 2025 gerir ráð fyrir að heildartekjur verði 1.448 ma.kr., eða 29,6% af VLF. Á tekjuhlíð er m.a. gengið út frá forsendum um áframhaldandi heildarendurskoðun á skattlagningu ökutækja og eldsneytis, með upptöku kílómetragjalds á fólksbíla óháð aflgjafa, samhliða breytingum á kolefnisgjaldi, niðurfellingu á vörugjöldum á eldsneyti og tengdum liðum. Þá er gert ráð fyrir aukinni gjaldtöku af ferðamönnum og öðrum tekjuáhrifum sem leiðir af ráðstöfunum fyrri fjármálaáætlana, s.s. tímabundinni hækkun tekjuskatts lögaðila á yfirstandandi ári sem skilar viðbótartekjum í ríkissjóð á næsta ári. Samanlagt er gert ráð fyrir að framangreindar tekjuráðstafanir skili ríkissjóði um 21 ma.kr. á næsta ári umfram það sem ella hefði orðið. Gangi þessi áætlun eftir munu frumtekjur ársins 2025, þ.e. heildartekjur að frádregnum vaxtatekjum, nema 28,8% af VLF sem er nálægt langtímameðaltali árána 1998–2019 en það var 29% af VLF þegar leiðrétt hefur verið fyrir einskis- og óregluglum liðum. Nánar er fjallað um tekjuáætlun ársins 2025 í kafla 4 *Tekjur ríkissjóðs*.

Heildargjöld ríkissjóðs árið 2025 eru áætluð 1.489 ma.kr., eða 30,5% af VLF. Í fjármálaáætlun er sett fram markmið um hóflegan raunvöxt útgjalda á milli ára sem er til þess fallið að ná fram bata í afkomu en þetta markmið er nánar útfært í fjárlagafrumvarpinu. Þegar frá eru taldar áætlaðar launa- og verðlagsbætur næsta árs aukast frumgjöld ríkissjóðs um 2,2% að raunvirði milli ára. Til viðbótar almennri aðhaldskröfu og öðrum útgjaldalækkunum sem tilgreindar eru í fjármálaáætlun er nú búið að útfæra niður á einstaka gjaldaliði 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstafanir sem gert var ráð fyrir í áætluninni. Samanlagt skila þessar breytingar um 29 ma.kr. lækkun útgjalda á næsta ári samanborið við fyrri áætlanir og er það svigrúm að hluta til nýtt til forgangsröðunar nýrra og brýnna verkefna. Má þar nefna heildarendurskoðun á fyrirkomulagi örorkubóta sem lengi hefur verið í undirbúningi en markmiðið þar er að bæta kjör örorkulífeyrisþega og tryggja einfaldara og réttlátara kerfi. Þá er gert ráð fyrir hækkun á almennu frítekjumarki ellilífeyris, áframhaldandi stuðningi við fyrirtæki vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar, endurbætur í samgöngumálum og aukin framlög til heilbrigðismála. Þrátt fyrir ný og aukin verkefni er áætlað að útgjaldastig ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu lækki milli ára þannig að frumútgjöld, þ.e. heildarútgjöld án vaxtagjalda, verði 28,1% af VLF á næsta ári samanborið við 28,4% af VLF á yfirstandandi ári. Þessi niðurstaða næst þrátt fyrir nokkra aukningu í fjárfestingu ríkissjóðs en hún verður um 100 ma.kr. á næsta ári, eða 2% af VLF. Þá er gert ráð fyrir að gjaldfærð vaxtagjöld verði 2,4% af VLF á næsta ári samanborið við horfur um 2,9% af VLF á yfirstandandi ári. Breytinguna má einkum rekja til lækkunar á gjaldfærslu vaxtakostnaðar verðtryggðra lána en vaxtagjöld þessara lána fara lækandi eftir því sem dregur úr verðbólgu. Nánar er fjallað um útgjöld ársins 2025 í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

**Tafla 3.1 Samanburður á áætlun fjárlaga ársins 2024 og fjárlagafrumvarps ársins 2025**

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Fjárlög 2024	Frv. 2025	br.	Fjárlög 2024	Frv. 2025	br.
<b>Heildartekjur</b> .....	<b>1.356,5</b>	<b>1.448,5</b>	<b>92,0</b>	<b>30,0%</b>	<b>29,6%</b>	<b>-0,4%</b>
<b>Skatttekjur</b> .....	<b>1.058,9</b>	<b>1.140,5</b>	<b>81,6</b>	<b>23,4%</b>	<b>23,3%</b>	<b>-0,1%</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	465,6	505,5	39,9	10,3%	10,3%	0,0%
Skattar á laungreiðslur og vinnuafll .....	12,1	13,1	0,9	0,3%	0,3%	0,0%
Eignarskattar .....	16,4	14,6	-1,8	0,4%	0,3%	-0,1%
Skattar á vöru og þjónustu .....	540,9	581,4	40,5	12,0%	11,9%	-0,1%
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti .....	6,2	7,8	1,6	0,1%	0,2%	0,0%
Aðrir skattar .....	17,6	18,2	0,6	0,4%	0,4%	0,0%
<b>Tryggingagjöld</b> .....	<b>141,8</b>	<b>149,8</b>	<b>8,0</b>	<b>3,1%</b>	<b>3,1%</b>	<b>-0,1%</b>
<b>Fjárframlög</b> .....	<b>7,1</b>	<b>7,6</b>	<b>0,4</b>	<b>0,2%</b>	<b>0,2%</b>	<b>0,0%</b>
<b>Aðrar tekjur</b> .....	<b>148,7</b>	<b>150,6</b>	<b>1,9</b>	<b>3,3%</b>	<b>3,1%</b>	<b>-0,2%</b>
Eignatekjur .....	101,4	100,2	-1,2	2,2%	2,0%	-0,2%
þ.a. vaxtatekjur .....	41,4	39,3	-2,1	0,9%	0,8%	-0,1%
þ.a. arðgreiðslur .....	47,8	46,0	-1,8	1,1%	0,9%	-0,1%
Sala á vöru og þjónustu .....	40,5	44,0	3,5	0,9%	0,9%	0,0%
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur .....	6,8	6,4	-0,4	0,2%	0,1%	0,0%
<b>Heildargjöld</b> .....	<b>1.407,7</b>	<b>1.489,4</b>	<b>81,7</b>	<b>31,1%</b>	<b>30,5%</b>	<b>-0,7%</b>
<b>Rekstrarútgjöld</b> .....	<b>1.388,0</b>	<b>1.464,1</b>	<b>76,1</b>	<b>30,7%</b>	<b>29,9%</b>	<b>-0,8%</b>
Laun .....	314,2	329,4	15,2	7,0%	6,7%	-0,2%
Kaup á vöru og þjónustu .....	228,6	237,1	8,5	5,1%	4,8%	-0,2%
Afskriftir .....	68,2	74,8	6,6	1,5%	1,5%	0,0%
Vaxtagjöld .....	117,6	116,6	-0,9	2,6%	2,4%	-0,2%
Framleiðslustyrkir .....	63,9	71,1	7,3	1,4%	1,5%	0,0%
Fjárframlög .....	473,5	509,6	36,1	10,5%	10,4%	-0,1%
Félagslegar tilfærslur til heimila .....	28,4	35,9	7,5	0,6%	0,7%	0,1%
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög .....	93,6	89,6	-4,0	2,1%	1,8%	-0,2%
<b>Fastafjárútgjöld</b> .....	<b>19,8</b>	<b>25,3</b>	<b>5,5</b>	<b>0,4%</b>	<b>0,5%</b>	<b>0,1%</b>
Fjárfesting í efnislegum eignum .....	88,0	100,1	12,1	1,9%	2,0%	0,1%
Afskriftir (-) .....	-68,2	-74,8	-6,6	-1,5%	-1,5%	0,0%
<b>Frumjöfnuður</b> .....	<b>24,9</b>	<b>36,4</b>	<b>11,5</b>	<b>0,6%</b>	<b>0,7%</b>	<b>0,2%</b>
<b>Vaxtajöfnuður</b> .....	<b>-76,2</b>	<b>-77,4</b>	<b>-1,2</b>	<b>-1,7%</b>	<b>-1,6%</b>	<b>0,1%</b>
<b>Heildarjöfnuður</b> .....	<b>-51,2</b>	<b>-41,0</b>	<b>10,3</b>	<b>-1,1%</b>	<b>-0,8%</b>	<b>0,3%</b>


Annar mælikvarði á rekstur ríkissjóðs er greiðsluafkoma en hún mælir innflæði í ríkissjóð á móti greiðslum úr ríkissjóði sem fram koma í sjóðstreymi. Greiðsluafkoman er lykilstærð þegar kemur að því að meta lánsfjárbörf og hefur því bein áhrif á skuldaþróun. Hún gefur einnig skýrar til kynna samtímaáhrif ríkisfjármálanna á efnahagssumsvif vegna þess að þá er horft fram hjá ýmsum langtímaskuldbindingum og reikningshaldslegum eða matskenndum liðum sem fela ekki í sér neinar greiðsluhreyfingar á árinu en eru jafnan færðir til bókar í vanalegri framsetningu á rekstrargrunni þjóðhagsreikninga. Greiðsluafkoma ríkissjóðs hefur batnað verulega að undanfögnu í kjölfar bakslagsins í veirufaraldrinum og batnar áfram um rúmlega 5 ma.kr., eða 0,2% af VLF á næsta ári. Áætlað er að halli á greiðsluafkomunni verði um 1,2% af VLF á næsta ári. Bati í greiðsluafkomu milli ára er engu að síður nokkru minni en

bati í afkomu á rekstrargrunni m.a. vegna mismunandi áhrifa af þróun verðbóta verðtryggðra lána á útgjöld á rekstrar- og greiðslugrunni. Verðbætur leggjast á höfuðstól lána og koma til greiðslu þegar lánið er endurgreitt en á rekstrargrunni eru þær gjaldfærðar yfir tímabilið þegar þær myndast. Þegar verðbætur lækka á milli ára bætir það afkomu á rekstrargrunni en breytingin er hlutlaust gagnvart greiðsluafkomu.

### Mynd 3.3

#### Bati er á rekstrarafkomu, greiðsluafkomu og lánsfjárfjöfnumði ríkissjóðs milli ára

% af VLF



Lánsfjárfjöfnumður er ráðandi þáttur í lánsfjárförf ríkissjóðs og samanstendur af greiðsluafkomu ásamt öðrum hreyfingum í sjóðstreymi. Má þar nefna lánveitingar ríkissjóðs til ríkisaðila í A2- og A3-hluta, t.d. til Húsnæðissjóðs og Menntasjóðs námsmanna, auk árlegrar fyrirframgreiðslu ríkisins inn á lífeyrisskuldbindingar B-deildar LSR. Lánsfjárfjöfnumður ríkissjóðs batnar umtalsvert á næsta ári samanborið við horfur yfirstandandi árs eða um 30 ma.kr. sem samsvarar 0,7% af VLF. Bata í lánsfjárfjöfnumði umfram bata í greiðsluafkomu má að stærstum hluta rekja til fjármögnunar Fasteignafélagsins Þórkötlu á árinu 2024 sem lækkar lánsfjárfjöfnumðinn á því ári en ekki er gert ráð fyrir slíkum greiðslum á næsta ári. Almennt gildir að lánsfjárfjöfnumður ríkissjóðs er lakari en greiðsluafkoma vegna endurlána ríkissjóðs til annarra ríkisaðila. Lánsfjárfjöfnumður ríkissjóðs verður einnig fyrir áhrifum af eignasölu sem skapar innflæði í ríkissjóð umfram tekjuáætlun en eignasala er hins vegar ekki tekjufærð á rekstrargrunni samkvæmt þeim hagskýrslustaðli sem ríkisfjármálin eru sett fram á. Rétt er að geta þess að ef ekki yrði af fyrirhugaðri sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka á þessu og næsta ári færu skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál lítilla hækkandi sem hlutfall af VLF á milli ára í stað þess að lækka eins og gerð er grein fyrir í kafla 9.3. Þessi undirliggjandi staða lánsfjárfjöfnumðar undirstrikar mikilvægi þess að halda áfram á þeirri braut að bæta afkomu ríkissjóðs á komandi árum til þess að tryggja sjálfbær ríkisfjármál og lækkandi skuldahlutfall í átt að langtímamarkmiði.

Að teknu tilliti til fyrirhugaðrar sölu á eignarhlut í Íslandsbanka er gert ráð fyrir því að skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldareglunni fari lækkandi sem hlutfall af VLF og verði rúmlega 31% af VLF í lok árs 2025. Gangi það eftir mun skuldahlutfallið lækka um 0,7% af




VLF frá áætlaðri árslokastöðu 2024 en þetta hlutfall náði hámarki í kjölfar heimsfaraldursins við rúmlega 33% af VLF árið 2021. Nánar er fjallað um skuldaþróun og horfur í lánamálum í kafla 9 *Efnahagur, lántökur og endurlán*.

### Mynd 3.4

#### Skuldahlutfallið lækkar milli ára og stefnir í 31% af VLF í árslok 2025

Skuldir skv. skuldareglu, % af VLF



Til grundvallar þessu fjárlagafrumvarpi liggja markmið ríkisstjórnarinnar um að bæta afkomu ríkissjóðs á milli ára með því að halda aftur af útgjaldavexti og bæta skuldastöðu þannig að ríkissjóður verði betur í stakk búinn til þess að takast á við óvænt áföll. Þau markmið samrýmast því sem talist geta ákjósanleg hagstjórnarleg viðbrögð við þeim áskorunum sem til staðar eru í hagkerfinu í dag, einkum að teknu tilliti til verðbólgu sem hefur verið meiri og þrálátari en samrýmist efnahagslegum stöðugleika til lengri tíma. Aðhaldsstig ríkisfjármála á þessu og næsta ári er til þess fallið að draga úr verðbólguþrýstingi eins og rakið er nánar í kafla 2 *Efnahagsstefna*. Þá er aukinn viðnámsstyrkur opinberra fjármála mikilvægur með hliðsjón af þeim áhættum sem ríkissjóður stendur frammi fyrir, m.a. markaðsáhættu, þ.e. óvæntum breytingum á vöxtum, gengi krónunnar og verðbólgu eins og fjallað er um í kafla 11 *Fjárhagsáhætta ríkissjóðs*, og framvindu eldsumbrota og jarðhræringa á Reykjanesskaga sem ekki sér fyrir endann á og getur kallað á aukin viðbrögð af hálfu ríkissjóðs. Með hliðsjón af framangreindu er mikilvægt að stjórnvöld hverfi ekki af þeirri braut sem mörkuð hefur verið heldur tryggji að ríkissjóður nái framsettum afkomu- og skuldamarkmiðum.

#### Samanburður við fjármálaáætlun

Afcoma ársins 2025 er í öllum meginatriðum í samræmi við þau stefnumið sem sett voru fram í fjármálaáætlun sem samþykkt var í júní sl. þegar tekið er tillit til áhrifa breyttra þjóðhagsforsendna. Frá vinnslu fjármálaáætlunarinnar hafa efnahagshorfur breyst á þann veg að nú er gert ráð fyrir meiri verðbólgu á yfirstandandi ári og því næsta auk hærra vaxtastigs. Heildarjöfnuður er áætlaður neikvæður um 41 ma.kr. en það er um 15 ma.kr. lakari afkoma en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Breytingin er að mestu vegna uppfærslu á áætlun vaxtagjalda sem hækka um 12 ma.kr., hvort tveggja vegna hærri verðbólga verðtryggðra lána og hærri vaxta óverðtryggðra lána. Áætlað er að frumjöfnuður verði jákvæður um 36 ma.kr. sem er um 3 ma.kr. lægra en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun.

Tafla 3.2 Afkomuhorfur ársins 2025 í samanburði við fjármálaáætlun

Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Fjármála- áætlun 2025	Frumvarp 2025	br.	Fjármála- áætlun 2025	Frumvarp 2025	br.
Frumtekjur .....	1.406,5	1.409,2	2,7	29,1	28,8	-0,3
Frumgjöld .....	1.366,7	1.372,8	6,1	28,3	28,1	-0,2
<b>Frumjöfnuður .....</b>	<b>39,8</b>	<b>36,4</b>	<b>-3,4</b>	<b>0,8</b>	<b>0,7</b>	<b>-0,1</b>
Vaxtatekjur .....	39,5	39,3	-0,2	0,8	0,8	0,0
Vaxtagjöld .....	104,8	116,6	11,8	2,2	2,4	0,2
<b>Vaxtajöfnuður .....</b>	<b>-65,3</b>	<b>-77,4</b>	<b>-12,1</b>	<b>-1,4</b>	<b>-1,6</b>	<b>-0,2</b>
Heildartekjur .....	1.446,0	1.448,5	2,5	29,9	29,6	-0,3
Heildargjöld .....	1.471,5	1.489,4	17,9	30,5	30,5	0,0
<b>Heildarjöfnuður .....</b>	<b>-25,5</b>	<b>-41,0</b>	<b>-15,5</b>	<b>-0,5</b>	<b>-0,8</b>	<b>-0,3</b>

Þótt heildarumfang frumtekna breytist hlutfallslega lítið frá fjármálaáætlun verða þó nokkrar innbyrðis breytingar á samsetningu tekna, t.d. hækkar áætlun um fjármagnstekjuskatt og tekjuskatt lögaðila um samtals tæplega 12 ma.kr. en á móti lækkar áætlun um virðisaukaskatt og arðgreiðslur um alls rúmlega 9 ma.kr. Áætlun vaxtatekna helst nánast óbreytt frá því sem gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni en þar vegast áhrif breyttra efnahagsforsendna, einkum aukinnar verðbólgu og herra vaxtastigs til hækkunar, á við aðrar breytingar á áætlunum til lækkunar. Samanlagt eru heildartekjur áætlaðar um 2 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni. Nánar er fjallað um breytingar á tekjuáætlun ársins 2025 frá fjármálaáætluninni í kafla 4.4.

Frumgjöld eru áætluð 6 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætlun. Þá breytingu má að hluta rekja til leiðréttingar á áætluðum útgjöldum, m.a. út frá endanlegum útreikningi launa- og verðlagsbreytinga á næsta ári, auk nokkurra nýrra verkefna sem forsendur lágu ekki fyrir um við vinnslu fjármálaáætlunar. Þar vegur þyngst aukið framlag til reksturs almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu um sem nemur 2,2 ma.kr. til að mæta 33% ábyrgð ríkisins á rekstri Strætó samkvæmt samgöngusáttmála milli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Vaxtagjöld eru áætluð um 12 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni. Um helming hækkunarinnar má rekja til herra vaxtastigs og meiri lántöku. Þá leiðir spá um aukna verðbólgu til um 6 ma.kr. hækkunar á áætlun verðbólga verðtryggðra lána. Samanlagt eru heildargjöld, þ.e. vaxtagjöld og frumgjöld, áætluð 18 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjármálaáætluninni. Nánar er fjallað um breytingar á gjaldahlíð frá fjármálaáætluninni í kafla 5.4.

#### Afkoma ársins 2024

Afkomuhorfur yfirstandandi árs breytast óverulega frá áætlun fjárlaga ársins 2024. Er það breyting frá síðustu þremur árum þegar afkomuhorfur hafa jafnan batnað verulega við endurmat að hausti. Áætlað er að heildarafkoma ríkissjóðs verði um 6 ma.kr. lakari en gert var ráð fyrir og verður halli ríkissjóðs þá um 57 ma.kr. eða 1,2% af VLF samanborið við halla um 1,1% af VLF í áætlun fjárlaga 2024. Frumjöfnuður batnar um 7 ma.kr. vegna aukinna tekna en vaxtajöfnuður er áætlaður um 13 ma.kr. lakari.

**Tafla 3.3 Samanburður á áætlun fjárlaga ársins 2024 og uppfærðar afkomuhorfur**


Þjóðhagsgrunnur	ma.kr.			% af VLF		
	Fjárlög 2024	Áætlun 2024	br.	Fjárlög 2024	Áætlun 2024	br.
Frumtekjur .....	1.315,1	1.332,3	17,2	29,1	29,1	0,0
Frumgjöld .....	1.290,2	1.300,0	9,8	28,5	28,4	-0,1
<b>Frumjöfnuður .....</b>	<b>24,9</b>	<b>32,3</b>	<b>7,4</b>	<b>0,6</b>	<b>0,7</b>	<b>0,2</b>
Vaxtatekjur .....	41,4	41,2	-0,2	0,9	0,9	0,0
Vaxtagjöld .....	117,6	130,6	13,1	2,6	2,9	0,3
<b>Vaxtajöfnuður .....</b>	<b>-76,2</b>	<b>-89,4</b>	<b>-13,3</b>	<b>-1,7</b>	<b>-2,0</b>	<b>-0,3</b>
Heildartekjur .....	1.356,5	1.373,5	17,0	30,0	30,0	0,0
Heildargjöld .....	1.407,7	1.430,6	22,9	31,1	31,3	0,1
<b>Heildarjöfnuður .....</b>	<b>-51,2</b>	<b>-57,2</b>	<b>-5,9</b>	<b>-1,1</b>	<b>-1,2</b>	<b>-0,1</b>

Heildartekjur eru áætlaðar 17 ma.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Breytingin er að stærstum hluta vegna endurmats á umfangi afskrifta skattkrafna á grundvelli breyttrar aðferðafræði við árlegt mat á eftirstöðvum krafna sem nú er talið að muni minnka afskriftaþörfina árið 2024 og á næstu árum þar á eftir, sbr. umfjöllun í fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029. Að því frátöldu leiðir endurmat til smávægilegrar lækkunar á tekjuáætlun í samanburði við áætlun fjárlaga þar sem vegast á ýmsir liðir til hækkunar og lækkunar. Áætlun vaxtatekna er svipuð og gert var ráð fyrir í fjárlögum. Nánar er fjallað um endurmat tekjuáætlunar eftir einstökum tekjuliðum í kafla 4.1.

Heildarútgjöld eru áætluð um 23 ma.kr. hærrí en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir og nema þau um 31,3% af VLF, eða 0,1 prósentustigi meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þar af eru frumgjöld áætluð um 10 ma.kr. hærrí en gert var ráð fyrir. Til hækkunar vega þýngst aðgerðir stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum markaði, t.d. sérstakur vaxtastuðningur og hækkun barnabóta, aukinn stuðningur við leigjendur, hærrí fæðingarorlofsgreiðslur og gjaldfrjálsar skólamáltíðir grunnskólabarna, en samanlagt er kostnaður vegna þessara aðgerða rúmlega 13 ma.kr. á árinu 2024. Þá er gert ráð fyrir viðbótarútgjöldum vegna byggingar varnargarða í tengslum við eldsumbrot á Reykjanesi auk uppfærslu áætlana miðað við framgang byggingar nýs Landspítala en gert er ráð fyrir að verkefnið gangi á uppsafnaðar heimildir fyrri ára um 4 ma.kr. á árinu. Tekið er tillit til ýmissa annarra umframútgjalda í samanburði við áætlun fjárlaga, t.d. vegna umsókna um alþjóðlega vernd og átaks í að bæta málsmeðferðarhraða, hærrí heildarendurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á árinu, og frávik í rekstrarkostnaði heilbrigðisstofnana, einkum á landsbyggðinni. Á mótí þessum kostnaðarauka vegur almennur varasjóður að hluta, auk endurmats á nokkrum kostnaðarliðum sem gert er ráð fyrir að verði innan heimilda ársins. Ber þar helst að nefna lægri útgjöld vegna greiðslu ellilífeyris en tekjur þessa hóps hafa verið hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Er þetta frávik leiðrétt í áætlun ársins 2025 og liðurinn þannig endurmetinn með hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs. Þá er atvinnuleysi minna en gert var ráð fyrir í fjárlögum sem minnkar áætlaðan kostnað ársins um rúmlega 5 ma.kr. Gangi þessar áætlanir eftir verður heildarumfang frumgjalda um 28,4% af VLF á árinu 2024 samanborið við 28,5% af VLF í áætlun fjárlaga. Vaxtagjöld eru áætluð um 13 ma.kr. hærrí en í áætlun fjárlaga sem að mestu má rekja til herra hlutfalli skammtímafjármögnunar og aukningu skuldabréfaútgáfu úr 120 ma.kr. í 150 ma.kr. Einnig eru verðbætur verðtryggðra lána hærrí í ljósi meiri verðbólgu á árinu í nýjstu uppfærslu þjóðhagsspár.

## 4 Tekjur ríkissjóðs (A1-hluta)

Tekjur ríkissjóðs aukast í krónum talið á næsta ári samkvæmt tekjuáætlun fjárlagafrumvarpsins en lækka þó lítið eitt sem hlutfall af landsframleiðslu (VLF). Í kjölfar kórónuveirufaraldursins jukust efnahagsumsvif ítrekað umfram þær spár sem lágu til grundvallar tekjuáætlun fjárlaga. Telja má að það ástand sé nú að baki þar sem hægt hefur á efnahagsumsvifum og hagkerfið færirst nær jafnvægisstöðu. Þar með má vænta meiri stöðugleika milli hagspáa en áður og að það endurspeglit einnig í tekjuáætlunum.



Nánar er fjallað um áhrif efnahagsforsendna á einstaka tekjustofna og áhrif og umfang skattabreytinga síðar í kaflanum. Jafnframt eru breytingum á tekjuáætlun ársins 2024 gerð skil en tekjur yfirstandandi árs mynda grunn fyrir tekjuáætlun ársins 2025. Í lok kaflans má finna áætlun um skattstyrki ársins 2025 þar sem eftirgjöf í skattkerfinu er skipt eftir málefnasviðum. Tafla 4.1 dregur fram helstu niðurstöður tekjuáætlunarinnar ásamt endurmati á tekjum yfirstandandi árs og tekjuuppgjöri ársins 2023.

**Tafla 4.1 Tekjuáætlun 2023-2025**

Rekstrargrunnur, m.kr.	2023 <sup>1</sup>	Áætlun		% af VLF		
		Endurmat 2024	Frumvarp 2025	2023	2024	2025
<b>Skatttekjur</b> .....	<b>984.031</b>	<b>1.067.672</b>	<b>1.140.487</b>	<b>23,0</b>	<b>23,3</b>	<b>23,3</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	455.248	481.800	505.500	10,6	10,5	10,3
Skattar á launagr. og vinnuafll .....	11.752	12.256	13.054	0,3	0,3	0,3
Eignarskattar .....	14.969	14.626	14.629	0,3	0,3	0,3
Skattar á vöru og þjónustu .....	480.171	534.912	581.363	11,2	11,7	11,9
Tollar og aðflutningsgjöld .....	6.105	7.429	7.780	0,1	0,2	0,2
Aðrir skattar .....	15.786	16.649	18.161	0,4	0,4	0,4
<b>Tryggingagiöld</b> .....	<b>127.958</b>	<b>140.756</b>	<b>149.796</b>	<b>3,0</b>	<b>3,1</b>	<b>3,1</b>
<b>Fjárframlög</b> .....	<b>8.822</b>	<b>7.176</b>	<b>7.565</b>	<b>0,2</b>	<b>0,2</b>	<b>0,2</b>
<b>Aðrar tekjur</b> .....	<b>167.537</b>	<b>157.885</b>	<b>150.610</b>	<b>3,9</b>	<b>3,5</b>	<b>3,1</b>
Eignatekjur .....	94.853	109.490	99.562	2,2	2,4	2,0
Vaxtatekjur .....	46.336	41.191	39.283	1,1	0,9	0,8
Arður og hluti af tekjum ríkisft. ....	37.495	56.832	46.018	0,9	1,2	0,9
Aðrar eignatekjur .....	11.022	11.467	14.260	0,3	0,3	0,3
Sala á vöru og þjónustu .....	57.874	41.726	43.998	1,4	0,9	0,9
Ýmsar tekjur .....	14.810	6.669	7.050	0,3	0,1	0,1
<b>Heildartekjur ríkissjóðs</b> .....	<b>1.288.348</b>	<b>1.373.489</b>	<b>1.448.456</b>	<b>30,1</b>	<b>30,0</b>	<b>29,6</b>

<sup>1</sup> Byggt á tölum Hagstofu í mars 2024.


#### 4.1 Endurmetin tekjuáætlun 2024

Heildartekjur yfirstandandi árs hafa verið endurmetnar og er áætlað að þær muni nema um 1.373 ma.kr., eða 30% af VLF. Skatttekjur og tryggingagjöld ársins hafa verið endurmetin í samræmi við breyttar efnahagsforsendur og nýjustu upplýsingar um álagningu og innheimtu. Lítur nú út fyrir að heildartekjur ríkissjóðs verði 17 ma.kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins eða sem nemur 1,3%. Sú niðurstaða skýrist að stærstum hluta af endurmati á áætluðum afskriftum skattkrafna á grundvelli breyttrar aðferðafræði við árlegt mat á eftirstöðvum krafna sem nú er talið að muni minnka afskriftaþörfina 2024 og á næstu árum, sbr. umfjöllun í kafla 3.2.2 *Skattastefna og tekjuþróun* í fjármálaáætlun 2025–2029. Að því frátöldu er frávikið frá tekjuáætlun gildandi fjárlaga 1,5 ma.kr. til lækkunar.

#### Mynd 4.1

#### Tekjur áætlaðar 17 ma.kr. meiri en í fjárlögum

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2024 (ma.kr.)



Af einstökum sköttum eða gjöldum aukast tekjur af fjármagnstekjuskatti mest frá áætlun fjárlaga, eða um 10 ma.kr. Endurmatið er í samræmi við breytingar í þjóðhagsspá fyrir árið þar sem nú er gert ráð fyrir meiri verðbólgu og hærri vöxtum en í þeirri spá sem lá til grundvallar samþykktum fjárlögum. Tekjur af arði og vöxtum hækka um 8,1 ma.kr. sem skýrist af auknum arðgreiðslum ríkisfyrirtækja umfram fyrri áætlanir. Jafnframt er tekjuskattur lögaðila endurmetinn um 4,7 ma.kr. til hækkunar. Hækkun tekjuskatts lögaðila endurspeglar nýjar upplýsingar fengnar úr ársreikningum stærstu fyrirtækja. Tekjuskattur lögaðila verður endurskoðaður þegar álagning á lögaðila liggur fyrir í október næstkomandi. Gert er ráð fyrir um 13,8 ma.kr. lækkun á virðisaukaskatti (VSK) sem er stærsti skattstofn ríkisins. Þar vegast á áhrif minni einkaneyslu og meiri verðbólgu en áður hafði verið gert ráð fyrir.

## 4.2 Tekjuáætlun 2025

Tekjuáætlun fyrir fjárlagaárið 2025 byggir á endurmetinni tekjuáætlun ársins 2024 og þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að teknu tilliti til fyrirhugaðra skattkerfisbreytinga.

### 4.2.1 Skattkerfisbreytingar

Þær skattabreytingar sem ráðast á í árið 2025 taka m.a. mið af viðbrögðum stjórnvalda við efnahagslegri þróun og áhrifum tæknibreytinga á tekjustofna ríkisins. Skattkerfisbreytingar ársins 2025 byggjast jafnframt á fyrri ákvörðunum og pólitískum áherslum í fjármálastefnu og fjármálaáætlunum ríkisstjórnarinnar.

Stærsta skattkerfisbreyting ársins felst í kerfisbreytingu á gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti. Í fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2022–2026 var stefnt að því að tekjur af ökutækjum og eldsneyti yrðu aftur 1,7% af VLF, sem var sögulegt meðaltal árunna 2010–2017. Tekjur af ökutækjum og eldsneyti eru að miklu leyti tengdar því eldsneyti sem notað er á ökutækin og losun þeirra á gróðurhúsalofttegundum. Með hröðum orkuskiptum í samgöngum og sífellt sparneytnari bílvelum hafa því tekjur af ökutækjum og eldsneyti fallið töluvert og má búast við að sú þróun haldi að óbreyttu áfram. Til að bregðast við þeirri þróun hefur verið ákveðið að taka upp **kílómetragjald** vegna notkunar bifreiða en samhliða verði eldri gjöld felld niður, þ.e. vörugjöld af bensíni og olíugjald af dísilolíu. Jafnframt verður kolefnisgjald hækkað til að viðhalda hvötum til orkuskipta. Fyrsta skrefið í þessari kerfisbreytingu var tekið í byrjun árs 2024 með upptöku kílómetragjalds á notkun rafmagns-, tengiltvinn- og vetnisbifreiða. Annað skrefið verður stigið í byrjun árs 2025 og felst í því að kílómetragjald verður einnig lagt á bifreiðar sem ganga fyrir jarðefnaeldsneyti. Með þessum breytingum er ekki aðeins skotið styrkari stöðum undir tekjuöflun ríkisins heldur einnig komið á skilvirkara og sanngjarnara gjaldakerfi þar sem þeir borga sem nota vegakerfið en þó að teknu tilliti til áhrifa af þyngd ökutækja á vegslit.

Á vettvangi OECD og G20-ríkjanna hefur verið unnið að aðgerðum til að sporna gegn tilfærslu skattstofna á milli landa. Í þeirri vinnu felst m.a. upptaka **15% alheimslágmarksskatts** á alþjóðleg fyrirtæki. Tilgangur skattlagningarinnar er að koma í veg fyrir að stór alþjóðleg fyrirtæki geti komist hjá skattlagningu með því að færa hagnað til lágskattaríkja. Frá síðustu áramótum hefur fjöldi ríkja þegar innleitt alheimslágmarksskatt. Ísland hefur samþykkt að innleiða alheimslágmarksskattinn og mun hann taka gildi í ársbyrjun 2025. Óvissa er með væntar tekjur af innleiðingunni en gert er ráð fyrir að hún geti skilað ríkissjóði auknum tekjum frá árinu 2026.

Auknum ferðamannastraumi á undanförunum árum hefur fylgt álag á náttúru og innviði. Til skoðunar er að gera **breytingar á gjaldtöku ferðamanna** í samræmi við nýsamþykktu ferðamálastefnu og í samráði við menningar- og viðskiptaráðuneytið.

Gert er ráð fyrir auknum tekjum af veiðigjaldi á árinu 2025. Matvælaráðuneytið leiðir endurskoðun á lögum um **veiðigjald** sem gert er ráð fyrir að skili um 2 ma.kr. í ríkissjóð á árinu 2025.

**Verðmætagjald sjókvíaldis** hækkar úr 4,3% í 5% af markaðsverði afurða. Gert hafði verið ráð fyrir að hækka gjaldið úr 3,5% í 5% í fjárlögum ársins 2024 en ákveðið var að áfangaskipta hækkuninni. Því kemur seinni áfanginn til framkvæmda í fjárlögum ársins 2025 og er gert ráð fyrir að tekjur aukist um 300 m.kr. vegna breytingarinnar.

Jafnframt er fyrirhuguð vinna til að varna mismunun í skattlagningu. Vinnan snýr að því að við þær aðstæður að framteljandi hefur nær eingöngu fjármagnstekjur sér til framfærslu verði litið svo á að tiltekin fjárhæð eða hlutfall teknanna verði talið fram sem laun í skattframtali og þannig leggist útsvar á þann hluta við álagningu opinberra gjalda en ekki innan staðgreiðslu-ársins.

Sem fyrr er gert ráð fyrir hækkun **krónutölugjalda** á milli ára. Vegna fyrirhugaðrar kerfisbreytingar á gjaldtöku af notkun ökutækja munu bensín- og olúgjöld falla niður. Því er umfang krónutölugjalda minna en áður hefur verið. Miðað er við að gjöldin hækki um 2,5% í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga og verðbólguþétt Seðlabanka Íslands þrátt fyrir að verðbólga sé áætluð 5,2% yfir þetta ár samkvæmt Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands. Tekjuáhrif breytingarinnar nema um 1,4 ma.kr. Hækkunin nær til áfengis-, tóbaks- og bifreiðagjalds, gjalds í Framkvæmdasjóð aldraðra og útvarpsgjalds.

#### Tafla 4.2 Aðgerðir og helstu skattabreytingar

Tekjuáhrif helstu skattabreytinga á ríkissjóð 2025, ma.kr. <sup>1</sup>	2025
<i>Lögfestar breytingar</i>	
Tekjuskattur lögaðila hækkar úr 20% í 21% .....	6,7
<b>Samtals</b> .....	<b>6,7</b>
<i>Ólögfestar breytingar</i>	
Endurskoðun á skattlagningu ökutækja og eldsneytis .....	8,0
Breytingar á gjaldtöku á ferðaþjónustu .....	1,9
Veidigjald .....	2,0
Gjaldtaka á fiskeldi .....	0,3
Beyttar reglur um reiknað endurgjald .....	0,5
Hækkun krónutölugjalda um 2,5% <sup>2</sup> .....	1,4
<b>Samtals</b> .....	<b>14,1</b>
<b>Lögfestar og ólögfestar breytingar samtals</b> .....	<b>20,8</b>

1. Fjárhæðir tákna áhrif hverrar kerfisbreytingar í samanburði við óbreytt kerfi á árinu 2025. Fjárhæðir eru með hliðaráhrifum á virðisaukaskatt.

2. Hækkun krónutölugjalda er í samræmi við verðbólguþétt Seðlabanka Íslands.

#### 4.2.2 Umfjöllun um forsendur helstu tekjustofna

Heildartekjur ríkissjóðs eru áætlaðar 1.448 ma.kr. fjárlagaárið 2025 sem svarar til 29,6% af VLF. Þar af eru skatttekjur og tryggingagjöld áætluð 1.290 ma.kr.

Aukning er í **tekjuskatti lögaðila** árið 2025 sem skýrist einkum af tímabundinni hækkun skatthlutfallsins á árinu 2024 úr 20% í 21% sem kemur til álagningar árið 2025. Tekjur af tekjuskatti lögaðila taka mið af skattskyldum hagnaði ársins á undan. Áætlaðar tekjur af tekjuskatti lögaðila eru um 143,7 ma.kr. á árinu 2025. Auk þess er gert ráð fyrir um 7,5 ma.kr. af sérstökum **fjársýsluskatti**. Gert er ráð fyrir að tekjurnar aukist á milli ára í krónum talið en lækki lítillga sem hlutfall af VLF enda hefur það hlutfall verið sögulega hátt sl. tvö ár. Tekjur af **tekjuskatti einstaklinga** eru áætlaðar 286,8 ma.kr. árið 2025. Vel hefur árað á vinnu- markaði undanfarin misseri, laun hafa hækkað, fjöldi vinnustunda hefur aukist og atvinnuleysi haldist lítið. Þessi mikli vöxtur er að baki og stefnir vinnu- markaðurinn í meira jafnvægi á árinu 2025. Innheimta staðgreiðslu hefur því verið góð en hluti ríkissjóðs í staðgreiðslunni er minni en áður vegna eftirgjafar tekjuskatts til sveitarfélaga vegna málefna fatlaðs fólks sl. tvenn áramót. Vegna verðbólgu á yfirstandandi ári og gildandi lagaákvæða um þróun viðmiðunarfrjárhæða munu skattleysis- og þrepamörk hækka umtalsvert næstu áramót. Önnur breyting, sem tók gildi fyrir tekjuárið 2022, fól m.a. í sér að framangreind mörk hækka sem nemur verðbólguþétti við lok hvers árs að viðbættu 1% framleiðni- viðmiði. Henni er ætlað að koma í veg

fyrir raunskattskrið og verja kaupmátt launa. Þjóðhagsspá gerir ráð fyrir 5,2% verðbólgu í lok árs 2024 og er því áætlað að persónuafsláttur og þrepamörk hækki um 6,3% árið 2025.


Áætlað er að annað skref fyrirhugaðrar kerfisbreytingar á gjaldtöku af ökutækjum og eldsneyti skili ríkissjóði um 8 ma.kr. Auk þess er gert ráð fyrir verðlagsuppfærslu á bifreiðagjaldi. Tekjur af **ökutækjum og eldsneyti** eru áætlaðar 74,4 ma.kr sem nemur um 1,5% af VLF sem er fremur lágt í sögulegu samhengi og undir 1,7% markmiði ríkisstjórnarinnar.

### Mynd 4.2

#### Virðisaukaskattur er þriðjungur skatttekna

Samsetning tekna ríkisins af sköttum og tryggingagjöldum 2025

Ma.kr. (Hlutdeild)



Tekjur ríkisins af **fjármagnstekjuskatti** samanstanda af staðgreiðslu vegna vaxtatekna og arðs ársins 2025 og eftirágreiddum skatti vegna söluhagnaðar og leigutekna fyrra árs skv. álagningu í maí nk. Gert er ráð fyrir að fjármagnstekjuskattur skili 67,5 ma.kr. í ríkissjóð á árinu 2025. Það er nokkru minna en árin 2023–2024 enda er búist við að vaxtatekjur landsmanna dragist saman með lækkandi vaxtastigi og aðrar fjármagnstekjur aukist hóflega.

Stærsti einstaki liður skatttekna ríkisins er virðisaukaskattur (**VSK**). Eftir kröftugan vöxt í neyslu landsmanna og erlendra ferðamanna eftir veirufaraldurinn hægðist á vexti einkaneyslu árin 2023 og 2024, en hún er sá þáttur hagvaxtarins sem mestu ræður um þróun VSK. Aðföng og fjárfesting í starfsemi hins opinbera og aðila utan VSK-kerfisins skila ríkinu einnig VSK og almennt fylgir því sá skattur efnahagsstarfseminni nokkuð vel. Skattalagabreytingar og ekki síður hinir ýmsu tímabundnu skattastyrkir hafa þó sín áhrif á tekjurnar. Hafa árlegar tekjur af VSK sveiflast á bilinu 7,9–8,9% af VLF á síðustu níu árum, þ.e. síðan skattþrepunum tveimur var breytt, árið 2015.

Eftir innan við 1% vöxt á árunum 2023 og 2024 er nú búist við 2,4% aukningu einkaneyslu á næsta ári. Að frátalinni neyslu á ferðalögum erlendis eykst neysla landsmanna um 6,9% að nafnvirði. Neysla erlendra ferðamanna eykst nokkru minna, eða um 1,8% að raunvirði og 5,7% að nafnvirði.

Lagabreytingar hafa fyrst og fremst óbein áhrif á tekjuþróun VSK árið 2025. Hliðaráhrif verða af breytingum á skattlagningu ökutækja og eldsneytis, þegar hefðbundin eldsneytisgjöld



falla brott samhliða hækkun kolefnisgjalds og breikkun kílómetragjalds. VSK myndar ekki stofn til kílómetragjalds og er gert ráð fyrir 2,7 ma.kr. lækkun VSK vegna þessara áforma. Ívilnanir í VSK-kerfinu minnkuðu verulega um síðustu áramót þegar Orkusjóður tók við því hlutverki að styrkja kaup á hreinorkubílum. Ívilnun við kaup á hjólum rennur út um næstu áramót en sérstök ívilnun við sölu notaðra hreinorku- og tengiltvinnbíla verður í gildi út árið 2025. Í tengslum við aðgerðaráætlun í loftslagsmálum mun ívilnunin við kaup á hjólum verða tekin til skoðunar. Þá ber að nefna að áætluð tekjulækkun 2025 vegna afskrifaðra krafna í VSK er minni en hún hefur sögulega verið og skýrist það af bókhaldslegum breytingum.

Gangi framangreindar forsendur eftir verða tekjur af VSK rúmir 430 ma.kr. Þær hækka lítillega í hlutfalli af VLF, upp í 8,8%. Vægi VSK af skatttekjum í heild að tryggingagjöldum meðtöldum mun áfram aukast og nema þriðjungi.

Áætlað er að tekjur ríkissjóðs af **tryggingagjaldi** muni nema 149,8 ma.kr. árið 2025. Stofn tryggingagjalds hefur vaxið mikið undanfarin ár samhliða fjölgun vinnandi handa og miklum launahækkunum. Á árinu 2024 hefur hægst á þessum vexti. Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er gert ráð fyrir minni launahækkunum árið 2025 en á fyrra ári, svipuðu atvinnuleysi en færri vinnustundum. Þessar lykildreytur ákvarða tekjur ríkisins af tryggingagjaldi, sem búist er við að aukist um rúm 6% að nafnvirði á milli ára og haldist nær óbreytt í 3,1% hlutfalli af VLF.

**Vaxtatekjur** samanstanda af vöxtum af skattkröfum og bankainnstæðum í innlendri og erlendri mynt auk vaxta og verðbóta af veittum lánum. Meiri hluti vaxtatekna er vegna veittra lána en þau hefur ríkissjóður veitt til að fjármagna m.a. útlán Menntasjóðs námsmanna, Húsnæðissjóðs og Byggingastofnunar auk ýmissa fjárfestingaverkefna. Vaxtatekjur ársins 2025 eru áætlaðar 39,3 ma.kr.

Áætlaðar tekjur af **áfengisgjaldi** eru 26,8 ma.kr. á árinu 2025. Tekjur næsta árs ráðast af forsendum um einkaneyslu og verðbólgu í uppfærðri þjóðhagsspá.

Gert er ráð fyrir tekjum af **veiðigjaldi** sem nemur 14,3 ma.kr. á árinu 2025. Þar af eru um 2,3 ma.kr. af verðmætagjaldi af fiskeldi. Hluta af aukningunni á milli ára má rekja til fyrirhugaðrar hækkunar á verðmætagjaldinu úr 4,3% í 5%. Veiðigjald byggist á afkomu við veiðar hvers nytjastofns tveimur árum fyrir álagningu gjaldsins og er lagt á í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla. Áætlunin fyrir 2025 verður endurskoðuð þegar endanleg ákvörðun um álagningu veiðigjalda árið 2024 liggur fyrir hjá Skattinum í byrjun desember nk.

Yfirlit um **arðgreiðslur** frá félögum og hlutdeild í hagnaði B-hluta félaga ríkissjóðs má sjá í töflu 4.3. Af eign ríkisins í viðskiptabönkunum er gert ráð fyrir samtals 16,9 ma.kr. arðgreiðslu á árinu 2025 sem er lækkun sem nemur tæplega 5 ma.kr. frá fyrra ári. Það skýrist að hluta til af væntri sölu á hlut ríkisins í Íslandsbanka. Arðgreiðslur Landsvirkjunar nema 30 ma.kr. á árinu 2024 og 21,2 ma.kr. á árinu 2025.

**Tafla 4.3 Arðgreiðslur og tekjur B-hluta fyrirtækja**

Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja (m.kr.)	Áætlun 2024	Áætlun 2025
<i>Arður</i>		
Íslandsbanki hf. ....	5.300	2.300
Landsbankinn hf. ....	16.500	14.600
Landsvirkjun ....	30.000	21.200
Landsnet ....	1.700	2.100
Aðrir ....	560	560
<b>Arður alls</b> .....	<b>54.060</b>	<b>40.760</b>
<i>Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja</i>		
ÁTVR .....	250	750
Framlag Happraættis HÍ til Háskóla Íslands .....	1.638	3.602
Framlag frá Húsnæðissjóði .....	884	906
<b>Hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls</b> .....	<b>2.772</b>	<b>5.258</b>
<b>Arður og hluti af tekjum B-hluta fyrirtækja alls</b> .....	<b>56.832</b>	<b>46.018</b>

Tekjur af arði frá félögum eru settar fram samkvæmt GFS-staðlinum. Á rekstrargrunni er arðgreiðsla tekjufærð að því marki sem hún er ekki umfram hlutdeild ríkisins í áætluðum hagnaði af reglulegri starfsemi félags. Á greiðslugrunni er arðgreiðslan færð til fulls, óháð hagnaði félags. Í áætlun fyrir árin 2024 og 2025 eru arðgreiðslur ekki umfram hagnað af reglulegri starfsemi og tekjur því hinar sömu á rekstrargrunni og greiðslugrunni.

**4.3 Áhrif á jafnrétti kynjanna**

Hlutfall kynja er mismunandi á milli starfsstétta og neyslumynstur ólík. Því geta skattabreytingar og aðrar álögur sem snerta einstakar atvinnugreinar eða leggjast með ólíkum hætti á tekjur og neyslu haft mismunandi áhrif á kynin. Hér er að öllu leyti vísað til meðaltala enda eru áhrifin á einstaklinga í sömu atvinnugrein eða með svipaða neyslu þau sömu burt séð frá kyni viðkomandi.

Gera má ráð fyrir að skattlagning á notkun bifreiða hafi mismunandi áhrif á kynin. Konur nota einkabílinn ekki síður en karlar en fara gjarnan fleiri og styttri ferðir. Umtalsverður kynjamunur er á eignarhaldi bifreiða. Karlar eru skráðir eigendur tæplega 2/3 fólks- og sendibifreiða, auk þess sem bílar í eigu kvenna eru almennt léttari og losa minna af gróðurhúsalofttegundum en bifreiðar í eigu karla. Því má gera ráð fyrir að áhrif breyttrar skattlagningar verði meiri á karla en konur.

Líklegt er að hækkun veiðigjalds hafi meiri áhrif á karla en konur en töluvert ójafnvægi er á stöðu kynjanna í sjávarútvegi. Konur voru um fjórðungur þeirra sem störfuðu við fiskveiðir eða fiskvinnslu árið 2023, auk þess sem hlutfall kvenna sem stjórnenda í greininni er enn mun lægra en karla.

Fyrirhugaðar eru breytingar á gjaldtöku af ferðamönnum sem er ólíklegt að hafi áhrif á stöðu kynjanna. Á árinu 2023 sóttu lítilliga fleiri karlar en konur Ísland heim og munar þar mest um hærra hlutfall karla en kvenna í hópi þeirra sem eru með meðalhár eða háar heimilis-tekjur en þessir tekjuhópar eru næstum helmingur alls ferðafólks á Íslandi. Karlar eru rétt ríflega helmingur þeirra sem starfa við ferðaþjónustu skv. tölum Hagstofu Íslands. Meira en 40% starfsfólks eru innflytjendur og hefur aukning starfandi í greininni að miklu leyti verið drifin áfram af erlendu starfsfólki.

**4.4 Breytingar á tekjuáætlun ársins 2025 frá fjármálaáætlun**


Tekjur ársins 2025 eru áætlaðar 1.448 ma.kr. sem er um 2 ma.kr. meira en í fjármálaáætlun sem lögð var fram í apríl sl. Hlutfall heildartekna af VLF lækkar þó um 0,3 prósentustig, í takt

við endurmat tekjuáætlunar út frá m.a. uppfærðri þjóðhagsspá sem felur í sér 1,2% hærri landsframleiðslu að nafnvirði. Þrátt fyrir að lítil breyting sé á áætluðum heildartekjum í krónum talið er nokkur munur eftir einstökum sköttum og öðrum tekjuliðum. Almennt gildir að endurmat á tekjum ársins 2025 frá í vor er byggt á margvíslegum nýjum upplýsingum, allt frá tekjuuppgjöri ársins 2023 og þróun álagningar og innheimtu yfirstandandi árs til hagspár næsta árs. Í endurmetinni tekjuáætlun 2025 munar mest um nær 8 ma.kr. hækkun á fjármagnstekjuskatti sem skýrist af nýjum upplýsingum úr framtölum einstaklinga og álagningu Skattsins frá í maí auk nýrrar þjóðhagsspár. Þótt áfram sé gert ráð fyrir að verðbólga hjaðni og vextir lækki á næsta ári er vaxtastigið 2025 nokkru herra í hagspá fjárlagafrumvarpsins en fjármálaáætlunar. Tekjuskattur lögaðila er talinn verða 4 ma.kr. hærri sem skýrist einkum af endurmati á tekjuginni ársins 2024 í ljósi upplýsinga um rekstur og hagnað fyrirtækja árið 2023. Tryggingagjaldið er áætlað 1,5 ma.kr. herra, en tekjuskattur einstaklinga 1,7 ma.kr. lægri en í fjármálaáætlun þrátt fyrir að stofn beggja sé að hluta sá sami. Ólík niðurstaða endurmatsins skýrist m.a. af ólíkum grunnáhrifum af tekjuuppgjöri ársins 2023, samspili útsvars við tekjuskatt og hinum ýmsu áhrifaþáttum á tekjuþróun landsmanna. Af liðum utan skatttekna má nefna lækkun á áætluðum arði um 5 ma.kr. miðað við áætlun sl. vor.

### Mynd 4.3

#### Áætlaðar tekjur 2025 hækka um 2 ma.kr. frá fjármálaáætlun

Helstu breytingar á tekjuáætlun ársins 2025 (ma.kr.)



### 4.5 Skattastyrkir

Áætlað er að skattastyrkir ríkissjóðs verði 145 ma.kr. árið 2025, eða 3% af VLF. Með skattastyrkjum er átt við eftirgjöf á skattkröfu sem leiðir til fráviks frá grunngerð skattkerfisins og veldur tekjutapi fyrir hið opinbera. Í töflu 4.4 má sjá yfirlit yfir skattastyrki ásamt sundurliðun. Heldur hefur dregið úr umfangi skattastyrkja undanfarin ár, en stærsti hluti þeirra er til kominn vegna neðra þreps virðisaukaskatts þar sem 13 prósentustiga munur er á neðra þrepinu og almenna þrepinu og reiknast sá munur sem skattastyrkur. Meginástæða þess að skattastyrkir eru miklir í ferðaþjónustu, sbr. töflu 4.4, er sú að stór hluti hennar ber 11% í stað 24% VSK. Þá gætir einnig töluverðra áhrifa af endurgreiðslum VSK í skattastyrkjum næsta árs. Í heild

nema skattastyrkir í VSK 78% af skattastyrkjum og þar af er neðra þrepið 64% af öllum skattastyrkjum.

**Tafla 4.4 Skattastyrkir úrsins 2023 og áætlaðir skattastyrkir úranna 2024 og 2025**

Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund ívilnunar	2023	2024	2025
Undanþága frá skattskyldu .....	39.481	23.146	23.479
Frádráttur .....	9.861	14.403	15.274
Frádráttarheimild .....	10.057	13.806	10.269
Lægri skattprósenta .....	85.676	90.075	96.007
<b>Alls .....</b>	<b>145.076</b>	<b>141.430</b>	<b>145.030</b>
Skattastyrkir flokkaðir eftir tegund skatts	2023	2024	2025
Tekjuskattur einstaklinga .....	8.968	11.223	7.576
Tekjuskattur lögaðila .....	1.308	2.803	2.913
Fjármagnstekjuskattur .....	7.264	11.703	12.475
Eignarskattar .....	636	651	762
VSK .....	118.972	106.655	112.938
Vörugjöld og aðrir neysluskattar .....	7.928	8.395	8.367
<b>Alls .....</b>	<b>145.076</b>	<b>141.430</b>	<b>145.030</b>
Skattastyrkir flokkaðir eftir málefnasviði	2023	2024	2025
07. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	333	464	481
08. Sveitarfélög og byggðamál .....	22	21	22
09. Almanna- og réttaröryggi .....	613	555	594
11. Samgöngu- og fjarskiptamál .....	612	615	653
12. Landbúnaður .....	76	112	119
14. Ferðaþjónusta .....	26.170	26.944	28.528
17. Umhverfismál .....	19.952	6.342	6.036
18. Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .....	5.499	5.821	6.219
20. Framhaldsskólastig .....	549	488	522
21. Háskólastig .....	1.013	1.337	1.430
23. Sjúkrahúsþjónusta .....	83	73	78
27. Örorika og málefni fatlaðs fólks .....	810	833	891
29. Fjölskyldumál .....	52.862	56.053	59.888
30. Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	1.090	853	368
31. Húsnæðis- og skipulagsmál .....	20.610	20.376	17.679
Óflokkað .....	6.764	9.602	10.157
Vegna skattframtækjamar .....	8.016	10.943	11.364
<b>Alls .....</b>	<b>145.076</b>	<b>141.430</b>	<b>145.030</b>
<b>Alls, % af VLF .....</b>	<b>3,4%</b>	<b>3,1%</b>	<b>3,0%</b>

Engar nýjar lögfestar tegundir skattastyrkja eru í áætlun ársins 2025. Nokkrir núgildandi skattastyrkja renna hins vegar sitt skeið á enda og því fækkar tegundum skattastyrkja úr 76 í 69 á næsta ári. Ekki er gert ráð fyrir framlengingu á ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á húsnæðislán í gegnum almenna úrræðið árið 2025, sem að öðru óbreyttu rennur út í lok árs 2024. Hins vegar verður áfram heimilt að nýta séreignarsparnað til fasteignakaupa undir formerkjum „Fyrstu fasteignar“. Endurgreiðsluheimild á VSK vegna reiðhjóra og léttra bifhjóra fellur brott í lok árs 2024. Þá er áætlað að endurgreiðslur vegna framkvæmda með auknum endurgreiðslurétti sem var í gildi tímabundið sem viðbrögð við heimsfaraldri fjari að mestu út árið 2024. Skattastyrkir í fjármagnstekjuskatti hafa aukist undanfarin ár og á það sér tvær skýringar. Annars vegar hafa vaxtatekjur einstaklinga aukist vegna hás vaxtastigs og þar með einnig vaxtatekjur sem falla undir frítekjumark vaxtatekna. Hins vegar hafa heildartekjur einstaklinga af langtímaútleigu íbúðarhúsnæðis aukist en 50% slíkra leigutekna eru undanþegnar og telst það fyrirkomulag til skattastyrkja.

## 5 Gjöld ríkissjóðs (A1-hluta)

Í þessum kafla er fjallað um útgjöld ríkissjóðs (A1-hluta). Þar er um að ræða útgjöld vegna starfsemi á vegum ríkisins sem að stærstum hluta eru fjármögnuð með skatttekjum. Fjallað er um helstu áherslumál á útgjaldahlið fjárlagafrumvarpsins en þau samanstanda af fyrri ákvörðunum sem birtast í fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 og breytingum sem leiða af ákvörðunum við undirbúning frumvarpsins. Vakin er athygli á því að þessi kafla tekur einungis til breytinga á fjárheimildum málefnasviða samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjallað er um breytingar á heildarútgjöldum ríkissjóðs á þjóðhagsgrunni samkvæmt GFS-hagskýrslustaðlinum í kafla 3 *Markmið í ríkisfjármálum* og um mun á framsetningu og uppgjöri ríkisfjármála á þessum tveimur stöðlum í viðauka með frumvarpinu.



Við setningu útgjaldaramma fyrir málefnasvið í fjárlagafrumvarpi ársins 2025 er byggt á þeirri stefnumörkun sem fram kemur í gildandi fjármálaáætlun. Meginleiðarljós áætlunarinnar er að tryggja bætta afkomu ríkissjóðs sem felst í því að haldið er aftur af útgjaldavexti þannig að útgjöld lækki sem hlutfall af VLF. Sjá nánari umfjöllun í kafla 3 *Markmið í ríkisfjármálum*. Meðal helstu verkefna sem fram koma í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 og fjallað er nánar um í greinargerðum um viðkomandi málefnasvið eru:

- Heildarendurskoðun örorkulífeyriskerfisins.
- Aðgerðir stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum markaði.
- Hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris.
- Aukin framlög til nýframkvæmda og viðhalds á vegakerfinu.
- Uppbygging samgönguinnviða og almenningsgangna samkvæmt uppfærðum samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.
- Stytting málsmeðferðartíma í afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd og inngilding flóttafólks og innflytjenda í íslenskt samfélag.
- Bygging nýs fangelsis í stað Litla-Hrauns.
- Bygging Þjóðarhallar í innanhússípróttum.
- Stuðningur við nýsköpun, rannsóknir og þróun.
- Stuðningur við kvikmyndagerð.

### 5.1 Heildarfjárheimildir 2025 og breytingar frá fjárlögum ársins 2024

Heildarútgjöld ríkissjóðs eru áætluð um 1.552 ma.kr. á árinu 2025. Það er um 61 ma.kr. hækkun frá fjárlögum ársins 2024 en þar af eru um 54 ma.kr. vegna áætlaðra launa-, gengis- og verðlagsbreytinga. Að þeim frátöldum hækka heildarútgjöld ríkissjóðs um 6,5 ma.kr. eða sem nemur 0,4%. Til heildarútgjalda málefna sviða teljast heimildir vegna afskrifta skattkrafna en áætlað umfang þeirra lækkar um 18 ma.kr. á milli ára á grundvelli breyttrar aðferðafræði við árlegt mat á eftirstöðvum krafna sem nú er talið að muni minnka afskriftaþörfina á næstu árum, sbr. umfjöllun í fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029. Án þeirrar breytingar nemur raunaukning heildarútgjalda um 24,7 ma.kr. eða 1,7%. Í umfjöllun hér á eftir er gerð grein fyrir því í hverju breytingar á útgjöldum ríkissjóðs felast. Fjallað verður um breytingar út frá hagrænni skiptingu útgjalda, breytingu eftir útgjaldatalefnum og málefna sviðum.

Meðfylgjandi tafla sýnir breytingar á hagrænni skiptingu fjárheimilda að raunvirði á milli fjárlaga 2024 og fjárlagafrumvarps 2025. Samtals nemur aukning rammasettra<sup>1</sup> útgjalda um 27 ma.kr. eða 2,2% á föstu verðlagi ársins 2024 en rammasett útgjöld aukast meira en heildargjöld málefna sviða þar sem vaxtagjöld og aðrir liðir utan ramma, m.a. afskriftir skattkrafna, lækka um rúmlega 20 ma.kr. á milli ára.

**Tafla 5.1 Hagræn skipting útgjalda.**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2024	Frumvarp <sup>1</sup> 2025	Breyting m.kr.	Breyting %
Rekstrarframlög .....	622.613	621.561	-1.051	-0,2
Rekstrartilfærslur .....	476.165	494.307	18.143	3,8
Fjármagnstílfærslur .....	54.956	56.920	1.963	3,6
Fjárfestingarframlag .....	66.135	73.845	7.710	11,7
<b>Rammasett útgjöld .....</b>	<b>1.219.869</b>	<b>1.246.634</b>	<b>26.765</b>	<b>2,2</b>
Vaxtagjöld .....	99.107	98.096	-1.011	-1,0
Aðrir liðir utan ramma <sup>2</sup> .....	171.927	152.689	-19.238	-11,2
<b>Heildargjöld .....</b>	<b>1.490.902</b>	<b>1.497.418</b>	<b>6.516</b>	<b>0,4</b>
Rekstrartekjur .....	64.330	71.109	6.779	10,5
Framlag úr ríkissjóði .....	1.318.888	1.402.668	83.780	6,4
Viðskiptahreyfingar .....	107.684	23.642	-84.042	-78,0
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>1.490.902</b>	<b>1.497.418</b>	<b>6.516</b>	<b>0,4</b>

<sup>1</sup> Án verðlagshækkana

<sup>2</sup> Aðrir liðir utan ramma: ríkisábyrgðir, afskriftir skattkrafna, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysisstryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Hærri rekstrartilfærslur skýrast að mestu af aðgerðum stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum markaði, heildarendurskoðun örorkulífeyriskerfisins og hækkun á almennu frítekjumarkni ellilífeyris. Á móti vegur að hluta endurmat á undirliggjandi áætlunum almannatrygginga þar sem útlit er fyrir verulega lækkun útgjalda frá því sem áætlað var í fjárlögum ársins 2024, m.a. vegna lægra nýgengis örorku og þess að tekjur ellilífeyrisþega hafa vaxið meira en gert var ráð fyrir.

<sup>1</sup> Rammasett útgjöld eru útgjöld málefna sviða án undanskilinna liða. Undanskildir liðir eru: vaxtagjöld ríkissjóðs, afskriftir skattkrafna, ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysisstryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Veruleg aukning fjárfestingarframlaga skýrist að stærstum hluta af auknum framlögum til samgönguframkvæmda, framlögum til rannsókna og þróunar ásamt byggingu Þjóðarhallar og nýs fangelsis. Nánar er fjallað um fjárfestingar og fjármagnstilfærslur síðar í þessum kafla.

Gert er ráð fyrir að vaxtagjöld verði um 98 ma.kr. á næsta ári sem er um 1 ma.kr. lækkun frá fjárlögum ársins 2024. Vegast þar á annars vegar lægri gjaldfærsla verðbóta verðtryggðra lána samhliða lækkandi verðbólgu og hins vegar nýjar lántökur sem bera hærri vexti en þau lán sem eru á gjalddaga á árunum 2024 og 2025. Nánar er fjallað um vaxtagjöld í greinargerð málaflokks 33.10 *Fjármagnskostnaður*.

Þá má sjá að undanskildir liðir frá rammasettum útgjöldum, aðrir en vaxtagjöld, lækka um 19,2 ma.kr. sem skýrist að mestu leyti af breyttri aðferðafræði vegna afskrifta skattkrafna líkt og áður hefur verið vikið að. Skuldbindingar vegna sjóðsfélaga í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, sem farnir eru á lífeyri og ríkissjóði ber að fjármagna samkvæmt lögum, lækka um 0,9 ma.kr. Gert er ráð fyrir að framlög til atvinnuleysisbóta hækki um 0,3 ma.kr. í samræmi við þjóðhagsspá sem liggur til grundvallar frumvarpinu. Þá er gert ráð fyrir að lögbundið framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga aukist að raunvirði um 0,6 ma.kr. milli ára.


Að viðbættum áætluðum launa- og verðlagsbreytingum er heildarumfang rammasettra útgjalda áætlað um 1.298 ma.kr. á næsta ári sem er aukning um 78 ma.kr. eða 6,4% á milli ára. Breyting rammasettra útgjalda eftir útgjaldatalefnum skýrist af nokkrum meginþáttum eins og sést á mynd 5.1.

### Mynd 5.1

#### Rammasett útgjöld ríkissjóðs eftir tilefnum

Breytingar á milli árunna 2024–2025

m.kr.



Í fyrsta lagi er um að ræða breytingar á bundnum útgjaldaskuldbindingum sem nema samtals 6,5 ma.kr. en það eru útgjöld sem fela í sér breytingar á fyrirbyggjandi útgjaldaskuldbindingum, s.s. vegna hagrænna eða kerfislægra breytinga sem bundnar eru í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Í öðru lagi er um að ræða tímabundin framlög sem falla niður, alls 12,2 ma.kr. Þar vega þyngst framlög til ýmissa fjárfestingaverkefna þar sem verkefnunum er lokið, auk þess sem fjárveitingar til tímabundinna



launagreiðslna vegna jarðhræringa í Grindavík renna sitt skeið á enda. Í þriðja lagi er um að ræða ráðstafanir vegna almennra aðhaldsmarkmiða og sértækra aðgerða til að draga úr útgjaldavexti. Þessar aðgerðir draga úr útgjöldum ríkissjóðs um 28,7 ma.kr. eins og fjallað er um síðar í kaflanum. Í fjórða lagi er um að ræða aukin framlög vegna brynna verkefna, alls 61 ma.kr. Þar vega þýngst framlög til nýs örorkulífeyrkerfis, aðgerðir vegna aðkomu ríkisins að kjarasamningum á almennum markaði, aukin framlög til Betri samgangna, hækkun almenns frítekjumarks ellilífeyris og framlög vegna aukins stuðnings við Úkraínu. Nánar er fjallað um ný og aukin verkefni í kaflanum um breytingar á fjárheimildum frá fjárlögum 2024.

Í fimmta lagi eru áætluð áhrif vegna launa-, verðlags- og gengisbreytinga en þau nema 51,1 ma.kr. Nánar er fjallað um launa- og verðlagsforsendur frumvarpsins í kafla 5.5 *Verðlagsforsendur útgjaldahliðar*.

### **Fjárfestingar og fjármagnstílfærslur**

Heildarfjárheimildir til fjárfestinga og fjármagnstílfærslna í fjárlögum 2025 eru um 131 ma.kr., eða 2,7% af VLF. Meginþungi fjárfestinga í fjárlagafrumvarpinu liggur í framlögum til samgönguframkvæmda, til byggingar nýs Landspítala, til rannsókna, þróunar og nýsköpunar, styrkjum til orkuskipta og í stofnframlögum til byggingar og kaupa á hagkvæmum leiguíbúðum. Fjárheimildir til fjárfestinga og fjármagnstílfærslna hækka um 9,7 ma.kr. frá fjárlögum ársins 2024.

Á næsta ári verður aukinn kraftur settur í byggingu legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri sem hafði verið frestað í ár. Þá verður fjármagni veitt í byggingu þjóðarhallar í innanhússíþróttum og nýs fangelsis í stað Litla-Hrauns. Í byrjun þessa árs var stofnað hlutafélag um byggingu þjóðarhallar þar sem eignarhlutur ríkisins er 55% og eignarhlutur Reykjavíkurborgar er 45%. Gert er ráð fyrir upphafs fjármögnun á byggingu þjóðarhallar með 1,5 ma.kr. framlagi til verkefnisins á árinu 2025 en alls er gert ráð fyrir að byggingin kosti 15 ma.kr. á næstu árum. Þar af er hlutdeild ríkissjóðs um 8 ma.kr. Miðað er við 19 þúsund fermetra byggingu sem tekur um 8.600 manns í sæti og eru verklok áætluð í árslok 2027. Áætlanir gera ráð fyrir að nýtt fangelsi í stað Litla Hrauns verði um 12 þúsund fermetrar að stærð og heildarbyggingarkostnaður nemi 14,4 ma.kr. miðað við verðlag í upphafi þessa árs. Gert er ráð fyrir að fangelsið verði tekið í notkun á árinu 2028. Fjárfestingarframlög til samgönguframkvæmda nema 38,3 ma.kr. og aukast um 5,7 ma.kr. milli ára. Þar vega þýngst aukin framlög til *Betri samgangna* um 4,2 ma.kr. í samræmi við uppfærðan samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Uppfærð framkvæmdaáætlun gerir ráð fyrir að heildarkostnaður verkefnisins muni nema 311 ma.kr. fram til ársins 2040. Þá er aukið í fjárheimildir til nýframkvæmda og viðhalds á vegakerfinu um 3 ma.kr. en á móti falla niður 1,5 ma.kr. tímabundnar fjárheimildir til sömu mála.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir áframhaldandi frestun á byggingu nýs Stjórnarráðshúss og Höfuðstöðva viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu en nánar er fjallað um ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti í næsta hluta þessa kafla.

**Tafla 5.2 Fjárfestingar 2024 og 2025**

Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur, ma.kr.	2024	2025
<b>Fjárfestingarframlög og fjármagnstilfærslur<sup>1</sup> .....</b>		
Samgönguframkvæmdir .....	32,6	38,2
Rannsóknir, þróun og nýsköpun .....	28,4	29,7
Bygging nýs Landspítala .....	19,3	18,4
Orkusjóður .....	8,6	8,3
Stofnframlög í almenna íbúðakerfið .....	7,3	7,3
Önnur innviðaverkefni .....	24,9	29,4
<b>Samtals: .....</b>	<b>121,2</b>	<b>131,3</b>

<sup>1</sup>Fjárhæðir í töflu byggja á fjárheimildum hvors árs. Til viðbótar við fjárheimildir ársins geta uppsafnaðar heimildir verið nýttar.

Áfram er lögð áhersla á stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun og aukast framlög til þeirra verkefna um 1,3 ma.kr. á milli ára. Endurgreiðslur ríkisins til fyrirtækja vegna rannsókna og þróunarkostnaðar aukast um 0,6 ma.kr. Að óbreyttu er áætlað að framlög myndu aukast um 2,6 ma.kr. í samræmi við áætlanir um umsóknir um endurgreiðslur en á móti er gert ráð fyrir að aukið eftirlit dragi úr útgjöldum um 1 ma.kr. auk þess sem lækka á útgjaldavöxt um 1 ma.kr. með sértækum aðgerðum.

Stærsta einstaka byggingarframkvæmdin í fjárlagafrumvarpinu er bygging nýs Landspítala. Fjárveiting til verkefnisins nemur 18,4 ma.kr. en samkvæmt uppfærðri framkvæmda- og tímaáætlun verða framkvæmdir hins vegar mun umfangsmeiri en fjárveiting frumvarpsins gefur til kynna eða sem nemur um 25 ma.kr. Gengið verður á ónýttar fjárveitingar sem safnast hafa upp á undanförunum árum en þær námu í árslok 2023 rúmum 16 ma.kr.

Þá endurspeglar frumvarpið áframhaldandi áherslur ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum þar sem lögð er áhersla á aukið framboð á húsnæðismarkaði. Gert er ráð fyrir að heildarfjárveiting vegna stofnframlaga til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins verði 7,3 ma.kr. á árinu 2025. Framlöggunum er ætlað að styðja við markmið um byggingu 1.000 íbúða með ríkisstuðningi á árinu 2025.

**Ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti**

Ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti ríkissjóðs á árinu 2025 nema alls 28,9 ma.kr. og samanstanda af almennri aðhaldskröfu, sértækum ráðstöfunum og útfærslu á afkomubætandi ráðstöfunum sem eiga uppruna sinn í fjármálaáætlun fyrir árin 2023–2027. Markmið aðgerðanna er að draga úr ríkisumsvifum, treysta stöðu ríkissjóðs og vinna gegn þenslu og verðbólgu í hagkerfinu.

## Aðhaldsráðstafanir draga úr útgjaldavexti um tæplega 29 ma.kr.

### Almennt aðhaldsmarkmið 2,2 ma.kr.

Almenn aðhaldskrafa verður 1%. Engin aðhaldskrafa er gerð á heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, skóla og löggæslu.

### Afkomubætandi ráðstafanir 9 ma.kr.

Ráðstafanir úr fjármálaáætlun 2023-2027 til að stöðva skuldasoðun og bæta afkomu ríkissjóðs.

### Sértækar ráðstafanir 17 ma.kr.

Ráðstafanir úr fjármálaáætlun 2025-2029 sem hægja eiga á útgjaldavexti og skapa svigrúm til nýrra og aukinna verkefna.

Alla jafna er gert ráð fyrir **almennu aðhaldsmarkmiði** á málefnasviðum ráðuneyta í fjármálaáætlun sem útfært er í frumvarpi til fjárlaga og nemur aðhaldsmarkmiðið á árinu 2025 um 2,2 ma.kr. Markmið þessara ráðstafana er m.a. að tryggja að ráðuneyti og stofnanir nýti þá takmörkuðu fjármuni sem til ráðstöfunar eru á sem hagkvæmastan hátt og skapi þannig rými fyrir ný verkefni í samræmi við áherslur og markmið stjórnvalda sem vega á móti aðhaldskröfunni að einhverju leyti. Almenn aðhaldskrafa verður 1% á árinu 2025 en heilbrigðis- og öldrunarstofnanir, skólar og löggæsla eru undanskilin þessari kröfu.

Auk almenns aðhaldsmarkmiðs hefur verið gripið til **afkomubætandi ráðstafana** til að draga úr útgjaldavexti og ríkisumsvifum. Í forsendum fjármálaáætlunar 2025–2029 var gert ráð fyrir 9 ma.kr. ráðstöfunum á útgjaldahlíð til að bæta afkomu ríkissjóðs sem nú hafa verið útfærðar á einstaka gjaldaliði í fjárlagafrumvarpi þessu. Við útfærslu afkomubætandi ráðstafana var lögð áhersla á að forðast flatan niðurskurð og þess í stað horft til sértækra aðgerða, s.s. með lækun, frestun eða niðurfellingu á framlögum til einstakra verkefna. Útfærsla þessara ráðstafana felur m.a. í sér að fjárveitingar á varasjóðum málaflokka eru felldar niður á árinu 2025 en óráðstafaðar heimildir í árslok 2024 verða fluttar óskertar yfir á nýtt fjárlagaár. Þá voru framlög til nýrra og aukinna verkefna í fjármálaáætlun 2025–2029, sem falla til á næsta ári, lækkuð um 4% og ráðuneytum falið að útfæra breytinguna á einstökum verkefni. Fjárheimildir samkeppnis- og styrktarsjóða hafa verið lækkaðar um 10% á milli ára. Áhersla hefur verið lögð á að ná fram auknu hagræði í opinberum innkaupum og framlag ríkissjóðs til VIRK starfsendurhæfingarsjóðs var lækkað um 600 m.kr., tímabundið í eitt ár, enda sjóðurinn vel fjármagnaður og hefur aðgerðin því ekki áhrif á þjónustu VIRK. Þá hafa styrkir til fiskvinnslustöðva verið felldir niður en alls átti framlagið að nema 230 m.kr. á næsta ári og fyrirhuguð lækun í fjármálaáætlun á framlagi ríkissjóðs til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna var aukin um 1 ma.kr.

Eins og fjallað var um í fjármálaáætlun 2025–2029 er í frumvarpinu gert ráð fyrir **sértækum ráðstöfunum** til að hægja á útgjaldavexti og skapa svigrúm til brýnna verkefna m.a. vegna aðkomu ríkisins í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði. Nema þessar ráðstafanir um 17 ma.kr. Í meginatriðum felast aðgerðirnar í forgangsröðun, hagræðingu eða betri nýtingu fjármuna, s.s. með frestun eða niðurfellingu verkefna sem ekki eru hafin eða hægt er að hliðra til í tíma, endurskoðun á forsendum eða fyrirkomulagi og hagræðingu í rekstri með sameiningu stofnana eða útvistun verkefna. Breytingar verða á fjárheimildum árið 2025 frá fyrri áformum vegna gildistöku nýs örorkulífeyriskerfis. Fyrri áform gerðu ráð fyrir gildistöku um áramót en nauðsynlegt var að færa gildistöku til 1. september 2025 svo nægur tími gefist til að undirbúa og innleiða breytingarnar. Þá hafa forsendur um kerfislægan vöxt örorku- og ellilífeyris verið lækkaðar vegna lækandi nýgengis örorku og aukinna tekna aldraðra. Vert er að taka fram að þessi breyting leiðir af endurmati áætlana og hefur engin áhrif á réttindi þessa

hóps. Gert er ráð fyrir hliðrun á framlagi til nýs Landspítala vegna nýtingar uppsafnaðra fjárfestingarheimilda. Framlagi til frekari lækunar á greiðsluþátttöku sjúkratryggðra verður frestað og dregið verður úr framlögum til starfsmanna þingflokka og stjórnmalaflokka.

Þessar ráðstafanir skila lækun á rekstrargjöldum ríkisins um 24,5 ma.kr. sem samsvarar 1,8% af veltu rekstrarframlaga fjárlaga ársins 2024 og lækun á fjárfestingu um 4,4 ma.kr. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu er dreifingin ólík eftir málefnasviðum.

### Tafla 5.3 Útfærsla ráðstafana til að draga úr útgjaldavexti eftir málefnasviðum.

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rekstur	Fjárfesting	Alls
Almanna- og réttaröryggi .....	-96,5	-95,6	-192,1
Félags-, húsnæðis- og tryggingamál .....	-17.246,9	-5,2	-17.252,1
Heilbrigðismál .....	-2.382,3	-1.100,7	-3.483,0
Mennta- og menningarmál .....	-1.197,9	-221,8	-1.419,7
Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargr. ....	-118,2	-2.524,3	-2.642,5
Samgöngu- og fjarskiptamál .....	-381,8	-316,5	-698,3
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	-455,1	-13,7	-468,8
Umhverfis- og orkumál .....	-242,7	-91,1	-333,8
Utánríkismál og alþjóðl. þróunarsamvinna .....	-493,3	-3,5	-496,8
Önnur málefnasvið .....	-1.874,3	-51,0	-1.925,3
<b>Samtals .....</b>	<b>-24.489,0</b>	<b>-4.423,4</b>	<b>-28.912,4</b>

Aðhald í fjárfestingum ríkisins skýrist að stærstum hluta af frestun framkvæmda, eða 2,5 ma.kr. en þar af verður dregið úr aukningu framlaga vegna framkvæmda við nýjan Landspítala fyrir um 2 ma.kr. Lækkunin hefur ekki áhrif á framgang verkefnisins þar sem gengið verður á uppsafnaðar fjárheimildir fyrri ára. Dregið verður úr endurgreiðslum til nýsköpunarfyrirtækja um 2 ma.kr. og þá er gert ráð fyrir að framlög til byggingar jarðræktarmiðstöðvar við Landbúnaðarháskóla Íslands lækki um 200 m.kr. frá fyrri áformum. Aðrar aðhaldsráðstafanir í fjárfestingum skýrast ýmist af því að dregið er úr aukningu til nýrra verkefna eða af almennu aðhaldi á fjárfestingarframlög málefnasviða vegna tækja og búnaðar. Á móti vegur að veitt verður 900 m.kr. fjárveiting í framkvæmdir við nýja legudeild Sjúkrahússins á Akureyri en á þeim var hægt í fjárlögum yfirstandandi árs og var það hluta af sértækum aðhaldsaðgerðum.


Stærsti hluti aðgerðanna sem lagðar eru til eru taldar hafa lítil áhrif á jafnrétti. Vert er þó að draga fram að meiri hluti fjármagns, sem veitt er af stærstu samkeppnissjóðunum, hefur farið til verkefna sem leidd eru af körlum en lagt er til að lækka fjármagn til allra slíkra sjóða.

### Breytingar frá fjárlögum 2024 eftir málefnasviðum

Í umfjölluninni hér á eftir er fjallað um breytingar á rammasettum útgjöldum í fjárlagafrumvarpi ársins 2025 frá fjárlögum ársins 2024 eftir samandregnum málefnasviðum. Samtals nema breytingar á rammasettum útgjöldum í frumvarpinu 26,8 ma.kr. eða um 2,2% en þá hafa launa- og verðlagsbreytingar verið undanskildar. Mynd 5.2. sýnir breytingar rammasettra útgjalda eftir málefnasviðum. Meiri hluti breytinga frá gildandi fjárlögum hefur verið greindur með aðferðum kynjaðrar fjárlagagerðar í samræmi við 18. gr. laga um opinber fjármál. Sambærilega umfjöllun um áhrif tekjuráðstafana er að finna í kafla 4 *Tekjur ríkissjóðs (Alhluta)*.

**Mynd 5.2****Breytingar á rammasettum útgjöldum frá fjárlögum 2024**

án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga



Í frumvarpinu breytast útgjöld til **heilbrigðismála**<sup>2</sup> mest frá fjárlögum fyrra árs en þau hækka um 10,4 ma.kr. að raunvirði sem nemur um 2,7%. Fjárveitingar til heilbrigðisstofnana og sjúkratrygginga eru auknar um 1,8% til 2,0% vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar. Þá hækkar framleiðslutengd fjárveiting um 0,8 ma.kr. mælt með DRG sjúkdómflokkunarkerfinu. Fjárheimildir vegna reksturs og leigu nýrra hjúkrunarheimila eru auknar um 1,3 ma.kr. Þá hækka framlög vegna lyfja og hjálpartækja um 1,3 ma.kr.

Almennt má telja að aukin framlög til heilbrigðismála stuðli að jafnrétti. Er þar m.a. horft til þess að konur eru líklegri en karlar til að lifa við heilsubrest í daglegu lífi og nota því bæði heilbrigðisþjónustu og lyf meira en karlar. Þá er bætt aðgengi að hjúkrunarrýmum til þess fallið að draga úr ólaunaðri umönnun sem konur sinna í meiri mæli en karlar.

Framlög til **samgöngu- og fjarskiptamála**<sup>3</sup> hækka um 7,9 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 14%. Þyngst vegur 4 ma.kr. hækkun til samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Framlagið er hluti af 20 ma.kr. hækkun sem ráðgert er að dreifist yfir tímabil fjármálaáætlunar 2025–2029. Áætlaður heildarkostnaður við sáttmálann, sem gildir til ársins 2040, er 311 ma.kr. og er gert ráð fyrir að ríkið standi undir 87,5% af kostnaðinum. Auk þess er í tengslum við sáttmálann gert ráð fyrir 2,2 ma.kr. framlagi vegna samkomulags um rekstur almenningsgangna á höfuðborgarsvæðinu sem ætlað er að standa undir þriðjungu af rekstrarkostnaðinum. Fjárfestingarframlag til vegaf framkvæmda er aukið um alls 3 ma.kr. í fjárlagafrumvarpi 2025 en framlaginu er ætlað í nýframkvæmdir og viðhald á vegakerfinu. Á móti fellur niður 1,5 ma.kr. tímabundið fjárfestingarframlag til sömu mála.

Kynbundinn munur hefur mælst á ferðamatum og ferðavenjum. Kannanir gefa einnig til kynna mun á upplifun kynjanna af öryggi í samgöngum, þar sem karlar upplifa sig almennt öruggari en konur. Ráðstafanir sem auka öryggi í samgöngum, t.d. bættar tengingar innan vinnusóknarsvæða, fækkun fjallvega og hættulegra vegkafla auk uppbyggingar stofnstíga á höfuðborgarsvæðinu, er því taldar líklegar til að hafa meiri áhrif á upplifun og samgönguvenjur

<sup>2</sup> Til heilbrigðismála heyrna málefnasvið 23–26 ásamt málaflokkum 32.10 og 32.30.

<sup>3</sup> Til samgöngu- og fjarskiptamála heyrir málefnasvið 11.

kvenna en karla. Mikilvægt er að hafa slík kynja- og jafnréttissjónarmið í huga við frekari forgangsróðun og hönnun samgönguverkefna.

Framlög til **félags-, húsnæðis- og tryggingamála**<sup>4</sup> hækka um 7,6 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs eða sem nemur 2,3%. Hækkunina má að stórum hluta rekja til aðgerða stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði sem gerðir voru á yfirstandandi ári. Aðgerðirnar, sem heyra undir málefnasvið félags-, húsnæðis- og tryggingamála, eru fjórþættar. Í fyrsta lagi hækka barnabætur um 5 ma.kr. í kjölfar þess að dregið verður úr tekju-skerðingum sem áætlað er leiði til fjölgunar um 10.000 foreldra sem fá stuðning. Í öðru lagi er gert ráð fyrir 3,8 ma.kr. framlagi til að skólamáltíðir grunnskólabarna verði gjaldfrjálssar. Heildarkostnaður við aðgerðina nemur 5 ma.kr. á ársgrundvelli en gert er ráð fyrir að ríkið leggi til 75% af kostnaðinum. Í þriðja lagi hækka húsnæðisbætur um 2,5 ma.kr. sem skýrist af 25% hækkun grunnfjárhæðar húsnæðisbóta til leigjenda, auk þess sem tekið er tillit til fleira heimilisfólks en áður. Í fjórða og síðasta lagi er gert ráð fyrir 2,5 ma.kr. auknu framlagi til Fæðingarorlofssjóðs vegna hækkunar hámarksgreiðslna úr sjóðnum sem ráðgert er að verði gerð í þremur áföngum. Á árinu 2025 verða hámarksgreiðslur úr sjóðnum 800.000 kr. á mánuði.

Önnur veigamikil breyting snýr að innleiðingu nýs örorkulífeyriskerfis sem tekur gildi þann 1. september 2025. Hækkun framlags vegna nýs kerfis nemur alls 4,4 ma.kr. á árinu 2025 en heildarkostnaður nemur ríflega 18 ma.kr. á ársgrundvelli. Þá er gert ráð fyrir 2,7 ma.kr. vegna hækkunar frítekjumarks ellilífeyrisþega úr 25.000 kr. í 36.500 þús.kr. á mánuði. Á undanförunum árum hafa tekjur ellilífeyrisþega farið hækkandi sem einkum má rekja til aukinna tekna úr skyldubundnum lífeyrissjóðum og hærri fjármagnstekna. Í því ljósi hafa áætlanir um útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslna ellilífeyris verið endurmetnar og aðlagðar að raunútgjöldum málefnasviðsins. Þetta hefur í för með sér að sá grunnur, sem áætlanir um greiðslu ellilífeyris byggist á, er lækkaður um 7,5 ma.kr. Þessi breyting hefur hvorki áhrif á greiðslur til einstaklinga né réttindi og verður svigrúmið sem skapast við endurmatið nýtt að hluta til hækkunar á almennu frítekjumarki ellilífeyris. Þá er gert ráð fyrir að lækka framlag vegna örorkubyrði almennra lífeyrissjóða um 4,7 ma.kr. en stefnt er að afnámi framlagsins í tveimur áföngum. Auk þess er 25% framlag ríkisins vegna NPA-samninga flutt til Jöfnunar-sjóðs sveitarfélaga sem nemur 1,3 ma.kr.

Í ljósi launamunar kynjanna eru aðgerðir vegna kjarasamninga sem ætlað er að styðja við tekjulægri hópa líklegar til að stuðla að kynjajafnrétti. Þá taka húsnæðisbætur og barnabætur mið af stöðu einstæðra foreldra en konur eru mun líklegri en karlar til að búa einar með börnum. Hækkun á hámarksgreiðslum fæðingarorlofs bætir afkomu foreldra í fæðingarorlofi en konur taka að meðaltali lengra orlof en karlar. Hækkunin hefur þó almennt meiri áhrif á feður en mæður og því talin líkleg til að auka hvata feðra til að fullnýta sinn rétt og þannig stuðla að jafnari skiptingu á umönnun barna. Heildarendurskoðun örorkulífeyriskerfisins og hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega eru talin stuðla að jafnrétti. Almannytryggingakerfið stuðlar að tekjujöfnuði og nýtist fremur konum en körlum þar sem þær eru almennt með lægri tekjur aðrar en greiðslur frá almannytryggingum sér til framfærslu. Með aukinni áherslu á starfsendurhæfingu má auka möguleika fólks til áframhaldandi þátttöku eða endurkomu á vinnumarkað. Hlutfallslega fleiri konur á vinnumarkaði sinna störfum þar sem laun eru lág og hættan á að falla út af vinnumarkaði fyrir lífeyrisaldur virðist meiri í slíkum störfum.

Framlög til **nýsköpunar-, rannsóknar- og þekkingargreina**<sup>5</sup> hækka um 4,6 ma.kr. að

<sup>4</sup> Til félags-, húsnæðis- og tryggingamála heyra málefnasvið 27–31 ásamt málaflökkum 32.20 og 32.40.

<sup>5</sup> Til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina heyrir málefnasvið 7.

raunvirði frá fjárlögum fyrra árs eða sem nemur 14%. Hækkunina má að stærstum hluta rekja til 3,6 ma.kr. tímabundins aukins framlags vegna endurgreiðslna til kvikmyndagerðar í samræmi við fyrirbyggjandi vilyrði fyrir árið 2025. Þá er áætlað að styrkir vegna rannsókna og þróunar nýsköpunarfyrirtækja hækki um 0,6 ma.kr. og hefur þá verið gert ráð fyrir að aukið eftirlit skili sér í lækkuðum útgjöldum. Alls munu þá endurgreiðslur til nýsköpunarfyrirtækja nema 17,2 ma.kr. á árinu 2025. Rammaáætlun ESB hækkar um 1,0 ma.kr. í samræmi við uppfærðar áætlanir og hækkaðan greiðslustuðul Íslands. Framlag til vísinda og rannsóknasjóða lækkar um rúmlega 0,4 ma.kr. sem skýrist af ráðstöfun ríkisstjórnarinnar til að draga úr útgjaldavexti, þar af 0,3 ma.kr. til Tækniþróunarsjóðs og 0,1 ma.kr. til Rannsóknasjóðs.

Tölfræði um kvikmyndageirann bendir til að þar halli almennt á konur og æskilegt er að bregðast við þeirri stöðu. Þá er einnig nokkur kynjahalli í stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki vegna rannsókna og þróunarkostnaðar í ljósi þess að flest fyrirtækin sem njóta endurgreiðslna eru tæknifyrirtæki þar sem karlar eru í meiri hluta starfandi. Breytingar á fjármagni til þessara stuðningsaðgerða taka ekki á kynjahallanum og ráðstafanirnar því taldar viðhalda óbreyttri stöðu kynjanna.

Framlög til **utanríkismála og alþjóðlegrar þróunarsamvinnu**<sup>6</sup> hækka um 4,6 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs eða sem nemur 15,8%. Í samræmi við stefnu stjórnvalda í varnar- og mannúðarmálum eru framlög til slíkra verkefna aukin um 4 ma.kr. og er þeim að stórum hluta ætlað í stuðning við Úkraínu vegna yfirstandandi innrásarstríðs Rússlands. Markmiðið er að styðja við sjálfstæði, fullveldi, friðhelgi landamæra, öryggi borgara, mannúðaraðstoð og uppbyggingarstarf í Úkraínu. Á móti falla niður tímabundin 1,3 ma.kr. framlög sem veitt voru í fyrri fjárlögum til málefnis af sama toga. Önnur framlög sem tengjast styrkingu varnartengdra verkefna landsins hækka um 0,7 ma.kr. Þá er gerð leiðrétting vegna sammingsbundinna greiðslna til alþjóðastofnana um samtals 1,0 ma.kr. Auk þess sem veitt er 0,2 ma.kr. framlag vegna fyrirhugaðrar opunar sendiráðs á Spáni.

Aukin framlög til varnartengdra verkefna eru talin viðhalda óbreyttri stöðu kynjanna á meðan aukinn stuðningur við Úkraínu er talinn stuðla að jafnrétti. Líkt og í allri alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands eru mannréttindi lögð til grundvallar í verkefnum, ásamt jafnrétti kynjanna, réttindum barna og stuðningi við berskjaldaða hópa.

Framlög til **mennta- og menningarmála**<sup>7</sup> hækka um 4,3 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs eða sem nemur 2,9%. Breytingar skýrast m.a. af 1,5 ma.kr. framlagi vegna framkvæmda við þjóðarhöll í innanhússípróttum og auknum fjárveitingum til háskólastigsins, alls 1,2 ma.kr. Á móti hækkuðum lækka framlög til Menntasjóðs námsmanna um 1,3 ma.kr., í samræmi við spá um fjölda lánþega. Fjármagn til framhaldsskólastigsins er aukið um 0,6 ma.kr. vegna aukinnar ásóknar í verknám og stækkunar verknámsskóla. Fjárveiting til aðgerða í málefnum útlendinga hækkar um 0,8 ma.kr. vegna íslenskukennslu og samræmingar í móttöku og þjónustu við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Á móti hækkuðum vega ráðstafanir til að draga úr útgjaldavexti og niðurfelling tímabundinna framlaga, alls 2,4 ma.kr. Í því felst m.a. niðurfelling 0,5 ma.kr. framlags til menningarmála sem var hluti af fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar sem kom inn í fjárlögum 2021.

Unnið hefur verið að jafnréttismati á þjóðarhöll í samstarfi við Þjóðarhöll ehf. og verður tekið mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum strax frá hönnunarstigi. Hækkuð framlög til háskólanna eru talin getað stuðlað að jafnrétti. Aukið fjármagn nýtist m.a. til að fjölga nemendum og bæta aðstöðu til kennslu og rannsókna í heilbrigðisvísindum og STEM-greinum

<sup>6</sup> Til utanríkismála og alþjóðlegrar þróunarsamvinnu heyrna málefnasvið 4 og 35.

<sup>7</sup> Til mennta- og menningarmála heyrna málefnasvið 18–22.

og vinna að markmiðum um jafnari kynjahlutföll í þessum greinum. Aukin framlög til framhaldsskóla eru talin viðhalda óbreyttri stöðu kynjanna en kynbundið námsval er mikil áskorun í starfsnámi. Ekki liggur fyrir mat á áhrifum aukins fjármagns til móttöku og þjónustu barna af erlendum uppruna á kynin en ljóst þykir að það muni stuðla að jafnari tækifærum barna í þessum hópi.

Framlög til **umhverfis-, og orkumála**<sup>8</sup> aukast um 2,4 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs eða sem nemur 4,9%. Hæst ber 1,1 ma.kr. tímabundið framlag til tveggja ára vegna losunarheimilda sem ráðstafað verður til flugfélaga. Þá er gert ráð fyrir 0,5 ma.kr. varanlegri hækkun til ráðstöfunar í orkumál með áherslu á græna orkuöflun, stuðning við ör- og smávirkjanir og verkefni sem stuðla að bættri orkunýtni. Auk þess sem veitt er 0,4 ma.kr. tímabundið framlag vegna átaks í gerð áhættu- og hættumats í tengslum við eldsumbrot á Reykjanesskaga. Í frumvarpinu eru gerðar millifærslur vegna sameiningar stofnana sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið í þrjár stofnanir, sem eru Umhverfis- og orkustofnun, Náttúruverndarstofnun og Náttúrufræðistofnun. Með breytingunni fækkar stofnunum ráðuneytisins úr 13 í 9.

Aukin framlög til áhættu- og hættumats vegna eldgosu og til ofanflóðavarna eru talin stuðla að jafnrétti, að því gefnu að tekið sé mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum, t.d. aukinni umönnunarábyrgð kvenna gagnvart börnum og öðrum fjölskyldumeðlimum sem reynir mikið á við rýmingu svæða. Líklegt er að fjármagn til orkumála renni að miklu leyti til karla í ljósi kynjaskipts vinnurmarkaðar. Ekki liggur fyrir mat á jafnréttisáhrifum aukinna framlaga vegna losunarheimilda.

Framlög til **almanna- og réttaröryggis**<sup>9</sup> hækka um 0,7 ma.kr. að raunvirði frá fjárlögum fyrra árs, eða sem nemur 1,6%. Þyngst vegur til hækkunar 1,4 ma.kr. framlag vegna byggingar nýs fangelsis í stað Litla-Hrauns. Á móti hefur framkvæmdum við byggingu Höfuðstöðva viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu verið frestað en brýnna þótti að ráðast í bygginu nýs fangelsis. Áætlað er að fangelsið verði tekið í notkun árið 2028 og að heildarkostnaður við framkvæmdina nemi 14,5 ma.kr. Ráðgert er að veita 0,9 ma.kr. tímabundið framlag til Landhelgisgæslunnar til að mæta endurnýjunarþörf tækjakosts gæslunnar. Á móti falla niður 1,1 ma.kr. tímabundin framlög, þ. á m. 0,4 ma.kr. vegna uppgjörs á sanngirnissbótum vegna misgjörða við vistun barna. Þá lækka fjárheimildir um 0,7 ma.kr. vegna millifærslu á nýjan fjárlagalið upplýsingatækniinnviða hjá dómsmálaráðuneytinu sem standa á undir uppbyggingu og þróun slíkra mála.

Bygging nýs fangelsis er líkleg til að stuðla að jafnrétti til lengri tíma með bættum aðbúnaði fyrir fanga sem eru fyrst og fremst karlar en nýtt fangelsi mun jafnframt hafa jákvæð áhrif á starfsfólk og aðstandendur fanga. Forsendur til að sinna geðheilbrigðisþjónustu verða allt aðrar og betri og sama má segja um aðstöðu til heimsóknna. Aukin framlög til Landhelgisgæslunnar eru talin viðhalda óbreyttri stöðu þar sem karlar eru í meiri hluta meðal starfsfólks og haghafa.

**Önnur málefnasvið**<sup>10</sup> lækka samanlagt um 15,9 ma.kr. að raunvirði milli ára eða um 12,2%. Stærsta breytingin felst í lækkun á almennum varasjóði um 17,2 ma.kr. sem að stærstu leyti má rekja til áætlunar um launabætur til að mæta kjarasamningshækkunum á yfirstandandi ári. Í fjárlögum ársins 2024 er þessi heimild geymd á almennum varasjóði en hefur í frumvarpinu verið dreift á víðeigandi málefnasvið. Rétt er að taka fram að nokkur óvissa er um endanlega fjárhæð kjarasamningsbundinna hækkana þar sem ósamið er við þorra opinberra

<sup>8</sup> Til umhverfis-, orku- og loftlagsmála heyra málefnasvið 15 og 17.

<sup>9</sup> Til almanna- og réttaröryggis heyrir málefnasvið heyrir málefnasvið 9.

<sup>10</sup> Til annarra málefnasviða heyra málefnasvið 1–3, 5, 6, 8, 10, 12–14, 16 og 34.



starfsmanna. Önnur veigamikil breyting felst í flutningi 25% framlags ríkisins vegna NPA-samninga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um sem nemur 1,3 ma.kr. Breytingin er í samræmi við ákvæði í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Á málefnasviði *10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnisýsla dómsmála* er gert er ráð fyrir 0,5 ma.kr. framlagi til aðgerða í málefnum útlendinga í því skyni að stytta málsmeðferðartíma afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd og liðka fyrir sjálfviljugum heimferðum en nánari umfjöllun um aukin útgjöld vegna málefna útlendinga þvert á málefnasvið er að finna hér á eftir. Framlög til skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu aukast um 0,3 ma.kr. á milli ára en breytinguna má að stórum hluta rekja til þess að framlög til stafrænna innviða og framkvæmda á vegum Stjórnarráðsins sem voru tímabundin felld niður koma aftur inn. Aðrar hækkunar má m.a. skýra með 0,2 ma.kr. framlagi til að vinna að aðgerðaráætlun ferðmálastefnu stjórnvalda til ársins 2030, 0,2 ma.kr. til að stuðla að aukinni innlendri framleiðslu á korni til fòðurs og mannelis og 0,2 ma.kr. til kaupa á búnaði í nýtt hafrannsóknarskip.

Ekki liggur fyrir niðurstaða á jafnréttisáhrifum aukins fjármagns til útlendingamála en lítið er til þess að flóttafólk er fjölbreyttur hópur með hættu á margþættri mismunun og að konur á flóttu eru í ákaflega viðkvæmri stöðu. Framlög til kornræktar eru talin viðhalda óbreyttri stöðu kynjanna en gögn benda almennt til að það halli á konur í landbúnaði. Ekki liggja þó fyrir kyngreind gögn um þau sem stunda kornrækt á Íslandi. Kynja- og jafnréttissjónarmið innan íslenskrar ferðaðþjónustu hafa almennt lítið verið rannsökuð til þessa en það stendur til bóta. Aðgerðir í ferðamálum miða ekki sérstaklega að því að breyta stöðu kynjanna í greininni.

Í frumvarpinu er brugðist við aðgerðum sem ríkisstjórnin sammæltist um í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda með 1,6 ma.kr. framlagi. Framlaginu er skipt á þann hátt að í fyrsta lagi er veitt 0,5 ma.kr. framlag til að stytta málsmeðferðartíma afgreiðslu umsókna um alþjóðlega vernd og liðka fyrir sjálfviljugum heimferðum umsækjenda. Í öðru lagi er veitt 0,5 ma.kr. framlag til að auka við stuðning við börn af erlendum uppruna þar sem áhersla verður lögð á fyrstu þriju árin eftir komu til landsins óháð aldri og skólastigi. Í þriðja lagi er veitt 0,3 ma.kr. framlag til að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga. Í fjórða lagi er veitt 0,2 ma.kr. framlag sem gert er ráð fyrir að verði varið í móttöku kvótaflóttafólks, menntabru inn á vinnumarkað og kynningarátak um íslensku. Í fimmta og síðasta lagi er gert ráð fyrir 0,2 ma.kr. framlagi á almennum varasjóði sem síðar verður ráðstafað til málefna útlendinga.

Mikill meiri hluti nýrra og aukinna verkefna er talinn styðja við markmið um jafnrétti á meðan aðrar ráðstafanir eru taldar viðhalda óbreyttu ástandi. Þar er staðan ólík eftir málefnasviðum. Í sumum tilfellum hefur málefnið lítil áhrif á jafnrétti á meðan í öðrum hallar á konur. Greiningin beinist fyrst og fremst að stöðu kvenna og karla þar sem takmörkuð gögn liggja fyrir um kynsegin. Þá er einnig leitast við að greina áhrif á aðra hópa eftir því sem við á og gögn liggja fyrir. Greiningar eru misítarlegar og æskilegt er að sumar ráðstafanna verði greindar nánar og fylgst með hver áhrifin verða í reynd.

Tafla 5.4 sýnir breytingar á rammasettum útgjöldum milli fjárlaga 2024 og frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2025 eftir málefnasviðum án launa-, gengis- og verðlagsbreytinga.

**Tafla 5.4 Breytingar á rammasettum útgjöldum frá fjárlögum 2024 eftir málefna sviðum**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Fjárlög 2024	Frumvarp <sup>1</sup> 2025	br. m.kr.	br. %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	6.772	6.512	-260	-3,8
02 Dómstólar .....	4.045	4.034	-11	-0,3
03 Æðsta stjórnarsýsla .....	2.782	2.656	-126	-4,5
04 Utanríkisráðgjafi .....	15.841	18.495	2.655	16,8
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	29.444	29.706	263	0,9
06 Hagskýrslugerð og grunnkrár .....	3.469	3.135	-334	-9,6
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	32.946	37.553	4.607	14,0
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	3.114	4.370	1.255	40,3
09 Almanna- og réttaröryggi .....	40.401	41.063	662	1,6
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála .....	26.424	26.813	389	1,5
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	56.686	64.615	7.929	14,0
12 Landbúnaður .....	23.390	23.405	15	0,1
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	7.752	7.902	150	1,9
14 Ferðaþjónusta .....	2.168	2.382	214	9,9
15 Orkumál .....	14.671	14.260	-410	-2,8
16 Markaðseftirlit og neytendamál .....	3.969	4.149	179	4,5
17 Umhverfismál .....	33.647	36.429	2.781	8,3
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál .....	21.822	23.156	1.333	6,1
19 Fjölmiðlun .....	6.946	7.282	337	4,8
20 Framhaldsskólastig .....	45.676	46.317	641	1,4
21 Háskólastig .....	65.403	66.586	1.183	1,8
22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála .....	5.701	6.462	761	13,4
23 Sjúkrahúspjónusta .....	160.993	166.736	5.742	3,6
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	89.048	91.319	2.271	2,6
25 Hjúkrunar- og endurhæfingaráþjónusta .....	79.851	81.155	1.304	1,6
26 Lyf og lækningavörur .....	41.831	43.168	1.337	3,2
27 Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	107.783	106.002	-1.781	-1,7
28 Málefni aldraðra .....	117.863	116.535	-1.328	-1,1
29 Fjölskyldumál .....	63.115	73.655	10.540	16,7
30 Vinnuamarkaður og atvinnuleysi .....	10.522	8.675	-1.847	-17,6
31 Húsnæðis- og skipulagsmál .....	24.532	26.587	2.054	8,4
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....	11.929	11.619	-310	-2,6
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	46.226	28.893	-17.333	-37,5
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	13.107	15.010	1.904	14,5
<b>Samtals rammasett útgjöld á verðlagi 2024 .....</b>	<b>1.219.869</b>	<b>1.246.634</b>	<b>26.765</b>	<b>2,2</b>
Liðir utan ramma <sup>2</sup> .....	171.927	152.689	-19.238	-11,2
Aðlögun frumgjalda að GFS staðli <sup>3</sup> .....	-101.619	-80.966	20.653	-20,3
Launa- og verðlagsbætur 2025 .....	-	54.406	-	-
<b>Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli .....</b>	<b>1.290.176</b>	<b>1.372.763</b>	<b>82.587</b>	<b>6,4</b>
Vaxtagjöld .....	99.107	98.096	-1.012	-1,0
Aðlögun vaxtagjalda að GFS staðli <sup>4</sup> .....	18.454	18.554	100	0,5
<b>Heildargjöld samkvæmt GFS - staðli .....</b>	<b>1.407.738</b>	<b>1.489.413</b>	<b>81.675</b>	<b>5,8</b>

<sup>1</sup> Án launa- og verðlagsbreytinga.<sup>2</sup> Liðir sem falla utan ramma málefna sviða að frátöldum vaxtagjöldum eru eftirfarandi: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.<sup>3</sup> Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkrafna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.<sup>4</sup> Reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga.


## 5.2 Útgjaldaþróun rammasettra útgjalda málefna sviða frá 2022 til 2025

Áætlað er að rammasett útgjöld aukist um 4,8% á milli árunna 2022 og 2025, eða um 57,5 ma.kr. á raunvirði ársins 2024.<sup>11</sup> Að frátöldum vaxtagjöldum og undanskildum liðum sem að öðru jöfnu ráðast að takmörkuðu leyti af ákvarðanatöku stjórnvalda eru rammasett útgjöld<sup>12</sup> áætluð 1.246 ma.kr. árið 2025. Vakin er athygli á því að í fjárlögum ársins 2022 féllu niður ýmis framlög vegna kórónuveirufaraldursins ásamt því að fjárfestingar- og uppbyggingarátaki 2021–2023 lauk að stórum hluta á árinu 2024 og þá falla niður margvísleg framlög því tengdu.

### Mynd 5.3

#### Breyting á rammasettum útgjöldum ríkissjóðs á árunum 2022-2025

Raunvirði 2024 m.v. launa-, gengis- og verðlagsbr. í fjárlögum og frumvarpi 2025



Á mynd 5.3 sést að hlutfallsleg aukning hefur orðið mest í framlögum til **umhverfis- og orkumála** en þau hafa aukist um 50,5% að raunvirði frá árinu 2022 og nemur hækkunin 17 ma.kr. Skýrist breytingin að stærstum hluta af breytttri framsetningu á stuðningi við orkuskipti í fjárlögum 2024 þegar stuðningurinn færir alfarið yfir á gjaldahlið. Þá aukast fjárheimildir til umhverfis- og orkumála um 1,1 ma.kr. vegna ráðstöfunar losunarheimilda til flugfélaga á árinu 2025. Framlög vegna **utanríkismála og alþjóðlegrar þróunarsamvinnu** hafa aukist um 25,9% eða um 8 ma.kr. einkum vegna aukins tímabundins stuðnings við Úkraínu.

Í krónum talið hafa framlög til **heilbrigðismála** aukist mest eða sem svarar 41 ma.kr. frá árinu 2022. Í heilbrigðisþjónustu hefur verið lögð áhersla á aukin rekstrarframlög til sjúkrahúsa, byggingu nýs Landspítala og uppbyggingu nýrra hjúkrunarrýma. Þá hafa framlög til sjúkratrygginga verið aukin og lögð áhersla á bættu geðheilbrigðisþjónustu ásamt lægri greiðsluþátttöku sjúklinga. Í **félags-, húsnæðis- og tryggingamálum** hafa framlög aukist um rúma 23,6 ma.kr., s.s. til að bæta stuðning við barnafjölskyldur með auknum stuðningi í gegnum barnabótakerfið og fæðingarorlof. Framlög til húsnæðismála hafa hækkað með auknum stofnframlögum til uppbyggingar almenna íbúðakerfisins og með hækkun húsnæðisbóta.

<sup>11</sup> Miðað er við breytinguna frá samþykktum fjárlögum ársins 2022 til fjárlagafrumvarpsins 2025 þegar búið er að taka tillit til launa- og verðlagsbreytinga í fjárlögum hvers árs.

<sup>12</sup> Liðir sem falla utan ramma málefna sviða eru eftirfarandi: vaxtagjöld ríkissjóðs, afskriftir skattkrafna, ríkisábyrgðir, lífeyris- skuldbindingar, Atvinnuleysisstryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Þar veða aðgerðir stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum markaði þungt. Framlög til **samgöngu- og fjarskiptamála** aukast um 10,2 ma.kr. sem skýrist aðallega af 4 ma.kr. auknu fjármagni árið 2025 til samgöngusáttmálans ásamt auknu framlagi til reksturs almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þá verður framlag til framkvæmda á vegakerfinu jafnframt aukið. Framlög hafa verið aukin um ríflega 8,9 ma.kr. til **menntamála- og menningarmála** á tímabilinu einkum til að mæta fjölgun nemenda í framhalds- og háskólum og vegna byggingu Þjóðarhallar. Framlög til **nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina** hafa aukist um 8,5 ma.kr. með endurgreiðslum til nýsköpunarfyrirtækja vegna rannsókna og þróunar og vegna kvikmyndagerðar.

Framlög til **annarra málefna sviða** lækka um 20,9 m.kr. eða sem nemur 17%. Skýrist lækkunin fyrst of fremst af 15,6 ma.kr. flutningi eignasafns Ríkiseigna frá A1-hluta yfir í A2-hluta árið 2023.

#### 5.4 Útgjaldabreytingar frá fjármálaáætlun

Fjárlagafrumvarp ársins 2025 byggist á stefnumörkun málefna sviða sem samþykkt var í fjármálaáætlun 2025–2029 í maí sl. Rammasett útgjöld í fjármálaáætlun námu 1.260 ma.kr. á verðlagi 2024. Fjárlagafrumvarp 2025 gerir ráð fyrir að rammasett útgjöld verði 13,4 ma.kr. lægri en áætlað var í fjármálaáætlun, eða sem nemur lækkun um 1,1%.

Stærsta frávikið að frátöldu málefna sviði 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* er innan **félags-, húsnæðis og tryggingarmála** en um 1,2 ma.kr. lækkun er að ræða sem skýrist af uppfærðri áætlun um greiðslur lífeyris aldraðra vegna hækkandi tekna þeirra. Til hækkunar vegur þyngst 2 ma.kr. aukið framlag innan **samgöngu- og fjarskiptamála** vegna reksturs almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu til að mæta 33% ábyrgð ríkisins á rekstri Strætó samkvæmt samkomulagi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Fjárheimild **almanna- og réttaröryggis** lækkar sem skýrist af millifærslu fjárheimilda vegna reksturs og þróunar stafrænna innviða sem flyst yfir á málefna svið 10 *Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla dómstóla*. Á málefna sviði 08 *Sveitarfélög og byggðamál* flytjast 1,3 ma.kr. til Jöfnunarsjóðs sveitarfélag vegna 25% hlutdeildar ríkissjóðs í framlögum vegna NPA-samninga. Í fjármálaáætlun voru óútfærðir 9 ma.kr. afkomubætandi ráðstafanir á gjaldahlið sem nú hafa verið útfærðar niður á málefna svið. Nánar er fjallað um afkomubætandi ráðstafanir ofar í kaflanum.

Í töflu 5.5 má sjá sundurliðun breytinga eftir einstökum málefna sviðum milli fjármálaáætlunar 2025–2029 og fjárlagafrumvarps 2025.

**Tafla 5.5 Breyting frá ramma gildandi fjármálaáætlunar eftir málefnasviðum**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Rammi fjármálaáætl. 2025	Rammi frumvarp 2025 <sup>1</sup>	br. frá fjármála- áætlun m.kr.	breyting %
01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	6.150	6.512	361	5,9
02 Dómstólar .....	4.045	4.034	-11	-0,3
03 Æðsta stjórnarsýsla .....	2.733	2.656	-77	-2,8
04 Utanríkismál .....	18.641	18.495	-146	-0,8
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	29.444	29.706	262	0,9
06 Hagskýrslugerð og grunnskrár .....	3.528	3.135	-393	-11,1
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	38.166	37.553	-614	-1,6
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	2.942	4.370	1.428	48,5
09 Almanna- og réttaröryggi .....	41.910	41.063	-847	-2,0
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnarsýsla dómsmála .....	25.593	26.813	1.220	4,8
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	62.752	64.615	1.863	3,0
12 Landbúnaður .....	23.350	23.405	55	0,2
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	8.001	7.902	-98	-1,2
14 Ferðapjónusta .....	2.347	2.382	35	1,5
15 Orkumál .....	14.955	14.260	-694	-4,6
16 Markaðseftirlit og neytendamál .....	4.151	4.149	-2	-0,1
17 Umhverfismál .....	35.543	36.429	885	2,5
18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .....	23.070	23.156	86	0,4
19 Fjölmíðlun .....	7.297	7.282	-15	-0,2
20 Framhaldsskólastig .....	46.844	46.317	-527	-1,1
21 Háskólastig .....	67.001	66.586	-415	-0,6
22 Önnur skólastig og stjórnarsýsla mennta- og barnamála .....	5.642	6.462	820	14,5
23 Sjúkrahúspjónusta .....	168.043	166.736	-1.307	-0,8
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	90.439	91.319	880	1,0
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	80.991	81.155	164	0,2
26 Lyf og lækningavörur .....	43.074	43.168	94	0,2
27 Órorka og málefni fatlaðs fólks .....	108.467	106.002	-2.465	-2,3
28 Málefni aldraðra .....	118.835	116.535	-2.300	-1,9
29 Fjölskyldumál .....	70.423	73.655	3.232	4,6
30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	8.232	8.675	443	5,4
31 Húsnæðis- og skipulagsmál .....	26.611	26.587	-24	-0,1
32 Lýðheilsa og stjórnarsýsla velferðarmála .....	11.660	11.619	-41	-0,4
33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi .....			-	-
34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	43.992	28.893	-15.099	-34,3
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	15.124	15.010	-114	-0,8
<b>Samtals rammasett útgjöld á verðlagi 2024 .....</b>	<b>1.259.995</b>	<b>1.246.634</b>	<b>-13.361</b>	<b>-1,1</b>
Liðir utan ramma <sup>2</sup> .....	153.899	152.689	-1.211	-0,8
Aðlögun frumgjalda að GFS staðli <sup>3</sup> .....	-80.962	-80.966	-3	0,0
Launa- og verðlagsbætur 2025 .....	42.778	54.406	11.627	27,2
Ráðstafanir <sup>4</sup> , uppsöfnuð áhrif .....	-9.000	-	9.000	-
<b>Frumgjöld samkvæmt GFS - staðli .....</b>	<b>1.366.711</b>	<b>1.372.763</b>	<b>6.052</b>	<b>0,4</b>
Vaxtagjöld .....	86.274	98.096	11.822	13,7
Aðlögun vaxtagjalda að GFS staðli <sup>5</sup> .....	18.554	18.554	0	0,0
<b>Heildargjöld samkvæmt GFS - staðli .....</b>	<b>1.471.539</b>	<b>1.489.413</b>	<b>17.874</b>	<b>1,2</b>

<sup>1</sup> Án launa- og verðlagsbreytinga.<sup>2</sup> Liðir sem falla utan ramma málefnasviða að frátöldum vaxtagjöldum eru eftirfarandi: ríkisábyrgðir, lífeyrisskuldbindingar, Atvinnuleysistryggingasjóður og framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.<sup>3</sup> Hér er um að ræða aðlaganir vegna meðferðar lífeyrisskuldbindinga og afskriftir skattkragna. Þá er einnig um að ræða aðlaganir vegna innbyrðis viðskipta milli A-hluta aðila, svo sem Ríkiskaup, þannig að ekki komi til tvítalninga útgjalda.<sup>4</sup> Ráðstafanir á útgjaldaðlið skv. fjármálaáætlun. Í fjárlagafrumvarpinu hafa þessar ráðstafanir verið útfærðar niður á málefnasvið.<sup>5</sup> Reiknuð vaxtagjöld vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga.

## 5.5 Verðlagsforsendur útgjaldahliðar

Í fjárlagafrumvarpinu eru fjárheimildir málefnasviða og málaflokka settar fram á áætluðu verðlagi ársins 2025. Verðlagsbreytingar á milli árunna 2024 og 2025 miðast við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá júní sl. en áætlaðar launabætur til stofnana taka mið af kjarasamningum. Ekki er spáð fyrir um gengi gjaldmiðla heldur er það uppfært miðað við meðalgengi í júní 2024. Launa-, verðlags- og gengisbreytingar á fjárheimildum málefnasviða og málaflokka í frumvarpinu nema samtals 54,4 ma.kr., eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

**Tafla 5.6 Verðlagsbreytingar fjárlagafrumvarpsins 2025**

	útgjöld ma.kr.
Launabreytingar.....	29,8
Endurmat á launaforsendum fjárlaga fyrri ára.....	16,9
Áætlaðar launabætur 2025.....	12,9
Almennar verðlagsbreytingar.....	12,2
Gengisbreytingar.....	1,0
Hækkun atvinnuleysisbóta og bóta almannatrygginga.....	11,4
Samtals.....	54,4

**Launaforsendur.** Hækkun fjárheimilda málefnasviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpinu vegna launahækkana er jafnan tvíþætt. Annars vegar er um að ræða endurmat launforsendna fyrri ára og mat á áhrifum þeirra á ársgrundvelli fyrir 2025. Við gerð fjárlaga 2024 lá ekki fyrir hverjar launahækkningar ríkisstarfsmanna fyrir komandi fjárlagaár yrðu þar sem að kjarasamningar losnuðu að vori 2024. Vegna óvissu um hvenær yrði samið og um niðurstöðu samninganna fengu stofnanir ekki viðbótarfjárveitingu byggða á áætlunum heldur var fjárheimild, miðuð við forsendur fjármálaáætlunar um launahækkningar opinberra starfsmanna, sett á almennan varasjóð. Enn er ósamið hjá um 2/3 hluta opinberra starfsmanna og hafa fjárheimildir vegna launahækkana 2024 því ekki verið millifærðar á stofnanir. Endurmat launaforsendna fyrra árs er því í þetta sinn mat á heildarlaunahækkunum ársins 2024, í stað mismunar á endurmati og forsendum fjárlaga 2024, og fyrir vikið hærri upphæð en oft áður. Gert er ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs vegna hækkana fyrri ára og mats á launaforsendum ársins 2024 nemi 16,9 ma.kr. til hækkunar á ársgrundvelli í fjárlagafrumvarpi ársins 2025.

Hins vegar eru reiknaðar launahækkningar fyrir komandi ár. Sem fyrr segir er enn ósamið hjá þorra opinberra starfsmanna og því nokkur óvissa um endanlegan kostnað ríkissjóðs af hækkun launa. Í forsendum fjárlaga er gert ráð fyrir að þeirri launastefnu verði fylgt sem mörkuð hefur verið bæði á almennum markaði og í þeim samningum sem hið opinbera hefur undirritað. Miðað við þær forsendur er gert ráð fyrir að meðalhækkun launataxta opinberra starfsmanna verði rétt riflega 4% á næsta ári, hlutfallslega meiri hjá lægra launuðum hópum vegna áhrifa krónutöluviðmiða en minni þegar ofar er komið í launastigann. Áætluð útgjöld ríkissjóðs vegna þessara kostnaðarhækkana nema 12,9 ma.kr. á árinu 2025.

**Atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að prósentuhækkun bóta almannatrygginga, þ.e. elli- og örorkulífeyris, og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð verði 4,3% frá 1. janúar 2025. Áætluð útgjöld vegna þessa verða um 11,4 ma.kr. á árinu 2025. Í 69. gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007, er kveðið á um að bætur almannatrygginga skuli breytast árlega og taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs. Gert er ráð fyrir í forsendum fjárlagafrumvarps að vísitala neysluverðs hækki um 3,9% árið 2025 og að vegnar kjarasamnings-

bundnar launahækkunar á almennum markaði verði 4,2%. Árið 2024 hækkuðu atvinnuleysisbætur og bætur almannatrygginga um 5,6% en í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem liggur til grundvallar þessu fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir að vísitala neysliverðs hækki um 6% á árinu. Með framangreindum hækkunum um 4,3% hækka bætur því sem nemur væntum verðlagshækkunum ársins 2025 (3,9%) að viðbættum þeim mun sem stefnir í að verði á bóta- og verðlagshækkunum ársins 2024 (0,4%).

**Almennar verðlagsforsendur.** Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 3,9% hækkun annarra rekstrargjalda en launa milli árána 2024 og 2025. Hækkunin er í samræmi við verðbólguþátt fyrir árið 2025 samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá júní síðastliðnum. Algennt er að slík rekstrargjöld nemi um 20–30% af veltu stofnana en gert er ráð fyrir að aukin útgjöld vegna þessara verðlagsbreytinga nemi 12,2 ma.kr.

**Gengisforsendur.** Í forsendum fjárlagafrumvarps hefur ekki tíðkast að spá fyrir um þróun á gengi gjaldmiðla. Í frumvarpinu fyrir árið 2025 er miðað við meðalgengi í júní 2024. Í forsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2024 hefur gengi íslensku krónunnar tekið nokkrum breytingum frá forsendum fjárlaga fyrir árið 2023. Gengisvísitalan er nú 1,9% hærri. Gengi dollara er nær óbreytt frá fyrra ári en líkt og gengisvísitalan hefur er gengi evru nú 1,9% hærri. Gengi breska pundins hefur þó hækkað meira eða um 4,5%. Þessar breytingar, ásamt öðrum, á gengi gjaldmiðla leiðir til tæplega 1 ma.kr. hækkunar á fjárheimildum málefna sviða og málaflokka í frumvarpinu í þeim tilvikum þar sem tiltekin útgjöld eru beintengd gengi gjaldmiðla. Það á einkum við um stóran hluta útgjalda í utanríkismálum sem og lyfjakostnað.

## 5.6 Skuldbindandi samningar og styrktarsamningar

Árlega efna ráðuneyti og stofnanir til útgjalda með samningum, á grundvelli 40. gr. laga um opinber fjármál, og á grundvelli 42. gr. sömu laga um styrkveitingar, við samtök, einkaaðila og sveitarfélög. Tilgangur og markmið með samningum eða styrkjum samkvæmt þessum greinum laganna geta verið margs konar.

**Flokkun samninga.** Samningar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni falla undir 40. gr. laga um opinber fjármál. Samkvæmt þeirri grein er ráðherra veitt heimild, með samþykki fjármála- og efnahagsráðherra, til að gera samninga um þjónustu- og rekstrarverkefni til lengri tíma en eins árs í senn en þó að hámarki til fimm ára, að öðrum kosti þurfi samþykki Alþingis. Með samningi um rekstur er átt við samning um afmarkaða rekstrarþætti eða þjónustu sem ríkið veitir enda sé ekki um að ræða verkefni sem fela í sér vald til að taka ákvarðanir er lúta að réttindum og skyldum nema fyrir því liggi skýr lagaheimild. Skriflegir samningar eiga að vera til um öll lögbundin verkefni sem ráðuneyti og stofnanir hafa samið um og aðrir en ríkisaðilar inna af hendi. Réttarstaða þeirra sem þjónustan beinist að breytist því ekki þó að ríkið feli öðrum aðila að sjá um lögbundinn rekstur eða þjónustu. Með 40. gr. laga um opinber fjármál er stofnunum einnig veitt heimild til að gera samninga um afmörkuð rekstrarverkefni án samþykkis hlutaðeigandi ráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis ef samanlögð árleg fjárskuldbinding ríkisaðilans vegna samninga fer ekki yfir 15% af árlegum heildarútgjöldum hans. Þar er þó fyrst og fremst um að ræða minni háttar samninga eins og rekstur upplýsingakerfa, tölvuumsjón og rekstrarleigusamninga. Það er á ábyrgð ríkisaðila að tryggja að útgjöld vegna samninga séu í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun og rúmist innan þeirra fjárheimilda sem Alþingi hefur samþykkt til þess málefna sviða og málaflökks sem verkefnið fellur undir.

Ráðherra er samkvæmt lögunum einnig heimilt að gera styrktar- og samstarfssamninga um verkefni sem ekki falla beinlínis undir lögbundin verkefni ríkisins. Um slíka samninga gildir 42. gr. laga um opinber fjármál sem fjallar um styrkveitingar. Samkvæmt greininni er hverjum ráðherra heimilt að veita tilfallandi styrki og framlög til verkefna sem varða þá

málaflokka sem þeir bera ábyrgð á. Markmið þeirra er að styrkja eða ganga til samstarfs við aðila um verkefni sem almennt eru uppbyggileg eða nauðsynleg í samfélaginu. Við úthlutun styrkja og framlaga skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða.

**Tafla 5.7 Yfirlit yfir skuldbindandi samninga eftir málefnasviðum.**

Rekstrargrunnur, m.kr.		Fj. samn.	2024	2025	2026	2027
<b>Rekstrar- og þjónustusamningar</b>						
04 Utanríkismál .....	UTN	5	3.953	3.999	4.069	4.139
05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	FJR	10	4.319	4.446	4.463	4.501
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	HVIN	1	30	30	30	0
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	IRN	1	241	203	201	199
09 Almanna- og réttaröryggi .....	DMR	2	860	910	910	910
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála .....	DMR	1	17	17	17	17
11 Samgöngu- og fjarskiptamál .....	IRN	18	13.108	18.833	11.261	10.325
12 Landbúnaður .....	MAR	1	482	592	592	496
14 Ferðaðþjónusta .....	MVF	2	43	23	0	0
17 Umhverfismál .....	URN	1	26	26	28	28
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál .....	MVF	8	1.320	1.325	1.313	1.266
19 Fjölmíðlun .....	MVF	1	6.105	6.495	6.795	7.055
20 Framhaldsskólastig .....	MRN	8	8.085	8.527	7.946	7.946
21 Háskólastig .....	HVIN	11	8.445	9.747	9.676	9.606
23 Sjúkrahúspjónusta .....	HRN	2	59.232	62.609	66.177	69.949
24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	HRN	26	47.305	50.118	50.118	50.118
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta .....	HRN	22	56.040	62.314	62.314	62.314
29 Fjölskyldumál .....	FRN	1	81	84	84	84
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	UTN	1	847	847	847	847
<b>Samtals rekstrar- og þjónustusamningar .....</b>		<b>122</b>	<b>210.538</b>	<b>231.144</b>	<b>226.841</b>	<b>229.801</b>
<b>Styrktar- og samstarfssamningar</b>						
04 Utanríkismál .....	UTN	7	91	88	82	18
07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	HVIN	19	379	379	274	141
08 Sveitarfélög og byggðamál .....	IRN	7	751	620	623	424
09 Almanna- og réttaröryggi .....	DMR	1	12	12	12	12
10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála .....	DMR	1	4.343	4.507	4.507	4.507
12 Landbúnaður .....	MAR	4	18.352	18.937	18.812	18.812
13 Sjávarútvegur og fiskeldi .....	MAR	1	3	3	3	3
14 Ferðaðþjónusta .....	MVF	3	38	21	0	0
15 Orkumál .....	URN	3	85	85	85	85
18 Menning, listir, íþrótt- og æskulýðsmál .....	MVF	26	1.581	1.764	1.690	1.360
20 Framhaldsskólastig .....	MRN	14	902	702	600	125
21 Háskólastig .....	HVIN	7	103	102	93	86
22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnam. ...	MRN	14	522	526	18	18
29 Fjölskyldumál .....	FRN	4	589	546	277	277
30 Vinnurmarkaður og atvinnuleysi .....	FRN	2	1.155	628	628	628
32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....	FRN	6	98	99	67	67
35 Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	UTN	78	6.172	5.815	5.299	5.288
<b>Samtals styrktar- og samstarfssamningar .....</b>		<b>197</b>	<b>35.175</b>	<b>34.832</b>	<b>33.069</b>	<b>31.850</b>
<b>Samtals skuldbindandi samningar .....</b>		<b>319</b>	<b>245.713</b>	<b>265.976</b>	<b>259.910</b>	<b>261.650</b>
<b>Hlutfall af frumútgjöldum .....</b>			<b>18%</b>	<b>19%</b>	-	-

**Heildarumfang skuldbindandi samninga.** Umfang skuldbindandi samninga ríkissjóðs er umtalsvert, bæði hvað varðar fjölda og fjárhagslegt umfang. Tafla 5.7 sýnir annars vegar heildarskuldbindingu og fjölda allra rekstrar- og þjónustusamninga og hins vegar styrktar- og samstarfssamninga eftir málefnasviðum. Rétt er að vekja athygli á því að í yfirliti 6 í fylgiriti með fjárlagafrumvarpinu eru sýndir allir skuldbindandi samningar eftir málefnasviðum og málaflokkum.



Skuldbindandi samningar sem í gildi eru á þessu ári eru alls 319 talsins. Þar af eru 122 vegna rekstrar- og þjónustuverkefna og 197 vegna styrktar- og samstarfsverkefna. Heildarútgjöld samninganna eru áætluð 266 ma.kr., eða sem nemur 19% af frumútgjöldum ríkissjóðs.

### 5.7 Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlagaárs

Í fjárlögum ár hvert ákveður Alþingi skiptingu fjárheimilda til málefna sviða og málaflokka og verður þeim ákvörðunum ekki breytt nema með lögum. Þó er eðli máls samkvæmt heimilt að gera millifærslur á fjárheimildum málaflokka 34.10 *Almennur varasjóður* og 34.20 *Sérstakur fjárráðstafanir* í samræmi við ákvarðanir um ráðstöfun þeirra enda er fjárheimildum þessum ætlað að mæta útgjaldatulefnum án tillits til þess hvaða málaflokkur ber þau útgjöld. Með sama hætti er hægt að millifæra fjárheimildir vegna útgjaldatulefna óháð hagrænni skiptingu. Heildarumfang almenns varasjóðs og sértækra fjárráðstafana nemur rúmum 35 ma.kr. fyrir árið 2025.

Nauðsynlegt er fyrir framkvæmdarvaldið að hafa ákveðinn sveigjanleika innan ársins til að mæta breytingum á forsendum frá samþykkt fjárlaga. Með nýtingu þessara liða er mögulegt að taka á frávikum sem upp kunna að koma í starfsemi ríkisins umfram það sem hægt er að mæta með millifærslum innan málaflokka eða varasjóðum málaflokka, án þess að leita þurfi til Alþingis um auknar fjárheimildir. Um nýtingu almenns varasjóðs gilda þó ákveðnar forsendur sem raktar eru í kaflanum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið ber ábyrgð á eftirliti með framkvæmd fjárlaga og hefur umsjón með millifærslum fjárveitinga í samræmi við það sem kemur fram hér síðar. Fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnir ákvarðanir um millifærslur til fjárlaganefndar Alþingis.

#### *Almennur varasjóður*

Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál skal gera ráð fyrir óskiptum almennum varasjóði til að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Fjármála- og efnahagsráðherra fer með almennan varasjóð og tekur ákvörðun um ráðstöfun úr honum.

Almennur varasjóður er einkum til að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjákvæmilegum útgjöldum, s.s. vegna náttúruhamfara eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti á grundvelli annarra fyrirliggjandi heimilda í fjárlögum. Almennur varasjóður skal nema a.m.k. 1% af fjárheimildum fjárlaga.

Ráðherra sem telur þörf á viðbótarframlagi úr almennum varasjóði skilar tillögu um framlag ásamt greinargerð þar að lútandi til fjármála- og efnahagsráðherra. Greinargerðin skal á fullnægjandi hátt upplýsa um forsendur þeirra útgjalda sem ráðherra telur að mæta þurfi. Lýsa skal til hvaða aðgerða ráðherra hafi gripið, sbr. 34. gr. laga um opinber fjármál, þ.e. til lækkunar útgjalda, millifærslna innan málaflokks eða ráðstafað úr varasjóði málaflokks. Þá skal skýra hvernig tillaga um framlag uppfylli ákvæði 24. gr. laga um opinber fjármál um almennan varasjóð, þ.e. að útgjöld séu tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjákvæmileg. Tillaga um framlag úr almennum varasjóði þarf að uppfylla öll þessi skilyrði.

Fjármála- og efnahagsráðherra metur greinargerð ráðherra með tilliti til skilyrða laganna. Sé fallist á að tilefni uppfylli skilyrði um millifærslu úr almennum varasjóði kynnir ráðherra ákvörðun sína fyrir fjárlaganefnd Alþingis. Fjármála- og efnahagsráðherra getur einnig ákveðið að kynna ríkisstjórn ákvarðanir um millifærslur úr almennum varasjóði. Þegar áætlanir hlutaðeigandi aðila hafa verið endurskoðaðar með tilliti til ákvörðunarinnar er fjárveiting millifærð úr almennum varasjóði. Fjármála- og efnahagsráðherra gerir fjárlaganefnd Alþingis rökstudda grein fyrir nýtingu hennar þegar ákvörðun liggur fyrir.

### *Sérstakar fjárráðstafanir*

Fjárheimild málaflokksins 34.20 *Sérstakar fjárráðstafanir* skiptist annars vegar í útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum og hins vegar til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Fjárheimild þessa málaflokks má millifæra, í samræmi við ákvarðanir sem teknar eru um ráðstöfun þeirra, til þeirra málaflokka sem útgjöld eru færð til gjalda á eða eftir atvikum eignfærð á. Fjárveitingu til ráðstöfunar samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar má nýta til að mæta útgjöldum vegna verkefna eða áherslna sem falla til innan fjárlagaársins. Ráðstöfunarfé ríkisstjórnar er þannig ætlað að skapa ríkisstjórninni svigrúm til að mæta sérstökum áherslum sem hún telur mikilvægastar hverju sinni en tilgangur almenns varasjóðs er af öðrum toga. Fjárveiting vegna útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum er vegna kostnaðar sem kann að skapast vegna 6. gr. fjárlaga. Í greininni er að finna ýmsar heimildir til handa fjármála- og efnahagsráðherra til kaupa, sölu eða leigu fasteigna og annarra ráðstafana. Ljóst er að fjárveitingin nægir ekki til að nýta allar heimildir greinarinnar og er því mikilvægt að fjármála- og efnahagsráðherra hafi tiltekið svigrúm til að forgangsraða nýtingu þessara heimilda innan fjárveitingarinnar.

### *Millifærsla fjárveitinga innan málaflokks*

Samkvæmt 29. gr. laga um opinber fjármál er hverjum ráðherra heimilt að breyta skiptingu fjárveitinga innan málaflokks frá því sem birt hefur verið í fylgiriti fjárlaga. Ráðuneyti skal rökstyðja ákvörðun sína og senda fjármála- og efnahagsráðherra til staðfestingar. Forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis ber að uppfæra rekstraráætlun til samræmis og skila ráðuneyti til staðfestingar innan þess frests sem gefinn er. Breytt rekstraráætlun skal færð í fjárhagskerfi ríkisins samhliða millifærslunni. Fjármála- og efnahagsráðuneyti annast birtingu ákvarðana og skal upplýsa fjárlaganefnd Alþingis. Ekki er í slíkum tilfellum heimilt að færa fjárveitingar milli rekstrar, tilfærslna eða fjárfestinga. Sé fjárveiting ríkisaðila eða verkefnis lækkuð skal ákvörðunin rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi forstöðumanni eða ábyrgðaraðila verkefnis með a.m.k. sex vikna fyrirvara.

### *Varasjóðir málaflokka*

Varasjóður málaflokks skal nýttur til að mæta frávikum í rekstri ríkisaðila og verkefna. Ef ekki koma fram slík frávik innan fyrsta ársfjórðungs er hverjum ráðherra heimilt að ráðstafa úr varasjóði málaflokks í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi sem settar eru af fjármála- og efnahagsráðherra og í samræmi við stefnu þess málaflokks. Ráðstöfun á fyrri helming ársins skal aldrei nema meira en helmingi af fjárveitingu varasjóðs. Að loknum öðrum ársfjórðungi skal heimila ráðstöfun úr varasjóði málaflokks til að mæta fyrirséðum frávikum í rekstri samkvæmt árslokaspá og því sem eftir stendur til að vinna að stefnumálum málaflokksins. Við ráðstöfun úr varasjóði gildir verklag um millifærslur fjárveitinga innan málaflokks en fjárveiting varasjóðs skal nema að hámarki 2% af fjárheimildum viðkomandi málaflokks. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 voru varasjóðir á 35 málaflokkum og nam fjárheimild þeirra alls 1,1 ma.kr. Á árinu 2025 verða fjárveitingar á varasjóðum málaflokka felldar niður en óráðstafaðar heimildir í árslok 2024 verða fluttar óskertar yfir á nýtt fjárlagaár. Er það hluti af útfærslu ráðstafana til að draga úr útgjaldavexti líkt og fjallað er um í kafla 5.1.

## 6 Fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta

Flokkun ríkisaðila var breytt í fjárlögum fyrir árið 2022 frá því sem áður var til samræmis við breytingar sem gerðar voru á flokkun þeirra í lögum um opinber fjármál (nr. 123/2015). Nánar er fjallað um breytingarnar í 6. kafla fjárlagafrumvarps ársins 2024 og í viðauka um framsetningu og uppgjör ríkisfjármála.

**Tafla 6.1 Flokkun ríkisaðila í A2- og A3-hluta**

Ríkisaðili	Flokkun	Ríkisaðili	Flokkun
Byggðastofnun .....	A-2	Nýr landspítali ohf. ....	A-3
Eignasafn ríkiseigna .....	A-2	Rannsókn- og háskólanet Ísl. ....	A-3
Húsnæðissjóður .....	A-2	Ríkisútvarpið ohf. ....	A-3
ÍL-sjóður .....	A-2	Sítus ehf. ....	A-3
Menntasjóður námsmanna .....	A-2	Storð ehf. ....	A-3
Náttúruhamfaratrygging Íslands .....	A-2	Tæknigarður ehf. ....	A-3
Betri samgöngur ohf. ....	A-3	TækniSETUR ehf. ....	A-3
Eignahlutir ehf. ....	A-3	Vaðlaheiðargöng hf. ....	A-3
Fasteignir Háskóla Íslands ehf. ....	A-3	Vísindagarðar HÍ ehf. ....	A-3
Fjárföng ehf. ....	A-3	Vísindagarðurinn ehf. ....	A-3
Harpa ohf. ....	A-3	Fasteignafélagið Þórkatla ehf. ....	A-3
Landskerfi bókasafna .....	A-3	Þjóðarleikvangur ehf. ....	A-3
Leigufélagið Bríet ehf. ....	A-3	Þróunarfélag Kefl.flugv.ehf. ....	A-3
Lindarhvoll ehf. ....	A-3	Öryggisfjarskipti ehf. ....	A-3
Neyðarlínan ohf. ....	A-3		

Í þessum kafla er yfirlit yfir fjárreiður A2-hluta og A3-hluta aðila. Í næsta kafla er birt samstæðuyfirlit fyrir A-hlutann í heild þar sem tekið hefur verið tillit til innbyrðis viðskipta aðila þannig að A-hlutinn verði samanburðarhæfur við framsetningu þjóðhagsreikninga. Þannig er gengið út frá því að full samsvörun verði á milli A-hlutans og uppgjörs Hagstofunnar á fjármálum hins opinbera.

### 6.1 Áætlanir A2-hluta ríkisaðila

Til A2-hluta ríkisaðila teljast lána- og fjárfestingarsjóðir og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi. Yfirlit um þessi félög má sjá í töflu 6.2 þar sem fram koma helstu tölur úr ársreikningum þeirra vegna ársins 2023 og í töflu 6.3 má sjá yfirlit yfir áætlaðar lykilstærðir þessara aðila á næsta ári.

**Tafla 6.2 Helstu tölur úr ársreikningum A2-hluta ríkisaðila fyrir árið 2023**

Ársreikningar 2023, m.kr. <sup>1</sup>	Eignar- hluti	Eigið fé 31.12.23	Skuldir	Eignir	Tekjur	Afkoma ársins
Byggðastofnun .....	100%	4.698	20.637	25.336	1.281	704
Húsnæðissjóður .....	100%	24.107	156.866	180.973	2.499	1.823
ÍL sjóður .....	100%	-254.229	833.079	578.851	60.978	-23.525
Menntasjóður námsmanna .....	100%	64.193	90.725	154.918	7.711	-3.435
Náttúruhamfaratr. Íslands .....	100%	49.795	26.183	75.978	22.028	-4.118
<b>Samtals .....</b>		<b>-111.435</b>	<b>1.127.490</b>	<b>1.016.055</b>	<b>94.498</b>	<b>-28.551</b>

<sup>1</sup>Í töfluna vantar Eignasafn Ríkiseigna sem fært var úr A1-hluta ríkissjóðs yfir í A2-hluta ríkissjóðs í fjárlögum ársins 2023.

**Tafla 6.3 Áætlaðar lykilstærðir A2-hluta ríkisaðila fyrir árið 2025**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður / Tap	Tekin langtímalán <sup>1</sup>	Veitt langtímalán
Byggðastofnun .....	175	5.000	5.000
Eignasafn ríkiseigna .....	-3.091	1.500	
Húsnæðissjóður .....	1.754	20.000	20.000
- þar af hlutdeildarlán .....			4.000
ÍL-sjóður .....	-17.877		
Menntasjóður námsmanna .....	4.503	10.000	10.600
Náttúruhamfaratryggingar Íslands .....	4.561		
<b>Samtals .....</b>	<b>-9.974</b>	<b>36.500</b>	<b>35.600</b>

<sup>1</sup>Hámarks endurlán frá ríkissjóði skv. 5.gr. þessa frumvarps

Gert er ráð fyrir viðvarandi taprekstri ÍL-sjóðs á næstu árum þar sem vaxtamunur sjóðsins er neikvæður og verðtryggðar skuldir hærri en eignir. Útlit er fyrir 17,9 ma.kr. neikvæða afkomu á næsta ári. Uppsafnaður fjárhagsvandi sjóðsins er tilkominn vegna uppgreiðslna á útlánum sjóðsins sem hófust á árinu 2004. Vaxtabreytingar síðustu ára hafa fram til þessa ýtt undir þessa þróun. Þrátt fyrir þessar innborganir eru skuldir sjóðsins óuppgreiðanlegar og bera fasta verðtryggða vexti. Sjóðurinn varð til við uppskiptingu gamla Íbúðalánasjóðs og er markmið hans að lágmarka áhættu og kostnað ríkissjóðs við uppgjör og úrvinnslu eigna og skulda ÍL-sjóðs.

Á árinu 2025 er Húsnæðissjóði heimilað að veita ný útlán fyrir allt að 20 ma.kr. og þar af eru allt að 4 ma.kr. í hlutdeildarlán, sbr. 5. gr. þessa fjárlagafrumvarps. Um er að ræða óbreytta heildarlánsfjárheimild frá fjárlögum yfirstandandi árs en hækkun á hlutdeildarlánum um 1 ma.kr. frá fyrra ári.

Samanlagt er gert ráð fyrir að halli verði á rekstri þessara aðila sem nemi um 10 ma.kr., sem er sambærilegt fyrra ári, og vegur taprekstur ÍL-sjóðs þar þungst.

**Tafla 6.4 Samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit A2-hluta ríkisaðila**

<b>Rekstrargrunnur, m.kr.</b>	<b>Áætlun 2024</b>	<b>Frumvarp 2025</b>	<b>Breyting</b>
<b>Rekstraráætlun:</b>			
Rekstrartekjur .....	23.865	24.869	1.004
Rekstrargjöld .....	19.380	20.003	623
Fjármunatekjur .....	78.201	59.044	-19.157
Fjármagnsgjöld .....	95.798	75.324	-20.474
Framlög í afskriftasjóð .....	193	194	1
<b>Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi .....</b>	<b>-13.305</b>	<b>-11.608</b>	<b>1.697</b>
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði .....	1.630	1.634	3
<b>Hagnaður (-tap) .....</b>	<b>-11.675</b>	<b>-9.974</b>	<b>1.700</b>
<b>Sjóðstreymi:</b>			
Hagnaður (-tap) .....	-11.675	-9.975	1.700
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé .....	21.347	16.799	-4.547
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....	-7.137	2.019	9.156
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>2.536</b>	<b>8.844</b>	<b>6.309</b>
Veitt löng lán .....	33.461	35.600	2.140
Afborganir af veittum löngum lánum .....	27.690	27.300	-390
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó .....	-2.782	-2.801	-20
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó .....	23.921	-225	-24.146
Annað inn .....	26.409	31.364	4.955
<b>Fjárfestingarhreyfingar, samtals .....</b>	<b>41.778</b>	<b>20.037</b>	<b>-21.741</b>
Tekin löng lán .....	33.072	36.500	3.428
Afborganir af teknum löngum lánum .....	68.202	56.520	-11.682
Annað .....	-14.277	3.825	18.102
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals .....</b>	<b>-49.407</b>	<b>-16.195</b>	<b>33.211</b>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>-5.093</b>	<b>12.687</b>	<b>17.779</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....	54.829	49.736	-5.093
Handbært fé í árslok .....	49.736	62.423	12.687

## 6.2 Áætlanir A3-hluta ríkisaðila

Til A3-hluta ríkisaðila telst starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu. Þessi félög eru sjálfstæðir lögaðilar en starfsemi þeirra er ekki byggð á markaðslegum forsendum. Í töflu 6.5 koma fram helstu lykilstærðir úr ársreikningum stærstu aðilanna, þ.e. þeim sem höfðu eignir yfir 3 ma.kr. og/eða tekjur yfir 1 ma.kr. Vakin er athygli á því að í töfluna vantar m.a. Fasteignafélagið Þórkötlu sem var stofnað þann 27. febrúar 2024.

**Tafla 6.5 Helstu tölur úr ársreikningum stærstu A3-hluta ríkisaðila fyrir árið 2023**

Ársreikningur 2023, m.kr.	Eignar- hluti	Eigið fé 31.12.23	Skuldir	Eignir	Tekjur	Afkoma ársins
Betri samgöngur .....	100%	15.004	10.235	25.239	0	103
Fasteignir Háskóla Íslands ehf. ....	100%	-2.296	50.842	48.546	3.207	-1.812
Harpa ohf. ....	54%	10.771	24.861	35.632	1.663	-65
Leigufélagið Bríet ehf. ....	92%	5.160	10.285	15.445	543	-20
Neyðarlínan ohf. ....	100%	297	0	569	1.888	25
Nýr Landspítali ohf. ....	100%	20	3.866	3.886	0	0
Ríkisútvarpið ohf. ....	100%	1.810	7.666	9.477	8.726	6
Vísindagarðar HÍ ehf. ....	95%	5.947	9.057	15.004	993	378
Vaðlaheiðargöng .....	93%	881	15.885	16.765	756	-1.093
<b>Samtals .....</b>		<b>37.594</b>	<b>132.697</b>	<b>170.563</b>	<b>17.776</b>	<b>-2.479</b>

Tafla 6.6 sýnir samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit ríkisaðila í A3-hluta. Þar má sjá að talsverður halli er af reglulegri starfsemi þessara aðila sem skýrist fyrst og fremst af háum rekstrargjöldum Nýs Landspítala en til jafns við þau kemur framlag frá ríkissjóði. Stærsti hluti fjárfestingarhreyfinga skýrist af fjárfestingaráætlun Betri samgangna ohf. Fjárfestingarhreyfingar eru talsverðar á árinu 2024 sem skýrist að mestu leyti af uppkaupum Fasteignafélagsins Þórkötlu á fasteignum í Grindavík en þær eru annars vegar fjármagnaðar með lántökum og hins vegar með eiginfjárframlagi. Gert er ráð fyrir að fjárfestingin nemi um 70 ma.kr., sem þó er háð óvissu um nýtingu úrræðisins, og að rekstrarkostnaður félagsins sé um 1 ma.kr. á ári.

Samanlagt er gert ráð fyrir að halli verði á rekstri þessara aðila á árinu 2025 sem nemur um 8,2 ma.kr. og kemur að miklu leyti til vegna reiknaðra stærða hjá Fasteignafélaginu Þórkötlu, en áhrifin á sjóðstreymi eru öllu minni. Fjárfestingaráætlanir Betri samgangna ohf. vega þyngst í sjóðstreymi A3-hluta.

**Tafla 6.6 Samandregið rekstrar- og sjóðstreymisyfirlit A3-hluta ríkisaðila**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2024	Frumvarp 2025	Breyting
<b>Rekstraráætlun:</b>			
Rekstrartekjur .....	19.952	20.838	886
Rekstrargjöld .....	42.056	48.023	5.967
Fjármagnsjöfnuður .....	-11.047	-11.155	-108
Afskriftir .....	3.766	3.799	33
<b>Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi .....</b>	<b>-36.917</b>	<b>-42.139</b>	<b>-5.222</b>
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði .....	26.231	30.867	4.636
Fengin framlög og óreglulegar tekjur .....	3.011	3.185	174
Tekjuskattur .....	-100	-107	-7
<b>Hagnaður (-tap) .....</b>	<b>-7.775</b>	<b>-8.194</b>	<b>-418</b>
<b>Sjóðstreymi:</b>			
Hagnaður (-tap) .....	-7.775	-8.194	-418
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé .....	7.750	7.321	-429
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum .....	-94	-288	-194
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>-120</b>	<b>-1.161</b>	<b>-1.041</b>
Veitt löng lán .....	-100	-100	0
Afborganir af veittum löngum lánum .....	-65	-67	-2
Veitt stutt lán .....	0	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó .....	-70.843	-832	70.011
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó .....	0	0	0
Annað .....	-8.297	-12.050	-3.754
<b>Fjárfestingarhreyfingar, samtals .....</b>	<b>-79.305</b>	<b>-13.049</b>	<b>66.256</b>
Tekin löng lán .....	39.600	5.880	-33.720
Afborganir af teknum löngum lánum .....	-1.304	-1.343	-39
Stofnframlög .....	39.900	0	-39.900
Arðgreiðsla í ríkissjóð .....	0	0	0
Annað .....	4.129	4.100	-29
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals .....</b>	<b>82.325</b>	<b>8.637</b>	<b>-73.688</b>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>2.900</b>	<b>-5.573</b>	<b>-8.473</b>
Handbært fé í ársbyrjun .....	10.333	13.233	2.900
Handbært fé í árslok .....	13.233	7.661	-5.573

## 7 Samstæðuyfirlit A-hluta í heild

Í þessum kafla er sett fram samstæðuyfirlit fyrir A-hluta ríkissjóðs í heild til samræmis við framsetningu opinberra fjármála hjá Hagstofu Íslands. Með A-hluta í heild er átt við A1-hluta ríkissjóðs, sbr. 1. gr. fjárlaga og umfjöllun í köflum 3–5 í þessari greinargerð, ásamt A2- og A3-hluta ríkissjóðs sem fjallað er um í 6. kafla. Flokkun á starfsemi ríkisins er skv. 50. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.

### A-hluta samstæða

#### A1

Starfsemi sem er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum.

#### A2

Starfsemi lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir stjórn ríkisins og stendur undir sér með sölu á vöru og þjónustu, leigu og lánastarfsemi.

#### A3

Starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Samstæðuyfirlit A-hluta í heild gerir grein fyrir uppgjöri allra aðila í A-hluta að teknu tilliti til innbyrðis viðskipta þeirra á milli. Til innbyrðis viðskipta teljast m.a. framlög úr A1-hluta til reksturs aðila í A2- og A3-hluta. Slík framlög eru skráð sem gjöld hjá A1-hluta en tekjur hjá A2- og A3-hluta. Til innbyrðis viðskipta teljast einnig vaxtagreiðslur til A1-hluta vegna veittra lána til aðila í A2- og A3-hluta. Þegar leiðrétt er fyrir innbyrðis viðskiptum er tekju- og gjalda-hlið samstæðunnar lækkuð í jöfnum hlutum og er leiðréttingin því hlutlaus gagnvart afkomunni. Umfang innbyrðis viðskipta þessara aðila er áætlað um 82 ma.kr. árið 2025. Þá hefur afkoma A2- og A3-hluta aðila verið aðlöguð að framsetningu fjárlaga, þ.e. alþjóðlegum hagskýrslustaðli, sem felur í sér að afskriftir eru dregnar frá rekstrarútgjöldum og fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er gjaldfærð. Nánar er fjallað um þessa framsetningu í viðauka um framsetningu og uppgjör ríkisfjármála.

**Tafla 7.1 Rekstraryfirlit aðila í A-hluta samstæðu ásamt mati á umfangi innbyrðis viðskipta árið 2025**

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.	A1-hluti	A2-hluti	A3-hluti	Innbyrðis viðskipti	Samstæða
Frumtekjur .....	1.409.173	26.503	54.784	-41.784	1.448.675
Frumgjöld .....	1.372.763	22.804	48.855	-41.784	1.402.638
<b>Frumjöfnuður .....</b>	<b>36.410</b>	<b>3.698</b>	<b>5.928</b>	<b>0</b>	<b>46.037</b>
% af VLF .....	<b>0,7%</b>	<b>0,1%</b>	<b>0,1%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,9%</b>
Vaxtatekjur .....	39.283	59.044	1.115	-40.485	58.957
Vaxtagjöld .....	116.650	75.324	12.270	-40.485	163.759
<b>Fjármagnsjöfnuður .....</b>	<b>-77.367</b>	<b>-16.280</b>	<b>-11.155</b>	<b>0</b>	<b>-104.802</b>
% af VLF .....	<b>-1,6%</b>	<b>-0,3%</b>	<b>-0,2%</b>	<b>0,0%</b>	<b>-2,1%</b>
Heildartekjur .....	1.448.456	85.547	55.899	-82.270	1.507.632
Heildarútgjöld .....	1.489.413	98.128	61.126	-82.270	1.566.397
<b>Heildarjöfnuður .....</b>	<b>-40.956</b>	<b>-12.582</b>	<b>-5.227</b>	<b>0</b>	<b>-58.765</b>
% af VLF .....	<b>-0,8%</b>	<b>-0,3%</b>	<b>-0,1%</b>	<b>0,0%</b>	<b>-1,2%</b>



Rekstraryfirlit A-hluta í heild fyrir árin 2022–2025 er að finna í töflu 7.2. Vakin er athygli á því að við vinnslu samstæðuyfirlits A-hluta í heild fyrir árið 2025 og afkomuhorfur ársins 2024 hafa innbyrðis viðskipti verið áætluð annars vegar með upplýsingum um framlög til rekstrar úr ríkissjóði úr samstæðureikningi A2- og A3-hluta sem sett er fram í kafla 6 og hins vegar með áætlun um önnur innbyrðis viðskipti miðað við sögulega þróun.

**Tafla 7.2 Samstæðuyfirlit A-hluta í heild fyrir árin 2022–2025**

Þjóðhagsgrunnur, m.kr.	Reikn. 2022	Brb. 2023	Áætlun 2024	Frumvarp 2025
<b>Heildartekjur</b> .....	<b>1.215.822</b>	<b>1.352.241</b>	<b>1.443.226</b>	<b>1.507.632</b>
<b>Skatttekjur</b> .....	<b>874.480</b>	<b>984.031</b>	<b>1.067.672</b>	<b>1.140.486</b>
Skattar á tekjur og hagnað .....	400.070	455.248	481.800	505.500
Skattar á laungreiðslur og vinnuafl .....	10.003	11.752	12.256	13.054
Eignarskattar .....	14.046	14.969	14.626	14.629
Skattar á vöru og þjónustu .....	430.147	480.171	534.912	581.363
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti .....	5.991	6.105	7.429	7.780
Aðrir skattar .....	14.223	15.786	16.649	18.161
<b>Tryggingagjöld</b> .....	<b>115.564</b>	<b>127.958</b>	<b>140.756</b>	<b>149.796</b>
<b>Fjárframlög</b> .....	<b>7.867</b>	<b>8.822</b>	<b>7.176</b>	<b>7.565</b>
<b>Aðrar tekjur</b> .....	<b>217.911</b>	<b>231.430</b>	<b>227.622</b>	<b>209.786</b>
Eignatekjur .....	152.321	155.397	142.016	119.881
þ.a. vaxtatekjur .....	98.289	106.880	73.093	58.957
þ.a. arðgreiðslur .....	44.744	37.495	56.832	46.018
Sala á vöru og þjónustu .....	50.326	57.874	62.309	65.487
Ýmsar tekjur og óskilgreindar tekjur .....	15.264	18.159	23.297	24.418
<b>Heildargjöld</b> .....	<b>1.333.882</b>	<b>1.407.256</b>	<b>1.589.492</b>	<b>1.566.397</b>
<b>Rekstrarútgjöld</b> .....	<b>1.302.074</b>	<b>1.386.318</b>	<b>1.498.498</b>	<b>1.539.961</b>
Laun .....	279.760	304.379	327.916	344.034
Kaup á vöru og þjónustu .....	196.963	222.568	242.799	252.308
Afskriftir .....	63.000	71.308	71.991	74.799
Vaxtagjöld .....	198.976	188.170	191.175	163.759
Framleiðslustyrkir .....	55.930	58.974	67.371	71.797
Fjárframlög .....	430.423	453.279	467.193	507.660
Félagslegar tilfærslur til heimila .....	25.267	26.117	39.072	35.876
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög .....	51.755	61.523	90.982	89.728
<b>Fastafjárútgjöld</b> .....	<b>31.808</b>	<b>20.938</b>	<b>90.994</b>	<b>26.436</b>
Fjárfesting í efnislegum eignum .....	94.808	92.246	162.985	101.234
Afskriftir (-) .....	-63.000	-71.308	-71.991	-74.799
<b>Frumjöfnuður</b> .....	<b>-17.373</b>	<b>26.275</b>	<b>-28.184</b>	<b>46.037</b>
<b>Vaxtajöfnuður</b> .....	<b>-100.687</b>	<b>-81.290</b>	<b>-118.082</b>	<b>-104.802</b>
<b>Heildarjöfnuður</b> .....	<b>-118.060</b>	<b>-55.015</b>	<b>-146.266</b>	<b>-58.765</b>

## 8 Fjárreiður ríkisaðila í B-hluta

Flokkun ríkisaðila var breytt í fjárlögum fyrir árið 2022 til samræmis við breytingar sem gerðar voru á flokkun á starfsemi þeirra í lögum um opinber fjármál. Þær breytingar byggðust á endurskoðun Hagstofu Íslands á flokkun tiltekinnna ríkisaðila/stofnanaeininga. Hluti af sjóðum sem töldust áður til B-hluta flokkast nú undir A2-hluta. Enn fremur voru gerðar breytingar á skilgreiningu á B-hluta:

*B-hluti.* Til B-hluta teljast önnur fyrirtæki og lánastofnanir sem eru undir beinni stjórn ríkisins og rekin eru á ábyrgð ríkissjóðs og ekki teljast til A-hluta. Þessir aðilar starfa á markaði og standa að stærstum hluta undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum af sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja.

Eftir breytingar á flokkun ríkisaðila teljast nú einungis þrjú fyrirtæki og tveir sjóðir til B-hluta. Það eru ÁTVR, Hapdrætti Háskóla Íslands, Íslenskar orkurannsóknir, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins og Kría, sprota- og nýsköpunarsjóður, en nýr sjóður, Nýsköpunarsjóðurinn Kría, tekur við af Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og Kríu, sprota- og nýsköpunarsjóði, í byrjun árs 2025. Framsetning á fjárreiðum aðila í B-hluta er eins og í reikningsskilum fyrirtækja í sambærilegum rekstri og reikningsskil þeirra skulu uppfylla kröfur laga um ársreikninga.

Tafla 8.1 sýnir nokkrar lykilstærðir úr fjárreiðum B-hluta aðila sem byggjast á fjárhagsáætlunum þeirra fyrir árið 2025. Arðgreiðslur B-hluta aðila í ríkissjóð eru áætlaðar 750 m.kr. en einungis Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins greiðir arð í ríkissjóð. ÁTVR gerir ráð fyrir að hagnaður ársins 2025 verði um 234 m.kr. samanborið við 330 m.kr. á árinu 2024. Áætlað er að Hapdrætti Háskóla Íslands greiði 3.602 m.kr. framlag á næsta ári sem renni til framkvæmda og viðhalds fasteigna Háskóla Íslands.

**Tafla 8.1 Áætlaðar lykilstærðir B-hluta ríkisaðila fyrir árið 2025**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Hagnaður / Tap	Arður til ríkissjóðs	Fjárfesting, nettó	Veitt langtímalán
Hapdrætti Háskóla Íslands .....	890	-		-
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins .....	234	750	-450	-
Íslenskar orkurannsóknir .....	20	-	-38	-
Nýsköpunarsjóðurinn Kría .....	-235		33	
<b>Samtals .....</b>	<b>910</b>	<b>750</b>	<b>-455</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup>Gert er ráð fyrir að sjóðir í B-hluta verði lagðir niður og nýr sjóður hefji starfsemi árið 2025

Í töflu 8.2 er samandregið rekstrar- og sjóðstreymisfirlit fyrir ríkisaðila í B-hluta í heild. Gert er ráð fyrir að samanlagður hagnaður þessara aðila af reglulegri starfsemi dragist verulega saman milli ára, úr tæplega 2,5 ma.kr. í rúmlega 1,1 ma.kr., sem skýrist af breytingum í rekstri Hapdrættis Háskóla Íslands á árinu 2025. ÁTVR gerir ráð fyrir að hagnaður lækki um tæplega 30% milli árana 2024 og 2025. Þegar tekið hefur verið tillit til arðgreiðslna ÁTVR til ríkissjóðs á árinu 2025, að fjárhæð 750 m.kr. samanborið við 250 m.kr. árið 2024, og framlags Hapdrættis Háskóla Íslands til Háskóla Íslands, að fjárhæð 3.602 m.kr. árið 2025 samanborið

við 1.638 m.kr. árið 2024, er niðurstaðan sú að talsvert gengur á handbært fé á árinu 2025.

**Tafla 8.2 Samandregið rekstrar- og sjóðstreymisýfirlit B-hluta ríkisaðila**

Rekstrargrunnur, m.kr.	Áætlun 2024	Frumvarp 2025	Breyting
<b>Rekstraráætlun:</b>			
Rekstrartekjur .....	58.267	52.500	-5.767
Rekstrargjöld .....	55.473	50.925	-4.549
Fjármagnsjöfnuður .....	175	1	-174
Framlög í afskriftasjóð .....	517	667	150
<b>Hagnaður (-tap) af reglulegri starfsemi .....</b>	<b>2.453</b>	<b>910</b>	<b>-1.543</b>
Framlag til rekstrar úr ríkissjóði .....	50	0	-50
Fengin framlög og óreglulegar tekjur .....	0	0	0
Tekjuskattur .....	0	0	0
<b>Hagnaður (-tap) .....</b>	<b>2.503</b>	<b>910</b>	<b>-1.593</b>
<b>Sjóðstreymi:</b>	0	0	0
Hagnaður (-tap) .....	2.503	910	-1.593
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé .....	278	548	270
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum .....	279	51	-228
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>3.059</b>	<b>1.508</b>	<b>-1.551</b>
Veitt löng lán .....	100	100	0
Afborganir af veittum löngum lánum .....	50	100	50
Veitt stutt lán .....	0	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir, nettó .....	495	488	-7
Ávöxtunarsamningar og áhættufjármunir, nettó .....	2.100	2.467	367
Annað .....	0	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar, samtals .....</b>	<b>-2.645</b>	<b>-2.955</b>	<b>-310</b>
Tekin löng lán .....	0	0	0
Afborganir af teknum löngum lánum .....	0	0	0
Stofnframlög .....	1.950	2.500	550
Arðgreiðsla í ríkissjóð .....	250	750	500
Greitt til Háskóla Íslands .....	1.638	3.602	1.964
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals .....</b>	<b>62</b>	<b>-1.852</b>	<b>-1.914</b>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>476</b>	<b>-3.299</b>	<b>-3.775</b>
Handbært fé í årsbyrjun .....	3.984	4.460	476
Handbært fé í árslok .....	4.460	1.161	-3.299

## 9 Efnahagur, lántökur og endurlán

Í þessum kafla er gerð grein fyrir horfum um skuldastöðu, lánsfjárförf, lántöku og afborganir ríkissjóðs (A1-hluta), auk fyrirtækja og sjóða í A2- og A3-hluta og annarra aðila sem taka lán á grundvelli sérлага. Einnig er gerð grein fyrir þróun efnahags A1-hluta ríkissjóðs. Vísað er til 5. gr. frumvarpsins varðandi heimildir ráðherra. Um ríkisábyrgðir er fjallað í kafla 11, um fjárhagsáhættu ríkissjóðs.

Eftir mikla hækkun skulda A1-hluta ríkissjóðs á undanförunum árum er útlit fyrir að þær lækki um 0,7% af VLF árið 2025. Gangi það eftir jafngilda skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldareglu laga um opinber fjármál 31,4% af VLF í árslok 2025. Lækkun skuldahlutfallsins undanfarin ár má rekja til mikils hagvaxtar sem hefur bæði haft jákvæð áhrif á tekjur ríkissjóðs og aukið nafnvirði landsframléiðslunnar sem er nefnari skuldahlutfallsins. Útlit er fyrir að skuldahlutfall ríkissjóðs hækki lítillega árið 2024 þegar hagvöxtur verður lítill en það taki að lækka á ný árið 2025 samhliða meiri hagvexti.

Þróun efnahags ÍL-sjóðs er mikilvægur óvissuþáttur í langtímaþróun skulda ríkissjóðs. Fjallað er um málefni ÍL-sjóðs í kafla 6 *Fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta* og kafla 11 *Fjárhagsáhætta ríkissjóðs*.

### 9.1 Horfur í lánamálum A1-hluta ríkissjóðs fyrir árið 2024

Fjárförf ríkissjóðs samanstendur annars vegar af lánsfjárfjöfnuði og hins vegar af afborgunum innlendra lána. Lánsfjárfjöfnuður samanstendur af handbæru fé frá rekstri að viðbættum fjárfestingahreyfingum. Áætluð fjárförf ríkissjóðs á árinu 2024 er 115 ma.kr., að teknu tilliti til fyrirhugaðrar sölu á eignarhluta í Íslandsbanka, og verður henni að mestu leyti mætt með útgáfu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði. Í áætlunum er einnig gert ráð fyrir að mæta hluta af fjárförf með hagnýtingu gjaldeyris.

Útgáfan á fyrri árshelmingi gekk vel og þegar í maí hafði útgáfumarkmiðum fyrir annan ársfjórðung verið náð. Alls voru gefin út ríkisbréf fyrir 84 ma.kr. á fyrri árshelmingi eða um 70% af áætlaðri heildarútgáfu ársins. Útgáfumarkmið var endurskoðað fyrir þriðja ársfjórðung til að bregðast við aukinni fjárförf vegna jarðhræringa á Reykjanesi og áætlun ársins aukin úr 120 ma.kr. í 150 ma.kr. Þegar þetta er ritað eru aðeins 4,2 ma.kr. eftir af útgáfumarkmiði fyrir þriðja ársfjórðung. Staða ríkisvixla sveiflast yfir árið í takt við lausafjástöðu ríkissjóðs. Útistandandi ríkisvixlar nema nú um 200 ma.kr. en stóðu í um 100 ma.kr. í upphafi árs. Almennt nær staða útgefna vixla hámarki um mitt ár en dregur svo úr henni á síðari árshelmingi. Vegna þess hversu seint á árinu gert er ráð fyrir að sala Íslandsbanka fari fram og þar sem gjaldeyrir hefur ekki verið nýttur að svo stöddu hefur reynt mikið á skammtímafjármögnun til að brúa bilið þangað til. Þá hafa t.d. útgjöld tengd Grindavík aukið útlæði á fyrri helmingi ársins sem gerir niðursveiflu í sjóðstöðu enn meiri um mitt árið en ella hefði verið.

Í mars sl. gaf ríkissjóður út grænt skuldabréf til 10 ára að fjárhæð 750 milljónir evra, jafnvirði um 111 ma.kr. Útgáfa skuldabréfsins byggir á sjálfbærum fjármögnunarramma ríkissjóðs sem var fyrst gefinn út haustið 2021 og uppfærður 2023. Andvirði útgáfunnar verður varið í að fjármagna græn útgjöld sem falla undir skilgreinda útgjaldaflökka í rammanum. Gert er ráð fyrir að um þriðjungur andvirðis útgáfunnar verði nýttur í að mæta útgjöldum yfirstandandi árs en afgangurinn mun mæta fjárförf vegna áætlaðra grænna útgjalda samkvæmt fjármálaáætlun árin 2025 og 2026. Þá gaf ríkissjóður út kynjað skuldabréf í júní fyrir 50 milljónir evra sem samsvarar um 7,5 ma.kr. Um einkaútgáfu var að ræða og var skuldabréfið

gefið út til þriggja ára. Kynjuð skuldabréf falla undir sjálfbæra fjármögnun, líkt og græn skuldabréf. Andvirði útgáfunnar verður nýtt til að mæta kostnaði ríkissjóðs vegna aðgerða sem stuðla að kynjajafnrétti. Fyrst og fremst er um að ræða ráðstafanir sem er ætlað að tryggja konum og kvárum í viðkvæmri stöðu félagslega þjónustu og viðunandi lífsskilyrði og svo ráðstafanir sem eru til þess fallnar að draga úr byrði kvenna af ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum. Sem varúðarráðstöfun vegna útgjalda í tengslum við jarðhræringar og eldsumbrot á Reykjanesi sótti ríkissjóður um lán hjá Þróunarbanka Evrópuráðsins, CEB, sem fékk samþykki. Lánsfjárhæðin nemur 150 milljónum evra, að jafnvirði 22 ma.kr. Ekki hefur enn verið dregið á lánið.

## 9.2 Heildarlánsfjárförf ríkissjóðs, fyrirtækja og sjóða árið 2024

Afkoma ríkissjóðs batnar árið 2025 frá árinu á undan. Það á einnig við um lánsfjárförf sem gefur til kynna þörf ríkissjóðs á nýjum lántökum. Afborganir innlendra lána aukast hins vegar frá árinu á undan. Lánsfjárförf A1-hluta ríkissjóðs eykst af þessum sökum á milli ára úr 115 ma.kr. árið 2024 og í 165 ma.kr. árið 2025. Hins vegar lækka skuldahlutföll ríkissjóðs, hvort sem litið er til brúttó- eða nettóskulda, í hlutfalli af VLF.

Mikil fjárförf undanfarinna ára hefur gert það að verkum að ríkissjóður hefur verið fyrirferðarmikill á lánsfjármörkuðum. Með minnkandi nettóútgáfu skuldabréfa dregur smám saman úr óhjákvæmilegum ruðningsáhrifum á aðra útgefendur skuldabréfa. Þannig styður ríkisfjármálastefnan við lækkingu vaxta og fjárfestingu og verðmætasköpun í einkageiranum.

Á næstu árum má reikna með því að útistandandi veitt lán úr ríkissjóði haldi áfram að vaxa. Leiðir það til breyttrar samsetningar efnahags ríkissjóðs. Helsta ástæða þess er að núverandi húsnæðislánakerfi er fjármagnað með lánveitingum úr ríkissjóði í stað eigin útgáfu eins og hjá Íbúðalánasjóði á sínum tíma. Þessi breyting leiðir til samsvarandi aukningar á útgáfuþörf ríkissjóðs. Sérstaklega eru lánveitingarnar miklar á fyrstu árum uppbyggingar nýs kerfis þar til hægt verður að fjármagna ný útlán sjóðsins með endurgreiðslum eldri lána. Í þessu sambandi er rétt að benda á að í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að heimila ráðherra að endurlána 20 ma.kr. til Húsnæðissjóðs vegna útlána sjóðsins að sömu fjárhæð. Þar af er gert ráð fyrir að 4 ma.kr. fari í hlutdeildarlán.

## 9.3 Sjóðstreymi og lánsfjárförf A1-hluta ríkissjóðs

Handbært fé frá rekstri er það fé sem regluleg starfsemi ríkisins skilar þegar frá eru taldar rekstrarfærðar tekjur og gjöld sem ekki koma til innheimtu eða útgreiðslu á árinu. Handbært fé frá rekstri ríkissjóðs (A1-hluta) á árinu 2024 er áætlað neikvætt um 51 ma.kr. en neikvætt um 31 ma.kr. árið 2025, eða sem svarar til 20 ma.kr. bata.

Fjárfestingar og sala á efnislegum eignum, lánveitingar, arðgreiðslur o.fl. teljast til fjárfestingahreyfinga sjóðstreymis. Ríkissjóður á 42,5% hlut í Íslandsbanka. Í forsendum frumvarpsins er gert ráð fyrir sölu á helmingi þess hlutar á árinu 2024 og seinni helmingi á árinu 2025. Sala á hlut ríkissjóðs í bankanum væri mikilvægur þáttur í virkri stýringu á efnahag ríkisins þar sem með áframhaldandi sölu væri hægt að auka sjóðstreymi til ríkisins, minnka lánsfjárförf og skuldsetningu með þeim kostnaði og áhættu sem henni fylgir. Útlit er fyrir að fjárfestingahreyfingar verði neikvæðar um samtals 10,5 ma.kr. árið 2025. Á næsta ári vega þyngst fjárfestingarframlög til framkvæmdaverkefna á ýmsum málefnasviðum og á móti áætluð sala á hlut í Íslandsbanka. Til fjárfestingahreyfinga teljast einnig veitt lán, móttækinn arður og afborganir af veittum lánum, fyrirframgreiðslur ríkissjóðs vegna ófjármagnaðra lífeyrisskuldbindinga B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nema 10 ma.kr. á næsta ári og eiginfjárframlög og hlutabréfakaup.

Áætlað er að hreinn lánsfjárfjöfnuður, þ.e. það fé sem má nýta til að greiða niður skuldir án þess að ganga á handbært fé þegar hann er jákvæður eða það fé sem taka þarf að láni til þess að fjármagna hallarekstur að viðbættum fjárfestingahreyfingum, verði neikvæður um 71 ma.kr. á árinu 2024. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að staðan batni sem að mestu leyti má rekja til áætlaðrar sölu á hlut ríkissjóðs í Íslandsbanka og að hreinn lánsfjárfjöfnuður verði neikvæður um 41 ma.kr. Hreinn lánsfjárfjöfnuður að viðbættum afborgunum ársins og að teknu tilliti til hreyfinga á innstæðum og víxlum segir til um þörf fyrir langtímalántöku á árinu.

### Tafla 9.1

Sjóðstreymi ríkissjóðs (A1-hluta), m.kr.	Fjárlög 2024	Áætlun 2024	Frumvarp 2025
Handbært fé frá rekstri .....	-23.033	-50.760	-30.700
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>			
Fjárfesting .....	-66.155	-70.155	-74.194
Sala eigna .....	48.300	48.300	51.800
Veitt löng lán .....	-29.750	-22.000	-28.850
Innheimtar afborganir af veittum lánum .....	6.085	4.674	6.731
Mótttekinn arður .....	47.830	56.832	46.018
Fyrirframgreiðsla til LSR .....	-8.000	-8.000	-10.400
Eiginfjárframlög og hlutabréfakaup .....	-1.606	-30.100	-1.606
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals .....</b>	<b>-3.296</b>	<b>-20.449</b>	<b>-10.501</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður .....</b>	<b>-26.328</b>	<b>-71.210</b>	<b>-41.201</b>
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>			
Tekin langtímalán .....	101.300	264.257	164.668
<i>þar af innlend</i> .....	101.300	150.000	164.668
Afborganir af teknum lánnum .....	-145.700	-141.561	-136.423
<i>þar af innlendar</i> .....	-96.563	-99.190	-129.793
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals .....</b>	<b>-44.400</b>	<b>122.696</b>	<b>28.245</b>
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>-70.728</b>	<b>51.486</b>	<b>-12.956</b>

Fjármögnunarhreyfingar gera grein fyrir áhrifum á sjóðstöðu af lántöku og afborgunum af lánnum ríkissjóðs. Í 5. gr. frumvarpsins er sótt um heimild til allt að 170 ma.kr. lántöku ríkissjóðs til fjármögnunar á fyrrgreindum neikvæðum lánsfjárfjöfnum og afborgunum og endurfjármögnun lána.

Þegar lagður er saman hreinn lánsfjárfjöfnuður og fjármögnunarhreyfingar fæst breyting á handbæru fé. Í áætlanagerðinni fyrir árið 2025 er gengið út frá því að handbært fé í krónum lækki um 10 ma.kr. en taki ekki teljandi breytingum í erlendum gjaldeyri.

### 9.4 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs

Undanfarin þrjú ár hefur eitt af helstu forgangsmálum ríkisfjármála verið að bæta afkomu og hægja á vexti skulda, m.a. til að treysta stöðu ríkissjóðs og vinna gegn þenslu- og ruðningsáhrifum hins opinbera í hagkerfinu. Eftir hækkun vaxta og bættu afkomu ríkissjóðs sjást nú merki kólnunar í hagkerfinu. Í núverandi umhverfi er mikilvægt að skuldir ríkissjóðs haldi áfram að minnka í hlutfalli við stærð hagkerfisins og þannig verði stuðlað að


efnahagslegum stöðugleika. Það er þó ekki nóg að einblína aðeins á skuldir því arðbær fjárfesting, viðhald innviða og skynsamleg skattastefna sem styður við verðmætasköpun til framtíðar með réttum hvötum er einnig mikilvæg til þess að ná niður skuldahlutföllum ríkissjóðs til langs tíma litið. Þá er ekki síður mikilvægt að sú verðmætasköpun fari fram með eins sjálfbærum hætti og kostur er svo hún komi ekki niður á komandi kynslóðum.

Útlit er fyrir að skuldir ríkissjóðs samkvæmt skuldaviðmiði laga um opinber fjármál hafi náð hámarki árið 2021 í 33,2% af VLF þegar litið er til áronna frá 2017. Bætt afkoma og mikill nafnvöxtur VLF sl. þrjú ár gera það að verkum að hlutfallið lækkar í 31,4% í árslok 2025. Í fjármálaáætlun 2025–2029 var gert ráð fyrir sams konar lækkun skuldahlutfalls ríkissjóðs á árinu 2025. Báðar áætlanir innihéldu m.a. sölu á seinni helmingi eftirstandandi hlutar ríkissjóðs í Íslandsbanka á árinu 2025 en án hennar stæði skuldahlutfallið u.þ.b. í stað.

Á mynd 9.1 sést að heildarskuldir ríkissjóðs hækka í krónum talið á árinu 2025 á meðan skuldahlutfallið lækkar.

### Mynd 9.1

#### Heildarskuldir ríkissjóðs lækka í hlutfalli af VLF



Aukin umsvif lánasjóða sem fjallað er um í kafla 9.2 hafa í för með sér nokkrar breytingar á efnahag ríkissjóðs. Í fyrsta lagi eiga útistandandi lánveitingar ríkissjóðs eftir að vaxa hratt á komandi árum. Í öðru lagi kalla auknar lánveitingar á auknar lántökur hjá ríkissjóði að öðru óbreyttu.

Hrein staða ríkissjóðs hefur versnað samhliða hallarekstri undanfarinna ára. Í eftirfarandi töflu er hún samsett úr veittum lánnum og innstæðum og nettóstöðu á viðskiptareikningum ríkissjóðs að frádregnum skuldum. Hrein staða verður helst fyrir áhrifum frá annars vegar greiðsluafkomu ríkissjóðs og hins vegar fjárfestingahreyfingum en einnig verðbólgu og gengisbreytingum. Með hagvexti og eignasölu batnar hrein staða ríkissjóðs um 0,9% af VLF á árinu 2025 og verður neikvæð um 28,1% af VLF.


Mynd 9.2 sýnir helstu þætti sem hafa áhrif á skuldapróunina út frá skuldareglu árin 2024 og 2025. Framlag hagvaxtar og frumjafnaðar ríkissjóðs ásamt sölu á eignarhlut ríkisins í Íslandsbanka árið 2025 hefur áhrif til lækkunar skuldahlutfallsins en vaxtabyrði og aðrar hreyfingar hafa áhrif til hækkunar. Aðrar hreyfingar samanstanda helst af endurlánnum úr ríkissjóði, greiðslum til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og fleiri minni hreyfingum í sjóðstreymi sem

ekki hafa áhrif á rekstur. Á árinu 2024 hafa framlög ríkissjóðs til félagsins Þórkötlum vegna kaupna á íbúðarhúsnæði í Grindavík, að frádregnu 15 ma.kr. framlagi frá Náttúruhamfara-tryggingu Íslands, numið um 30 ma.kr. Það nemur tæplega helmingnum af afgangslíðnum í töflunni, eða u.þ.b. 0,7% af VLF.

### Mynd 9.2

#### Lækkun skuldahlutfalls árið 2025 næst ekki án sölu eigna

Framlag liða til breytinga í skuldahlutfalli ríkissjóðs milli ára, í prósentustigum af VLF



Nauðsynlegt er að halda áfram að bæta undirliggjandi afkomu ríkissjóðs á næstu árum og tryggja áframhaldandi lækkun skuldahlutfalls hins opinbera. Athygli vekur hvað vaxtabyrði vegur þungt. Á meðan svo er þurfa aðrir liðir að bæta það upp ef skuldahlutfallið á áfram að lækka. Af þessu má ráða, eins og nefnt var fyrr í þessum kafla, að það er til mikils að vinna að ná niður vaxtabyrði ríkissjóðs.

**Lánshæfi ríkissjóðs.** Lánshæfismat ríkissjóðs til lengri tíma hefur haldist óbreytt í A-flokki hjá matsfyrirtækjunum tveimur, Moody's og Fitch Ratings, en hækkaði í A+ hjá Standard & Poor's í nóvember 2023. Horfur eru jákvæðar hjá Moody's en stöðugar hjá hinum tveimur. Gott lánshæfi leiðir að öðru óbreyttu til betri kjara fyrir ríkissjóð og aðra innlenda aðila á erlendum fjármagnsmörkuðum.



**Tafla 9.2 Skuldir, kröfur og hrein staða ríkissjóðs.**

Stöðutölur í m.kr. á verðlagi í lok hvers árs	2022	2023	Áætlun 2024	Frumvarp 2025
<b>Skuldir ríkissjóðs</b> .....	<b>1.591.667</b>	<b>1.659.780</b>	<b>1.848.640</b>	<b>1.906.809</b>
Ríkisbréf, ríkisvixlar og spariskirteini .....	1.003.188	1.092.911	1.190.299	1.259.339
Aðrir innlendir aðilar .....	250.493	266.615	270.679	267.162
Erlend lán .....	314.508	265.806	341.366	334.821
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	23.478	34.449	46.296	45.487
<b>Kröfur ríkissjóðs</b> .....	<b>179.887</b>	<b>181.526</b>	<b>188.300</b>	<b>207.259</b>
Veitt lán .....	88.210	101.707	125.533	153.673
Viðskiptareikningur, nettó .....	91.676	79.819	62.766	53.586
<b>Hreinar lántökur ríkissjóðs</b> .....	<b>1.411.780</b>	<b>1.478.255</b>	<b>1.660.341</b>	<b>1.699.550</b>
Handbært fé vegna gjaldeyrisvaraforða .....	228.105	196.703	274.615	274.600
Handbært fé, annað, nettó .....	83.000	81.732	60.000	50.000
<b>Hrein staða ríkissjóðs</b> .....	<b>-1.100.675</b>	<b>-1.199.820</b>	<b>-1.325.726</b>	<b>-1.374.950</b>
Hlutafé, eignarhlutir, stofnfé og stöðugleikaframlíki .....	777.311	779.223	761.029	710.835
<b>Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna</b> .....	<b>-323.364</b>	<b>-420.597</b>	<b>-564.697</b>	<b>-664.115</b>
<b>Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu</b> .....	<b>1.257.084</b>	<b>1.346.896</b>	<b>1.467.729</b>	<b>1.536.722</b>
<i>Í hlutfalli af VLF (%)</i>				
<b>Skuldir ríkissjóðs</b> .....	<b>41,0</b>	<b>38,8</b>	<b>40,4</b>	<b>39,0</b>
<b>Kröfur ríkissjóðs</b> .....	<b>4,6</b>	<b>4,2</b>	<b>4,1</b>	<b>4,2</b>
<b>Hrein staða ríkissjóðs að teknu tilliti til eigna</b> .....	<b>-8,3</b>	<b>-9,8</b>	<b>-12,3</b>	<b>-13,6</b>
<b>Skuldir ríkissjóðs m.v. skuldareglu</b> .....	<b>32,4</b>	<b>31,5</b>	<b>32,1</b>	<b>31,4</b>

**9.5 Lántökur ríkisfyrirtækja og sjóða ríkisábyrgðir**

Í 5. gr. frumvarpsins er sett hámark á lánveitingaheimildir ríkissjóðs til A2-hluta aðila vegna útlána þeirra og A3-hluta aðila vegna fjárfestingaverkefna sem kveðið er á um í sérlögum. Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2025 er það 45,5 ma.kr., auk 55 ma.kr. fyrir Landsvirkjun.

Ekki er gert ráð fyrir veitingu nýrra ríkisábyrgða til fyrirtækja og sjóða í eigu ríkisins en endurlán koma í þeirra stað. Hér á eftir eru settar fram þær lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 5. gr. Nánari greinargerð um fjárreiður annarra ríkisaðila er í kafla 6 *Fjárreiður ríkisaðila í A2- og A3-hluta*.

**Tafla 9.3 Lántökuheimildir sem lagt er til að verði veittar skv. 5. gr**

Láveitingar ríkissjóðs, ma. kr.	2024 Heimild	2024 Horfur	2025 Heimild
Betri samgöngur .....	7,0	0,0	7,0
Byggðastofnun .....	3,0	3,0	5,0
Fasteignir Háskóla Íslands ehf. ....	2,0	0,0	2,0
Fjárföng ehf. ....	1,5	0,0	0,0
Ríkiseignir .....	0,0	0,0	1,5
Húsnæðissjóður .....	20,0	20,0	20,0
Menntasjóður námsmanna .....	10,0	0,0	10,0
<b>Lánveitingar, samtals</b> .....	<b>43,5</b>	<b>23,0</b>	<b>45,5</b>

## 10 Heimildir ráðherra

Í 40. gr. stjórnarskrár Íslands, nr. 33/1944, segir að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum ríkisins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Enn fremur segir í 46. gr. laga nr. 123/2015, um opinber fjármál, að afla skuli heimilda í lögum til að kaupa, selja, skipta eða leigja til langs tíma fasteignir, skip og loftför, söfn og safnhluta sem hafa að geyma menningarverðmæti, eignarhluti ríkisins í félögum og aðrar eignir sem verðgildi hafa. Lagaheimildir til þessara ráðstafana eru venju samkvæmt veittar í 6. gr. fjárlaga að undangengnu samráði við ríkisaðila sem bera ábyrgð á þeim málaflokkum sem um ræðir.

Heimildum fjármála- og efnahagsráðherra er skipt í sjö flokka og eru þær alls 147 talsins. Heimildirnar skiptast þannig að tvær heimildir eru til eftirgjafar gjalda, 36 til sölu fasteigna, 35 til ráðstöfunar lóða, spildna og jarða, 24 til kaupa og leigu fasteigna, 17 til kaupa og sölu hlutabréfa og annarra ráðstafana vegna umsýslu félaga, fjórar til sammingsgerðar um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni og ýmsar heimildir eru 29 talsins. Í frumvarpinu er lagt til að fjárheimild vegna útgjalda sem kunna að falla til vegna heimildargreinarinnar nemi 308,5 m.kr. Ástæða er til að benda á að áætlað heildarumfang greinarinnar næmi hins vegar mun hærri fjárhæð væri ákveðið að nýta allar heimildir til fulls.

Í fyrsta flokki er heimild fjármála- og efnahagsráðherra til að fella niður virðisaukaskatt af efniskostnaði og sérfræðiþjónustu sem keypt er fyrir styrktarfé vegna rannsóknar Hjarta-verndar á heilbrigði öldrunar. Í þessum flokki er einnig að finna heimild til að endurgreiða virðisaukaskatt af sérhæfðum íþróttabúnaði fyrir fatlaða íþróttamenn. Gerð er lítilleg breyting á seinni heimildinni og bætt við því skilyrði að staðfesting þurfi að liggja fyrir frá Sjúkratryggingum Íslands að sérstakur styrkur hafi ekki verið veittur vegna kaupa á íþróttabúnaðinum en sá styrkur getur verið jafnhár heildarverðmæti tiltekins tækis með virðisaukaskatti.

Í öðrum flokki eru heimildir til sölu fasteigna. Flestar heimildirnar í þessum flokki eru til sölu á húsnæði sem er óhentugt eða nýtist ekki lengur í ríkisrekstrinum. Almennar heimildir eru í 2.1–2.4 sem ætlað er að veita svigrúm til að endurskipuleggja húsnæðismál stofnana og annarra ríkisaðila í tengslum við skipulagsbreytingar sem eiga sér stað í viðkomandi málaflokkum. Aðrar heimildir eru til sölu á einstökum eignum, einkum á höfuðborgarsvæðinu sem endurnýjaðar eru frá fyrra ári. Gerð er breyting á heimild í 2.16 sem varðar Kópavogsbraut 1c en sú eign hefur verið nýtt undir starfsemi hjúkrunarheimilisins Sunnuhlíðar. Til viðbótar við söluheimildina er lagt til að heimilt verði að færa fasteignina til Vigdísarholts í formi hlutfjár en félagið er alfarið í eigu ríkissjóðs. Vigdísarholt áformar að ráðast í talsverðar endurbætur á eigninni til að það uppfylli nútímaviðmið. Þar sem framkvæmdirnar verða á vegum félagsins og eignfærðar í bókum þess er til skoðunar að færa eignarhaldið til félagsins eða dótturfélags á vegum þess til einföldunar á rekstrarfyrirkomulagi. Heimild 2.36 er einnig ný og varðar sölu á fyrrum meðferðarheimili við Lækjarbakka á Geldingalæk sem ekki er lengur í nýtingu.

Þriðji flokkurinn felur í sér heimildir til ráðstöfunar lóða, spildna og jarða. Heimildirnar eru margar óbreyttar frá fyrra ári og flestar til komnar vegna almennrar umsýslu ríkisjarða. Heimild 3.11 er endurnýjuð frá fyrra ári sem aflað var í tengslum við forkaupsréttarákvæði ríkisins sem er að finna í lögum um náttúruvernd og menningarminjar. Heimild 3.30 er ný og varðar heimild til að ráðstafa landi ríkisjarðarinnar Skriðufells í Þjórsárdal. Fyrirhuguð er talsverð uppbygging á svæðinu sem er ætluð ferðaþjónustu en heimilt er samkvæmt skipulagi sveitarfélagsins að byggja þjónustumiðstöð, tjaldsvæði og gístaðstöðu á landi ríkisins við Selhöfða. Sveitarfélagið stóð fyrir auglýsingu á uppbyggingu á innviðum svæðisins sem nær bæði til landsvæðis innan þjóðlendu og ríkisjarðarinnar Skriðufells. Til að hægt sé að ganga til samninga um ráðstöfun á landi í eigu ríkisins við Skriðufell þarf að afla heimildar til slíkrar sammingsgerðar í 6.

gr. fjárlaga og fylgja því ferli sem kveðið er á um í lögum nr. 100/2021 um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni. Heimild 3.31 er ný og varðar heimild til að ráðstafa landi Mógilsár með sérleyfis- eða rekstrarleyfissamningum vegna áforma um uppbyggingu á þjónustumiðstöð og svifferju í Esjuhlíðum. Á vegum FSRE er til skoðunar hvort áhugi sé meðal markaðsaðila á að ráðast í uppbyggingu við Mógilsá við Esjuhlíðar fyrir ferðaþjónustu og göngufólk. Unnið er að forathugun þar sem möguleikar svæðisins eru betur greindir og valkostir metnir í samræmi við lög nr. 100/2021 um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni. Heimild 3.32 er ný og varðar heimild til að selja ríkisjarðirnar Öundurhorn og Gíslakot. Ríkið eignaðist þessar tvær jarðir í kjölfar eldgossins undir Eyjafjöllum árið 2010. Í gildi er skammtímaleigusamningur um jarðirnar. Ekki er talið að sérstakir almannahagsmunir kalli á að land jarðanna þurfi að vera í eigu ríkisins og af þeim sökum er lagt til að sölumöguleikar á jörðunum verði skoðaðir. Heimild 3.33 er einnig ný og varðar ráðstöfun á landi Ólafsdals í Gilsfirði. Minjavernd stendur fyrir umtalsverðri uppbyggingu og endurgerð menningarminja í Ólafsdal þar sem fyrsti bændaskólinn á Íslandi var upphaflega rekinn. Árið 2015 var þáverandi byggingum og 57,5 hektara landi afsalað til Minjaverndar. Frá þeim tíma hefur Minjavernd staðið að framkvæmdum á svæðinu fyrir um 700 m.kr. en áætlaður heildarkostnaður er um 1.250 m.kr. Til skoðunar er að ganga til samninga við Minjavernd um ráðstöfun á stærra landi undir verkefnið eða um 40 hektara til viðbótar sem liggja við Gilsfjörð til að auka aðdráttarafl fyrir starfsemi á svæðinu. Til greina kemur einnig að Minjavernd og Stórð ehf. komi á fót félagi sem yrði í sameiginlegri eigu þeirra til að halda utan um uppbyggingu og eignarhald á eignum í Ólafsdal.

Í fjórða flokki eru heimildir til að kaupa og leigja fasteignir. Flestar þeirra eru óbreyttar frá fyrra ári og skýra sig að mestu sjálfar. Gerð er breyting á heimild 4.7 frá fyrra ári þannig að hún nái einnig til leigu á húsnæði undir meðferðarheimili en ekki eingöngu þjónustustofnanir fatlaðra. Heimild 4.23 er ný þar sem lagt er til að afla nýrrar aðstöðu fyrir Rannsóknarnefnd samgönguslysa. Núverandi starfsemi er á fjórum stöðum og talið er hægt að ná fram hagræði í starfseminni með því að koma henni fyrir á einum stað. Einnig er lagt til að heimild verði veitt til að ráðast í möguleg kaup á hesthúsi í Hjaltadal sem Háskólinn á Hólum hefur leigt undanfarin ár undir hestafræðideild skólans. Húsið hefur fyrst og fremst verið nýtt undir nemendahesta og hesta í eigu skólans.

Í fimmta flokki er fjallað um heimildir til að kaupa og selja hlutabréf og aðrar sambærilegar ráðstafanir. Nær allar heimildir í þessum flokki eru endurnýjaðar frá fyrra ári. Heimild 5.17 er ný þar sem lagt er til að heimild sé veitt til að koma á fót félagi í samstarfi við sveitarfélög um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir liggur samkomulag milli ríkisins og sveitarfélaga um fyrirkomulag á rekstri almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu þar sem miðað er við að ríkissjóður taki þátt í stofnun sérstaks félags sem fær það hlutverk að annast þróun, skipulag og rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að félagið verði í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga og ríkissjóður fari þar með þriðjungshlut en einnig kemur til greina að einingunni verði komið fyrir hjá Betri samgöngum ohf.

Í sjötta flokki eru heimildir vegna samninga um framkvæmdir, rekstur og afmörkuð verkefni á vegum ríkisins. Allar heimildir eru endurnýjaðar frá fyrra ári og eru til komnar sökum þess að talið er að fimm ára samningstími, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, sé of skammur þegar kemur að kaupum á þessari tilteknu þjónustu. Í samræmi við 2. mgr. 40. gr. laganna þarf heimild þingsins til að semja megi til lengri tíma en fimm ára enda eigi þau skilyrði við sem þar koma fram.

Í sjöunda flokki eru ýmsar heimildir sem nær allar eru óbreyttar frá fyrra ári. Heimild 7.26 er ný og mælir fyrir um heimild til úthlutunar á losunarheimildum gróðurhúsalofttegunda í viðskiptakerfi ESB sem tilheyrir íslenska ríkinu til flugrekenda og byggir á því fyrirkomulagi

sem mælt er fyrir um í lögum nr. 96/2023. Þá er heimild 7.28 einnig ný og varðar stofnun sérstaks sjóðs um verk Jóns Leifs tónskálds og ráðstöfun eigna og réttinda úr dánarbúi sonar hans til slíks sjóðs sem annars myndu renna til ríkissjóðs.

## 11 Fjárhagsáhætta ríkissjóðs

Helstu fjárhagsáhættur ríkissjóðs á hverjum tíma eiga rætur að rekja til beinna og óbeinna skuldbindinga auk ytri áhættu- og óvissuþátta. Ef fjárhagsáhætta raungerist getur það haft umtalsverð áhrif á afkomu ríkissjóðs til skemmri og lengri tíma. Heimsfaraldur kórónuveirunnar og jarðhræringar á Reykjanesi eru dæmi um ytri óvissuþætti sem valdið hafa skyndilegum og ófyrirséðum neikvæðum áhrifum á fjárhag ríkisins, bæði vegna tekjutaps og útgjaldaaukningar sem kallað hefur á aukna lántöku. Í þessum kafla er fjallað í stuttu máli um helstu áhættuþætti sem ríkissjóður stendur frammi fyrir á árinu 2025. Í kafla 2 er tæpt á helstu efnahagslegu áskorunum sem ríkissjóður getur staðið frammi fyrir. Ítarlegri umfjöllun um fjárhagsáhættu ríkissjóðs er að finna í fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029.

Hækkun vaxta, í kjölfar mikillar verðbólgu sl. þriggja ára, felur í sér að nýjar, og einnig endurfjármagnaðar eldri, skuldir leiða til aukinnar vaxtabyrði í framtíðinni. Þjóðhagsspá gerir þó ráð fyrir lækkandi vöxtum og verðbólgu sem hefur að óbreyttu jákvæð áhrif á fjárhagsáhættu ríkissjóðs í þessum efnunum. Áfram verður markvisst unnið að því að lágmarka þessa áhættu, m.a. með því að lengja endurgreiðsluferil skulda og jafna hann eins og kostur er, ásamt því að treysta áframhaldandi aðgengi að innlendum og erlendum lánamörkuðum.

Helstu óbeinu skuldbindingar ríkissjóðs felast í veittum ríkisábyrgðum sem hafa farið lækkandi á síðustu árum í samræmi við stefnu í málaflokknum. Staða ríkisábyrgða um mitt árið 2024 var rúmir 800 ma.kr. eða 17,5% af VLF en á árinu 2014 voru þær 75% af VLF. Ríkisábyrgð vegna skulda ÍL-sjóðs er langstærsti hluti veittra ábyrgða, eða 88%. Næst á eftir koma ábyrgðir vegna skulda LÍN, 7%, og Landsvirkjunar, 3%. Breytt flokkun opinberra lána-sjóða og fyrirtækja skv. hagskýrslustöðlum leiðir til þess að flestir þessara aðila eru nú hluti af samstæðu A-hluta ríkissjóðs og skuldir þeirra eru þá taldar með skuldum ríkissjóðs. Í þeim samanburði væri rétt að leiðrétta framsetningu ríkisábyrgða á móti.

Viðvarandi tap er á rekstri ÍL-sjóðs og ljóst að kostnaður ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar verður umtalsverður en upplausnarvirði sjóðsins um síðustu áramót var metið neikvætt um 128 ma.kr. Um nokkurt skeið hefur verið stefnt að úrvinnslu sjóðsins með það að markmiði að loka honum. Hefur helst verið horft til þess að ná því fram með samkomulagi við kröfuhafa, sem einkum eru lífeyrissjóðir. Fyrr á árinu var greint frá því að formlegar viðræður væru hafnar við stóran hluta kröfuhafa.

Lánveitingum ríkissjóðs, hvort sem er í nafni lánasjóða eða ríkissjóðs beint, fylgir margvísleg áhætta. Ölfusárbrú er dæmi um framkvæmd, þar sem gert er ráð fyrir að gjaldtaka fyrir akstur um brúna standi undir kostnaði við fjármögnun, framkvæmd og rekstur verkefnisins. Slíkum verkefnum getur eðli málsins samkvæmt fylgt óvissa um ýmsar lykilforsendur sem geta valdið fjárhagsáhættu fyrir ríkið ef það tekst á hendur skuldbindingar vegna verkefnisins.

Aðrar rekstraráhættur geta verið verulegar og ber þar hæst um þessar mundir fjármögnun útgjalda vegna jarðhræringa við Grindavík, en ítarlega er fjallað um þá fjármögnun í fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029.

Ríkissjóður á enn 42,5% hlut í Íslandsbanka. Í júní sl. samþykkti Alþingi lög nr. 80/2024 um sölu á eftirstæðum hluta ríkissjóðs í Íslandsbanka. Löggin mæla fyrir um að hluturinn skuli seldur í markaðssettu útboði, bæði til almennings og fagfjárfesta. Gert er ráð fyrir að um helmingur hlutarins verði seldur á haustmánuðum 2024 og restin á næsta ári. Gangi þau áform ekki eftir þarf ríkissjóður að reiða sig á aðrar fjármögnunarleiðir til að mæta átælaðri fjárförf. Ríkissjóður á jafnframt 98,2% hlutafjár í Landsbankanum. Eignarhlutum í fjármálafyrirtækjum

fylgir áhætta. Áföll á fjármálamarkaði eða breytt landslag vegna annarra ytri þátta geta rýrt verðmæti eignarhlutanna. Þá ber einnig að líta til þess að lagaumgjörð og eftirlit með fjármála-kerfinu hefur tekið miklum breytingum undanfarin 15 ár. Kröfur um magn og gæði eigin fjár og stjórnarhætti í fjármálafyrirtækjum eru nú gerbreyttar og miða að því að áhættan af rekstri þeirra verði í meira mæli borin af eignum fyrirtækjanna. Með lögum um endurreisn og skilameðferð fjármálafyrirtækja er enn dregið úr líkum á því að áföll í rekstri þeirra og kostnaður sem af þeim hljótask lendi á almenningi og ríkissjóði, umfram það sem leiðir beinlínis af eignarhlutum hans í fjármálafyrirtækjum. Raungerist þó slík áföll, sem krefjast aðkomu ríkissjóðs, er forsenda fyrir viðnámsþrótti ríkisfjármála, og þar með hagkerfisins í heild, að ríkissjóður sé ekki eigandi eignanna sem verða fyrir skakkaföllum.

Stærsta beina skuldbinding ríkissjóðs lýtur að ófjármögnum lífeyrisskuldbindingum vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Áhætta ríkissjóðs af þeim árið 2025 snýr eins og áður að launahækkunum opinberra starfsmanna. Ávöxtun eigna, lífslíkur sjóðfélaga og foringreiðslur eru breytur sem hafa mikil áhrif á eignir og skuldbindingar B-deildar og þar með á heildarskuldbindingu ríkissjóðs. Samtals námu ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar A1-hluta ríkissjóðs 929 ma.kr. í árslok 2023 en voru 870 ma.kr. árið áður. Hækkunin kom bæði til vegna launahækkana og raunávöxtunar undir meðallagi. Þó er gert ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs vegna B-deildarinnar nái hámarki um þessar mundir, hvort sem litið er á raungildi eða nafnvirði þeirra, og að áhætta vegna hennar fari smám saman minnkandi.

Áhætta ríkissjóðs vegna Seðlabanka Íslands snýr að áhrifum af afkomu bankans á efnahagsreikning ríkisins. Bankinn hefur heimild skv. lögum til að innkalla allt að 75 ma.kr. á verðlagi 1. janúar 2024 frá ríkissjóði til þess að styrkja eiginfjárstöðu sína. Í ársskýrslu bankans fyrir 2023 kom fram að sviðsmyndagreining næstu ára gæfi ekki tilefni til að endurskoða eiginfjármarkmið sem ákveðið var 150 ma.kr. Eiginfjármarkmið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu sem hann stendur frammi fyrir á hverjum tíma. Eigið fé bankans hefur farið minnkandi síðustu ár vegna versnandi rekstrarafkomu, einkum vegna taps af því að viðhalda miklum gjaldeyrisforða, og nam 101 ma.kr. í lok árs 2023.

## 12 Yfirlit yfir lagabreytingar

### Lagabreytingar vegna tekjuhliðar fjárlagafrumvarpsins:

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lagt verður til að tímabundnar útreikningsreglur og viðmiðunarfjárhæðir vaxtabóta verði framlengdar óbreyttar um eitt ár.

**Lög nr. 90/2003, um tekjuskatt.** Lögð verður til hækkun á fjárhæðum og skerðingarmörkum barnabóta.

**Lög nr. 129/2009, um umhverfis- og auðlindaskatta.** Lagt verður til að fjárhæðir kolefnisgjalds verði hækkaðar til samræmis við forsendur frumvarps til laga um kílómetragjald vegna notkunar ökutækja.

**Lög nr. 39/1988, um bifreiðagjald.** Lagt verður til að bifreiðagjald hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2025.

**Lög nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki.** Lagt verður til að áfengis- og tóbaksgjald hækki um 2,5% í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2025.

**Lög nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu.** Lögð verður til 2,5% hækkun á sérstöku gjaldi til Ríkisútvarpsins í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2025.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.** Lögð verður til 2,5% hækkun á gjaldi í Framkvæmdasjóð aldraðra í samræmi við forsendur fjárlagafrumvarps fyrir árið 2025.

**Lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald.** Lögð verður til breyting á fjárhæðum úrvinnslugjalda í samræmi við tillögu stjórnar Úrvinnslusjóðs.

**Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald.** Lögð er til framlenging á afnámi tekna hjá starfsendurhæfingarsjóðum, sem starfræktir eru á grundvelli laga um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða, af almennu tryggingagjaldi.

**Lög nr. 145/2018, um veiðigjald.** Lagt verður til að hækka veiðigjald á uppsjávarfisktegundir úr 33% í 45%, á móti er fellt niður álag á uppsjávarfisktegundir. Einnig verður lagt til að fella niður heimild laganna um að veiðigjald sé rekstrarkostnaður sem draga megi frá tekjuskattsstofni samkvæmt ákvæðum tekjuskattslaga.

**Lög nr. 55/1992, um Náttúruhamfaratryggingu Íslands.** Lögð verður til tímabundin breyting á heimild Náttúruhamfaratryggingar Íslands til innheimtu herra álags á iðgjöld sem renna til stofnunarinnar.

**Lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.** Lögð verður til hækkun skilagjalds á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni.

**Lög nr. 96/2023, um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.** Lagt verður til að fjárhæð losunargjalds vegna gjaldskyldrar losunar sem á sér stað árið 2025 skv. 4. mgr. 20. gr. verði breytt til samræmis við breytingar á meðalverði losunarheimilda á Evrópska efnahagssvæðinu eins og það er á árstímabili sem lýkur 31. júlí árið áður.

### **Lagabreytingar vegna gjaldahliðar fjárlagafrumvarpsins:**

**Lög nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl.** Lagt verður til að festa fjárhæð sóknargjalda við 1.133 kr. á einstakling á mánuði.

**Lög nr. 113/1990, um tryggingagjald.** Lögð verður til lækkun á framlagi ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

**Lög nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.** Lögð verður til breyting í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2025. Þá verður lögð til breyting sem undanþiggur lífeyrissjóði, sem njóta bakabyrgðar ríkis og sveitarfélaga, ákvæði um gjaldmiðlaáhættu.

**Lög nr. 166/2011, um greiðslu kostnaðar við rekstur umboðsmanns skuldara.** Lögð verður til breyting á hlutfalli af álagningarstofni sem gjaldskyldir aðilar skulu greiða miðað við áætlaðan rekstrarkostnað stofnunarinnar fyrir árið 2025 með hliðsjón af áætlaðri stöðu í árslok 2024.

**Lög nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald.** Lögð verður til breyting á eftirlitsgjaldi í samræmi við áætlanir Seðlabanka Íslands um rekstrarkostnað við fjármálaeftirlit og skilavald á árinu 2025.

**Lög nr. 60/2012, um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.** Lögð verður til framlenging á bráðabirgðaákvæðum þar sem kveðið er annars vegar á um að starfsendurhæfingarsjóðir fái ekki tekjur af almennu tryggingagjaldi á árinu 2025 og hins vegar að atvinnurekendur, þeir sem stunda sjálfstæða starfsemi og lífeyrissjóðir greiði áfram sama hlutfall af stofni til iðgjalds á árinu 2025, eða 0,10%.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.** Lögð er til framlenging á ákvæði til bráðabirgða um samburð á útreikningi kostnaðarþátttöku íbúa á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

**Lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra.** Lögð verður til framlenging á því að Framkvæmdasjóði aldraðra sé heimilt að verja fé til að standa straum af rekstrarkostnaði hjúkrunarrýma fyrir aldraða.

**Lög nr. 40/2007, um heilbrigðisþjónustu.** Lögð verður til breyting á ákvæði um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga við byggingu hjúkrunarheimila þar sem sveitarfélög verða undanþegin þátttöku í stofnkostnaði þeirra. Breytingin er háð því að samkomulag náist um tilfærslu annarra verkefna frá ríki til sveitarfélaga eða breytingu á tekjustofni þeirra.



**Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð.** Lögð verður til breyting á ákvæði til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2025.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar.** Lögð verður til breyting á 3. tölul. ákvæðis til bráðabirgða í því skyni að koma í veg fyrir víxlverkanir örorkubóta almannatrygginga og örorkulífeyris lífeyrissjóða fyrir árið 2025.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar.** Lögð verður til framlenging á 1. tölul. bráðabirgðaákvæðis um frítekjumark örorkulífeyrisþega vegna atvinnutekna.

**Lög nr. 100/2007, um almannatryggingar.** Lögð verður til breyting á almennu frítekjumarki ellilífeyrisþega og það hækkað úr 300 þúsund kr. á ári í 438 þúsund kr. á ári samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar.

**Lög nr. 51/1995 um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.** Lagt verður til brottfall laga um greiðslur Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks sem tryggir fiskvinnslufólki sömu réttindi innan atvinnuleysistryggingakerfisins og aðrir þátttakendur á vinnumarkaði sem eru tímabundið án atvinnu.

**Lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar.** Lögð verður til breyting á um lögum um atvinnuleysistryggingar sem tryggir fiskvinnslufólki sömu réttindi innan atvinnuleysistryggingakerfisins og aðrir þátttakendur á vinnumarkaði sem eru tímabundið án atvinnu.

**Lög nr. 49/1997, um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.** Lögð verður til framlenging um eitt ár á II. bráðabirgðaákvæði sem kveður á um heimild til að nota fé ofanflóðasjóðs til að taka þátt í greiðslu kostnaðar við hættumat vegna eldgosa, vatnsflóða og sjávarflóða.

## Greinargerð ráðuneyta um málefнасvið og málaflokka

Hér á eftir fer umfjöllun um stefnumið, áform og aðgerðir næsta fjárlagaárs fyrir þau 35 málefнасvið og 105 málaflokka sem frumvarpið tekur til. Í umfjölluninni er gerð grein fyrir ábyrgð á einstökum sviðum, fjárhagslegri þróun á málefнасviði og einstökum málaflokkum á tímabilinu 2023–2025, sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðs eftir helstu tilefnum og helstu tillögum um breytingar á fjárheimildum málaflokka frá gildandi fjárlögum.

Greinargerðin felur í sér nánari útfærslu á þeirri stefnumörkun sem samþykkt var með ályktun Alþingis 22. júní sl. um fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029. Einnig er tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á útgjöldum málefнасviða við undirbúning fjárlagafrumvarpsins, s.s. af völdum breyttra reikniforsendna og ákvarðana ríkisstjórnarinnar um tiltekin málefni. Í fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029 var fjallað um þróun innan einstakra málefнасviða og málaflokka til næstu fimm ára ásamt helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu. Í þeirri greinargerð sem hér fer á eftir er einungis gerð grein fyrir þeim verkefnum og aðgerðum sem taka til næsta fjárlagaárs og sundurliðun fjárheimilda eins og hún birtist í frumvarpinu.

Varðandi umfjöllun um fjárhagslega þróun málefнасviða og málaflokka er vakin athygli á því að:

- í reikningstölum fyrir árið 2023 hafa afskriftir ársins, þar sem við á, verið dregnar frá í útgjöldum stofnana og verkefna en fjárfestingum ársins, sem færðar eru um efnahagsreikning, hefur verið bætt við. Með þessu fæst skýrari samanburður við fjárveitingar til stofnana og verkefna í fjárlögum þar sem framsetningin er með þessum sama hætti.
- sýnd er sundurliðun á fjárhagslegri þróun málefнасviðsins eftir málaflokkum og viðkomandi ráðuneytum sem bera ábyrgð á starfsemi málefнасviðsins.
- sýnd er sundurliðun á breytingum á útgjaldarömmum málefнасviða frá gildandi fjárlögum eftir fimm mismunandi tilefnum:
  - Í fyrsta lagi er um að ræða **bundin útgjöld** sem fela í sér breytingar á fyrirliggjandi útgjaldaskuldbindingum, s.s. útgjöld vegna hagrænna eða kerfislæggra breytinga eða breytinga sem bundnar eru í lögum, samningum eða með ákvörðunum ríkisstjórnarinnar.
  - Í öðru lagi eru **niðurfelldar fjárheimildir** tímabundinna verkefna.
  - Í þriðja lagi eru þær **aðhaldsráðstafanir** sem gerðar eru á málefнасviðinu. Rétt er að vekja athygli á því að þær ráðstafanir endurspeglu þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins og getur sú niðurstaða eftir atvikum verið frábrugðin þeim viðmiðum sem gengið var út frá við setningu útgjaldaramma málefнасviðsins í fjármálaáætlun fyrir árin 2025–2029, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.
  - Í fjórða lagi er **útgjaldasvigrúm** sem ráðstafað er til nýrra og aukinna verkefna.
  - Loks eru í fimmta lagi settar fram **launa-, verðlags- og gengisbreytingar** í útgjaldarömmum málefнасviðanna. Nánar er fjallað um forsendur þeirra breytinga í kafla 5.5 í frumvarpinu.

- sýnd er sundurliðun á fjárheimildum málefнасviðsins í heild sinni eftir hagrænni skiptingu auk fjármögnunar útgjaldanna:
  - Í fyrsta lagi er um að ræða **rekstrarframlög**, einkum beinan rekstur ríkisins og stofnana þess og aðkeypta þjónustu frá sjálfseignarstofnunum og einkaaðilum.
  - Í öðru og þriðja lagi eru **tilfærslur fjár úr ríkissjóði** til einstaklinga, fyrirtækja og félagasamtaka, en um er að ræða styrk eða framlag sem innt er af hendi án skuldbindingar um beint endurgjald frá móttakanda. Þessar tilfærslur skiptast annars vegar í **rekstrartilfærslur** og hins vegar **fjármagnstilfærslur** sem veittar eru til fjárfestinga.
  - Í fjórða og síðasta lagi er fjallað um **fjárfestingarframlög** en vakin er athygli á því að í uppgjöri ríkisfjármála samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum eru þau framlög ekki gjaldfærð í rekstrarreikningi heldur eignfærð í efnahagsreikningi.
- loks er í greinargerð hvers málaflokks fyrir sig gerð grein fyrir heildarfjárheimild málaflokksins fyrir komandi fjárlagaár, auk þess sem fjallað er um helstu breytingar á fjárheimildum frá gildandi fjárlögum.
- í fylgiriti fjárlaga má finna hagræna skiptingu fjárheimilda eftir málaflokkum og viðföngum.

Með ítarlegri kynningu á stefnum fyrir málefнасvið í árlegri fjármálaáætlun er leitast við að tryggja að Alþingi búi yfir sem greinarbestum upplýsingum um meginlinur og áherslur þegar það fjallar um áætlun sem er stefnumarkandi fyrir ríkisstarfsemina í heild sinni til meðalangs tíma.

Þegar kemur að umfjöllun þingsins um fjárlagafrumvarp til eins árs er rökrétt að leggja áherslu á að veita þinginu nánari upplýsingar og skýringar er varða útfærslu og breytingar á fjárheimildum málaflokka á því fjárlagaári sem frumvarpið tekur til. Með þessu móti er stuðlað að því að umfjöllun og ákvarðanatataka um starfsemi og verkefni á einstökum málefнасviðum og málaflokkum við setningu fjárlaga til eins árs í senn sé sett í skýrara samhengi við stefnumið fjármálaáætlunar til næstu fimm ára. Sem dæmi um þetta eru markmið málaflokka birt í töflu með yfirliti yfir helstu verkefni á árinu 2025 til að sýna hvernig vinna á að framgangi markmiðanna.

Viðauki

**Greinargerð ráðuneyta um málefnasvið og málaflokka****Efnisyfirlit**

1. Alþingi og eftirlitsstofnanir þess .....	180
2. Dómstólar .....	184
3. Æðsta stjórnýsla .....	187
4. Utanríkismál .....	190
5. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	197
6. Hagskýrslugerð og grunnskrár .....	205
7. Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar .....	209
8. Sveitarfélög og byggðamál .....	214
9. Almanna- og réttaröryggi .....	218
10. Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla dómsmála .....	225
11. Samgöngu- og fjarskiptamál .....	232
12. Landbúnaður .....	238
13. Sjávarútvegur og fiskeldi .....	243
14. Ferðaþjónusta .....	247
15. Orkumál .....	250
16. Markaðseftirlit og neytendamál .....	254
17. Umhverfismál .....	257
18. Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál .....	267
19. Fjölmíðlun .....	275
20. Framhaldsskólastig .....	278
21. Háskólastig .....	283
22. Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála .....	288
23. Sjúkrahúsþjónusta .....	294
24. Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa .....	300
25. Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta .....	306
26. Lyf og lækningavörur .....	310
27. Örorka og málefni fatlaðs fólks .....	314
28. Málefni aldraðra .....	320
29. Fjölskyldumál .....	324
30. Vinnumarkaður og atvinnuleysi .....	332
31. Húsnæðis- og skipulagsmál .....	336
32. Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála .....	341
33. Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar .....	347
34. Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir .....	351
35. Alþjóðleg þróunarsamvinna .....	354

## 01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð forseta Alþingis. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess</b>					
<b>01.10 Alþingi</b> .....	<b>7.645,5</b>	<b>5.502,2</b>	<b>5.235,8</b>	<b>-4,8</b>	<b>-31,5</b>
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	7.645,5	5.502,2	5.235,8	-4,8	-31,5
<b>01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis</b> .....	<b>1.266,0</b>	<b>1.269,6</b>	<b>1.640,6</b>	<b>29,2</b>	<b>29,6</b>
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	1.266,0	1.269,6	1.640,6	29,2	29,6
<b>Samtals</b> .....	<b>8.911,5</b>	<b>6.771,8</b>	<b>6.876,4</b>	<b>1,5</b>	<b>-22,8</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs *01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess* árið 2025 eru áætluð 6.876,4 m.kr. og lækka um 260,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 3,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 104,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 1,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á

móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>01 Alþingi og eftirlitsstofnanir þess</b>					
Rekstrarframlög .....	6.006,2	5.903,2	6.587,5	0,1	0,1
Rekstrartilfærslur .....	133,3	127,4	156,7	0,2	0,2
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	2.772,0	741,2	132,2	-0,8	-1,0
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>8.911,5</b>	<b>6.771,8</b>	<b>6.876,4</b>	<b>0,0</b>	<b>-0,2</b>
Rekstrartekjur .....	-	175,7	116,1	-0,3	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	6.596,1	6.760,3	0,0	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>6.771,8</b>	<b>6.876,4</b>	<b>0,0</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

#### 01.10 Alþingi

Starfsemi málaflokksins er í höndum forseta Alþingis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Bæta gæði og öryggi upplýsingakerfa á Alþingi		
Endurnýjun og bæting á kerfum sem tengjast störfum þingsins og útleiðing á eldri kerfum.	Skrifstofa Alþingis	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Bæta skýrleika og gegnsæi í lagasetningu með stafrænni þróun þingskjala		
Snjöll þingskjöl. Verkefnið felst í stafrænni þróun á þingskjölum og lagasafni. Verkefnið er unnið í samráði við Stjórnarráðið.	Skrifstofa Alþingis	Innan ramma

### Markmið 3: Aukin fræðsla og upplýsingar til almennings

Unnið er að því að auka fræðslustarf Alþingis, einkum meðal ungs fólks, enda mikilvægt að efla lýðræðisvitund fólks og fræða almenning um þá stofnun sem er grundvöllur íslensks lýðræðisskipulags. Meðal annars er stefnt á að auka stafræna fræðslu, efla Skólalþing og gera ungmennum á landsbyggðinni í auknum mæli kleift að taka þátt í því.

Skrifstofa Alþingis

Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 5.235,8 m.kr. og lækkar um 545,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 278,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar alls um 518 m.kr. vegna nýbyggingar Alþingis, Smiðju, en framkvæmdum er nú lokið.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 139 m.kr. vegna biðlauna o.fl. sem tengist kosningum til Alþingis.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 76,1 m.kr.

### 01.20 Eftirlitsstofnanir Alþingis

Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns Alþingis, ríkisendurskoðanda og Mannréttindastofnunar sem er ný stofnun sem tekur til starfa á þessu ári. Að auki starfar rannsóknarnefnd um snjóflóðið í Súðavík á árinu. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Að UA leysi úr kvörtunum innan hæfilegs tíma		
Þróa og fylgja eftir hugbúnaði til rafræna samskipta vegna erinda og gagna þeirra sem kvarta við stjórnvöld.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Að UA geti sinnt hæfilegum fjölda frumkvæðisathugana		
Aukin áhersla á frumkvæðis- og vettvangsathuganir sem er þó háð fjölgun starfsfólks.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma

**Markmið 3:** Að UA geti sinnt OPCAT-eftirliti

Miðað er við 4–6 athuganir og skýrslur á árinu.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
---	----------------------	-------------

**Markmið 4:** Að viðhaldið verði upplýsingagjöf um störf UA

Birta sem fyrst eftir lok máls í gagnagrunni reifun álita og bréfa.	Umboðsmaður Alþingis	Innan ramma
---	----------------------	-------------

**Markmið 5:** Skýrari ábyrgð í opinberri þjónustu

Kanna ráðstöfun fjárveitinga til allra málefnasviða og málaflokka, hafa eftirlit með ríkistekjum og endurskoða ríkisreikning á hverju ári.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
--	--------------------	-------------

Haga endurskoðun m.t.t. skilgreinds mats á mikilvægi og áhættu. Annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga með vísun til málefnasviða og málaflokka. Skila í skýrslum skýrum niðurstöðum um endurskoðun og ábendingar til úrbóta.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
---	--------------------	-------------

**Markmið 6:** Betri nýting fjármuna

Verkefnaval stjórnýsluúttekta taki mið af umfangi á fjárlögum. Úttektir verði stærri, skýrari í framsetningu og ályktunum er skili meiri árangri og séu áhrifameiri.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
--	--------------------	-------------

**Markmið 7:** Bætt stjórnýsla

Taka upp rafræna þjónustugátt vegna skila á gögnum frá stjórnmalasamtökum og frambjóðendum, sjóðum, sjálfseignarstofnunum og kirkjugörðum. Stuðla að því að ríkisaðilar leggi áherslu á að veita viðskiptavinum sínum rafræna þjónustu. Jafnframt skal sinna almennu leiðbeiningarstarfi á þessu sviði.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
---	--------------------	-------------

**Markmið 8:** Staðfestur áreiðanleiki ríkisreiknings

Heimsækja ríkisaðila og innheimtumenn til að kanna tekjuskráningu og innheimtu.	Ríkisendurskoðandi	Innan ramma
---	--------------------	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 1.640,6 m.kr. og hækkar um 285 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 86 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Mannréttindastofnun er ný stofnun og fjárheimild hennar er 254,7 m.kr.
- Fjárveiting til rannsóknarnefndar um snjóflóðið í Súðavík 1995 er 111 m.kr.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 12,5 m.kr.
- Gert er ráð fyrir að sértekjur Ríkisendurskoðunar lækki um 63,9 m.kr.



## 02 Dómstólar

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra. Það skiptist í fjóra mála-flokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og megin-markmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


02 Dómstólar	Reikningur <sup>1</sup>	Fjárlög	Frumvarp	Br. frá	Br. frá
	2023 m.kr.	2024 m.kr.	2025 m.kr.	fjárlögum %	reikn. %
<b>02.10 Hæstiréttur</b> .....	<b>527,5</b>	<b>528,2</b>	<b>558,8</b>	<b>5,8</b>	<b>5,9</b>
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	251,7	249,5	264,6	6,1	5,1
06 Dómsmálaráðuneyti .....	275,8	278,7	294,2	5,6	6,7
<b>02.20 Héraðsdómstólar</b> .....	<b>2.327,0</b>	<b>2.185,8</b>	<b>2.311,5</b>	<b>5,8</b>	<b>-0,7</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	2.327,0	2.185,8	2.311,5	5,8	-0,7
<b>02.30 Landsréttur</b> .....	<b>902,4</b>	<b>906,8</b>	<b>955,9</b>	<b>5,4</b>	<b>5,9</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	902,4	906,8	955,9	5,4	5,9
<b>02.40 Dómstólasýslan</b> .....	<b>370,6</b>	<b>424,0</b>	<b>447,2</b>	<b>5,5</b>	<b>20,7</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	370,6	424,0	447,2	5,5	20,7
<b>Samtals</b> .....	<b>4.127,5</b>	<b>4.044,8</b>	<b>4.273,4</b>	<b>5,7</b>	<b>3,5</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árana 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 02 Dómstólar árið 2025 eru áætluð 4.273,4 m.kr. og lækka um 10,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 0,3%. Þegar tekið er tillit til áhrifa

af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 228,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5,7%.

Myndin endurspeglar stefnumótun málefнасviðsins en getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>02 Dómstólar</b>					
Rekstrarframlög .....	4.097,7	3.975,2	4.201,1	5,7	2,5
Rekstrartilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	29,8	69,6	72,3	3,9	142,6
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>4.127,5</b>	<b>4.044,8</b>	<b>4.273,4</b>	<b>5,7</b>	<b>3,5</b>
Rekstrartekjur .....	-	1,5	1,6	6,7	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	4.043,3	4.271,8	5,7	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>4.044,8</b>	<b>4.273,4</b>	<b>5,7</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 02.10 Hæstiréttur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Hæstaréttar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Verkefni í þessum málaflokki má finna undir málaflokki 02.40 *Dómstólasýslan*. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 558,8 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 30,6 m.kr.

### 02.20 Héraðsdómstólar

Starfsemi málaflokksins er í höndum héraðsdómstólanna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Verkefni í þessum málaflokki má finna undir málaflokki 02.40 *Dómstólasýslan*. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 2.311,5 m.kr. og lækkar um 10,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 136,3 m.kr. Breytingin felst í hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins.

### 02.30 Landsréttur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Landsréttar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Verkefni í þessum málaflokki má finna undir málaflokki 02.40 *Dómstólasýslan*. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 955,9 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 49,1 m.kr.

### 02.40 Dómstólasýslan

Starfsemi málaflokksins er í höndum Dómstólasýslunnar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Réttlát og opinber málsmeðferð</b>		
Samþætting málaskrárkerfis dómstólanna og réttarvörslugáttar.	Dómstólasýslan	Innan ramma
<b>Markmið 2: Aukin skilvirkni og gæði</b>		
Uppfærsla tækni- og hugbúnaðar sem styður við stafræna málsmeðferð.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Áframhaldandi þróun og innleiðing talgreinis.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Rafræn skil til Þjóðskjalasafns hefjast.	Dómstólasýslan	Innan ramma
<b>Markmið 3: Aukið traust til dómstóla</b>		
Aukinn aðgangur almennings að upplýsingum.	Dómstólasýslan	Innan ramma
Frumathugun á húsnæðismálum dómstóla.	Dómstólasýslan	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 477,2 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 23,2 m.kr.

## 03 Æðsta stjórnsýsla

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forsætisráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>03 Æðsta stjórnsýsla</b>					
<b>03.10 Embætti forseta Íslands .....</b>	<b>359,3</b>	<b>384,2</b>	<b>402,7</b>	<b>4,8</b>	<b>12,1</b>
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	359,3	384,2	402,7	4,8	12,1
<b>03.20 Ríkisstjórn .....</b>	<b>872,6</b>	<b>828,0</b>	<b>882,7</b>	<b>6,6</b>	<b>1,2</b>
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	872,6	828,0	882,7	6,6	1,2
<b>03.30 Forsætisráðuneyti .....</b>	<b>1.907,3</b>	<b>1.569,3</b>	<b>1.510,3</b>	<b>-3,8</b>	<b>-20,8</b>
01 Forsætisráðuneyti .....	1.907,3	1.569,3	1.510,3	-3,8	-20,8
<b>Samtals .....</b>	<b>3.139,2</b>	<b>2.781,5</b>	<b>2.795,7</b>	<b>0,5</b>	<b>-10,9</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli áráanna 2024 og 2025



Heildargjöld málefnasviðs 03 Æðsta stjórnsýsla árið 2025 eru áætluð 2.795,7 m.kr. og minnka um 125,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 4,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 14,2 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 0,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>03 Æðsta stjórnýsla</b>					
Rekstrarframlög .....	2.685,1	2.626,2	2.661,7	1,4	-0,9
Rekstrartilfærslur .....	168,0	60,5	35,8	-40,8	-78,7
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	286,1	94,8	98,2	3,6	-65,7
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>3.139,2</b>	<b>2.781,5</b>	<b>2.795,7</b>	<b>0,5</b>	<b>-10,9</b>
Rekstrartekjur .....	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	2.781,5	2.795,7	0,5	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>2.781,5</b>	<b>2.795,7</b>	<b>0,5</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 03.10 Embætti forseta Íslands

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis forseta Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 380,4 m.kr. og lækkar um 3,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 22,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

### 03.20 Ríkisstjórn

Undir málaflokkinn falla laun ráðherra í ríkisstjórn og aðstoðarmanna þeirra. Liðurinn tekur breytingum í samræmi við fjölda ráðherra og aðstoðarmanna á hverjum tíma. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 828 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 54,7 m.kr.

### 03.30 Forsætisráðuneyti

Undir þennan málaflokk falla aðalskrifstofa forsætisráðuneytisins og tengd verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefнасvið og málaflokka. Margar áskoranir kalla á aukna og skilvirka samþæfingu innan Stjórnarráðsins og samstarf á vettvangi ráðherranefnda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Frankvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Vönduð opinber stjórnýsla*</b>		
Leiðbeiningarefni um vandaða stjórnýsluhætti verður þróað áfram.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Tillögur og aðgerðir til að efla traust á opinberri stjórnýslu.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2: Aukin hagsæld og samkeppnishæfni**</b>		
Bætt umgjörð þjóðhagsmála og greining á stöðu og þróun síðustu ára.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi innleiðing velsældaráherslna í áætlanagerð, þ.m.t. fjárlagagerð.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi stefnumótun og innleiðing aðgerða sem auka sjálfbærni og samkeppnishæfni íslensks samfélags, m.a. úr stefnu Íslands um sjálfbæra þróun.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma
Lokið við greiningu á samfélagslegum áhrifum fátæktar og aðgerðaáætlun mótuð.	Forsætisráðuneyti	Innan ramma

\* Einföld orðalagsbreyting á markmiði 1 í fjármálaáætlun 2025–2029 til að fanga meginmarkmið vinnunnar betur.

\*\* Markmiði 2 í fjármálaáætlun 2025–2029 hefur verið breytt vegna almennra áherslubreytinga í ljósi ráðherraskipta.

Breytingin hefur ekki áhrif á fjárhagsleg markmið fjármálaáætlunar skv. 5. gr. LOF.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 1.510,3 m.kr. og lækkar um 122,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 63,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Sértæk aðhaldsráðstöfun upp á 515 m.kr. gerir ráð fyrir að framlag til viðbyggingar Stjórnarráðshússins falli niður en verði tekið upp þegar endurskoðað umfang og kostnaður við bygginguna liggur fyrir.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 35,2 m.kr. vegna tímabundinna verkefna. Í fyrsta lagi fellur niður 36 m.kr. framlag sem veitt var við 3. umræðu fjárlaga 2023 í tvö ár vegna samhæfingar um vinnslu gagna og upplýsingamiðlun vegna umsækjenda um alþjóðlega vernd. Í öðru lagi gengur til baka 0,8 m.kr. tímabundin lækkun ráðstöfunarfjár ráðherra.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 76 m.kr. vegna millifærslu til Mannréttindastofnunar Íslands vegna nýrra laga nr. 88/2024 um Mannréttindastofnun Íslands.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15,9 m.kr. og eru 15,7 m.kr. útfærðar á aðalskrifstofu ráðuneytisins og 0,2 m.kr. á tæki og búnað forsætisráðuneytis.

## 04 Utanríkismál

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð utanríkisráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>04 Utanríkismál</b>					
<b>04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnýsla</b>					
utanríkismála .....	<b>8.440,4</b>	<b>7.059,5</b>	<b>7.545,4</b>	<b>6,9</b>	<b>-10,6</b>
03 Utanríkisráðuneyti .....	8.440,4	7.059,5	7.545,4	6,9	-10,6
<b>04.20 Utanríkisviðskipti .....</b>	<b>1.032,0</b>	<b>1.164,0</b>	<b>1.224,0</b>	<b>5,2</b>	<b>18,6</b>
03 Utanríkisráðuneyti .....	1.032,0	1.164,0	1.224,0	5,2	18,6
<b>04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál ...</b>	<b>5.280,5</b>	<b>5.061,6</b>	<b>6.820,9</b>	<b>34,8</b>	<b>29,2</b>
03 Utanríkisráðuneyti .....	5.280,5	5.061,6	6.820,9	34,8	29,2
<b>04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölpjóðasamstarfs .....</b>	<b>4.805,8</b>	<b>2.555,6</b>	<b>3.644,2</b>	<b>42,6</b>	<b>-24,2</b>
03 Utanríkisráðuneyti .....	4.805,8	2.555,6	3.644,2	42,6	-24,2
<b>Samtals .....</b>	<b>19.558,7</b>	<b>15.840,7</b>	<b>19.234,5</b>	<b>21,4</b>	<b>-1,7</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árana 2024–2025



Heildargjöld málefнасviðs 04 *Utanríkismál* árið 2025 eru áætluð 18.495,2 m.kr. og aukast um 2.654,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 16,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.393,8 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 21,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrumi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>04 Utanríkismál</b>					
Rekstrarframlög .....	12.067,8	11.024,0	12.445,5	12,9	3,1
Rekstrartilfærslur .....	7.359,2	4.460,2	6.403,4	43,6	-13,0
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	131,7	356,5	385,6	8,2	192,8
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>19.558,7</b>	<b>15.840,7</b>	<b>19.234,5</b>	<b>21,4</b>	<b>-1,7</b>
Rekstrartekjur .....	-	605,6	660,9	9,1	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	15.235,1	18.573,6	21,9	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>15.840,7</b>	<b>19.234,5</b>	<b>21,4</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftr ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 04.10 Utanríkisþjónusta og stjórnarsýsla utanríkismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofa erlendis. Utanríkisþjónustan öll sinnir hagsmunagæslu gagnvart erlendum ríkjum og á vettvangi alþjóðastofnana, þjónustu við íslenska ríkisborgara erlendis, viðskiptasamningum og markaðssetningu erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu. Þótt allt starf utanríkisþjónustunnar sem lýtur að utanríkisviðskiptum og kynningu á íslenskum vörum, þjónustu og menningu sé fjármagnað undir þessum málaflokki er nánar gerð grein fyrir markmiðum og aðgerðum þar að lútandi í kafla um málaflokk 04.20 *Utanríkisviðskipti*. Alþjóðalög, lýðræðisleg gildi, mannréttindi og fjölþjóðastofnanir hafa átt á brattann að sækja og þar sem Ísland á allt sitt undir því að alþjóðalög, lögsaga og landamæri séu virt felast lykilhagsmunir í virkri þátttöku í alþjóðlegu og svæðisbundnu samstarfi. Framboð Íslands í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna fyrir tímabilið 2025–2027 er dæmi um ábyrgð sem íslensk stjórnvöld eru reiðubúin að axla til að fylgja eftir stefnu- og hagsmunamálum Íslands og leggja um leið sín lóð á vogarskálarnar til að auka virðingu fyrir mannréttindum og efla samstarf og skilning meðal þjóða. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar



breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Standa vörð um grunnildi Íslands á vettvangi fjölþjóðlegrar samvinnu</b>		
Virkt málsvarastarf á vettvangi fjölþjóða-stofnana og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi í þágu mannréttinda, lýðræðis og þjóðaréttar.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Seta Íslands í framkvæmdastjórn UNESCO 2021–2025.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Aukin þátttaka í svæðisbundnu samstarfi Norðurlanda og norðurslóðaríkja.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Efling samstarfs þvert á fagráðuneyti og aukin þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um sjálfbæra nýtingu auðlinda, þ.m.t. á sviði hafréttar.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
Eftirfylgni við jafnréttisáherslur Íslands á alþjóðavettvangi.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2: Standa vörð um hagsmuni íslenskra ríkisborgara erlendis</b>		
Opnun sendiráðs Íslands í Madrid.*	Utánríkisráðuneyti	177 m.kr.
Styrking borgaraþjónustu, aukin upplýsingamiðlun til almennings á vef og innleiðing stafrænna lausna.	Utánríkisráðuneyti og stjórnsýslustofnanir	Innan ramma
Fjölgun kjöræðismanna og stuðningur við þjónustu þeirra við íslenska ríkisborgara erlendis.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 3: Standa vörð um hagsmuni Íslands með tvíhliða samvinnu við þjóðríki</b>		
Aukið pólitískt samráð við helstu samstarfsríki og kynning á afstöðu og áherslum Íslands.	Utánríkisráðuneyti	Innan ramma

\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 3.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 7.545,4 m.kr. og hækkar um 74,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 411,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 177 m.kr. til þess að standa straum af opnun og rekstri sendiráðs í Madrid. Hluti þessa, 45 m.kr., er tímabundinn til eins árs til þess að mæta stofnkostnaði. Spánn hefur rekið sendiskrifstofu á Íslandi frá árinu 2019 en Ísland er eina ríkið innan Atlantshafsbandalagsins sem ekki hefur sendiráð í Madrid. Ísland hefur eingöngu verið með kjöræðismenn á Spáni en sendiherra gagnvart ríkinu setið í París. Spánn er fjórða fjölmennasta ríki Evrópusambandsins og um 3.500 Íslendingar eiga fasta búsetu á Spáni en að auki dvelja mörg þúsund Íslendingar þar tímabundið sem ferðamenn og dvalargestir árið um kring. Mikið álag er á kjöræðismönnum Íslands á Spáni vegna verkefna sem tengjast þessum hópi.

- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 200 m.kr. til þess að efla útgáfu Schengenvegabréfsáritana til landsins og mæta þannig mikilli eftirspurn eftir þeim á sendiskrifstofum erlendis. Annars vegar er gert ráð fyrir 70 m.kr. til þess að mæta útgjöldum á aðalskrifstofu ráðuneytisins og hins vegar er gert ráð fyrir 130 m.kr. í aukin útgjöld á sendiskrifstofum. Einkum er um launakostnað að ræða. Tekjur af áritana gjöldum eru umtalsverðar, flokkast sem ríkistekjur og renna beint í ríkissjóð. Áætlað er að aukning ríkistekna sem leiðir af þessari aðgerð verði umtalsvert meiri en sem nemur aukinni fjárheimild.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 312,3 m.kr. Þeirri aðhaldskröfu verður m.a. mætt með útvistun á stórum hluta starfsemi Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, niðurfellingu varasjóðs málaflokksins og tilfærslum í starfsmannahaldi, auk almenns aðhalds í rekstri sem verður útfært í rekstraráætlun ráðuneytisins.

#### 04.20 Utanríkisviðskipti

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins, sendiskrifstofa og Íslandsstofu en fjárheimildir undir málaflokki 04.20 renna eingöngu til starfa Íslandsstofu. Íslandsstofu er falið að sjá um markaðssetningu og kynningarstarf erlendis á íslenskum vörum, þjónustu og menningu í samstarfi við ráðuneytið. Markmið og aðgerðir málaflokksins skarast að einhverju leyti við markmið og aðgerðir málaflokks 04.10 *Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála* en alþjóðlegt og tvíhliða samstarf um utanríkisviðskipti, tengd hagsmunagæsla og samningagerð um utanríkisviðskipti eru fjármögnuð undir málaflokki 04.10. Markmiðasetning fellur þó undir málaflokk 04.20. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Efla ímynd og orðspor Íslands og styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs á erlendum mörkuðum		
Aukin geta til afgreiðslu vegabréfsáritana til landsins frá löndum utan Schengen-svæðisins.	Utanríkisráðuneyti	200 m.kr. (til málaflokks 04.10)
Framfylgja Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning. Þar hafa verið skilgreind mælanleg árangursviðmið sem verða notuð til að meta árangur af starfi. <sup>1</sup>	Utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa	Innan ramma
Styrkja viðskiptaþjónustu sendiskrifstofa við fyrirtæki í samræmi við stefnumarkandi áherslur í Framtíðarstefnu fyrir íslenskan útflutning.*	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Koma íslenskri menningu og skapandi greinum á framfæri í tvíhliða samskiptum og með samstarfi við Íslandsstofu.**	Utanríkisráðuneyti og Íslandsstofa	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Tryggja íslenskum fyrirtækjum sem bestan aðgang að alþjóðlegum mörkuðum		

Móta nýjan forgangslista ríkisstjórnarinnar í hagsmunagæslu við mótun EES-löggjafar.	Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti	Innan ramma
Efla þekkingu á EES-samningnum og hlúa að mannauði sem kemur að framkvæmd hans, s.s. með endurskoðun EES-handbókar, bættri samhæfingu og aukinni fræðslu.	Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti	Innan ramma
Bæta frammistöðu við upptöku og innleiðingu EES-gerða.	Utanríkisráðuneyti og fagráðuneyti	Innan ramma
Fjölga fríverslunarsamningum og öðrum viðskiptasamningum, s.s. tvísköttunarsamningum og loftferðasamningum. Tryggja góða framkvæmd gildandi samninga.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Starfrækja viðskiptavakt sem fyrirtæki geta leitað til vegna hnökra í alþjóðaviðskiptum.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 3: Bæta vaxtarskilyrði fyrir íslenskt athafnalíf og nýsköpun og tryggja velsæld</b>		
Greiða fyrir aðgengi íslenskrar tækniþekkingar, grænna lausna og nýsköpunar á erlendum mörkuðum.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma

\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 2.

\*\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 3 [í málaflokki 04.10].

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 1.224 m.kr. og hækkar um 60 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ekki eru gerðar launa- og verðlagsbreytingar á fjárheimild málaflokksins. Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helsta breyting á fjárheimildum málaflokksins er eftirtalin:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar alls um 60 m.kr. í samræmi við áætlaða hækkun tekna ríkisins af markaðsgjaldi í fjárlagafrumvarpi fyrir 2025.

#### 04.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiskrifstofa erlendis. Þá annast Landhelgisgæsla Íslands framkvæmd ýmissa rekstrarverkefna á sviði öryggis- og varnarmála á grundvelli þjónustusamnings og ríkislögreglustjóri annast tiltekin verkefni á sviði öryggis- og varnarmála á grundvelli þjónustusamnings. Málaflokkurinn skiptist í þrjú meginsvið: fjölþjóðasamstarf um öryggis- og varnarmál; fjölþáttaógnir; og rekstur og fjármögnun varnartengdra rekstrarverkefna og yfirumsjón með öryggis- og varnar-svæðum á Íslandi, rekstur tvíhliða varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna og undirbúning og framkvæmd varnaræfinga sem haldnar eru á íslensku yfirráðasvæði. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Tryggja varnir og viðbúnaðargetu Íslands</b>		
Framfylgja áætlun um uppsetningu á öruggum samskiptarýmum og búnaði í sendiskrifstofum Íslands.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2: Efla þátttöku Íslands í öryggis- og varnarsamstarfi</b>		
Veita aukinn stuðning við Úkraínu vegna innrásarstríðs Rússlands með þátttöku Íslands í kaupum á nauðsynlegum hergögnum og birgðum, ásamt sértækum þjálfunarverkefnum.	Utanríkisráðuneyti	1.500 m.kr.
Virk þátttaka Íslands í starfi NATO, ÖSE, NORDEFECO, Norðurhópsins, JEF og SP á sviði öryggis- og varnarmála, m.a. með þátttöku í fundum og æfingum.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 3: Efla gistiríkjastuðning Íslands</b>		
Auka og þétta loftrýmisgæslu á Íslandi.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	Innan ramma
Fjölga gistirýmum á öryggissvæðunum.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	Innan ramma
Sendu þrjú starfsmenn á ári á námskeið hjá bandalagsríkjunum og stofnunum Atlantshafsbandalagsins sem vinnur að loftrýmisgæslu og rekstri ratsjárkerfisins.	Utanríkisráðuneyti og Landhelgisgæslan	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 6.820,9 m.kr. og hækkar um 1.487 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 272,3 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Framlög til málaflokksins hækka um 1.500 m.kr. vegna aukins varnartengds stuðning við Úkraínu, á grundvelli þingsályktunartillögu utanríkisráðherra, sem samþykkt var á Alþingi í apríl 2024. Horft verður sérstaklega til þess að öll framlög til Úkraínu mæti óskum og þörfum Úkraínu hverju sinni. Varnartengdur stuðningur Íslands mun áfram hverfast um framlög í fjölþjóðlega sjóði sem kaupa hergögn og birgðir og tvíhliða verkefni sem grundvallast á beiðnum úkraínskra stjórnvalda eða bandalagsríkja þar sem óskað er eftir sértækum stuðningi og þjálfunarverkefnum sem flest eru unnin í samstarfi við önnur ríki.
- Framlög til málaflokksins lækka um 750 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundinnar fjárveitingar í fjárlögum fyrir 2024 til varnartengds stuðnings við Úkraínu. Í stað tímabundinna fjárveitinga til eins árs er gert ráð fyrir áframhaldandi stuðningi við Úkraínu vegna stríðsreksturs Rússlands á hendur Úkraínu út tímabil fjármálaáætlunar 2025–2029, sbr. hér að ofan.
- Framlög til málaflokksins hækka um 700 m.kr. vegna styrkingar varnartengdra verkefna. Fyrri áætlun gerði ráð fyrir að framlög hækkuðu um 500 m.kr. árið 2025 en í fjármálaáætlun 2025–2029 er gert ráð fyrir enn frekari styrkingu málaflokksins, eða sem nemur 200 m.kr. Framlögnum verður varið í frekari

styrkingu varnartengdra verkefna, aukna þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, fjárstuðning, endurbætur og uppbyggingu innviða enda er mikilvægt að Ísland sé í stakk búð til þátttöku í varnartengdu samstarfi og að hér sé til staðar þekking og nauðsynlegur viðbúnaður komi til þess að reyni frekar á ákvæði samningsins um Atlantshafsbandalagið.

- d. Fjárheimildir málaflokksins hækka um 75 m.kr. vegna niðurfellingar á tíma-bundnum afkomubætandi ráðstöfunum í fjármálaáætlun 2024–2028.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 68 m.kr. vegna afkomubætandi ráðstafana í fjármálaáætlun 2025–2029 sem miðast við 4% af fjárveitingum til nýrra og aukinna verkefna. Ný og aukin verkefni innan þessa málaflokks í fjármálaáætlun 2025–2029 felast í hækkun framlaga til varnartengds stuðnings við Úkraínu og almennri hækkun framlaga til varnartengdra verkefna. Framlög vegna þessara verkefna eru því í skert í samræmi við sértækar aðhaldsaðgerðir fyrir 2025 en forgangsraðað verður innan málaflokksins þannig að staðið verður við skuldbindingar sem Ísland hefur nú þegar undirgengist varðandi stuðning við Úkraínu, með fyrirvara um niðurstöðu leiðtogafundar Atlantshafsbandalagsins í júlí 2024.

#### 04.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu ráðuneytisins. Undir málaflokkinn falla aðildargjöld Íslands vegna fjölþjóðasamstarfs þvert á verkefni sem falla undir málefnasviðið utanríkismál. Markmið málaflokksins er að fjármagna ýmiss konar aðildargjöld, s.s. vegna Uppbyggingarsjóðs EES, stofnana Sameinuðu þjóðanna og Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Aðildargjöld margra þessara stofnana taka mið af landsframleiðslu og öðrum þáttum sem íslensk stjórnvöld hafa ekki áhrif á. Því eru ekki skilgreindir mælikvarðar eða aðgerðir vegna eðlis málaflokksins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 3.644,2 m.kr. og hækkar um 1.032,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 55,9 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 944,4 m.kr. vegna hækunar framlaga í Uppbyggingarsjóð EES. EFTA-ríkin þrjú sem eru aðilar að EES náðu í lok síðasta árs samkomulagi við ESB um fjárhæð greiðslna í Uppbyggingarsjóð EES á næsta sjóðstímabili (2021–2028). Ef miðað er við óbreytt gengi evru og að greiðsluhlutfall Íslands vegna 2023 haldist óbreytt allt sjóðstímabilið felur samkomulagið í sér að framlög Íslands nemi um 1.735 m.kr. á ári að teknu tilliti til þess að áætlunin nær yfir sjö ára tímabil. Hafa verður í huga að greiðslur í sjóðinn eru mjög breytilegar milli ára og ráðast af framvindu verkefna sjóðsins.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 88,3 m.kr. vegna leiðréttingar á samningsbundnum framlögum til Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA). Hlutur Íslands í rekstrarkostnaði EFTA hefur aukist nokkuð undanfarin ár, einkum vegna þess að hlutur Íslands í samanlagðri landsframleiðslu EFTA-ríkjanna hefur farið vaxandi en fjárheimildir vegna þessa hafa ekki tekið breytingum. Miðað hefur verið við raunframlög 2024.

## 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla</b>					
<b>05.10 Skattar og innheimta .....</b>	<b>10.838,1</b>	<b>10.007,9</b>	<b>10.523,2</b>	<b>5,1</b>	<b>-2,9</b>
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	10.838,1	10.007,9	10.523,2	5,1	-2,9
<b>05.20 Eignaumsýsla ríkisins .....</b>	<b>16.482,5</b>	<b>3.054,0</b>	<b>3.321,7</b>	<b>8,8</b>	<b>-79,8</b>
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	16.482,5	3.054,0	3.321,7	8,8	-79,8
<b>05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins .....</b>	<b>6.360,4</b>	<b>6.225,6</b>	<b>6.753,7</b>	<b>8,5</b>	<b>6,2</b>
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	6.360,4	6.225,6	6.753,7	8,5	6,2
<b>05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála .....</b>	<b>11.026,4</b>	<b>10.156,1</b>	<b>10.521,1</b>	<b>3,6</b>	<b>-4,6</b>
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	11.026,4	10.156,1	10.521,1	3,6	-4,6
<b>Samtals .....</b>	<b>44.707,4</b>	<b>29.443,6</b>	<b>31.119,7</b>	<b>5,7</b>	<b>-30,4</b>

<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árana 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla árið 2025 eru áætluð 31.119,7 m.kr. og aukast um 262,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til

0,9%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.6761,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 5,7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>05 Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla</b>					
Rekstrarframlög .....	41.428,0	24.826,2	26.608,4	7,2	-35,8
Rekstrartilfærslur .....	1.009,3	946,1	876,9	-7,3	-13,1
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	2.270,1	3.671,3	3.634,4	-1,0	60,1
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>44.707,4</b>	<b>29.443,6</b>	<b>31.119,7</b>	<b>5,7</b>	<b>-30,4</b>
Rekstrartekjur .....	-	6.813,0	7.476,6	9,7	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	22.630,6	23.643,1	4,5	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>29.443,6</b>	<b>31.119,7</b>	<b>5,7</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 05.10 Skattar og innheimta

Skattframkvæmd er á hendi Skattsins og yfirskattanefndar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Bæta skattskil með skilvirkara og einfaldara skattkerfi</b>		
Áframhaldandi efling skattrannsóknna og skatteftirlits með það að markmiði að sporna við skattundanskotum og uppræta peningþvætti, m.a. með áherslu á þróun áhættumiðaðs eftirlits samhliða eflingu stafræns umhverfis.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skatturinn	Innan ramma
Unnið verði að breytingum á ákvæðum laga um virðisaukaskatt um uppgjörstímabil og ákvæðum tollalaga um uppgjör virðisaukaskatts í tolli.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skatturinn	Innan ramma
Unnið verði að breytingum á ákvæðum virðisaukaskattslaga um gjalddaga virðisaukaskatts og ákvæðum tollalaga um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skatturinn	Innan ramma
<b>Markmið 2: Efla þjónustu og upplýsingagjöf við einstaklinga og fyrirtæki</b>		
Áframhaldandi þróun stafræna þjónustulausna. Á árinu verður lögð áhersla á sjálfsafgreiðslu fyrir flóknari skattskuldamál auk innleiðingar umboðskerfis á Ísland.is til að bæta öryggi og þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skatturinn	Innan ramma
Áfram verður unnið að því að efla og staðla rafrænt viðskiptaumhverfi til þess að fækka viðskiptahindrunum og einfalda fyrirtækjum að miðla upplýsingum milli Norðurlanda og senda tilkynningar til yfirvalda.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti, menningar- og viðskiptaráðuneyti og Skatturinn	Innan ramma
<b>Markmið 3: Skattkerfið styðji við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og nýsköpun</b>		
Áframhaldandi vinna við innleiðingu á nýju tekjuöflunarkerfi vegna umferðar og orkuskipta í formi kílómetragjalds vegna notkunar ökutækja. Kolefnisgjald verður samhliða hækkað til að viðhalda hvata til orkuskipta.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti, innviðaráðuneyti og Skatturinn	55 m.kr.
Tekið verði til skoðunar hvernig framkvæmd og nýting ívilnana vegna grænna fjárfestinga hefur gengið fyrir sig og metið hvort gera eigi úrræðið varanlegt.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skatturinn	Innan ramma
Verkefnisstjórn komið á fót sem gerir tillögur að umbótum á regluverki, stjórnsýslu og fjárhagslegri umgjörð um stuðningskerfi við rannsóknir og þróun. <sup>1</sup>	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðuneyti	Innan ramma

<sup>1</sup> Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málafllokki 7.1.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 10.523,2 m.kr. og lækkar um 136,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 651,9 m.kr.



Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 55 m.kr. vegna aukins kostnaðar Skattsins í tengslum við upptöku nýs tekjuöflunarkerfis vegna umferðar og orkuskipta í formi kílómetragjalds sem felur í sér kostnað við uppsetningu og rekstur álagningarkerfa og hugbúnaðarkerfa.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 70 m.kr. til að styrkja eftirlit með þeim verkefnum sem hljóta frádrátt frá álögðum tekjuskatti vegna rannsóknar- og þróunarverkefna.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 107,2 m.kr. vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum stofnana til samræmis við áætlanir en sértekjur stofnunarinnar voru ofmetnar í fjárlögum ársins 2024. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlíð.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 161,4 m.kr.

### 05.20 Eignaumsýsla ríkisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með yfirumsjón og fyrirvar eigna í eigu ríkisins, þ.m.t. í félögum, fasteignum, jörðum og auðlindum, auk þess að vera ábyrgðaraðili opinberra framkvæmda. Starfsemi sem hér fellur undir er að hluta falin Framkvæmdasýslu – Ríkiseignum (FSRE). Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Bætt yfirsýn, aukið gagnsæi og samfélagslega arðbær og ábyrgur rekstur eigna í eigu ríkisins		
Yfirfærsla á verkefnum Bankasýslunnar til ráðuneytisins og innleiðing á nýju fyrirkomulagi varðandi umsýslu og stýringu eignarhalds ríkisins í félögum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	-15 m.kr.
Endurskoðun og mat á félagasafni ríkisins þar sem horft er sérstaklega til tilgangs, sjálfbærni og ábata eignarhalds.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Reglur um val og hæfniskröfur stjórnar verði gefnar út og innleiddar.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

**Markmið 2: Markvissari stýring á fjárfestingum ríkisins**

Leggja fram frumvarp um fjárfestingar ríkisins sem felur í sér heildarendurskoðun á skipan opinberra framkvæmda með það að markmiði að bæta umgjörð og samræma málsmeðferð fjárfestinga á vegum ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Greina hvaða eignir í eignasafni ríkisins væri æskilegt að selja m.t.t. nýtingar og viðhaldsþarfar, m.a. til að ná fram hagkvæmari stýringu á eignasafni ríkisins.	FSRE	Innan ramma
Hefja innleiðingu á nýju fasteignafyrirkomulagi Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

**Markmið 3: Aukin sjálfbærni og hagkvæm nýting lands, náttúru og auðlinda í umráðum ríkisins**

Vinna að heildstæðu yfirliti yfir auðlindatekjur ríkisins af ríkisjörðum og þjóðlendum.	FSRE	Innan ramma
Stuðla að aukinni nýtingu og eflingu byggðar á ábúðarjörðum í eigu ríkisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og FSRE	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 3.321,7 m.kr. og hækkar um 179,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 88,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Felld er niður 64,6 m.kr. fjárheimild Bankasýslunnar þar sem gert er ráð fyrir að starfsemi hennar verði lögð niður. Gert er ráð fyrir að verkefnum stofnunarinnar verði áfram sinnt innan málaflokksins og því er gert ráð fyrir 50 m.kr. framlagi til þeirra verkefna.
- Í fjárlögum ársins 2024 var samþykkt að fresta 200 m.kr. útgjöldum vegna framkvæmda á vegum Stjórnarráðsins. Um var að ræða tímabundna ráðstöfun sem fellur úr gildi árið 2025 og hækkar því fjárheimild málaflokksins um 200 m.kr.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 5,8 m.kr.

**05.30 Fjármálaumsýsla ríkisins**

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með yfirstjórn ríkisrekstrar og vinnur að gagnsæjum rekstri ríkisins og einföldu skipulagi sem tryggir góða þjónustu. Hlutverk ráðuneytisins í umbótum í ríkisrekstri er víðtækt og nær m.a. til stafvæðingar hins opinbera, hagræðingar í ríkisrekstri, mannauðsstjórnunar og árangursstjórnunar. Undir málaflokkinn falla þær stofnanir sem annast rekstrarlega innviði ríkiskerfisins og veita miðlæga grunnþjónustu til ríkisstofnana í mannauðsmálum, fjármálum, innkaupum og upplýsingatækni, þ.e. Fjárýsla ríkisins og Umbra, þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins. Þá er hér fjallað um verkefni sem unnið er að hjá kjara- og mannauðssýslu ríkisins og verkefnastofu um Stafrænt Ísland. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar

breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 6.753,7 m.kr. og hækkar um 206,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 321,2 m.kr.

Helstu verkefni 2025	Frankvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Betri og skilvirkari þjónusta ríkisstofnana</b>		
Innleiðing samræmds þjónustukerfis hjá ríkisstofnunum sem skilar ávinningi þvert á stofnana-kerfið og tækifærum til bættrar þjónustu.	Stafrænt Ísland	Innan ramma
Innleiðing stafrænnar kjarnaþjónustu hjá opinberum aðilum sem styður við skilvirkari rekstur og aðgengilegri þjónustu.	Stafrænt Ísland	Innan ramma
Áhersla á stuðning við stafræna þróun lífsviðburða með áherslu á heilsu, atvinnu og félagsþjónustu.	Stafrænt Ísland	Innan ramma
Koma á fót miðlægum kjarna (CoE) um gögn í ríkisrekstrinum undir stjórn gagnahirðis ríkisins.	Fjármála og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2: Efla ríkið sem góðan vinnustað og styrkja hæfni þess til að veita góða opinbera þjónustu</b>		
Innleiðing stefnu ríkisins í mannauðsmálum.	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins	Innan ramma
Útgáfa leiðbeinandi viðmiða um gerð heilsu- og viðverustefnu hjá stofnunum.	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins	Innan ramma
Útgáfa mælaborðs mannauðsmála.	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins og Fjársýslan	Innan ramma
Formgerð aðild fjármála- og efnahagsráðuneytis að verkefni um virðismatskerfi starfa.	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins	120 m.kr.
Útgáfa viðmiða um launaumhverfi ríkisins m.t.t. þjóðréttarlegra skuldbindinga.	Kjara- og mannauðssýsla ríkisins	Innan ramma
<b>Markmið 3: Öflugri og vistvænni rekstur ríkisstofnana</b>		
Innleiðing samningakerfis hjá stofnunum ríkisins.	Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Mælaborð innkaupa og viðeigandi aðgerðastuðningur innleiddur til allra ráðuneyta.	Fjársýsla ríkisins	Innan ramma
Útgáfa sameiginlegra tæknilegra lágmarksviðmiða fyrir stofnanir.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 15 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málefнасviðsins til að koma til móts við aukinn miðlægan kostnað við rekstur fjárhagskerfis ríkisins.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 70 m.kr. til að styðja við aukinn samrekstur í ríkisrekstri sem og á vettvangi Stjórnarráðsins.
- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 143 m.kr. vegna breytinga á áætluðum rekstrartekjum stofnana til samræmis við áætlanir. Breytingarnar hafa ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem þær hafa samsvarandi áhrif á tekjuhlíð. Munar þar mest um hækkun rekstrartekna Umbru, þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins, vegna aukins samreksturs, aukinnar þjónustu við stofnanir í skýjageira ríkisins og innleiðingar á nýrri málaskrá Stjórnarráðsins. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 39,2 m.kr. vegna aukins rekstrarframlags Umbru, þjónustumiðstöðvar Stjórnarráðsins, vegna lengri afskriftatíma fjárfestinga. Breytingin felur ekki í sér hærri greiðslur úr ríkissjóði á afskriftatímabilinu heldur dreifast greiðslurnar á lengra tímabil.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 60,3 m.kr.

#### 05.40 Stjórnsýsla ríkisfjármála

Undir málaflokkinn fellur aðalskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytis, ráðstöfunarfé og ýmis önnur verkefni sem ekki verða auðveldlega felld undir önnur málefнасvið eða málaflokka. Fjármunir sem ráðstafað er í verkefni Kjara- og mannauðssýslu ríkisins og verkefnastofu um Stafrænt Ísland falla undir málaflokkinn, en gerð er grein fyrir markmiðum og áherslum þessara verkefna í málaflokki 5.3. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Skýrari tengingar milli stefnu, fjármuna og árangurs		
Bætt upplýsingagjöf á vef um þróun mælikvarða m.t.t. markmiða sem sett hafa verið fram í fjármálaáætlun.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Aukin eftirfylgni með upplýsingagjöf ráðuneyta um stöðu aðgerða innan ársins m.t.t. markmiða sem sett hafa verið fram í fjármálaáætlun, auk annarra áhersluverkefna sem tengjast stefnu ríkisaðila.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Þróun aðferða og leiðbeininga sem miða að því að jafnréttismat fjárlagatillagna taki í auknum mæli til fleiri breyta en kyns.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

**Markmið 2: Bætt upplýsingagjöf um fjármál og rekstur ríkisins**

Ársfjórðungsuppgjör birt á vef.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Vefurinn rikisreikningur.is bættur og tíðari uppfærsla á gögnum innan ársins.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Fjárlagafrumvarp og fjármálaáætlun birt á gagnvirku svæði með notendavænum hætti.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

**Markmið 3: Bætt áætlanagerð og eftirfylgni með fjármunum ríkisins**

Verklagsreglur um framkvæmd fjárlaga og áhættumat endurskoðaðar.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Áætlanagerð ríkisaðila til þriggja ára unnin í miðlægu áætlanakerfi.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Innleiðing reglugerðar um innra eftirlit.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 10.521,1 m.kr. og hækkar um 12,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 352,3 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er augin um 30 m.kr. af útgjaldasvigrúmi málefнасviðsins, m.a. til að styðja við uppbyggingu gagnainnviða.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 120 m.kr. í tengslum við innleiðingu virðismats starfa í samræmi við yfirlýsingu vegna kjarasamninga. Innleitt verður í áföngum virðismatskerfi sem byggir á tillögum um launajafnrétti. Gert er ráð fyrir sex stöðugildum í verkefnið til ársloka 2026.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 318,6 m.kr. vegna leiðréttingar í samræmi við raunrekstrartekjur málaflokksins. Breytingin er gerð í samræmi við áætlanir í tengslum við miðlæg innkaup á hugbúnaðarleyfum. Breyting hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs þar sem hún hefur samsvarandi áhrif á tekjuhlíð.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 280 m.kr. vegna tímabundinna framlaga til endurnýjunar upplýsingakerfa sem falla niður í samræmi við áætlanir.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 176,7 m.kr.

## 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, innviðaráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Undir það heyrir einn málaflokkur sem ber heitið Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>06 Hagskýrslugerð og grunnskrár</b>					
<b>06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál</b>	<b>3.642,7</b>	<b>3.468,6</b>	<b>3.330,5</b>	<b>-4,0</b>	<b>-8,6</b>
01 Forsætisráðuneyti	2.034,1	1.858,7	1.993,8	7,3	-2,0
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti	67,9	61,1	60,5	-1,0	-10,9
10 Innviðaráðuneyti	1.098,0	1.140,2	1.276,2	11,9	16,2
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	442,7	408,6		-100,0	-100,0
<b>Samtals</b>	<b>3.642,7</b>	<b>3.468,6</b>	<b>3.330,5</b>	<b>-4,0</b>	<b>-8,6</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefnasviðs 06 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál árið 2025 eru áætluð 3.330,5 m.kr. og lækka um 333,9 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 9,6%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 138,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>06 Hagskýrslugerð og grunnskrár</b>					
Rekstrarframlög .....	3.591,2	3.388,8	3.256,6	-3,9	-9,3
Rekstrartilfærslur .....	0,6	0,0	0,0	-	-100,0
Fjármagnstílfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	50,9	79,8	73,9	-7,4	45,2
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>3.642,7</b>	<b>3.468,6</b>	<b>3.330,5</b>	<b>-4,0</b>	<b>-8,6</b>
Rekstrartekjur .....	-	576,0	735,7	27,7	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	2.892,6	2.594,8	-10,3	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>3.468,6</b>	<b>3.330,5</b>	<b>-4,0</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 06.10 Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum tveggja stofnana og tveggja verkefna: Hagstofa Íslands heyrir undir forsætisráðherra, Þjóðskrá Íslands heyrir undir innviðaráðherra og málefni um endurnot opinberra gagna heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Þá heyrir Skatturinn og gögn og högun gagna ríkisins undir fjármála- og efnahagsráðherra. Þær breytingar hafa orðið á stofnanaskipulagi málaflokksins að Landmælingar Íslands, sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, sameinuðust nýrri Náttúrufræðistofnun þann 1. júlí sl. og flytjast undir málefнасvið *17 Umhverfismál* frá og með 1. janúar 2025. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Auka framboð öruggrar, stafrænnar þjónustu</b>		
Áframhald á þróun þjóðskrárkerfis. Um er að ræða uppfærslu gagnagrunna og innfærslu nýrra skráningarupplýsinga.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
Miðlun þjóðskrár m.t.t. persónuverndar, öryggis gagna o.fl.	Þjóðskrá Íslands	Innan ramma
<b>Markmið 2: Bæta gæði, framboð og aðgengi að opinberum gögnum og auka möguleika fólks til lýðræðislegrar þátttöku</b>		
Mótun gagnastefnu Íslands og aðgerðaáætlun sem tekur m.a. á endurnotum opinberra gagna.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Högun gagnafyrirkomulags innan ríkiskerfisins.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Þróun gagnagáttar fyrir endurnot opinberra upplýsinga.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Koma á fót verkefnastofu um gögn og stjórn-skipulag gagna.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Áfram verður unnið að því að efla og staðla rafrænt viðskiptaumhverfi til þess að fækka viðskiptahindrunum og einfalda fyrirtækjum að miðla upplýsingum milli Norðurlanda og senda tilkynningar til yfirvalda.	Skatturinn	Innan ramma
Bætt upplýsingagiöf um færniþörf á íslenskum vinnumarkaði.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Endurbætur á þjóðhagsreikningum með áherslu á ársfjórðungslegt framleiðsluuppjör.	Hagstofa Ísland	Innan ramma
Frekari þróun á fyrirtækjaskrá með upplýsingum um starfsstöðvar.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Samræming á rekstri vísasafna og gæði þeirra bætt.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Birting hagtalna á landfræðigrunni.	Hagstofa Íslands	Innan ramma
Innleiðing á samræmdum gagnaarkitektúr og styrking rekstraröryggis tækniinnviða.	Hagstofa Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 3.330,5 m.kr. og lækkar um 333,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 195,8 m.kr.



Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 408,6 m.kr. vegna þess að Landmælingar Íslands, sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, sameinuðust nýrri Náttúrufræðistofnun þann 1. júlí sl. og flytjast undir málefнасvið *17 Umhverfismál* frá og með 1. janúar 2025.
- b. Fjárheimild vegna breytinga á sértekjum hækkar um 104,3 m.kr. vegna Þjóðskrár Íslands og 38 m.kr. vegna Hagstofu Íslands.
- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 50 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Í fyrsta lagi eru 20 m.kr. til Hagstofu Íslands vegna endurbóta á þjóðhagsreikningum og í öðru lagi 30 m.kr. vegna aukningar vegabréfa sem fellur niður.
- d. Aðhald málefнасviðsins er 34,7 m.kr., þar af er hlutur Hagstofu Íslands 18,6 m.kr. og Þjóðskrár Íslands 11,4 m.kr.

## 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð fjögurra ráðherra. Forsætisráðherra ber ábyrgð á starfsemi Vísinda- og nýsköpunarráðs. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra ber ábyrgð á vísindum, nýsköpun og hugverkaiðnaði. Menningar- og viðskiptaráðherra ber ábyrgð á málefnum skapandi greina og faggildingar ásamt endurgreiðslum vegna kvikmyndagerðar og hljóðritunar á tónlist. Matvælaráðherra ber ábyrgð á málefnum Matvælasjóðs. Málefнасviðið skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>07.10 Vísindi og samkeppnisjóðir í rannsóknnum.....</b>	<b>12.891,2</b>	<b>12.145,8</b>	<b>12.776,6</b>	<b>5,2</b>	<b>-0,9</b>
04 Matvælaráðuneyti .....	448,0	522,9	509,6	-2,5	13,8
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarn. ....	12.443,2	11.622,9	12.267,0	5,5	-1,4
<b>07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar.....</b>	<b>18.943,5</b>	<b>20.800,4</b>	<b>24.948,5</b>	<b>19,9</b>	<b>31,7</b>
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti .....	3.252,8	2.965,2	6.454,1	117,7	98,4
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarn. ....	15.690,7	17.835,2	18.494,4	3,7	17,9
<b>Samtals .....</b>	<b>31.834,7</b>	<b>32.946,2</b>	<b>37.725,1</b>	<b>14,5</b>	<b>18,5</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar árið 2025 eru áætluð 37.725,1 m.kr. og aukast um 4.606,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 14%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 4.778,9 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 14,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög .....	1.100,7	1.369,5	1.421,3	3,8	29,1
Rekstrartilfærslur .....	3.862,3	3.119,6	6.579,5	110,9	70,4
Fjármagnstílfærslur .....	26.871,0	28.400,2	29.668,4	4,5	10,4
Fjárfestingarframlög .....	0,7	56,9	55,9	-1,8	7.885,7
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>31.834,7</b>	<b>32.946,2</b>	<b>37.725,1</b>	<b>14,5</b>	<b>18,5</b>
Rekstrartekjur .....	-	892,2	961,1	7,7	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	32.054,0	36.764,0	14,7	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>32.946,2</b>	<b>37.725,1</b>	<b>14,5</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 07.10 Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum

Málaflokkurinn nær yfir starfsemi Vísinda- og nýsköpunarráðs, samkeppnissjóði á sviðum vísinda og nýsköpunar, s.s. Rannsóknasjóð, Tækniþróunarsjóð og Innviðasjóð, stefnumótandi fjármögnun, svo sem Markáætlun, og Matvælasjóð, og samstarfsáætlanir ESB 2021–2027. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Tengsl eru milli áskorana, tækifæra, markmiða og verkefna í málaflokki 7.1 og á málefнасviði 21.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Vísindastarf á heimsmælikvarða</b>		
Innleiðing nýrra laga um samkeppnissjóði í rannsóknnum og nýsköpun, með áherslu á einföldun, aðgengileika, aukna skilvirkni og betri þjónustu.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Mat á árangri af Vegvísi um rannsóknarinnviði og upphaf annars Vegvísis ásamt stefnumótun um framtíðarfyrirkomulag fjármögnunar vísinda- og tækniinnviða.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Stefna um opin vísindi og aðgerðaáætlun um opin aðgang að rannsóknagögnum og niðurstöðum sett í framkvæmd.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2: Hagnýting hugvits og nýskapandi lausnir á brýnum samfélagslegum áskorunum</b>		
Nýr áherslusjóður taki við af Markáætlun til að styðja við áherslur stjórnvalda í vísindum og nýsköpun gagnvart brýnum samfélagslegum áskorunum.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Aðgerðir í þágu hagnýtingar rannsókna í jarðrækt með uppbyggingu jarðræktarmiðstöðvar við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og fiskeldis og rannsóknaraðstöðu við Háskólann á Hólum á Sauðárkróki, sbr. málefna svið 21.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og matvælaráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við þróun og hagnýtingu máltæknilausna í gegnum Markáætlun í tungu og tækni í samræmi við markmið máltækniáætlunar 2.0.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Innleiðing aðgerða í þágu hagnýtingar hugvits og nýskapandi lausna í samræmi við framtíðarsýn Vísinda- og nýsköpunarráðs.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og forsætisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 3: Virkt alþjóðlegt samstarf á sviði menntunar, vísinda og nýsköpunar</b>		
Stóraukin framlög og aðgerðir til að efla þátttöku innlendra aðila í Samstarfsáætlun ESB, t.d. Horizon Europe, Erasmus+, Digital Europe og InvestEU.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti í samstarfi við önnur ráðuneyti	956,7 m.kr.
Markviss þátttaka og hagsmunagæsla stjórnvalda og stofnana í alþjóðasamstarfi og stefnumörkun á sviði vísinda, menntunar og nýsköpunar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 12.776,6 m.kr. og hækkar um 516,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 113,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 956,7 m.kr. til standa straum af kostnaði Íslands við þátttöku í rammaáætlun ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun. Kostnaðarhlutdeild Íslands eykst milli ára því hún ræðst af landsframleiðslu aðildarríkja sem hefur aukist meira að meðaltali á Íslandi en í öðrum löndum sem eiga aðild að áætluninni.

- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 79,6 m.kr. vegna þess að tímabundið aðhald fyrri ára á Rannsóknasjóð, Tækniþróunarsjóð og Innviðasjóð gengur til baka.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 537,5 m.kr. og munar þar mest um aðgerðir ríkisstjórnarinnar um lækkun fjárframlaga í samkeppnis- og styrktarsjóði hins opinbera. Rannsóknasjóður fær hlutfallslega minnsta lækkun sjóða á málefнасviðinu.

### 07.20 Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar

Málaflokkurinn nær yfir stuðningsumhverfi og aðgerðir í þágu nýsköpunar, hugvitsiðnaðar og skapandi greina. Undir málaflokkinn heyra m.a. Nýsköpunarsjóðurinn Kría, Hugverkastofa, styrkir til nýsköpunarfyrirtækja í formi skattendurgreiðslna vegna rannsókna og þróunar og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar og hljóðritunar á tónlist.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Tengsl eru milli áskorana, tækifæra, markmiða og verkefna í málaflokkum 07.20 og 11.20 *Fjarskipti*.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Bætt samkeppnisstaða í alþjóðlegu samhengi</b>		
Aukin fjárfesting í nýsköpun með auknum framlögum til endurgreiðslna vegna rannsókna- og þróunarkostnaðar fyrirtækja, og innleiðing nýs regluverks um endurgreiðslur og framkvæmd þeirra í takti við niðurstöður úttektar OECD.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti	631 m.kr.
Nýr sjóður, Nýsköpunarsjóðurinn Kría, settur á stofn með áherslu á skilvirkan, opinberan stuðning við fjármögnun sprota- og nýsköpunarfyrirtækja.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Þróun Rannsóknaseturs skapandi greina.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi stuðningur við kvikmyndagerð og hljóðritun tónlistar á Íslandi í formi endurgreiðslna á framleiðslukostnaði.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	3.569 m.kr.
<b>Markmið 2: Aukin hagnýting tæknilausna í þágu samfélagslegra áskorana</b>		
Mótun heildstæðrar löggjafar á sviði gervigreindar. Framkvæmd aðgerðaáætlunar um gervigreind, m.a. til að auka skilvirkni í opinberum rekstri.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Samstarfsverkefni háskóla, heilbrigðisstofnana og atvinnulífs um innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðisvísindum, þ.m.t. innleiðing gervigreindar, í samræmi við aðgerðaáætlun í gervigreind.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Stefna og aðgerðaáætlun um sjálfbærar iðnað.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

**Markmið 3: Ný og fjölbreytt störf skapist í þekkingargreinum**

Aðgerðir til að auka þátttöku kvenna í fjárfestingarumhverfi nýsköpunar, m.a. í gegnum Nýsköpunarsjóðinn Kría.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og Nýsköpunarsjóðurinn Kría	Innan ramma
Fjölgun háskólanemenda, m.a. í heilbrigðisvísindum, STEM-greinum og þróun raunfærnimats á háskólastigi (sbr. málaflokk 21.1).	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Markvissar aðgerðir, s.s. einföldun regluverks og íslenskunám, sem auðvelda aðgengi erlendra sérfræðinga og fjölskyldna þeirra að því að starfa og búa á Íslandi.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við starfsemi stafrænna smiðja (FabLab) og frumkvöðlasetra um land allt.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 24.948,5 m.kr. og hækkar um 4.089,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 58,3 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 3.569,1 m.kr. í formi tímabundins framlags til endurgreiðslna vegna kvikmyndagerðar á Íslandi í samræmi við fyrirliggjandi vilyrði til endurgreiðslna á árinu 2025.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 53,2 m.kr. þar sem tímabundnar aðgerðir vegna hönnunarstefnu ganga til baka. Aðgerðirnar voru fjármagnaðar af tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til menningarmála.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 15 m.kr. þar sem tímabundið framlag til Hönnunarsjóðs gengur til baka. Aðgerðin var fjármögnuð af tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til menningarmála.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 2.631,2 m.kr. í samræmi við aukna fjárfestingu fyrirtækja í rannsóknum og þróun sem ríkið endurgreiðir. Viðhalda á auknum stuðningi við nýsköpunarfyrirtæki sem jókst mikið í heimsfaraldri Covid-19 þegar gerðar voru tímabundnar breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 2.105 m.kr. Þar af eru 2.000 m.kr. til þess að draga úr útgjaldavexti styrkja til nýsköpunarfyrirtækja, m.a. með auknu eftirliti með endurgreiðslum til nýsköpunarfyrirtækja.

## 08 Sveitarfélög og byggðamál

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð innviðaráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b>					
<b>08.10 Framlög til sveitarfélaga</b> .....	<b>29.673,1</b>	<b>31.782,8</b>	<b>35.358,1</b>	<b>11,2</b>	<b>19,2</b>
10 Innviðaráðuneyti .....	29.673,1	31.782,8	35.358,1	11,2	19,2
<b>08.20 Byggðamál</b> .....	<b>2.120,5</b>	<b>2.011,9</b>	<b>1.994,0</b>	<b>-0,9</b>	<b>-6,0</b>
10 Innviðaráðuneyti .....	2.120,5	2.011,9	1.994,0	-0,9	-6,0
<b>Samtals</b> .....	<b>31.793,6</b>	<b>33.794,7</b>	<b>37.352,1</b>	<b>10,5</b>	<b>17,5</b>

<sup>1</sup> Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árana 2024 og 2025



Heildargjöld málefnasviðs 08 Sveitarfélög og byggðamál árið 2025 eru áætluð 37.352,1 m.kr. og aukast um 1.812 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024 eða sem svarar til 5,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.557,4 m.kr. milli ára eða sem svarar til 10,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á

móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>08 Sveitarfélög og byggðamál</b>					
Rekstrarframlög .....	13,8	74,6	1.477,7	1.880,8	10.608,0
Rekstrartilfærslur .....	31.779,8	33.720,1	35.874,4	6,4	12,9
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	0,0	0,0	0,0	-	-
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>31.793,6</b>	<b>33.794,7</b>	<b>37.352,1</b>	<b>10,5</b>	<b>17,5</b>
Rekstrartekjur .....	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	33.794,7	37.352,1	10,5	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>33.794,7</b>	<b>37.352,1</b>	<b>10,5</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 08.10 Framlög til sveitarfélaga

Starfsemi málaflokksins er í höndum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem er á ábyrgð innviðaráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Sveitarfélög á Íslandi verði öflug og sjálfbær og ýti undir lýðræðislega virkni íbúa</b>		
Heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga, m.a. ákvæða um fjármálaviðmið í rekstri sveitarfélaga, íbúalýðræði, þátttöku í atvinnurekstri og stöðu landshlutasamtaka.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun regluverks Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að stuðla að markvissari og réttlátari úthlutun. <sup>1</sup>	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Þróun mælaborðs yfir tölfræði á sviði jafnréttismála sveitarfélaga, t.a.m. lýðræðislega	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

<sup>1</sup> Verkefnið styður við húsnaðisstefnu.



forystu, starfsmannahald, þjónustu og samsetningu íbúa.<sup>2</sup>

Átak til að stuðla að markvissari árangri sveitarfélaga á sviði umhverfis- og loftslagsmála.<sup>3</sup>

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Innan ramma

**Markmið 2:** Sjálfstjórn og ábyrgð sveitarfélaga virt og tryggð verði sem jöfnust réttindi og aðgengi íbúa að þjónustu

Heildarstefnumótun og upphaf náins samstarfs ríkis og sveitarfélaga um stafræna þjónustu í gegnum island.is.<sup>4</sup>

Samband íslenskra sveitarfélaga, innviðaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti

Innan ramma

Þróun viðmiða um lágmarksþjónustu sveitarfélaga, þ.e. hvaða viðmið um þjónustu sveitarfélag þurfi að veita til að uppfylla lágmarksrétt íbúa til þjónustu.<sup>5</sup>

Innviðaráðuneyti

Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 35.358,1 m.kr. og hækkar um 1.836,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.738,9 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er augin um 2.295,6 m.kr. til lögbundins framlags í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og þar af eru 1.738,9 m.kr. vegna almennra verðlagsbreytinga í samræmi við þjóðhagsspá.
- Fjárheimild til sérstakra viðbótarframlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar um 1.290,7 m.kr. vegna flutninga fjárheimilda á 25% framlagi ríkisins vegna NPA-samninga frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 11 m.kr.

## 08.20 Byggðamál

Málaflokkurinn skiptist í sex liði sem heyra undir innviðaráðherra, þ.e. byggðaáætlun, sóknaráætlanir landshluta, Byggðastofnun, atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni, jöfnun flutningskostnaðar og Grindavíkurnefnd. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

<sup>2</sup> Verkefnið styður við aðgerð C.16 um jafnrétti í sveitarstjórnun í byggðaáætlun.

<sup>3</sup> Verkefnið styður við byggðaáætlun, samgönguáætlun, landsskipulagsstefnu og húsnæðisstefnu.

<sup>4</sup> Verkefnið styður við húsnæðisstefnu.

<sup>5</sup> Aðgerðin styður við aðgerð A.15 í byggðaáætlun um jafnt aðgengi að þjónustu.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Jafna aðgengi að þjónustu</b>		
Skilgreina hvað felst í opinberri þjónustu með það að markmiði að jafna aðgengi og þjónustustig. Jafnframt að greina heildarkostnað vegna þjónustusóknar.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Styrkja rekstur dagvöruverslana í minni byggðarlögum til að viðhalda mikilvægri grunnþjónustu.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Jafna aðgengi landsmanna að heilbrigðisþjónustu með því að nýta ákvæði í lögum um Menntasjóð námsmanna og fjölga þannig sérfræðingum á heilbrigðisviði á landsbyggðinni. <sup>6</sup>	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2: Jafna tækifæri til atvinnu</b>		
Búsetufrelsi eftt með fjölgun atvinnutækifæra og auknum fjölbreytileika starfa á landsbyggðinni, m.a. með því að störf hjá ríkinu verði ekki staðbundin nema eðli starfsins krefjist þess sérstaklega.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Afhendingaröryggi raforku aukið og aðgengi að áreiðanlegri orku á landsvísi jafnað með jarðstrengjavæðingu dreifikerfis og þrífösun. <sup>7</sup>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 3: Stuðla að sjálfbærri þróun byggða um land allt</b>		
Spornað við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum, m.a. í gegnum verkefnið Brothættar byggðir.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Mótuð verði heildræn nálgun á aðlögun sveitarfélaga að áhrifum loftslagsbreytinga. <sup>8</sup>	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 1.994 m.kr. og lækkar um 24,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 17,9 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar alls um 155 m.kr. vegna tímabundinna framlaga sem falla niður. Um er að ræða 120 m.kr. framlag vegna sóknaráætlana landshluta og 35 m.kr. framlag vegna atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 19,4 m.kr. og er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokks.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 151,6 m.kr. vegna Framkvæmdanefndar um málefni Grindavíkurbæjar.

<sup>6</sup> Verkefnið styður við heilbrigðisstefnu og menntastefnu.

<sup>7</sup> Verkefnið styður við orkustefnu og nýsköpunarstefnu.

<sup>8</sup> Verkefnið styður við stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum, landsskipulagsstefnu og tillögum um landsáætlun um aðlögun að loftslagsbreytingum.

## 09 Almanna- og réttaröryggi

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra og forsætisráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>09 Almanna- og réttaröryggi</b>					
<b>09.10 Löggæsla</b> .....	<b>29.113,2</b>	<b>24.680,9</b>	<b>25.599,1</b>	<b>3,7</b>	<b>-12,1</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	29.113,2	24.680,9	25.599,1	3,7	-12,1
<b>09.20 Landhelgi</b> .....	<b>11.000,0</b>	<b>6.945,1</b>	<b>7.995,9</b>	<b>15,1</b>	<b>-27,3</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	11.000,0	6.945,1	7.995,9	15,1	-27,3
<b>09.30 Ákærvald og réttarvarsla</b> .....	<b>2.535,1</b>	<b>2.314,2</b>	<b>2.456,3</b>	<b>6,1</b>	<b>-3,1</b>
01 Forsætisráðuneyti .....	605,8	462,9	453,7	-2,0	-25,1
06 Dómsmálaráðuneyti .....	1.929,3	1.851,3	2.002,6	8,2	3,8
<b>09.40 Réttaraðstoð og bætur</b> .....	<b>4.130,5</b>	<b>3.058,9</b>	<b>2.689,1</b>	<b>-12,1</b>	<b>-34,9</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	4.130,5	3.058,9	2.689,1	-12,1	-34,9
<b>09.50 Fullnustumál</b> .....	<b>3.419,2</b>	<b>3.401,8</b>	<b>4.788,8</b>	<b>40,8</b>	<b>40,1</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	3.419,2	3.401,8	4.788,8	40,8	40,1
<b>Samtals</b> .....	<b>50.198,0</b>	<b>40.400,9</b>	<b>43.529,2</b>	<b>7,7</b>	<b>-13,3</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árana 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 09 *Almanna- og réttaröryggi* árið 2025 eru áætluð 43.529,2 m.kr. og aukast um 662,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 1,6%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.128,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 7,7%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>09 Almanna- og réttaröryggi</b>					
Rekstrarframlög .....	46.873,2	38.499,0	40.057,5	4,0	-14,5
Rekstrartilfærslur .....	1.163,2	542,0	566,9	4,6	-51,3
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	18,5	53,5	189,2	-
Fjárfestingarframlög .....	2.161,6	1.341,4	2.851,3	112,6	31,9
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>50.198,0</b>	<b>40.400,9</b>	<b>43.529,2</b>	<b>7,7</b>	<b>-13,3</b>
Rekstrartekjur .....	-	2.611,0	2.704,5	3,6	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	37.789,9	40.824,7	8,0	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>40.400,9</b>	<b>43.529,2</b>	<b>7,7</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 09.10 Löggæsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum ríkislögreglustjóra og níu lögregluembætta en undir hann fellur einnig landamæraeftirlit, menntun lögreglumanna, almannavarnir og leit og björgun á landi. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Besta mögulega þjónustustig</b>		
Efla almenna löggæslu.	DMR/RLS/lögregluembættin	Innan ramma
Efla ytra og innra eftirlit með störfum lögreglu og auka yfirsýn yfir verkefni lögreglu, þ.m.t. með árangursmælaborði og reglulegri birtingu tölfraeðiupplýsinga um meðferð mála.	DMR/RLS	Innan ramma
Efla þjónustu með aukinni stafvæðingu og rafrænu gagnaflæði milli stofnana og réttarvörslukerfisins sem bætir yfirsýn og rekjanleika.	DMR/stofnanir réttarvörslukerfisins	Innan ramma
Innleiða komu- og brottfararkerfi á landamærum og upplýsingakerfi um heimild til ferðar.	RLS/lögregluembættin	Innan ramma
Efla rannsókn og saksókn kynferðisbrota, heimilisofbeldis og annars kynbundins ofbeldis.	DMR/stofnanir réttarvörslukerfisins	Innan ramma
Tryggja aukinn fjölbreytileika, jafnrétti og jöfn tækifæri innan lögreglu.	DMR/RLS/lögregluembættin	Innan ramma
<b>Markmið 2: Hæsta mögulega öryggisstig</b>		
Heildarendurskoðun almannavarnalaga og efling almannavarna, þ.m.t. aukin áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir.	DMR/RLS/lögregluembættin	Innan ramma
Efling almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra.	RLS	145 m.kr.
Áhersla á greiningu upplýsinga, þverfaglega samvinnu og þátttöku í alþjóðasamstarfi í ríkari mæli, til að sporna við skipulagðri brotastarfsemi, þ.m.t. fjármálabrotum og mansali.	DMR/RLS/lögregluembættin	Innan ramma
Aukin samfélagslöggæsla, aðgerðageta og afbrotavarnir, m.a. til þess að takast á við tölvu- og netglæpi.	RLS/lögregluembættin	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 25.599,1 m.kr. og lækkar um 768,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.686,4 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 145 m.kr. til að styrkja almannavarnadeild ríkislögreglustjóra.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 667,4 m.kr. vegna millifærslu á nýja fjárlagalið upplýsingatækniinnviða sem vistaður er undir málaflokki 10.40 Stjórnsýsla

*dómsmálaráðuneytis*. Framlaginu er ætlað að standa undir þróun og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða ráðuneytisins og stofnana þess.

- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 314,4 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Þar af eru 138,8 m.kr. vegna tímabundins framlags til lögreglu árið 2024 til að mæta aðhaldskröfu það árið sem nú útfærast varanlega.
- d. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 169,5 m.kr. vegna almenns útgjaldasvigrúms málefнасviðsins sem fyrirhugað er að nýta til styrkingar skipulags á landamærum.
- e. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 83,9 m.kr. til að mæta sérstökum afkomubætandi ráðstöfunum fjármálaáætlunar og felst í tímabundinni niðurfellingu framlags í varasjóð. Málaflokkurinn er undanskilinn almennri aðhaldskröfu út áætlunartímabil fjármálaáætlunar 2025–2029.

## 09.20 Landhelgi

Starfsemi málaflokksins er í höndum Landhelgisgæslu Íslands (LHG). Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Nauðsynlegt er að gera vissa fyrirvara við töfluna vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar málaflokksins og þeirra umbóta sem til stendur að ráðast í. Í þeirri vinnu sem fram undan er verður sérstök áhersla lögð á það að setja fram ný eða endurbætt markmið í samræmi við niðurstöður greiningarinnar. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Almannaöryggi, löggæsla og eftirlit í auðlindalögsögu Íslands verði tryggt		
Ákvörðun um kaup eða leigu á þremur nýjum þyrlum.*	DMR/LHG	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Viðbúnaður í leit og björgun verði í samræmi við landhelgisgæsluáætlun		

\*Aðgerðin styður einnig við markmið 2

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 7.995,9 m.kr. og hækkar um 696,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 354,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 940 m.kr. og er af tvennum toga. Annars vegar er 700 m.kr. tímabundið framlag í tvö ár til að mæta veikleikum í starfsemi Landhelgisgæslunnar. Hins vegar er 240 m.kr. tímabundið framlag til eins árs til að veða upp á móti aðhaldi á árinu 2024 sem er framlengt út árið 2025.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 240 m.kr. vegna tímabundinnar frestunar aðhalds árið 2024.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 3,3 m.kr.

### 09.30 Ákærvald og réttarvarsla

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkissaksóknara og embættis héraðs-saksóknara og lögreglustjóraembættanna hvað varðar meðferð ákærvalds. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Aðgangur að réttarvörslukerfinu sé greiður, unnið í samræmi við málsmeðferðarreglur og af vandvirkni og að mannréttindi séu virt í hvívetna		
Embætti ríkissaksóknara verði eflt til að sinna alþjóðlegum verkefnum sem undir embættið heyra.	Ríkissaksóknari	Innan ramma
Unnið verði að breytingum á eigin kerfum og samtengingu þeirra sem gerir mögulegt að flytja gögn rafrænt þvert á stofnanir í réttarvörslukerfisins. Þátttaka í verkefnum um réttarvörslugátt.	DMR/stofnanir réttarvörslukerfisins	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt		
Unnið verði að aðgerðum og áherslumálum í tengslum við skipulagða brotastarfsemi, varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.	DMR/héraðsaksóknari ásamt öðrum stofnunum	Innan ramma
<b>Markmið 3:</b> Að fyrir liggi skýr mörk þjóðlendna og eignarlanda á landinu öllu, þ.m.t. eyjum umhverfis landið, eigi síðar en 2025		
Óbyggðanefnd hefur skipt meginlandi Íslands niður í 16 svæði, auk þess sem eyjar og sker umhverfis landið teljast 17. svæðið. Áætlanir gera ráð fyrir að í árslok 2025 verði málsmeðferð lokið á öllum 17 svæðunum.	Óbyggðanefnd	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 2.456,3 m.kr. og lækkar um 25,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 167,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 17 m.kr. vegna aukins kostnaðar við starfsemi Íslands hjá EUROJUST.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 28 m.kr. vegna tímabundins framlags sem veitt var til óbyggðanefndar.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 9,3 m.kr.

#### **09.40 Réttaraðstoð og bætur**

Til málaflokksins heyrir fjárhagslegur stuðningur ríkisins við þá sem leita þurfa réttar síns fyrir dómstólum en hafa ekki til þess fjárhagslegt bolmagn, greiðslur til brotaþola vegna líkamstjóns og miska sem leiðir af broti á almennum hegningarlögum og greiðsla kostnaðar sem embætti lögreglustjóra, héraðsdómstólar og embætti ríkissaksóknara greiða öðrum en starfsmönnum viðkomandi embætta vegna rannsóknar og reksturs opinberra mála.

Undir málaflokkinn heyra jafnframt greiðslur bóta til þeirra sem sætt hafa illri meðferð eða ofbeldi sem börn við vistun á stofnunum eða heimilum á vegum ríkisins. Meðal skilyrða fyrir greiðslu sanngirnibóta eru að fyrir liggja skýrsla vistheimilaneftdar eða önnur sambærileg skýrsla sem ákveðið hefur verið að leggja til grundvallar meðferð krafna um sanngirnibætur. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um helstu verkefni varðandi starfsemi hans.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 2.689,1 m.kr. og lækkar um 410 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 40,2 m.kr.

Breytingar á fjárheimildum málaflokksins felast í 410 m.kr. lækkun tímabundins framlags til uppgjors á sanngirnibótum.

#### **09.50 Fullnustumál**

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fangelsismálastofnunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.



Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Fullnustuyfirvöld tryggja að sérstök og almenn varðararáhrif refsinga séu virk og stuðli að farsælli aðlögun dómpóla að samfélaginu		
Stefnumótun í fullnustumálum og heildarendurskoðun laga um fullnustu refsinga.	DMR	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Fullnustuyfirvöld verði í stakk búin til að fullnusta refsingar með öruggum, skilvirkum og árangursríkum hætti í samræmi við samfélagslega og tæknilega þróun		
Bygging nýs fangelsis.	Fangelsismálastofnun/FSRE	1.400
Framkvæmdir á Sogni.	Fangelsismálastofnun	Innan ramma
<b>Markmið 3:</b> Öryggi almennings, gagna og upplýsinga sé tryggt		
Áfram er unnið að tengingu upplýsingakerfa allra stofnana réttarvörslukerfisins í gegnum réttarvörslugátt. Mun það bæta yfirsýn og samfelli málsmeðhöndlunar, auka hagkvæmni, skilvirkni og upplýsingagjöf, auðvelda tölfraeðivinnslu og stórauka gagnaöryggi.	Fangelsismálastofnun/DMR	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 4.788,8 m.kr. og hækkar um 1.169,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 217,6 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1.400 m.kr. vegna byggingar á nýju fangelsi í stað Litla-Hrauns. Til verkefnisins er áætlað að verja 12.600 m.kr. á tímabili fjármála-áætlunar 2025–2029 en þegar hefur verið varið 1.800 m.kr. til verkefnisins. Heildarkostnaður er áætlaður 14.400 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 135 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags til aðstöðubreytinga á Litla-Hrauni.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 95,6 m.kr.

## 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla dómsmála

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð dómsmálaráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>10.10 Persónuvernd .....</b>	<b>381,1</b>	<b>361,0</b>	<b>380,2</b>	<b>5,3</b>	<b>-0,2</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	381,1	361,0	380,2	5,3	-0,2
<b>10.20 Trúmál .....</b>	<b>8.940,7</b>	<b>9.214,8</b>	<b>9.331,4</b>	<b>1,3</b>	<b>4,4</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	8.940,7	9.214,8	9.331,4	1,3	4,4
<b>10.30 Sýslumenn .....</b>	<b>3.810,7</b>	<b>4.056,5</b>	<b>4.111,3</b>	<b>1,4</b>	<b>7,9</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	3.810,7	4.056,5	4.111,3	1,4	7,9
<b>10.40 Stjórnýsla dómsmálaráðuneytis .....</b>	<b>2.589,3</b>	<b>2.328,1</b>	<b>3.019,3</b>	<b>29,7</b>	<b>16,6</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	2.589,3	2.328,1	3.019,3	29,7	16,6
<b>10.50 Útlendingamál .....</b>	<b>14.531,7</b>	<b>10.463,3</b>	<b>11.205,8</b>	<b>7,1</b>	<b>-22,9</b>
06 Dómsmálaráðuneyti .....	3.702,1	2.560,8	3.195,6	24,8	-13,7
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	10.829,6	7.902,5	8.010,2	1,4	-26,0
<b>Samtals .....</b>	<b>30.253,5</b>	<b>26.423,7</b>	<b>28.048,0</b>	<b>6,1</b>	<b>-7,3</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli áronna 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 10 Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnýsla dómsmála árið 2025 eru áætluð 28.048 m.kr. og aukast um 389 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 1,5%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.235,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,1%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

10 Rétt. einstakl., trúmál og stjórnýsla dómsmála	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög .....	21.578,9	18.394,1	19.414,0	5,5	-10,0
Rekstrartilfærslur .....	8.570,1	7.903,8	7.809,7	-1,2	-8,9
Fjármagnstílfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	104,5	125,8	824,3	555,2	688,8
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>30.253,5</b>	<b>26.423,7</b>	<b>28.048,0</b>	<b>6,1</b>	<b>-7,3</b>
Rekstrartekjur .....	-	367,3	362,1	-1,4	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	26.056,4	27.685,9	6,3	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>26.423,7</b>	<b>28.048,0</b>	<b>6,1</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 10.10 Persónuvernd

Starfsemi málaflokksins er í höndum Persónuverndar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Aukið gagnsæi og skilvirkni, lögmæt og sanngjörn vinnsla til að tryggja samræmda vernd einstaklinga á EES-svæðinu		
Þátttaka í evrópsku samræmingarkerfi.	Persónuvernd	Innan ramma
Þýðing leiðbeininga, tilmæla og ákvarðana EDPB.	Persónuvernd	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Aukið traust almennings til öryggis við vinnslu persónuupplýsinga í atvinnulífinu og hjá stjórnvöldum		
Aukið samtal við helstu fagaðila.	Persónuvernd	Innan ramma
Uppbygging á virku sambandi milli persónuverndarfulltrúa og Persónuverndar.	Persónuvernd	Innan ramma
Endurbætt miðlun á upplýsingum í gegnum heimasíðu í umhverfi Ísland.is.	Persónuvernd	Innan ramma
<b>Markmið 3:</b> Bætt stefnumótun, vandaðri áætlanagerð og markvissara árangursmat		
Innleiðing á fyrirspurnar- og kvörtunareyðublaði á Ísland.is.	Persónuvernd	Innan ramma
Vandaðri stjórnsýsluleg meðferð mála.	Persónuvernd	Innan ramma
Framkvæmd frumkvæðisathugana og úttekta.	Persónuvernd	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 380,2 m.kr. og lækkar um 3,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 22,9 m.kr. Breytingin felst í hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins.

### 10.20 Trúmál

Undir málaflokkinn falla útgjöld til starfsemi Þjóðkirkjunnar, kirkjumálasjóðs og kirkjugarða. Þá fellur einnig undir trúmál úthlutun sóknargjalda til skráðra lífsskoðunar- og trúfélaga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 9.331,4 m.kr. og lækkar um 226,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 343,4 m.kr.

Breytingar í málaflokknunum skiptast í þrennt. Í fyrsta lagi er 241,1 m.kr. lækkun framlags vegna tímabundinnar hækkunar sóknargjalda sem fellur niður. Í öðru lagi er 63 m.kr. hækkun framlags til kirkjugarða í samræmi við niðurstöður reiknilíkans. Að síðustu er hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins sem nemur 48,7 m.kr. og skiptist hlutfallslega milli kirkjugarða og sóknargjalda.

### 10.30 Sýslumenn

Starfsemi málaflokksins er í höndum sýslumannsembættanna. Nánar er fjallað um málaflökkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Að bæta þjónustu sýslumannsembættanna		
Aukið framboð opinberrar þjónustu á landsbyggðinni (ný verkefni).	DMR, Sýslumannaráð og sýslumenn	Innan ramma
Flutningur verkefna sem tengjast persónulegum talsmönnum til sýslumanna.	DMR, Sýslumannaráð og sýslumenn	18 m.kr.
Umsýsla og útgáfa sveinsbréfa flutt til sýslumanna.	DMR og sýslumenn	Innan ramma
Betri nýting húsnæðis, m.a. með auknu samstarfi á milli starfsstöðva og við sveitarfélög, aðrar stofnanir og haghafa.	DMR og sýslumenn	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Að bæta stafræna þjónustu sýslumannsembættanna		
Aukið framboð stafrænnar þjónustu og lausna (lagabreytingar, umbætur kerfa o.fl.).*	DMR, Sýslumannaráð og Stafrænt Ísland	Innan ramma
Bætt aðgengi að þjónustu á vef sýslumanna og efling innviða starfskerfa sýslumanna, þar á meðal með tengingu við aðrar opinberar skrár.**	Sýslumannaráð	Innan ramma
Innleiðing þjónustukerfis ZenDesk vegna móttöku gagna og samskipti við þjónustuþega.	Sýslumannaráð og sýslumenn	Innan ramma
<b>Markmið 3:</b> Að jafna aðgengi að opinberri þjónustu		
Endurskoðun verkefnaskiptingar með það í huga að stuðla að sérhæfingu, jafnari verkaskiptingu og fjölgun starfa á landsbyggðinni.	DMR, Sýslumannaráð og sýslumenn	Innan ramma
Regluleg fræðsla og endurmenntun fyrir starfsfólk sýslumannsembættanna.	Sýslumannaráð	Innan ramma
Samræmt þjónustustig og útgáfa þjónustustefnu (afgreiðsla, biðtími o.s.frv.).	Sýslumenn og Sýslumannaráð	Innan ramma

\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1.

\*\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 3.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 4.111,3 m.kr. og lækkar um 221,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 276,7 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Bundin útgjöld málaflokksins hækka um 4,3 m.kr. sem skipta má í þrennt. Í fyrsta lagi er 18 m.kr. lækkun fjárheimildar innheimtuhluta meðlagsgreiðslna sýslumannsins á Norðurlandi vestra sem færist til dómsmálaráðuneytis til að mæta kostnaði við úrskurði í kærumálum, sbr. markmið 1. Í öðru lagi 18 m.kr. lækkun fjárheimildar í tengslum við stofnun Mannréttindastofnunar Íslands. Í þriðja lagi er 4,3 m.kr. millifærsla framlags frá Ríkisendurskoðun til sýslumanna vegna tilfærslu verkefna.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 191 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Annars vegar er 180 m.kr. framlag vegna verkefna til að mæta stafrænum umbreytingum hjá sýslumannsembættunum. Hins vegar er 11 m.kr. framlag til að standa undir stöðu starfsmanns sýslumannsins á Norðurlandi eystra á Þórshöfn.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefna sviðsins nemur 35,2 m.kr.

#### 10.40 Stjórnsýsla dómsmálaráðuneytis

Undir stjórnsýslu dómsmálaráðuneytis falla t.d. rekstur ráðuneytisins, Stjórnartíðindi og Schengen-landamæra sjóður. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda</b>		
Réttarvörslugátt – innleiðingu sakamála lýkur og þróun einkamála hefst.	DMR	Innan ramma
Schengen – stuðningur við upplýsingatæknikerfi.	DMR	Innan ramma
Endurnýjun á kerfum Lögbirtingablaðsins.	DMR	Innan ramma
Innleiðing á nýju kerfi Stjórnartíðinda.	DMR	Innan ramma
Innleiðing á nýju reglugerðasafni.	DMR	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 3.019,3 m.kr. og hækkar um 555,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 135,6 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 685,4 m.kr. sem skiptist í tvennt. Annars vegar eru 667,4 m.kr. til uppbyggingar upplýsingatækniinnviða en framlagið er millifært af málaflokki 09.10 Löggæsla þar sem framlög til þessara mála hafa verið vistuð. Fram-

laginu er ætlað að standa undir þróun og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða ráðuneytisins og stofnana þess. Hins vegar eru 18 m.kr. til að mæta breytingum á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga og varðar úrskurði í kærumálum.

- b) Fjárheimild málaflokksins hækkar um 31,5 m.kr. vegna almenns útgjaldasvigrúms málefнасviðsins sem fyrirhugað er að nýta til áframhaldandi uppbyggingar upplýsingatækni mála.
- c) Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 55,1 m.kr.

### 10.50 Útlendingamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum Útlendingastofnunar, kærunefndar útlendingamála, ríkislögreglustjóra og dómsmálaráðuneytis ásamt félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu og Vinnumálastofnun. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Fagleg og skilvirk málsmeðferð stjórnvalda í þágu þjónustuþega		
Öll svið Útlendingastofnunar hafi innleitt nýtt upplýsingatækni kerfi við afgreiðslu umsókna og umsýslu.	ÚTL	Innan ramma
Innleiðing nýrra ferla til að auka skilvirkni við brottför útlendinga sem hlotið hafa endanlega synjun á umsókn um alþjóðlega vernd.	RLS	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Aukin ánægja viðskiptavina og almennings		
Innleiðing þjónustustefnu.	ÚTL	Innan ramma
Sameining starfsstöðva – betri nýting mannauðs í þágu viðskiptavina.	ÚTL/DMR/FSRE	Innan ramma
<b>Markmið 3:</b> Greinarbætra aðgengi og upplýsingagjöf um réttindi einstaklinga		
Frekari þróun þjónustuvefs stofnunarinnar og stafrænna lausna í samskiptum og upplýsingagjöf til umsækjenda samhliða innleiðingu nýs upplýsingatækni kerfis stofnunarinnar.	ÚTL	Innan ramma
Umsækjendur hafi aðgengi að upplýsingum um stöðu mála sinna í gegnum þjónustuvef stofnunarinnar og nýtt upplýsingatækni kerfi.	ÚTL	Innan ramma
Innleiðing stafræns pósthólfis samhliða innleiðingu nýs upplýsingatækni kerfis.	ÚTL/Stafrænt Ísland	Innan ramma
Endurskoðun persónuverndarstefnu stofnunarinnar á leiðbeiningum til umsækjenda um persónuvernd og vinnsluskram samhliða stafrænni þróun stofnunarinnar.	ÚTL	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 11.205,8 m.kr. og hækkar um 285,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 456,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimildir málaflokksins eru auknar um 936 m.kr. og skiptast í þrennt. Í fyrsta lagi er 500 m.kr. framlag til afgreiðslu umsókna og til að mæta kostnaði við sjálfviljugar heimferðir. Í öðru lagi er 400 m.kr. heimild vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd sem var lækkuð tímabundið í fjárlögum 2024 en kemur aftur inn 2025. Í þriðja lagi eru 36 m.kr. sem voru millifærðar tímabundið frá félags- og vinnu- markaðsráðuneyti vegna samhæfingar innan Stjórnarráðsins til forsætisráðuneytis í fjárlögum 2023 en koma aftur inn í ramma félags- og vinnumarkaðsráðuneytis 2025.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 650,2 m.kr.



## 11 Samgöngu- og fjarskiptamál

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð innviðaráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


11 Samgöngu- og fjarskiptamál	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>11.10 Samgöngur</b> .....	<b>54.744,6</b>	<b>53.256,8</b>	<b>62.264,4</b>	<b>16,9</b>	<b>13,7</b>
10 Innviðaráðuneyti .....	54.744,6	53.256,8	62.264,4	16,9	13,7
<b>11.20 Fjarskipti</b> .....	<b>2.019,2</b>	<b>2.322,9</b>	<b>2.443,0</b>	<b>5,2</b>	<b>21,0</b>
10 Innviðaráðuneyti .....	665,0	653,8	988,8	51,2	48,7
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarrn .....	1.354,2	1.669,1	1.454,2	-12,9	7,4
<b>11.30 Stjórnýsla innviðaráðuneytis</b> .....	<b>1.193,4</b>	<b>1.106,7</b>	<b>1.254,3</b>	<b>13,3</b>	<b>5,1</b>
10 Innviðaráðuneyti .....	1.193,4	1.106,7	1.254,3	13,3	5,1
<b>Samtals</b> .....	<b>57.957,2</b>	<b>56.686,4</b>	<b>65.961,7</b>	<b>16,4</b>	<b>13,8</b>

<sup>1</sup> Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 11 Samgöngu- og fjarskiptamál árið 2025 eru áætluð 65.961,7 m.kr. og aukast um 7.928,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024 eða sem svarar til 14%. Þegar

tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 9.275,3 m.kr. milli ára eða sem svarar til 16%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>11 Samgöngu- og fjarskiptamál</b>					
Rekstrarframlög .....	18.939,0	17.581,9	18.293,6	4,0	-3,4
Rekstrartilfærslur .....	6.706,4	6.366,9	9.382,0	47,4	39,9
Fjármagnstiltfærslur .....	1.851,1	1.941,2	1.773,1	-8,7	-4,2
Fjárfestingarframlög .....	30.460,7	30.796,4	36.513,0	18,6	19,9
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>57.957,2</b>	<b>56.686,4</b>	<b>65.961,7</b>	<b>16,4</b>	<b>13,8</b>
Rekstrartekjur .....	-	3.045,9	2.798,5	-8,1	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	53.640,5	63.163,2	17,8	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>56.686,4</b>	<b>65.961,7</b>	<b>16,4</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

#### 11.10 Samgöngur

Starfsemi málaflokksins er í höndum Samgöngustofu, Vegagerðarinnar og Rannsóknarnefndar samgönguslysa, auk Isavia í gegnum þjónustusamning um rekstur og framkvæmdir á flugvöllum og Betri samgangna í gegnum samning um samgönguf framkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaaðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Greiðar samgöngur</b>		
Áfram verður unnið að uppbyggingu hafnarmannvirkja. Meðal helstu verkefna eru endurbýgging og endurbætur hafna á Vopnafirði, Húsavík, í Vestmannaeyjum, á Sauðárkróki og í Njarðvík.	Vegagerðin	Innan ramma
Undirbúningur vegna Sundabrautar heldur áfram þar sem unnið er að mati á umhverfisáhrifum, útfærslu valkosta, breytingum á skipulagsáætlunum auk samráðs við hagaðila. Í kjölfarið hefst undirbúningur útboðsferlis.	Vegagerðin	Innan ramma
Aukið verður við viðhald vega til þess að komast til móts við aukna umferð, bæði í fjölda ökutækja og þungaflutningum.	Vegagerðin	1 ma.kr.
<b>Markmið 2: Öruggar samgöngur</b>		
Átak í uppbyggingu á innanlandsflugvöllum verður tryggt með tilkomu varaflugvallagjalds þar sem lögð verður áhersla á uppbyggingu varaflugvallanna í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum. Samhliða verður unnið að uppbyggingu minni landingarstaða svo þeir geti þjónað hlutverki sínu vegna sjúkra- og almannaflugs.	Isavia ohf.	Innan ramma
Áfram unnið að því að auka öryggi á stofnvegum í kringum höfuðborgarsvæðið með aðskilnaði akstursstefna á Suðurlandsvegi við Gunnarshólma, Vesturlandsvegi á Kjalarnesi og Reykjanesbraut við Straumsvík.	Vegagerðin	2 ma.kr.
Fækkun einbreiðra brúa á hringvegi heldur áfram. Alls mun einbreiðum brúm á hringvegi fækka um þrjár á árinu og tvær utan hringvegar, á Vestfjarðavegi.	Vegagerðin	Innan ramma
<b>Markmið 3: Hagkvæmar samgöngur</b>		
Unnið er að endurskoðun á tekjuöflun ríkisins af ökutækjum og umferð með það m.a. að leiðarljósi að fjármagna flýttiverkefni og jarðgangaáætlun.	Innviðaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Áfram verður unnið að styttingu leiða á vegum, m.a. með framkvæmdum við Hornafjarðarfljót og nýja brú og veg yfir Ölfusá. Þá verður unnið að framkvæmdum á Vestfjarðavegi um Gufudalssveit sem samanlagt mun stytta leiðina um 21,6 km, ásamt því að auka öryggi til muna.	Vegagerðin	Innan ramma/ samvinnuverkefni
<b>Markmið 4: Umhverfislega sjálfbærar samgöngur</b>		
Unnið verður að uppbyggingu samgönguinnviða allra ferðamáta á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við framkvæmdaáætlun samgöngusáttmála. Meðal framkvæmda sem unnið verður að er brú yfir Fossvog, Arnarnesvegur, nýir hjóla- og göngustígar ásamt ýmsum aðgerðum í umferðarstýringu.	Innviðaráðuneyti	4 ma.kr.

Umhverfissvænni almenningssamgöngur eflar ásamt innviðum fyrir virka ferðamáta í samræmi við ákvæði aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.	Innviðaráðuneyti	170 m.kr.
Aðkoma ríkisins að almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu mótuð og innleidd, í samræmi við ákvæði samgöngusáttmálans.	Innviðaráðuneyti	2,2 ma.kr.

### Markmið 5: Jákvæð byggðapróun

Áframhaldandi átak í uppbyggingu tengivega þar sem áhersla er á að styrkja og leggja bundið slitlag á umferðarlitla tengivegi. Meðal verkefna sem unnið verður að eru endurbætur á Jökuldalsvegi og Skagavegi. Um báða kafla er akstursleið skólaaksturs.	Vegagerðin	Innan ramma
Áætlunarflug milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja yfir vetrartímann.	Vegagerðin	30 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 62.264,4 m.kr. og hækkar um 7.801 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.206,8 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild til framkvæmda á vegakerfinu er aukin um 3.000 m.kr. vegna nýframkvæmda og viðhalds á vegakerfinu en á móti falla niður tímabundin framlög að fjárhæð 1.500 m.kr.
- Fjárheimild til þjónustu á vegakerfinu hækkar um 300 m.kr.
- Fjárheimild til framkvæmda á flugvöllum er aukin um 80 m.kr. tengt innheimtu á varaflugvallagjaldi og ætlað er til uppbyggingar á varaflugvöllum.
- Fjárheimild er aukin um 170 m.kr. í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda frá 2020, sbr. aðgerðir um eflingu umhverfissvænni almenningssamgangna og um innviði fyrir virka ferðamáta.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 2.235 m.kr. vegna styrkja til almenningssamgangna til að mæta 33% ábyrgð ríkisins á rekstri Strætó bs. samkvæmt samkomulagi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu tengt endurnýjuðum Samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins.
- Fjárheimild til Betri samgangna er aukin um 4.000 m.kr. til framkvæmda vegna uppbyggingar samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu.
- Fjárheimild til framkvæmda við vita og hafnir er aukin um 200 m.kr. vegna dýpkunar í Grynslunum við Hornafjarðarós.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 679,3 m.kr.

### 11.20 Fjarskipti, netöryggi og stafræn þróun

Undir málaflokkinn falla m.a. fjarskipti, þar á meðal fjarskiptaþjónusta og fjarskiptavernd, netöryggi og öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, auk margvíslegra verkefna sem varða t.d. meðhöndlun samfélagslegra gagna, rafræna auðkenningu og traustþjónustu sem og tæknilausnir á sviði gervigreindar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Allri byggð bjóðist aðgangur að áreiðanlegu háhraðanetsambandi og á öllum helstu stofnvegum sé áreiðanlegt farnettsamband		
Bæta aðgengi að samfelldu talsambandi og farneti á öllum stofnvegum á láglandi.	Fjarskiptastofa	Innan ramma
Vinna að þátttöku Íslands í áætlun ESB um öryggis-fjarskiptakerfi um gervihnetti.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd ríkisstuðnings við ljósleiðaravæðingu í þéttbýli utan markaðssvæða.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Aukin hæfni og nýting netöryggistækni		
Uppbygging og starfsemi samstarfsvettvangs um fræðslu, menntun og rannsóknir í netöryggi (Eyvör – NCC-IS) í samræmi við aðgerðaáætlun stjórnvalda á sviði netöryggis.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi þróun á starfsemi og uppbygging samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs á sviði netöryggis.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd og eftirfylgni yfir 60 aðgerða í aðgerða-áætlun stjórnvalda í netöryggi.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 3:</b> Öruggara netumhverfi og stafræn þróun		
Undirbúningur að endurnýjaðri tilskipun ESB um netöryggi mikilvægra innviða (NIS2).	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun laga um fjarskipti til að bregðast við aukningu netsvika.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Mótun stefnu og regluverks um stafræna þróun, þ.m.t. um endurnot opinberra upplýsinga, gervigreind og rafræna auðkenningu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 2.443 m.kr. og hækkar um 48 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum verðlagsbreytingum en þær nema 72,1 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 335 m.kr. vegna breytts greiðslufyrirkomulags til Íslandspósts vegna alþjónustukvaðar í pósthjónustu.

- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 123,5 m.kr. þegar tímabundnar tekjur frá DIGITAL Europe Programme, til stuðnings Eyvarar, samstarfsvettvangs um fræðslu, menntun og rannsóknir í netöryggi (NCC-IS), ganga til baka.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 16,5 m.kr.

### 11.30 Stjórnsýsla innviðaráðuneytis

Undir málaflokkinn falla aðalskrifstofa innviðaráðuneytis, fastanefndir, ýmis verkefni og þjónustusamningar, m.a. við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Aukinn árangur og þjónusta við borgara og atvinnulíf</b>		
Úttekt á almennri lagaumgjörð og stjórnsýslu sem heyrir undir ráðuneytið.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Frekari einföldun regluverks með áherslu á þjónustumiðaða stjórnsýslu.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Staða leigjenda bætt með nýju réttarráæði sem tryggir aðilum leigusamnings öflugna og skilvirka úrlausn ágreinings sem upp kann að koma, þ.m.t. um sanngirni leigufjárhæðar.	Innviðaráðuneyti	20 m.kr.
Frekari samhæfing stefna og áætlana.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 1.254,3 m.kr. og hækkar um 80 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 67,6 m.kr. Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 62,5 m.kr., sem ráðstafað verður í ýmis útgjaldamál. Þar af er 25 m.kr. útgjaldasvigrúm sem ætlað var árið 2023 en var frestað sem hluta af aðgerðum stjórnvalda til að bregðast við þenslu í hagkerfinu og 37,5 m.kr. útgjaldasvigrúm sem tímabundið var ráðstafað á málefнасvið 31 kemur til baka inn í ramma málefнасviðsins.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 20 m.kr. vegna aukinna framlaga til kæruférfar húsamála til að bæta réttarstöðu leigjenda.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 2,5 m.kr. og er hlutfallslega skipt niður á verkefni.

## 12 Landbúnaður

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð matvælaráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


12 Landbúnaður	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>12.10 Stjórnun landbúnaðarmála .....</b>	<b>20.601,2</b>	<b>21.624,9</b>	<b>22.388,2</b>	<b>3,5</b>	<b>8,7</b>
04 Matvælaráðuneyti .....	20.601,2	21.624,9	22.388,2	3,5	8,7
<b>12.20 Rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaðarmálum .....</b>	<b>900,0</b>	<b>744,2</b>	<b>870,1</b>	<b>16,9</b>	<b>-3,3</b>
04 Matvælaráðuneyti .....	900,0	744,2	870,1	16,9	-3,3
<b>12.60 Stjórnsýsla matvælaráðuneytis .....</b>	<b>1.010,7</b>	<b>1.021,2</b>	<b>1.093,1</b>	<b>7,0</b>	<b>8,2</b>
04 Matvælaráðuneyti .....	1.010,7	1.021,2	1.093,1	7,0	8,2
<b>Samtals .....</b>	<b>22.511,9</b>	<b>23.390,3</b>	<b>24.351,4</b>	<b>4,1</b>	<b>8,2</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 12 Landbúnaður árið 2025 eru áætluð 24.351,4 m.kr. og aukast um 14,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 0,1%. Þegar tekið er tillit til

áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 961,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4,1%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>12 Landbúnaður</b>					
Rekstrarframlög .....	3.965,2	4.597,1	4.784,7	4,1	20,7
Rekstrartilfærslur .....	18.508,4	18.751,5	19.492,7	4,0	5,3
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	38,3	41,7	74,0	77,5	93,2
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>22.511,9</b>	<b>23.390,3</b>	<b>24.351,4</b>	<b>4,1</b>	<b>8,2</b>
Rekstrartekjur .....	-	871,8	919,2	5,4	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	22.518,5	23.432,2	4,1	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>23.390,3</b>	<b>24.351,4</b>	<b>4,1</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 12.10 Stjórnun landbúnaðarmála

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1.200,9 m.kr. vegna sameiningar Vatnajökulsþjóðgarðs og hluta Umhverfisstofnunar inn í nýja Náttúruverndarstofnun. Við sameiningu flytjast umræddar fjárheimildir frá Umhverfisstofnun úr málaflokki 17.50 *Stjórnýsla umhverfismála* yfir í þennan málaflokk er ný stofnun tilheyrir.
- Hækkun á sértekjuáætlun nemur 376,7 m.kr. Um er að ræða tekjuaukningu hjá Þjóðgarðinum á Þingvöllum og Náttúruverndarstofnun (þ.e. þess hluta sem kom frá Vatnajökulsþjóðgarði).
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 20,5 m.kr. vegna niðurfelldrar tímabundinnar fjárheimildar til verkefnisins um Vernd Breiðafjarðar.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 60 m.kr. Við útdeilingu á aðhaldskröfu málaflokksins er beitt hlutfallslegri skiptingu niður á fjárlagaliði að teknu tilliti til stöðu og áhættumats. Lögð er sérstök áhersla á að standa vörð um þau verkefni og stofnanir sem hafa lítið fjárhagslegt svigrúm.

### 17.20 Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands

Starfsemi málaflokksins er í höndum nýrrar Náttúrufræðistofnunar sem kom til með samningu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar við Mývatn og Landmælinga Íslands þann 1. júlí sl. Auk þess kemur Veðurstofa Íslands að starfsemi málaflokksins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Að efla vöktunarkerfi vegna náttúruvár</b>		
Átak í gerð áhættu- og hættumats vegna eldgosa á Reykjanesi.	Veðurstofa Íslands	400 m.kr.
Bætt vöktun náttúruvár með áreiðanlegri og lengri og viðvörunartíma og bættu rekstraröryggi vöktunarkerfa.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Styrking reksturs og fjölgun mælabúnaðar fyrir veður-, vatna- og jarðskjálftakerfi auk mats á náttúruvá.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Endurnýjun og uppbygging veðursjárkerfis.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Greining og uppbygging upplýsingatækni innviða.*	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
<b>Markmið 2: Að efla rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga</b>		
Rannsóknir, vöktun og miðlun á loftslagsbreytingum og þeim afleiðingum sem þær kunna að valda.	Veðurstofa Íslands	Innan ramma
Rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga á súrnun sjávar.	Hafrannsóknastofnun	Innan ramma
Vöktun náttúruverndarsvæða undir álagi ferðamanna.**	Náttúrufræðistofnun	Innan ramma

\* Með auknum áskorunum í vöktun náttúru Íslands skapast nýjar áskoranir og ógnir við upplýsingakerfi sem bregðast þarf við. Áætlað er að hefja ítarlega greiningu á uppbyggingu upplýsingatækniinnviða á Veðurstofu Íslands en verkefnið er í takt við markmið í stjórnarsáttmála um mikilvægi stafrænna innviða við stefnumótun og ákvarðanatöku.

\*\*Verkefnið „Vöktun náttúruverndarsvæða“ styður jafnframt við markmið 1 í málaflokki 17.1 um að bæta ástand áfangastaða innan náttúruverndarsvæða.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 5.751,1 m.kr. og hækkar um 364 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 309,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 393,2 m.kr. vegna sameiningar Landmælinga Íslands við nýja Náttúrufræðistofnun. Við sameiningu flytjast umræddar fjárheimildir Landmælinga Íslands af málefнасviði *06 Hagskýrslugerð og grunnskrár* yfir á málefнасvið *17 Umhverfismál* og undir þennan málaflokk.
- b. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 400 m.kr. en um er að ræða tímabundið fjárfestingarframlag til Veðurstofu Íslands vegna átaks við gerð áhættu- og hættumats vegna eldgosa á Reykjanesi.
- c. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 38,2 m.kr. vegna styrkingar Veðurstofu Íslands vegna ýmissa verkefna.
- d. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 25 m.kr. sem skýrist annars vegar af 21 m.kr. aukningu vegna líffræðilegrar fjölbreytni og 4 m.kr. vegna Surtseyjar.
- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 205 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi til úrbóta í innviðum í kjölfar óveðurs í desember 2019.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 48 m.kr. vegna tímabundins framlags til reksturs náttúrustofa.
- g. Sértekjuáætlun málaflokksins lækkar um 182 m.kr. er skýrist að mestu leyti af lækkun sértekna hjá Veðurstofu Íslands.
- h. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 64,9 m.kr. Við útteilingu á aðhaldskröfu málaflokksins er beitt hlutfallslegri skiptingu niður á fjárlagaliði að teknu tilliti til stöðu og áhættumats. Lögð er sérstök áhersla á að standa vörð um þau verkefni og stofnanir sem hafa lítið fjárhagslegt svigrúm.

### 17.30 Meðhöndlun úrgangs

Starfsemi málaflokksins er m.a. í höndum Endurvinnslunnar hf. og Úrvinnslusjóðs. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Að auka endurvinnslu heimilísúrgangs</b>		
Framkvæmd sérstakrar söfnunar á heimilísúrgangi.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, sveitarfélög, Úrvinnslusjóður o.fl.	Innan ramma
Fjárhagslegur stuðningur við verkefni sem efla hringrásarhagkerfi.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd aðgerða á grundvelli stefnunnar „Í átt að hringrásarhagkerfi, stefna í úrgangsmálum 2021–2032“.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti o.fl.	Innan ramma
Framkvæmd úrgangsforvarnastefnu.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti og Umhverfisstofnun	Innan ramma
Framkvæmd aðgerða á grundvelli aðgerðaáætlunar í plastmálefnum frá árinu 2020.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti o.fl.	Innan ramma
Framkvæmd aðgerða gegn matarsóun á grundvelli aðgerðaáætlunar gegn matarsóun frá árinu 2021.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Umhverfisstofnun o.fl.	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 11.096,7 m.kr. og hækkar um 870 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2,1 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins vegna Endurvinnslunnar hækkar um 600 m.kr. Byggt er á áætlun um magnaukningu og hækkun á skila- og umsýslugjaldi.
- Fjárheimild málaflokksins vegna Úrvinnslusjóðs er aukin um 90 m.kr. vegna áætlunar um magnaukningu og hækkun á úrvinnslugjaldi.
- Tekjuáætlun málaflokksins hækkar um 180 m.kr. Um er að ræða breytingu á vaxta-tekjum Úrvinnslusjóðs.

### 17.40 Varnir gegn náttúruvá

Einn ríkisaðili, Ofanflóðasjóður, tilheyrir málaflokknum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Að tryggja fullnægjandi öryggi fyrir íbúa landsins gegn ofanflóðum		
Framkvæmdir í Bíldudal, á Flateyri, á Seyðisfirði og í Neskaupstað.	Ofanflóðasjóður	737 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 3.961,5 m.kr. og hækkar um 137 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 13,6 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 737 m.kr. Um er að ræða þrenns konar breytingar á fjárheimildum. Í fyrsta lagi er um að ræða árlega 100 m.kr. hækkun fjárheimildar tímabilið 2023–2027 til að mæta uppfærslu á framkvæmdarkostnaði, 500 m.kr. aukningu fjárheimilda samkvæmt fyrri fjármálaáætlun og 137 m.kr. vegna þess að sjóðurinn var skertur um þá fjárhæð á síðasta ári vegna kaupa ríkissjóðs á skólahúsnæði í Bíldudal en nú gengur sú skerðing til baka.
- Á móti lækkar fjárheimild málaflokksins um 600 m.kr. Um er að ræða niðurfellingu á tilfærslu fjármagns sem átti að falla til á árinu 2030 samkvæmt fjármálaáætlun 2024–2028 en var í fjárlögum 2024 flýtt vegna aðkallandi framkvæmda í Neskaupstað í kjölfar snjóflóða.



### 17.50 Stjórnýsla umhverfismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis, Umhverfis- og orkustofnunar og úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Þær breytingar hafa orðið á stofnanaskipulagi málaflokksins að ný stofnun, Umhverfis- og orkustofnun, starfar frá 1. janúar 2025 og frá sama tíma hættir Umhverfisstofnun starfsemi. Þá flyst Stofnun Vilhjálms Stefánssonar undir starfsemi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytisins sem hluti af Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Loftslagsmál eru snar þáttur í stjórnýslu umhverfismála. Undir þennan málaflokk falla fjárheimildir til loftslagsaðgerða og loftmengunarmála. Umfangsmestu verkefni á sviði loftslagsmála eru stefnumótun og eftirfylgni fyrir kolefnishlutlaust Ísland, aðgerðaáætlun í loftslagsmálum sem snýr að samdrætti í losun og aðlögunaráætlun vegna áhrifa loftslagsbreytinga.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingar sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Að draga úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum og markmið um kolefnishlutleysi Íslands		
Stefnumótun um kolefnishlutlaust Ísland og verkstjórn og framkvæmd aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Styrking stjórnýslu loftslagsmála, upplýsingagjöf og samþætting þvert á málefnasvið.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Samtal við ESB um hert markmið í loftslagsmálum og innleiðing regluverks því tengdu.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Úrbætur á losunarbókhaldi fyrir landnotkun, breytta landnotkun og skógrækt (LULUCF) í samræmi við reglur ESB og Loftslagssamnings SP.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Umhverfisstofnun, Land og skógur	Innan ramma
Rannsóknir á kolefnisforða, losun og bindingu í jarðvegi og gróðri.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti, Land og skógur	Innan ramma
Útfærðar reglur fyrir starfsemi fyrirtækja varðandi kolefnisföngun og varanlega geymslu kolefnis.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Samstarf við bændur um loftslagsvænni landbúnað.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Að efla viðnámsþrótt íslensks samfélags og lífríkis gagnvart loftslagsvá		
Unnin verði áætlun um aðlögun íslensks samfélags að loftslagsbreytingum.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma

**Markmið 3: Að efla náttúruvernd, m.a. með friðlýsingu náttúruverndarsvæða**

Stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði.	Umhverfis- og orkustofnun	Innan ramma
Fræðslu- og kynningarverkefni innan þjóðgarða og annarra verndarsvæða.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Kortlagning óbyggðra víðerna.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Undirbúningur að stofnun þjóðgarðs á hálendi Íslands.	Umhverfis, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
Endurskoðun stefnu um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma

**Markmið 4: Að efla hreinsun fráveitu.**

Átak í fráveitumálum sveitarfélaga.	Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti	Innan ramma
-------------------------------------	---	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 7.920,8 m.kr. og lækkar um 86,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 270,9 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 829,9 m.kr. sem skýrist af sameiningu Orkustofnunar og hluta Umhverfisstofnunar inn í nýja Umhverfis- og orkustofnun. Við sameiningu flytjast umræddar fjárheimildir Orkustofnunar af málefнасviði 15 *Orkumál* yfir á málefнасvið 17 *Umhverfismál* og þennan málaflokk er ný stofnun fellur undir.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1.200,9 m.kr. sem skýrist af tilfærslu hluta Umhverfisstofnunar inn í nýja Náttúruverndarstofnun. Við sameiningu flytjast umræddar fjárheimildir frá Umhverfisstofnun yfir í málaflokk 17.10 er ný stofnun tilheyrir.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 225,4 m.kr. vegna sameiningar Loftslagssjóðs við nýjan Loftslags- og orkusjóð. Við þessa sameiningu flytjast umræddar fjárheimildir Loftslagssjóðs úr þessum málaflokki yfir á málefнасvið 15 *Orkumál* og málaflokk 15.10 *Stjórnun og þróun orkumála* en nýr sjóður fellur undir viðfangsefni þessa málaflokks.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 65 m.kr. en um að ræða varanlega aukningu almenns útgjaldasvigrúms úr fyrri fjármálaáætlun til ráðstöfunar í náttúrumiðaðar lausnir í loftslagsmálum.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 99,8 m.kr. en annars vegar er um er að ræða 61,8 m.kr. hækkun á almennu útgjaldasvigrúmi frá fyrri fjármálaáætlun og hins vegar um 38 m.kr. almenna hækkun útgjaldasvigrúms frá árinu 2023 er frestað var í tvö ár.
- Sértekjuáætlun málaflokksins lækkar um 16,5 m.kr. er skýrist að mestu leyti af 26,4 m.kr. lækkun sértekna hjá aðalskrifstofu ráðuneytisins og 12,4 m.kr. hækkun tekna hjá Umhverfis- og orkustofnun (þ.e. þess hluta sem áður tilheyrði Umhverfisstofnun).
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 100 m.kr. en um er að ræða niðurfellingu á tímabundnu framlagi til hringrásarhagkerfisins.

- h. Fjárheimild málaflokksins hækkar tímabundið um 1.100 m.kr. vegna ráðstöfunar losunarheimilda til flugfélaga. Á móti lækka fjárheimildir um 500 m.kr. vegna niðurfellingar á tímabundnu framlagi svokallaðs sveigjanleikaákvæðis.
- i. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 107,6 m.kr. Við útdeilingu á aðhaldskröfu málaflokksins er beitt hlutfallslegri skiptingu niður á fjárlagaliði að teknu tilliti til stöðu og áhættumats. Lögð er sérstök áhersla á að standa vörð um þau verkefni og stofnanir sem hafa lítið fjárhagslegt svigrúm.

## 18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðherra, mennta- og barnamálaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Það skiptist í fimm málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


18 Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>18.10 Safnamál</b> .....	<b>6.094,8</b>	<b>5.833,9</b>	<b>6.115,4</b>	<b>4,8</b>	<b>0,3</b>
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti .....	6.094,8	5.833,9	6.115,4	4,8	0,3
<b>18.20 Menningarstofnanir</b> .....	<b>7.774,4</b>	<b>8.113,6</b>	<b>8.704,1</b>	<b>7,3</b>	<b>12,0</b>
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti .....	437,7	381,7	420,2	10,1	-4,0
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti .....	7.336,7	7.731,9	8.283,9	7,1	12,9
<b>18.30 Menningarsjóðir</b> .....	<b>5.710,0</b>	<b>5.355,1</b>	<b>5.055,6</b>	<b>-5,6</b>	<b>-11,5</b>
14 Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti .....	562,3	323,8	285,3	-11,9	-49,3
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti .....	5.147,7	5.031,3	4.770,3	-5,2	-7,3
<b>18.40 Íþróttar- og æskulýðsmál</b> .....	<b>1.536,2</b>	<b>1.525,0</b>	<b>3.130,7</b>	<b>105,3</b>	<b>103,8</b>
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....	1.536,2	1.525,0	3.130,7	105,3	103,8
<b>18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta</b> ....	<b>1.181,9</b>	<b>994,5</b>	<b>1.069,6</b>	<b>7,6</b>	<b>-9,5</b>
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti .....	1.181,9	994,5	1.069,6	7,6	-9,5
<b>Samtals</b> .....	<b>22.297,3</b>	<b>21.822,1</b>	<b>24.075,4</b>	<b>10,3</b>	<b>8,0</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál árið 2025 eru áætluð 24.075,4 m.kr. og aukast um 1.333,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 6,1%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.253,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 10,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrumi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

18 Menning, listir, íþróttá- og æskulýðsmál	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög .....	13.586,5	13.420,5	14.812,0	10,4	9,0
Rekstrartilfærslur .....	7.704,1	7.564,1	6.885,6	-9,0	-10,6
Fjármagnstílfærslur .....	622,5	510,2	455,9	-10,6	-26,8
Fjárfestingarframlög .....	384,2	327,3	1.921,9	487,2	400,2
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>22.297,3</b>	<b>21.822,1</b>	<b>24.075,4</b>	<b>10,3</b>	<b>8,0</b>
Rekstrartekjur .....	-	2.317,8	2.627,3	13,4	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	19.504,3	21.448,1	10,0	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>21.822,1</b>	<b>24.075,4</b>	<b>10,3</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 18.10 Safnamál

Starfsemi málaflokksins er í höndum ríkisins, sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana og annarra aðila. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Að almenningur hafi betri aðgang að menningar- og náttúruarfi þjóðarinnar		
Unnið að stefnumótun um rafræna langtíma vörslu skjala.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Hugað að auknu samstarfi og/eða sameiningu safna.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma

Vinna að uppbyggingu nýs sýningarhúsnæðis fyrir Náttúruminjasafn Íslands.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti og Náttúruminjasafn Íslands	Innan ramma
Áframhaldandi uppbygging menningarhúsa á landsbyggðinni, efling og uppbygging sögustaða með hliðsjón af ferðamálastefnu og tillögu til þingsályktunar þar að lútandi.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Frumathugun í húsnæðismálum Listasafns Íslands.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti og Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir	Innan ramma

### Markmið 2: Efla vernd á menningararfi þjóðarinnar í samræmi við alþjóðlegar kröfur

Vinna samkvæmt áætlun um uppbyggingu og endurnýjun varðveislurýma fyrir safnkost í ríkiseigu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur vegna reksturs varðveisluhúsnæðis Þjóðskjalasafns Íslands og kaupa á búnaði.	Þjóðskjalasafn Íslands	180 m.kr.
Innleiðing á viðbragðsáætlunum safna vegna loftslags- og náttúruvár.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma

### Markmið 3: Efla skráningu og rannsóknir safnkosts

Meta stöðu skráninga og stafvæðingar safnkosts með hliðsjón af forgangsröðun stofnana og aðgengi almennings.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
--	----------------------------------	-------------

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 6.115,4 m.kr. og lækkar um 29,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 311,4 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 180 m.kr. vegna nýs varðveisluhúsnæðis Þjóðskjalasafns Íslands. Framlagið skiptist annars vegar í 80 m.kr. vegna húsaleigu á varðveisluhúsnæðinu og hins vegar í 100 m.kr. tímabundið framlag til eins árs til kaupa á hillukerfum fyrir varðveisluhúsnæði að Sundaborg 11–13 sem tekið er á leigu vegna aukningar í skjalaskilum hjá skilaskyldum stofnunum.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin varanlega um 10 m.kr. vegna framlags til Kvikmyndasafns Íslands í tengslum við stafvæðingu safnsins.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 60 m.kr. þar sem tímabundið framlag vegna framkvæmdaverkefna gengur til baka. Framlagið er millifært af málaflokki 18.20 *Menningarstofnanir* yfir á málaflokk 18.10 *Safnamál*.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 80,1 m.kr. í samræmi við áætlun um rekstrartekjur ríkisaðila.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 35 m.kr. þar sem tímabundin framlög ganga til baka. Framlöggin komu af tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til menningarmála.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 55 m.kr. þar sem tímabundin framlög samkvæmt tilmælum fjárlaganefndar í ýmis verkefni tengd safnamálum falla niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 104,8 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

## 18.20 Menningarstofnanir

Starfsemi málaflokksins nær yfir opinberar stofnanir á sviði lista og menningar, s.s. Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Íslenska dansflokkinn, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Minjastofnun Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Efla aðgengi og auka aðsókn að menningarstofnunum		
Bætt aðgengi að íslenskum kvikmyndaarfi með samvinnu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands og Kvikmyndasafns Íslands.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Unnið að aukinni samþættingu barnamenningar við starf menningarstofnana og miðstöðva listgreina með hljóðsjón af þingsályktun um eflingu barnamenningar.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Vernda menningararf þjóðarinnar með markvissari hætti		
Efla skráningu menningarminja í landinu, bæði út frá skilgreindum forgangssvæðum og áherslusvæðum, þ.m.t. svæða sem eru utan skráningarskyldra svæða sveitarfélaga vegna skipulagsgerðar, þjóðlendna og friðlýstra svæða.	Minjastofnun Íslands	Innan ramma
Efla tækniinnviði, upplýsingaveitur og miðlun gagna á sviði skráningar menningarminja, þ.m.t. gagnagrunn.	Minjastofnun Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 8.704,1 m.kr. og hækkar um 143,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 446,9 m.kr.

Ekki er um teljandi breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin varanlega um 75 m.kr. vegna stofnunar þjóðaróperu, sbr. frumvarp til laga um breytingar á lögum um sviðslistir, nr. 165/2019.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin varanlega um 20 m.kr. vegna framlags til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vegna áframhaldandi verkefna samkvæmt kvikmyndastefnu.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 268,9 m.kr. í samræmi við áætlun um rekstrartekjur ríkisaðila.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 60 m.kr. þar sem tímabundið framlag til eins árs vegna framkvæmdaverkefna gengur til baka. Framlagið er millifært af málaflokki 18.20 Menningarstofnanir yfir á málaflokk 18.10 Safnamál.

- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 40 m.kr. þar sem tímabundin framlög samkvæmt tilmælum fjárlaganefndar í ýmis verkefni tengd menningarstofnunum falla niður.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 50 m.kr. þar sem tímabundið framlag gengur til baka. Framlagið kom af tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til menningarmála.
- g. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 88,3 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

### 18.30 Menningarsjóðir

Starfsemi málaflokksins felst í fjárveitingum ríkisins sem er úthlutað í gegnum lögbundna sjóði. Helstu sjóðir málaflokksins eru Fornminjasjóður, Húsafríðunarsjóður, launasjóðir listamanna, Kvikmyndasjóður, Myndlistarsjóður, Bókasafnssjóður höfunda, Stuðningur við útgáfu bóka á íslensku, Starfsemi áhugaleikfélaga, Starfsemi atvinnuleikhópa (sviðslistasjóður), Tónlistarsjóður, Barnamenningarsjóður Íslands, Bókasafnasjóður og heiðurslaun listamanna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Efla stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu</b>		
Unnið samkvæmt aðgerðaáætlunum í málefnum íslenskrar tungu og táknmáls.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Hækkun til starfslaunasjóða listamanna og tveir nýir starfslaunasjóðir verða að veruleika, launasjóður kvikmyndahöfunda og Vegsemd, fyrir listamenn 67 ára og eldri.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	125 m.kr.
Hefja innleiðingu á stefnum í málefnum bókmennta og sviðslista.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Unnið samkvæmt stefnumótun listgreina; kvikmynda-, myndlistar- og tónlistarstefnu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2: Hagnýting máltæknilausna fyrir almenning</b>		
Máltækniáætlun 2 hrint í framkvæmd.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 3: Tryggja tölfræði og kyngreind gögn um menningarsjóði</b>		
Skilgreining og birting lykiltalna um menningarstarf og skapandi greinar.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti, Hagstofa Íslands og Rannsóknasetur skapandi greina	Innan ramma
Unnið að aukinni skilvirkni sjóðakerfis lista, menningar og skapandi greina.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma



Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 5.055,6 m.kr. og lækkar um 396,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 97,2 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin varanlega um 125 m.kr. til hækkunar á starfs-launum listamanna. Breytingar voru gerðar á lögum um listamannalaun nr. 57/2009, í samræmi við áherslur í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar.
- b. Fjárheimild málaflokksins er aukin varanlega um 170 m.kr. til að efla Kvikmyndasjóð, Myndlistarsjóð, Sviðslistasjóð og Bókasafnssjóð höfunda.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið til eins árs um 48 m.kr. vegna stofnunar Tónlistarmiðstöðvar Íslands og eflingar sjóða þar undir í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og Menningarsókn – aðgerðaáætlun um listir og menningu til 2030.
- d. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 153,2 m.kr. þar sem tímabundin framlög ganga til baka. Framlögin komu af tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar til menningarmála.
- e. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 13 m.kr. í samræmi við áætlun um rekstrartekjur ríkisaðila.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 500 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags til menningarmála. Framlagið var til þriggja ára, þ.e. 2021–2023, en hluti þess var færður til ársins 2024 vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar í júní 2022 til að draga úr þenslu og bæta afkomu.
- g. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 119,7 m.kr. þar sem tímabundin framlög samkvæmt tilmælum fjárlaganefndar í ýmis verkefni tengd menningarmálum falla niður.
- h. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 254,4 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

#### 18.40 Íþrótt- og æskulýðsmál

Starfsemi í málaflokknum er að mestu leyti á hendi frjálsra félaga og félagasamtaka sem og sveitarfélaga, í samstarfi við ríkið. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2023 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Frankvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Bæta umgjörð og auka gæði í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi		
Unnið að undirbúningi vegna þjóðarleikvanga í frjálsíþróttum og knattspyrnu.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, ÍSÍ og sérsambönd	Innan ramma
Unnið að undirbúningi framkvæmda vegna þjóðarleikvangs (Þjóðarhallar) fyrir inniþróttir.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, forsætisráðuneyti, ÍSÍ og sérsambönd	1.500 m.kr.
Fylgjast með þátttöku barna með annað móðurmál en íslensku í íþrótt- og æskulýðsstarfi í samvinnu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og setja áherslur í samninga við íþróttahreyfinguna og sjóði sem stuðla að aukinni þátttöku iðkenda í þessum hópi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, Menntavísindasvið HÍ og íþrótt- og æskulýðsfélög	Innan ramma
Innleiðing aðgerðaáætlunar í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, æskulýðsráð, samband sveitarfélaga og umboðsmaður barna	Innan ramma
Efla starfsemi samskiptaráðgjafa íþrótt- og æskulýðsstarfs.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Efla almenningsíþróttastarf íþróttahreyfingarinnar, s.s. íþróttir eldri borgara.	Mennta- og barnamálaráðuneytið	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Efla umgjörð og stuðning við afreksíþróttafólk		
Þróa samstarfsvettvang gegn hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum í samræmi við alþjóðasamning Evrópuráðsins. Samlegð við starfsemi Lyfjaeftirlits Íslands verði skoðuð.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti, ríkislögreglustjóri og hagsmunaaðilar	Innan ramma
Efla heildarumgjörð afreksíþróttar og þ.m.t. að vinna að réttindamálum afreksfólks í íþróttum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti, Íþrótt- og Olympíusamband Íslands	250 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 3.130,7 m.kr. og hækkar um 1.589 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 16,7 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.500 m.kr. til framkvæmda við Þjóðarhöll.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 250 m.kr. til þess að fylgja eftir aðgerðum í stjórnarsáttmála tengdum afreksíþróttum. Fjárheimildin er flutt af málaflokki 20.10 Framhaldsskólar.

- c. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 146 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður. Helstu framlög sem falla niður eru 20 m.kr. framlag til uppbyggingar á landsmótssvæði fyrir landsmót hestamanna 2024 og vegna annarra tímabundinna framlaga frá fjárlaganefnd í ýmis íþróttatengd verkefni sem eru að falla niður.
- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 15 m.kr. og lækkar fjárheimild málaflokksins sem því nemur. Skiptist aðhaldið niður á milli verkefna og sjóða innan málaflokksins.

### 18.50 Stjórnsýsla menningar og viðskipta

Starfsemi málaflokksins er í höndum menningar- og viðskiptaráðuneytis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 1.069,6 m.kr. og hækkar um 27,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 47,7 m.kr.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 49 m.kr. til að efla og styrkja stjórnsýslu ráðuneytis menningar, ferðamála og viðskipta.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 11,8 m.kr. sem fellur að mestu leyti á menningar- og viðskiptaráðuneytið.

## 19 Fjölmiðlun

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð menningar- og viðskiptaráðherra. Einn málaflokkur heyrir undir málefnasviðið sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


19 Fjölmiðlun	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>19.10 Fjölmiðlun</b> .....	<b>6.305,2</b>	<b>6.945,6</b>	<b>7.289,2</b>	<b>4,9</b>	<b>15,6</b>
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti .....	6.305,2	6.945,6	7.289,2	4,9	15,6
<b>Samtals</b> .....	<b>6.305,2</b>	<b>6.945,6</b>	<b>7.289,2</b>	<b>4,9</b>	<b>15,6</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árana 2024 og 2025



Heildargjöld málefnasviðs 19 Fjölmiðlun árið 2025 eru áætluð 7.289,2 m.kr. og aukast um 336,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 4,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 343,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 4,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld rikissjóðs*.

## Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>19 Fjölmíðlun</b>					
Rekstrarframlög .....	5.828,8	6.217,4	6.616,9	6,4	13,5
Rekstartilfærslur .....	474,7	727,2	671,3	-7,7	41,4
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	1,7	1,0	1,0	0,0	-41,2
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>6.305,2</b>	<b>6.945,6</b>	<b>7.289,2</b>	<b>4,9</b>	<b>15,6</b>
Rekstrartekjur .....	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	6.945,6	7.289,2	4,9	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>6.945,6</b>	<b>7.289,2</b>	<b>4,9</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakín er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 19.10 Fjölmíðlun

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjölmíðlanefndar, Ríkisútvarpsins ohf. og einkarekinna fjölmíðla. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Stuðningur við einkarekna fjölmíðla og aðgangur að fjölmíðlaefni á íslensku</b>		
Innleiðing fjölmíðlastefnu, sbr. þingsályktunartillögu um fjölmíðlastefnu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Styrkja stöðu einkarekinna fjölmíðla, sbr. stuðningskerfi við einkarekna fjölmíðla og aðgerðir í fjölmíðlastefnu.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Styrkja svæðisbundna fjölmíðla utan höfuðborgarsvæðisins sérstaklega.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Tal- og textunarsjóður fyrir fjölmíðla til að auka aðgengi að talsettu og textuðu barnaefni á íslensku, sbr. aðgerðaáætlun í fjölmíðlastefnu.*	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
Nýsköpunar- og þróunarsjóður fyrir fjölmíðla.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma

Stuðningur við nýtt grunnám í blaðamennsku við Háskóla Íslands.	Menningar- og viðskiptaráðuneyti	Innan ramma
---	----------------------------------	-------------

### **Markmið 2:** Sjálfstætt Ríkisútvarp sem nýtur trausts og sinnir vandaðri og aðgengilegri fjölmiðlaþjónustu í almannapágu

Áhersla á leikið íslenskt efni til að auka framboð og gæði á leiknu íslensku sjónvarpsefni skv. þjónustusamningi.	RÚV	Innan ramma
---	-----	-------------

Unnið verði að því að nýta gervigreind til uppbyggingar á máltæknilausnum og sjálfvirkri textun í rauntíma á íslensku tal- og myndefni.	RÚV	Innan ramma
---	-----	-------------

### **Markmið 3:** Fræðsla sem eflir stafræna færni, netöryggi og miðlalæsi allra aldurshópa, með áherslu á börn og ungmenni

Áframhaldandi samanburðarrannsóknir á stafrænni færni, netöryggi og miðlalæsi.	Fjölmiðlanefnd	Innan ramma
--	----------------	-------------

SAFT – miðlalæsis- og netöryggisfræðsla í grunnskólum til að efla stafræna færni.	Fjölmiðlanefnd	Innan ramma
---	----------------	-------------

\* Verkefnið styður jafnframt við markmið 1 í málaflökki 18.3.

Heildarfjárheimild til málaflökksins fyrir árið 2025 er áætluð 7.289,2 m.kr. og hækkar um 336,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 6,9 m.kr.

Ekki er um neinar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflökksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflökksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflökksins er aukin um 390 m.kr. til samræmis við tekjuáætlun af útvarpsgjaldi.
- Aðhaldskrafa málaflökksins nemur 53,3 m.kr. sem er skipt hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflökksins.

## 20 Framhaldsskólastig

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>20 Framhaldsskólastig</b>					
<b>20.10 Framhaldsskólar</b> .....	<b>43.456,2</b>	<b>44.026,0</b>	<b>47.209,7</b>	<b>7,2</b>	<b>8,6</b>
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....	43.456,2	44.026,0	47.209,7	7,2	8,6
<b>20.20 Tónlistarfræðsla</b> .....	<b>715,6</b>	<b>730,1</b>	<b>776,3</b>	<b>6,3</b>	<b>8,5</b>
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....	715,6	730,1	776,3	6,3	8,5
<b>20.30 Vinnustaðanám og styrkir</b> .....	<b>246,4</b>	<b>242,6</b>	<b>392,6</b>	<b>61,8</b>	<b>59,3</b>
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....	246,4	242,6	392,6	61,8	59,3
<b>20.40 Jöfnun námskostnaðar</b> .....	<b>641,8</b>	<b>677,3</b>	<b>703,7</b>	<b>3,9</b>	<b>9,6</b>
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....	641,8	677,3	703,7	3,9	9,6
<b>Samtals</b> .....	<b>45.060,0</b>	<b>45.676,0</b>	<b>49.082,3</b>	<b>7,5</b>	<b>8,9</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 20 Framhaldsskólastig árið 2025 eru áætluð 49.082,3 m.kr. og aukast um 640,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 1,4%. Þegar tekið er

tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 3.406,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 7,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsöröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Útgjaldarammi – Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>20 Framhaldsskólastig</b>					
Rekstrarframlög .....	41.553,9	41.849,4	44.703,6	6,8	7,6
Rekstrartilfærslur .....	2.999,8	3.020,9	3.284,2	8,7	9,5
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	186,4	186,4	0,0	-
Fjárfestingarframlög .....	506,3	619,3	908,1	46,6	79,4
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>45.060,0</b>	<b>45.676,0</b>	<b>49.082,3</b>	<b>7,5</b>	<b>8,9</b>
Rekstrartekjur .....	-	1.953,9	2.123,5	8,7	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	43.722,1	46.958,8	7,4	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>45.676,0</b>	<b>49.082,3</b>	<b>7,5</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 20.10 Framhaldsskólar

Starfsemi málaflokksins er í höndum 40 opinberra og einkarekinna framhaldsskóla. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Hækka hlutfall nemenda sem ljúka starfs- og tækninámi og jafna kynjadreifingu		
Endurskoða framtíðarskipulag og húsnæðiskost framhaldsskóla með það markmið að mæta samfélagslegum, faglegum og fjárhagslegum áskorunum og fjölga nemendum í starfs- og tækninámi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	300 m.kr.



Fjölga nemaplássum og vinna að jafnari kynjadreifingu í starfsnámi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Nemastofa atvinnulífsins	Innan ramma
Einfalda leiðir eldri nemenda til að fá hæfnimat og ljúka starfsnámi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

### Markmið 2: Fjölga nemendum sem ljúka námi úr framhaldsskóla

Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna í framhaldsskólum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Veita sérstakt fjárframlag til framhaldsskóla vegna nemenda í brotthvarfshættu.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Mæla árlegt brotthvarf úr framhaldsskóla og kynna skólastjórnendum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

### Markmið 3: Auka gæði menntunar í framhaldsskólum

Uppbygging heildstæðrar skólaþjónustu á framhaldsskólastigi með áherslu á þjónustu, ráðgjöf og stuðning við framhaldsskóla. Þátttaka í þróun miðlægrar stafrænnar námsgagnaveitu þvert á skólastig.	Miðstöð menntunar og skólaþjónustu	Innan ramma
Þróun starfa í framhaldsskóla til að mæta þörfum fjölbreyttari nemendahóps í samræmi við faglegar áherslur á hverjum stað og tíma.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Kennarasamband Íslands	Innan ramma
Endurskoðun gæðaviðmiða og framkvæmdar ytra mats.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Áframhaldandi þróun reiknilíkans.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 47.209,7 m.kr. og hækkar um 490,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 2.693 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Við vinnslu frumvarps til fjárlaga 2025 var stuðst við fyrirbyggjandi upplýsingar um nemendatölur. Fyrir 2. umræðu fjárlaga 2025 verða gerðar breytingar á nemendafjöldatölum og fjárveitingum til skóla þar sem þá liggja fyrir betri upplýsingar um skólavist nemenda enda þá nokkuð liðið á skólaárið.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 270 m.kr. vegna fjölgunar nemenda í verk-námi.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 300 m.kr. vegna uppbyggingar verknámsskóla.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 400 m.kr. vegna aðgerða sem snúa að verkefnum til að efla framhaldsskólakerfið m.a. með eflingu námsgagnagerðar, auka aðgengi að námi og auka stuðning við nemendur innan framhaldsskóla.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 90,1 m.kr. vegna hækkunar á sértekjum sem hækka um sömu fjárhæð.

- e. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 250 m.kr. vegna millifærslu yfir á málaflokk 18.40 Íþrótt- og æskulýðsmál meðal annars vegna stuðnings við ungt fólk í afreksíþróttum og fleira.
- f. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 42 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- g. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 327,4 m.kr. og lækkar fjárheimild málaflokksins sem því nemur. Skiptist aðhaldið niður á milli verkefna og sjóða innan málaflokksins.

### 20.20 Tónlistarfræðsla

Um málaflokkinn gilda lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985, og taka þau til tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum og annarra sem njóta styrks samkvæmt lögnum. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 776,3 m.kr. og tekur ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 46,2 m.kr.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Aukin gæði tónlistarnáms</b>		
Endurskoðun aðalnámskrár tónlistarskóla.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Úttekt á framkvæmd aðalnámskrár tónlistarskóla.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Rýni fjárhagslegs samkomulags um stuðning við tónlistarnám og gildandi lagaramma.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

### 20.30 Vinnustaðanám og styrkir

Tilgangur löggjafar um vinnustaðanámssjóð er að auðvelda nemendum að ljúka tilskildu námi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, koma til móts við kostnað fyrirtækja og stofnana af vinnustaðanámi og auðvelda fyrirtækjum og stofnunum að taka nemendur á náms- eða starfsþjálfunarsamning. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að markmið og aðgerðir í málaflokki 20.10 Framhaldsskólar eru að hluta til leiðandi fyrir úthlutun námsstyrkja. Árin 2025–2029 verður fylgst með áhrifum rafrænnar ferlibókar á starfsþjálfun og tímalengd hennar með það í huga hvort endurskoða þurfi. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 392,6 m.kr. og hækkar um 150 m.kr. frá fyrri fjárlögum en um er að ræða hækkun á fjárveitingu sem hluti af aðgerðapakka ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga á almennum vinnumarkaði.

### 20.40 Jöfnun námskostnaðar

Undir málaflokkinn falla lög um námsstyrki, nr. 79/2003, sem veittir eru til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungri fjárhagsbyrði eða efnaleysi torveldar þeim nám.

Meginmarkmið þessa málaflokks er að stjórnvöld leggi áherslu á jafnt aðgengi að námi óháð búsetu og öðrum aðstæðum. Á árinu verður gerð úttekt á framkvæmd laga um námsstyrki og skoðað hvernig þau þjóna hlutverki sínu. Samhliða verður endurskoðuð reglugerð um námsstyrki, nr. 692/2003.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 703,7 m.kr. en annars tekur málaflokkurinn ekki breytingum frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 26,4 m.kr.

## 21 Háskólastig

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði heyrir undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra utan Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem heyrir undir menningar- og viðskipta-ráðherra auk matvælaráðherra vegna rannsókna í þágu landbúnaðar. Málefнасviðið skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2024–2026. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>21 Háskólastig</b>					
<b>21.10 Háskólar og rannsóknastarfsemi .....</b>	<b>64.518,3</b>	<b>57.520,4</b>	<b>63.204,1</b>	<b>9,9</b>	<b>-2,0</b>
04 Matvælaráðuneyti .....	272,1	214,7	324,9	51,3	19,4
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarn. ....	64.246,2	57.305,7	62.879,2	9,7	-2,1
<b>21.30 Stuðningur við námsmenn .....</b>	<b>4.594,8</b>	<b>6.020,4</b>	<b>4.713,2</b>	<b>-21,7</b>	<b>2,6</b>
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarn. ....	4.594,8	6.020,4	4.713,2	-21,7	2,6
<b>21.40 Stjórnsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar.....</b>	<b>2.053,0</b>	<b>1.862,5</b>	<b>2.002,0</b>	<b>7,5</b>	<b>-2,5</b>
17 Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarn. ....	2.053,0	1.862,5	2.002,0	7,5	-2,5
<b>Samtals .....</b>	<b>71.166,1</b>	<b>65.403,3</b>	<b>69.919,3</b>	<b>6,9</b>	<b>-1,8</b>

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árana 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 21 Háskólastig árið 2025 eru áætluð 69.919,3 m.kr. og aukast um 1.183 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 1,8%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 4.516 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 6,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>21 Háskólastig</b>					
Rekstrarframlög .....	57.895,7	55.801,4	60.920,4	9,2	5,2
Rekstrartilfærslur .....	11.112,9	7.544,6	6.195,7	-17,9	-44,2
Fjármagnstílfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	2.157,5	2.057,3	2.803,2	36,3	29,9
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>71.166,1</b>	<b>65.403,3</b>	<b>69.919,3</b>	<b>6,9</b>	<b>-1,8</b>
Rekstrartekjur .....	-	16.527,3	18.445,1	11,6	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	48.876,0	51.474,2	5,3	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>65.403,3</b>	<b>69.919,3</b>	<b>6,9</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 21.10 Háskólar og rannsóknarstarfsemi

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjögurra opinberra og þriggja einkarekinna háskóla, auk rannsóknastofnunarinnar Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Undir málaflokkinn fellur einnig Stofnun rannsóknasetra Háskóla Íslands og starfsemi rannsókn-, fræða- og þekkingarsetra á landsbyggðinni auk Gæðamats íslenskra háskóla, áður Gæðaráðs íslenskra háskóla. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Aukið samstarf háskóla í þágu gæða og samfélags		
Efling háskólastigs með aðgerðum til stuðnings sameiningum háskóla, m.a. gegnum háskólasamstæðu.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Framkvæmd verkefna undir hatti „Samstarfs háskóla“ með sérstakri áherslu á sameiningu háskóla, sameiginlega stoðþjónustu, uppbyggingu rannsóknainnviða, opin og ábyrg vísindi, aukinn sveigjanleika í námi og alþjóðasamstarf.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við sameiginlegar námsleiðir og prófgráður, innan lands sem á alþjóðavettvangi, m.a. gegnum Evrópunet háskóla styrkt af Erasmus+ og Horizon Europe.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Aukin gæði náms og námsumhverfis		
Innleiðing á Árangurstengdri fjármögnun, nýju líkani sem dreifir fjármunum á milli háskóla.		
Efling háskólastarfs og aukin samkeppnishæfni í alþjóðlegum samanburði, með auknu fjárframlagi sem tekur tillit til árangurs í kennslu, rannsókna og annarrar starfsemi í þágu samfélags.*	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	1.400 m.kr.
Uppbygging Húss heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands hjá Nýja Landspítalanum með áherslu á betri innviði og umgjörð rannsókna og náms.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	411 m.kr.
Uppbygging húsnæðis við Háskólann á Hólum, í þágu fiskeldis- og rannsóknaraðstöðu auk aðstöðu fyrir námsbraut í hestafræði.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	200 m.kr.
Áhersla á aðgengilega háskóla, aukna fjölbreytni og inngildingunemenda í háskólasamfélaginu með óskertum opinberum framlögum gegn niðurfellingu skólagjalda, aðgerðum til úrbóta á kynjahalla, fjölgun ungra karla í námi sem og greiðara aðgengi fatlaðra. Unnið að fjölgun nemenda á samfélagslega mikilvægum sviðum, s.s. innan heilbrigðis- og STEM-greina.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Innleiðing nýrra viðmiða um æðri menntun og prófgráður, m.a. með eflingu örnáms til að auka sveigjanleika sí- og endurmenntunar háskólamenntaðra.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Breytingar á gjaldtökuheimildum opinberra háskóla til að heimila innheimtu skólagjalda af nemendum utan EES-svæðis, til samræmis við önnur Norðurlönd.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

**Markmið 3: Styrkja rannsóknastarf og umgjörð þess**

Rannsóknarhluti Árangurstengdrar fjármögnunar hvetur til og umbunar fyrir árangur í rannsóknum. Fjármagni er dreift til háskóla m.t.t. birtingatölfraði, brautskráninga doktorsnema og árangurs af erlendra styrkjasókn.*	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Aðgerð um sameiginlegar siðanefndir háskóla, m.a. m.t.t. gervigreindar.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Bygging jarðræktarmiðstöðvar við Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti og matvælaráðuneyti	100 m.kr.

\* Nánar er fjallað um Árangurstengda fjármögnun í fylgiriti fjárlagafrumvarpsins.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 63.204,1 m.kr. og hækkar um 2.466,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 3.217,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 1.400 m.kr. til að bæta fjármögnun háskóla og fjölga nemendum í háskólum. Fjármagninu er dreift til skólanna í gegnum reiknilíkanið Árangurstengd fjármögnun sem fjallað er ítarlega um í fylgiriti fjárlagafrumvarpsins.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 200 m.kr. vegna uppbyggingar húsnæðis fyrir eldis- og rannsóknaraðstöðu fyrir Fiskeldis- og fiskalíf fráfræðideild Háskólans á Hólum, auk þess að tryggja betur aðstöðu námsbrautar í hestafræði.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 100 m.kr. vegna byggingar jarðræktarmiðstöðvar við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 411 m.kr. vegna uppbyggingar Húss heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands sem fjármagnað er með tekjum frá Happprætti Háskóla Íslands.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 550 m.kr. vegna aukinna tekna stofnana sem hefur ekki áhrif á framlag ríkisins úr málaflokki.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 481,9 m.kr. og þar munar mest um að framlög í varasjóð málefнасviðsins lækka um 145,9 m.kr. Fjármögnun háskóla verður ekki fyrir áhrifum af aðhaldskröfunni en fjármagni er dreift til þeirra í gegnum reiknilíkanið Árangurstengd fjármögnun.

### 21.30 Stuðningur við námsmenn

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Að tryggja námsmönnum sem falla undir lögin tækifæri til náms, án tillits til efnahags		
Endurskoðun laga um Menntasjóð násmanna, byggð á mati á framkvæmd nýrra laga sem tóku gildi árið 2020.*	Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Jöfn og gagnsæ dreifing á framlagi ríkisins til nemenda og bætt námsframvinda nemenda í háskólum		
<b>Markmið 3:</b> Að styðja við öflugt menntakerfi sem er forsenda framfara		

\*Verkefnið styður jafnframt við markmið 2 og 3.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 4.713,2 m.kr. og lækkar um 1.307,2 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Málaflokkurinn tekur ekki almennum launa- og verðlagsbreytingum.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 1.307 m.kr. vegna þess að lánþegar voru færri en áætlanir gerðu ráð fyrir.
- Málaflokkurinn ber enga hlutdeild í aðhaldskröfu málefнасviðsins.

### 21.40 Stjórnarsýsla háskóla, iðnaðar og nýsköpunar

Undir málaflokkinn fellur starfsemi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis en einnig falla málefni Rannsóknamiðstöðvar Íslands (Rannís) hér undir. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 2.002 m.kr. og hækkar um 24 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 115,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 29,8 m.kr. á verðlagi ársins 2024 vegna uppferðrar áætlunar um rekstrartekjur Rannsóknamiðstöðvar Íslands.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 5,8 m.kr.



## 22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð mennta- og barnamálaráðherra, félags- og vinnumarkaðsráðherra og menningar- og viðskiptaráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>22.10 Leikskóla- og grunnskólastig .....</b>	<b>943,9</b>	<b>917,2</b>	<b>1.424,9</b>	<b>55,4</b>	<b>51,0</b>
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....	943,9	917,2	1.424,9	55,4	51,0
<b>22.20 Framhaldsfræðsla og menntun</b>					
<b>Óflokkuð á skólastig.....</b>	<b>2.301,6</b>	<b>2.390,2</b>	<b>2.709,1</b>	<b>13,3</b>	<b>17,7</b>
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	1.966,3	2.033,4	2.346,9	15,4	19,4
16 Menningar- og viðskiptaráðuneyti .....	335,3	356,8	362,2	1,5	8,0
<b>22.30 Stjórnýsla mennta- og barnamála</b>	<b>2.746,6</b>	<b>2.393,5</b>	<b>2.628,8</b>	<b>9,8</b>	<b>-4,3</b>
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....	2.746,6	2.393,5	2.628,8	9,8	-4,3
<b>Samtals .....</b>	<b>5.992,1</b>	<b>5.700,9</b>	<b>6.762,8</b>	<b>18,6</b>	<b>12,9</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árana 2024 og 2025



Heildargjöld málefnasviðs 22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og menningarmála árið 2025 eru áætluð 6.762,8 m.kr. og aukast um 761,2 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 13,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 1.061 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 18,6%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

22 Önnur skólastig og stjórnýsla mennta- og barnamála	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög .....	3.493,9	3.609,0	4.261,5	18,1	22,0
Rekstartilfærslur .....	2.488,5	2.078,7	2.487,7	19,7	0,0
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	9,7	13,2	13,6	3,0	40,2
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>5.992,1</b>	<b>5.700,9</b>	<b>6.762,8</b>	<b>18,6</b>	<b>12,9</b>
Rekstartekjur .....	-	425,8	448,3	5,3	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	5.275,1	6.314,5	19,7	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>5.700,9</b>	<b>6.762,8</b>	<b>18,6</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 22.10 Leikskóla- og grunnskólastig

Starfsemi málaflokksins er í höndum mennta- og barnamálaráðuneytis, viðeigandi undirstofnana þess og sveitarfélaga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Styrkja lestrarfærni grunnskólanemenda		
<b>Heildstæð skólalþjónusta í inngildandi skóla- og frístundastarfi.</b> Innleiðing heildstæðrar skólalþjónustu með áherslu á þjónustu, snemmbæran stuðning og ráðgjöf á leik- og grunnskólastigi og á frístundaheimilum.*	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólalþjónustu	Innan ramma
<b>Samræmt námsmat og matsferill.</b> Þróun og innleiðing heildstæðs safns matstækja auk þátttöku í alþjóðarannsóknunum, þ.m.t. framvindupróf í íslensku og stærðfræði til að kanna kunnáttu, leikni og hæfni nemenda með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla. Áhersla verður fyrst um sinn á stærðfræði og íslensku.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólalþjónustu	Innan ramma
<b>Málefni kennara og skólastjórnenda.</b> Áframhaldandi áhersla á nýliðun kennara, þ.m.t. kennara með sérhæfingu í íslensku og íslensku sem öðru tungumáli, kennaraspá, auk áherslu á starfsþróun kennara og annars starfsfólks skóla og starfsumhverfi. Setning viðmiða um hæfni starfsfólks í íslensku sem ekki er með íslensku að móðurmáli, samhliða því sem framboð á námskeiðum í íslensku fyrir þennan hóp verði aukið, m.a. í Menntafléttu.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
<b>Opinber gæðaviðmið og miðlun námsgagna.</b> Birting og innleiðing opinberra gæðaviðmiða fyrir náms- og kennslugögn þvert á skólastig og þróun miðlægrar stafrænnar námsgagnaveitu.**	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólalþjónustu	Innan ramma
<b>Stafræn námsgögn á íslensku.</b> Útgáfa stafrænna námsgagna, útgáfa námsgagna fyrir nemendur sem nota tákni, nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarlegan bakgrunn með sérstaka áherslu á stuðningsefni fyrir íslenskunám, orðaforða og hugtakaskilning.**	Miðstöð menntunar og skólalþjónustu	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Styrkja færni grunnskólanemenda í stærðfræði og náttúrufræði		
<b>Heildstæð skólalþjónusta í inngildandi skóla- og frístundastarfi.</b> Innleiðing heildstæðrar skólalþjónustu með áherslu á þjónustu, snemmbæran stuðning og ráðgjöf á leik- og grunnskólastigi og á frístundaheimilum.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólalþjónustu	Innan ramma
<b>Málefni kennara og annars starfsfólks skóla.</b> Áframhaldandi áhersla á nýliðun kennara, þ.m.t. kennara með sérhæfingu í stærðfræði og náttúrugreinum, kennaraspá, auk áherslu á starfsþróun kennara og annars starfsfólks skóla og starfsumhverfi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og háskóla-, vísinda- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma

### Markmið 3: Bætt líðan og aukin gæði menntunar í leik- og grunnskólum og í starfi frístundaheimila

<b>Menntastefna 2030.</b> Innleiðing á 2. áfanga menntastefnunnar, aðgerðaáætlun 2024–2027, m.t.t. forgangsröðunar.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólalþjónustu	Innan ramma
<b>Fyrstu 1000 dagar barnsins – styrking leikskólastigs.</b> Samráð við hagsmunaaðila, úttekt á námsumhverfi leikskólabarna, breytingar á viðeigandi lögum o.fl. Föruneyti barna – námskeið fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna. Áframhaldandi áhersla á nýliðun kennara, þ.m.t. fjölgun kennara á leikskólastigi.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
<b>Mat og eftirlit.</b> Endurskoðun framkvæmdar og eftirfylgni ytra mats og eftirlits í leik- og grunnskólum, gæðaviðmiða innra og ytra mats fyrir leik- og grunnskóla; breytingar á ákvæðum laga leik- og grunnskóla og aðalnámskrám skólastiganna um mat og eftirlit, námsmat o.fl.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
<b>Velliðan og farsæld</b> í leik- og grunnskólum. Áframhaldandi áhersla á forvarnir, góðan skólabrag og innleiðingu geðræktar í starfsemi leik- og grunnskóla.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Miðstöð menntunar og skólalþjónustu	Innan ramma

\*Styður jafnframt markmið 2.

\*\*Styður jafnframt við markmið 2 og 3.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 1.424,9 m.kr. og hækkar um 463,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 44,6 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldir:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 500 m.kr. vegna inngildingar barna af erlendum uppruna.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 36,9 m.kr. og lækkar fjárheimild málaflokksins sem því nemur. Skiptist aðhaldið niður á milli verkefna og sjóða innan málaflokksins.

#### 22.20 Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig

Starfsemi málaflokksins er í höndum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis og menningar- og viðskiptaráðuneytis sem bera ábyrgð á almennri stefnumótun í samráði við hagsmunaaðila sem og almennri stjórnýslu og gæðaeftirliti en starfsemi málaflokksins er í höndum Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarkertra, sjálfseignarstofnana og félaga. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Að efla gæði og framboð íslenskunáms fyrir fullorðna innflytjendur til að auðvelda þeim að taka virkan þátt í samfélaginu		
Stuðningur við framkvæmd starfstengdrar íslenskufræðslu. Aðgerð nr. 2 í þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026.	Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneyti	Innan ramma
Bættar upplýsingar um framboð á íslenskunámi fyrir fullorðna innflytjendur. Aðgerðir nr. 3 og 18 í þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026.	Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneyti	Innan ramma
Mótun verklags um samiburð á gæðum íslenskunáms hjá mismunandi fræðsluaðilum. Aðgerð nr. 3 í þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2024–2026.	Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Að auðvelda fullorðnu fólki með stutta skólagöngu að afla sér menntunar og starfsréttinda		
Vinna að viðurkenningu á námslokum innan framhaldsfræðslu á öðru þrepi hæfniramma um íslenska menntun. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er framkvæmdaraðili.	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Innan ramma
Efla samtal hagsmunaaðila um skilvirkari leiðir fullorðinna til að fá raunfærni metna til að ljúka námi.	Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	Innan ramma
<b>Markmið 3:</b> Að efla þjónustu við táknmalstalandi fólk		
Framkvæmd aðgerða skv. þingsályktun um málstefnu íslensks táknmáls.	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	Innan ramma
Gjaldfrjáls ráðgjöf um máltöku – sérstakri upplýsingasíðu komið í loftið.	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	Innan ramma
Fræðsluefni um íslenskt táknmal – nýttar nútímalegri leiðir en áður.	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	Innan ramma
Aðgengi að táknmalnámi – fyrirhuguð byrjendanámskeið á færnistigi A1.	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	Innan ramma
Táknmalífólk birti listrænt efni.	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 2.709,1 m.kr. og hækkar um 211,8 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 107,1 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 250 m.kr. til eflingar íslenskukennslu fyrir útlendinga.
- b. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 23,9 m.kr.

### **22.30 Stjórnsýsla mennta- og barnamála**

Starfsemi málaflokksins er í höndum skrifstofu mennta- og barnamálaráðuneytis, en einnig falla málefni Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir, tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 2.628,8 m.kr. og hækkar um 86,3 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 149 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 15 m.kr. vegna aukningar á almennum útgjalda-svigrúmi vegna breyttrar skipanar ráðuneyta.
- b. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 12,5 m.kr. vegna tímabundins flutnings verkefna frá mennta- og barnamálaráðuneyti til forsætisráðuneytis.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 16,2 m.kr.
- d. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 100 m.kr. vegna aukinna verkefna tengdum farsæld barna á aðalskrifstofu ráðuneytis mennta- og barnamála. Flyst fjárveiting frá málaflokki 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn.

## 23 Sjúkrahúspjónusta

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>23 Sjúkrahúspjónusta</b>					
<b>23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta</b> .....	<b>142.687,5</b>	<b>140.885,1</b>	<b>154.299,8</b>	<b>9,5</b>	<b>8,1</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	142.687,5	140.885,1	154.299,8	9,5	8,1
<b>23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta</b> .....	<b>16.506,6</b>	<b>15.912,3</b>	<b>17.338,5</b>	<b>9,0</b>	<b>5,0</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	16.506,6	15.912,3	17.338,5	9,0	5,0
<b>23.30 Erlend sjúkrahúspjónusta</b> .....	<b>4.692,4</b>	<b>4.196,0</b>	<b>4.382,1</b>	<b>4,4</b>	<b>-6,6</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	4.692,4	4.196,0	4.382,1	4,4	-6,6
<b>Samtals</b> .....	<b>163.886,5</b>	<b>160.993,4</b>	<b>176.020,4</b>	<b>9,3</b>	<b>7,4</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 23 Sjúkrahúspjónusta árið 2025 eru áætluð 176.020,4 m.kr. og aukast um 5.742,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 3,6%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 15.027 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 9,3%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>23 Sjúkrahúspjónusta</b>					
Rekstrarframlög .....	141.122,8	133.952,1	149.164,8	11,4	5,7
Rekstartilfærslur .....	4.827,6	4.542,2	4.728,3	4,1	-2,1
Fjármagnstilfærslur .....	105,0	0,0	1.049,0	-	899,0
Fjárfestingarframlög .....	17.831,1	22.499,1	21.078,3	-6,3	18,2
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>163.886,5</b>	<b>160.993,4</b>	<b>176.020,4</b>	<b>9,3</b>	<b>7,4</b>
Rekstartekjur .....	-	9.257,7	11.484,9	24,1	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	151.735,7	164.535,5	8,4	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>160.993,4</b>	<b>176.020,4</b>	<b>9,3</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 23.10 Sérhæfð sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri. Þess má geta að í lögum um heilbrigðisþjónustu heitir sérhæfð sjúkrahúspjónusta nú 3. stigs þjónusta. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Efla mönnun</b>		
Vinna áfram með þær tillögur sem enn eru í vinnslu frá vinnu fjögurra vinnuhópa frá árinu 2020, m.a. í samstarfi með Landsráði um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Áfram unnið að greiningu á mönnun heilbrigðiskerfisins og hugað að breytingum tengt verkaskiptingu heilbrigðisstarfsmanna.	Heilbrigðisráðuneyti og stofnanir sem sinna sjúkrahúspjónustu	Innan ramma



Unnið að mannauðsstefnu í heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Vinnu við meðferðarkjarna haldið áfram skv. áætlun ásamt framkvæmdum við nýbyggingu endurhæfingardeildar við Grensás.*	Nýr Landspítali ehf.	-951 m.kr.
Framkvæmdir hefjast við byggingu nýrrar legudeildarbyggingar SAK.	Nýr Landspítali ehf.	1.174 m.kr.

### Markmið 2: Sjúklingar fá heilbrigðisþjónustu á réttu þjónustustigi

Vinna áfram að eflingu fjölþættra úrræða fyrir sjúklinga utan sérgreinasjúkrahúsa.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
Vinna úr tillögum starfshóps um stöðu markmiðs í heilbrigðisstefnu um rétta þjónustu á réttum stað.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

### Markmið 3: Sjúklingar í brýnni þörf fá heilbrigðisþjónustu innan ásættanlegs biðtíma

Vinna að því að koma á fót samræmdum biðlistum fyrir sem flesta þætti þjónustu innan sérgreinasjúkrahúsa.	Embætti landlæknis, LSH og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Áframhaldandi vinna við útvistun þeirra verkefna sem leysa má á öðrum þjónustustigum en sérgreinasjúkrahúsum og auka þannig getu sérgreinasjúkrahúsa til að anna þeim verkefnum sem þau ein geta leyst.	Heilbrigðisráðuneyti, LSH, Sjúkrahúsið á Akureyri og SÍ	Innan ramma

\* Fjárveitingar til verkefna geta verið breytilegar á milli ára. Sem dæmi getur lækun fjárveitingar endurspeglad að tímabundin fjárveiting fellur niður eða lækun í samræmi við áætlun eins og endurspeglast í fjármálaáætlun.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 154.299,8 m.kr. og hækkar um 5.310,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 8.104 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 951 m.kr. í samræmi við framkvæmdaáætlun Nýs Landspítala sem hljóðar upp á um 23,2 ma.kr. á árinu.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 1.174 m.kr. vegna byggingar nýrrar legudeildar við Sjúkrahúsið á Akureyri.
- Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar er 2.137,9 m.kr.
- Almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins er 980 m.kr.
- Útgjaldaheimild málaflokksins er aukin um 1.767,6 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á rekstrartekjum stofnana.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 300 m.kr. vegna átaks í lýðheilsutengdum aðgerðum.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 1.000 m.kr. til styrkingar ýmissa verkefna í heilbrigðisþjónustunni. Nánari útfærsla mun liggja fyrir við afgreiðslu fjárlaga.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 800 m.kr. til þjónustutengdrar fjármögnunar (DRG).
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 906 m.kr. vegna niðurfellinga tímabundinna fjárveitinga og millifærslna á aðra málaflokka.

- j. Hlutdeild málaflokksins í afkomubætandi ráðstöfunum ríkissjóðs er samtals 989,6 m.kr. Aukin hagræðing í sameiginlegum innkaupum á heilbrigðisvörum er 618,2 m.kr. (4%) lækkun á ný, aukin verkefni í fjármálaáætlun 2025–2029 170 m.kr. og tímabundin niðurfelling fjárveitingar varasjóðs málaflokksins 201,4 m.kr.
- k. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 2,2 m.kr.

### 23.20 Almenn sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisstofnana í heilbrigðisumdæmum. Þess má geta að í lögum um heilbrigðisþjónustu heitir almenn sjúkrahúspjónusta nú 2. stigs þjónusta. Landspítalinn og Sjúkrahúsið á Akureyri veita 2. stigs sjúkrahúspjónustu fyrir íbúa sem búa í heilbrigðisumdæmum höfuðborgarsvæðisins og á Norðausturlandi en allar fjárveitingar til þessara tveggja stofnana eru undir málaflokki 23.1. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Efla aðgengi sjúklinga að skilgreindri sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum		
Skýra verklag um veitingu sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum í samstarfi heilbrigðisstofnana, Sjúkratrygginga Íslands og sérhæfðra sjúkrahúsa.	Heilbrigðisráðuneyti, heilbrigðisstofnanir, Landspítali, Sjúkratryggingar og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Unnið að stefnumótun um stafrænar lausnir við veitingu heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Efla sérhæfða ráðgjafarþjónustu til stuðnings við fagaðila sem sinna börnum og unglingum í heimabyggð		
Skýra verklag og samvinnu innan 2. stigs þjónustu og við sérgreinasjúkrahús.	Heilbrigðisstofnanir, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma
Þróa sérhæfða ráðgjöf og handleiðslu til heilbrigðisstofnana á landsvisi, m.a. vegna geðheilbrigðisþjónustu og tryggja þannig aðgengi að sérhæfðri þjónustu þegar við á.	Heilbrigðisstofnanir, Landspítali og Sjúkrahúsið á Akureyri	Innan ramma

**Markmið 3:** Sjúklingar komist í liðskiptaaðgerðir innan ásættanlegs biðtíma miðað við viðmið embættis landlæknis

Eftirfylgni við innleiðingu nýs vinnulags varðandi liðskiptaaðgerðir samkvæmt niðurstöðum starfshóps frá því í mars 2022.	Heilbrigðisráðuneyti, embætti landlæknis, Landspítali, Sjúkrahúsið á Akureyri og Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Innan ramma
Samningar um liðskiptaaðgerðir til lengri tíma á vegum Sjúkratrygginga.	Heilbrigðisráðuneyti, Sjúkratryggingar	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 17.338,5 m.kr. og hækkar um 347,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.078,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 142 m.kr. vegna endurheimtar heilbrigðisstarfsfólks og endurreisnar heilbrigðiskerfisins eftir Covid-19.
- Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins, m.a. vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar, er 280 m.kr.
- Útgjaldaheimild málaflokksins hækkar um 29 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á rekstrartekjum.
- Hlutdeild málaflokksins í afkomubætandi ráðstöfunum ríkisins er samtals 103,3 m.kr., aukin hagræðing í opinberum innkaupum 81,8 m.kr. og tímabundin niðurfelling varasjóðs málaflokksins 21,5 m.kr.

### 23.30 Erlend sjúkrahúspjónusta

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands sem sjá um samningagerð við erlend sjúkrahús ásamt því að hafa milligöngu um greiðslur fyrir heilbrigðisþjónustu milli landa þar sem milliríkjasamningar gilda. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða á árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Aðgerðir sem áður voru gerðar erlendis á grundvelli biðtímareglugerðarinnar eru framkvæmdar hérlendis		
Stytta biðlista með fjölgun aðgerða sem framkvæmdar eru hér á landi, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila. Áætlun verði gerð um flutning aðgerða til landsins m.t.t. nýtingar bjarga hérlendis, þ.m.t. fjármagns sem nú er nýtt til þjónustu erlendis.	Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands, sjúkrahús og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 4.382,1 m.kr. og hækkar um 83,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa-, gengis- og verðlagsbreytingum en þær nema 102,2 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Reiknaður raunvöxtur í veittri þjónustu innan málaflokksins er 83,9 m.kr.

## 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra. Það skiptist í fjóra mála-flokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra mála-flokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og megin-markmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa</b>					
<b>24.10 Heilsugæsla</b> .....	<b>48.822,2</b>	<b>43.287,5</b>	<b>45.696,3</b>	<b>5,6</b>	<b>-6,4</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	48.822,2	43.287,5	45.696,3	5,6	-6,4
<b>24.20 Sérfræðiþjónusta og hjúkrun</b> .....	<b>25.939,1</b>	<b>31.798,8</b>	<b>35.455,9</b>	<b>11,5</b>	<b>36,7</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	25.939,1	31.798,8	35.455,9	11,5	36,7
<b>24.30 Sjúkraþjálfun, iðjupjálfun og talþjálfun</b>	<b>7.340,9</b>	<b>9.449,0</b>	<b>10.001,0</b>	<b>5,8</b>	<b>36,2</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	7.340,9	9.449,0	10.001,0	5,8	36,2
<b>24.40 Sjúkraflutningar</b> .....	<b>4.231,3</b>	<b>4.513,0</b>	<b>4.896,4</b>	<b>8,5</b>	<b>15,7</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	4.231,3	4.513,0	4.896,4	8,5	15,7
<b>Samtals</b> .....	<b>86.333,5</b>	<b>89.048,3</b>	<b>96.049,6</b>	<b>7,9</b>	<b>11,3</b>

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa árið 2025 eru áætluð 96.049,6 m.kr. og aukast um 2.270,8 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 2,6%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 7.001,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 7,9%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefnasviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>24 Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa</b>					
<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 28.10 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar sem annast framkvæmd með greiðslum samkvæmt lögum um almannatryggingar en það eru greiðslur ellilífeyris og vasapeninga ellilífeyrisþega. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í fjármálaáætlun 2025–2029 var umfjöllun um málaflokka 28.1 og 28.2 sameinuð. Það á einnig við um markmið og árangursmælikvarða. Tafla með helstu verkefnum hér á eftir tekur tillit til helstu verkefna sameinaðra málaflokka.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Hækka heildartekjur ellilífeyrisþega</b>		
Vinna úr tillögum starfshóps um afkomuöryggi eldra fólks, aukinn sveigjanleika í starfslokum og úrbætur í húsnæðismálum í því skyni að bæta fjárhagslega stöðu aldraðra.	Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið	Innan ramma
Vinna með hagaðilum að frekari greiningum á lægstu tekjufundunum í því skyni að setja megi fram aðgerðir til að bæta kjör þeirra.	Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið	Innan ramma
Hækka almennt frítekjumark ellilífeyrisþega.	Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið	2.700 m.kr.
<b>Markmið 2: Aukin atvinnuþátttaka aldraðra</b>		
Vinna úr tillögum starfshóps um afkomuöryggi eldra fólks, aukinn sveigjanleika í starfslokum og úrbætur í húsnæðismálum í því skyni að bæta fjárhagslega stöðu aldraðra.	Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneytið	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 110.466,8 m.kr. og lækkar um 1.575 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 4.554,3 m.kr.

Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjárheimild málaflokksins aukin um 2,7 ma.kr. vegna hækkunar á almennu frítekjumarki ellilífeyris, sbr. markmið nr. 1.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 3.225 m.kr. vegna reiknaðs kerfislægs vaxtar.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 7,5 ma.kr. sem er endurmat á greiðslum til ellilífeyris út af auknum tekjum ellilífeyrisþega síðustu ár.
- Bætur almannatrygginga eru undanskildar almennri aðhaldskröfu.

## 28.20 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, öldrun

Starfsemi málaflokksins er í höndum Tryggingastofnunar sem ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna málaflokksins. Samkvæmt lögum um félagslega aðstoð er heimilt að greiða ýmiss konar styrki og uppbætur eins og heimilisuppbót, uppbót á lífeyri vegna tiltekens kostnaðar lífeyrisþega og uppbætur og styrki vegna bifreiðakaupa og reksturs bifreiða. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri. Í fjármálaáætlun 2025–2029 var umfjöllun um málaflokka 28.1 og 28.2 sameinuð og tafla í málaflokki hér að framan tekur til aðgerða/verkefna vegna sameinaðar umfjöllunar vegna þessa tveggja málaflokka.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 10.527,7 m.kr. og hækkar um 247 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 434 m.kr.

Ekki eru breytingar á hagrænni skiptingu málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins hækkar um 247 m.kr. vegna reiknaðs kerfislægs vaxtar.
- b. Bætur almannatrygginga eru undanskildar almennri aðhaldskröfu.

### **28.30 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur**

Undir þjónustu við aldraða og aðrar greiðslur, ótaldar, falla greiðslur samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra, nr. 113/1994, og greiðslur samkvæmt lögum um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020. Með síðarnefndu lögnum hefur verið komið til móts við þann hóp aldraðra sem ekki hefur áunnið sér full réttindi í almannatryggingum. Líkt og gildir um málaflokk 28.20 ber Tryggingastofnun ríkisins ábyrgð á framkvæmd greiðslna sem falla undir málaflokkinn.

Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri en eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki voru mótuð markmið eða mælikvarðar um árangur.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 550,4 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 22,1 m.kr. Bætur almannatrygginga eru undanskildar almennri aðhaldskröfu.

## 29 Fjölskyldumál

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðherra, heilbrigðisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, mennta- og barnamálaráðherra, forsætisráðherra, innviðaráðherra og dómsmálaráðherra. Það skiptist í sjö málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>29 Fjölskyldumál</b>					
<b>29.10 Barnabætur</b> .....	<b>14.660,7</b>	<b>16.000,0</b>	<b>21.000,0</b>	<b>31,3</b>	<b>43,2</b>
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	14.660,7	16.000,0	21.000,0	31,3	43,2
<b>29.20 Fæðingarorlof</b> .....	<b>22.747,1</b>	<b>24.060,5</b>	<b>26.445,4</b>	<b>9,9</b>	<b>16,3</b>
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	22.747,1	24.060,5	26.445,4	9,9	16,3
<b>29.30 Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur</b> .....	<b>481,1</b>	<b>611,7</b>	<b>638,0</b>	<b>4,3</b>	<b>32,6</b>
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	481,1	611,7	638,0	4,3	32,6
<b>29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn</b> .....	<b>14.495,8</b>	<b>14.260,7</b>	<b>18.070,8</b>	<b>26,7</b>	<b>24,7</b>
01 Forsætisráðuneyti .....	112,0	84,0	89,3	6,3	-20,3
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....	6.516,7	5.508,8	5.539,4	0,6	-15,0
06 Dómsmálaráðuneyti .....		545,0	966,3	77,3	-
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	7.411,1	7.719,0	11.475,8	48,7	54,8
10 Innviðaráðuneyti .....	456,0	403,9		-100,0	-100,0
<b>29.50 Bætur til eftirlifenda</b> .....	<b>472,4</b>	<b>566,2</b>	<b>590,5</b>	<b>4,3</b>	<b>25,0</b>
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	472,4	566,2	590,5	4,3	25,0
<b>29.60 Bætur vegna veikinda og slysa</b> .....	<b>1.953,3</b>	<b>2.880,6</b>	<b>3.000,3</b>	<b>4,2</b>	<b>53,6</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	1.953,3	2.880,6	3.000,3	4,2	53,6
<b>29.70 Málefni innflytjenda og flóttamanna</b> ....	<b>5.963,8</b>	<b>4.735,4</b>	<b>5.102,4</b>	<b>7,8</b>	<b>-14,4</b>
02 Mennta- og barnamálaráðuneyti .....	501,8	66,9	70,7	5,7	-85,9
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	5.462,0	4.668,5	5.031,7	7,8	-7,9
<b>Samtals</b> .....	<b>60.774,2</b>	<b>63.115,1</b>	<b>74.847,4</b>	<b>18,6</b>	<b>23,2</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

### Breytingar á ramma milli áráanna 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 29 *Fjölskyldumál* árið 2025 eru áætluð 74.847,4 m.kr. og aukast um 10.540,3 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 16,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 11.732,3 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 18,6%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubættandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>29 Fjölskyldumál</b>					
Rekstrarframlög .....	7.655,7	9.831,4	9.670,2	-1,6	26,3
Rekstrartilfærslur .....	53.054,0	53.053,9	64.949,0	22,4	22,4
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	64,5	229,8	228,2	-0,7	253,8
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>60.774,2</b>	<b>63.115,1</b>	<b>74.847,4</b>	<b>18,6</b>	<b>23,2</b>
Rekstrartekjur .....	-	215,9	219,9	1,9	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	62.354,2	74.082,5	18,8	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	545,0	545,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>63.115,1</b>	<b>74.847,4</b>	<b>18,6</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

## 29.10 Barnabætur

Málaflokkurinn tekur til barnabóta sem eru tekjutengdar bætur sem greiddar eru með börnum um yngri en 18 ára. Fjárhæð barnabóta ræðst af fjölda og aldri barna á heimili, hjúskaparstöðu foreldra og tekjum þeirra. Barnabætur eru tekjutengdar til að ná því fram að stuðningur barnabóta sé mestur hjá þeim fjölskyldum sem þurfa mest á stuðningi að halda en meginmarkmið barnabóta er að vinna gegn fátækt barna. Barnabætur byggjast á A-lið 68. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og annast Skatturinn umsýslu barnabóta. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Auka stuðning við tekjulága foreldra		
Áfram verði unnið að greiningum og vöktun á greiddum barnabótum með það fyrir augum að markmið kerfisins viðhaldist.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Fjárhæðir barnabóta og skerðingarmörk verða hækkuð.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	2 ma.kr.
<b>Markmið 2:</b> Gagnsætt og fyrirsjáanlegt barnabótakerfi		
Unnið verði að breytingum á fyrirframgreiðslu barnabóta á fæðingarári barns þannig að biðtími barnabóta verði aldrei lengri en fjórir mánuðir.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skatturinn	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 21 ma.kr. og hækkar um 5 ma.kr. frá gildandi fjárlögum. Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 5 ma.kr. vegna hækkunar barnabóta. Breytingin er gerð í tengslum við stuðning stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum vinnu-markaði í mars 2024 þar sem ákveðið var að hækka útgjöld til barnabóta um samtals 5 ma.kr. í tveimur skrefum. Í fjáraukalögum 2024 voru útgjöld til barnabóta hækkuð um 3 ma.kr. og verða hækkuð aftur um 2 ma.kr. árið 2025. Markmið aðgerðanna er að verja kaupmátt og líf skjör launafólks með áherslu á barnafjölskyldur og skapa forsendur fyrir stöðugleika í efnahagsmálum.
- Málaflokkurinn er undanþeginn aðhaldskröfu.

## 29.20 Fæðingarorlof

Starfsemi málaflokksins er í höndum Fæðingarorlofssjóðs sem er í vörslu Vinnu-málastofnunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Jöfn nýting foreldra á rétti til fæðingarorlofs</b>		
Hækkun mánaðarlegra hámarksgreiðslna úr Fæðingarorlofssjóði til foreldra í fæðingarorlofi úr 700 þús.kr. í 800 þús.kr. vegna barna sem fæðast, eru frumættleidd eða tekin í varanlegt föstur á tímabilinu 1. janúar til og með 31. desember 2025.	Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneyti	2,5 ma.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 26.445,4 m.kr. og hækkar um 2.343,9 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 41 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 2,5 ma.kr. sem byggist m.a. á aðgerðum stjórnvalda til stuðnings kjarasamningum um að hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hækki í áföngum til ársins 2026 úr 600 þús.kr. í 900 þús.kr.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 150 m.kr. vegna millifærslu fjárheimildar vegna umsýslukostnaðar Vinnumálastofnunar hjá Fæðingarorlofssjóði til stofnunarinnar sjálfrar. Tilgangurinn er að einfalda framsetningu á rekstri stofnunarinnar í fjárlögum.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 1,5 m.kr.

### 29.30 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, fjölskyldur

Málaflokkurinn tekur til greiðslna samkvæmt lögum nr. 99/2007, um félagslega aðstoð. Um er að ræða heimildargreiðslur sem eru háðar mati hverju sinni. Málaflokkurinn tekur einnig til mæðra- og feðralauna og endurgreiðslu umtalsverðs kostnaðar við læknishjálp og lyf. Tryggingastofnun annast framkvæmd málaflokksins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 638 m.kr. og breytist ekki frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 26,3 m.kr.

### 29.40 Annar stuðningur við fjölskyldur og börn

Starfsemi málaflokksins er í höndum umboðsmanns skuldara, Ráðgjafar- og greiningarstöðvar, Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu, Barna- og fjölskyldustofu, umboðsmanns barna og Inn-



heimtustofnunar sveitarfélaga. Auk þess falla lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, meðlög, sorgarleyfi og greiðslur til stuðnings fjölskyldum langveikra eða alvarlega fatlaðra barna undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Bætt lífsgæði eldra fólks</b>		
Aðgerðir um samþættingu félags- og heilbrigðisþjónustu heim stuðla að skilgreindri samþættri þjónustu sem ríki og sveitarfélög bera ábyrgð á og veitt er fólki sem býr í heimahúsi. Þær aðgerðir eru í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023–2027.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma*
Lögð er áhersla á að íbúar upplifi að þjónustuúrræði styðji við búsetu þeirra heima og stefnt er að því að hægt verði að treysta á að eitt þjónustuúrræði taki við af öðru þegar þjónustuþörf eykst. Sex heilbrigðisumdæmi og 22 sveitarfélög taka þátt í þróunarverkefni samþættingar.		
Aðgerðir sem stuðla að heilbrigðri öldrun og því að eldra fólk þurfi síðar eða síður á dvöl í sértækum þjónustuúrræðum að halda eru í samræmi við þingsályktun um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023–2027. Aðgerðir snúa að alhliða heilsuefningu, m.a. með auknum og öruggum upplýsingum um alla virkni, s.s. hreyfingu og félagsstarf, m.a. með því að efla island.is sem miðstöð upplýsinga um heilsuefningu eldra fólks.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma*
Þingsályktun um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023–2027, aðgerðir B.3, C.1 og C.3, stuðla að auknum áreiðanlegum rafrænum upplýsingum um málefni eldra fólks.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma*
<b>Markmið 2: Stigskipt þjónusta fyrir börn og fjölskyldur endurskipulögð</b>		
Innleiða lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Framfylgja þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun um farsæld barna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma
Vinna að þróun og innleiðingu mælaborðs sem er ætlað að tryggja betri yfirsýn yfir velferð barna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti	Innan ramma

Innleiða aðgerðir þar sem leitast verður við að koma í veg fyrir og grípa inn í ofbeldi meðal barna.	Mennta- og barnamálaráðuneyti og Barna- og fjölskyldustofa	Innan ramma
--	--	-------------

### Markmið 3: Ásættalegur biðtími fyrir þjónustu fyrir börn

Sérstakar aðgerðir til að bregðast við löngum biðtíma eftir þjónustu við börn.	Barna- og fjölskyldustofa og Ráðgjafar- og greiningarstöð	Innan ramma
--	---	-------------

\*Aðgerðir vegna markmiðs nr. 1 vegna þingsályktunar um aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023–2027 eru fjármagnaðar en fjárheimildir eru ekki sundurliðaðar á einstaka verkefni í eins og þau birtast í töflunni hér að framan.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 18.070,8 m.kr. og hækkar um 3.073,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 736,7 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 3.750 m.kr. til gjaldfrjálsra skólamáltíða. Verkefnið er hluti af aðgerðum stjórnvalda vegna kjarasamninga á almennum markaði.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 200 m.kr. vegna aðgerðaáætlunar um samræmingu þjónustu við eldra fólk sem er eitt verkefni í stjórnarsáttmála, sbr. markmið nr. 1.
- Fjárheimild málaflokksins hækkar um 14,8 m.kr. vegna hækkunar á sértekjum sem hækka um sömu fjárhæð.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 298,8 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 100 m.kr. vegna aukinna verkefna tengdum farsæld barna á aðalskrifstofu ráðuneytis mennta- og barnamála á málaflokki 22.30.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 161,3 m.kr. vegna flutnings samnings við Krýsuvíkursamtökin frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til heilbrigðisráðuneytis.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 14 m.kr. vegna ráðstöfunar útgjaldasvigrúms málaflokksins hjá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 317,3 m.kr.

### 29.50 Bætur til eftirlifenda

Málaflokkurinn tekur til barnalífeyris vegna andláts foreldris samkvæmt lögum um almannatryggingar. Þá tekur málaflokkurinn til maka- og umönnunarbóta, dánarbóta og barnalífeyris vegna menntunar samkvæmt lögum um félagslega aðstoð en þar er um að ræða heimildargreiðslur sem eru háðar mati hverju sinni. Tryggingastofnun annast framkvæmd málaflokksins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 590,5 m.kr. og breytist ekki frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 24,3 m.kr.

### 29.60 Bætur vegna veikinda og slysa

Starfsemi málaflokksins er í höndum Sjúkratrygginga Íslands. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Frankvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Auka tryggingavernd þeirra sem sinna umönnunarstörfum		
Meta hvort fjölgun er á umsóknum eða samþykktarhlutfalli og meta hvort grípa þurfi til ráðstafana vegna lagabreytinga.	Heilbrigðisráðuneyti og Sjúkratryggingar Íslands	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 3.000,3 m.kr. og lækkar um 0,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 119,8 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Varasjóður málaflokksins, 0,1 m.kr., fellur niður tímabundið vegna sértækra aðhaldsráðstafana.

### 29.70 Málefni innflytjenda og flóttafólks

Starfsemi málaflokksins er í höndum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Einnig falla undir málaflokkinn endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna 15. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, og eru þær greiðslur á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna 15. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, falla undir málaflokkinn en greiðslurnar eru á ábyrgð mennta- og barnamálaráðuneytis. Enn fremur sinnir Vinnumálastofnun nú verkefnum vegna flóttafólks eftir að starfsemi Fjölmenningsseturs var sameinuð starfsemi Vinnumálastofnunar árið 2023. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Aukin tækifæri flóttafólks til félagslegrar þátttöku og virkni í íslensku samfélagi		
Haldið áfram með verkefni sem hófst árið 2024 og er til tveggja ára í tengslum við þjónustu Vinnumálastofnunar við flóttafolk þar sem áhersla er lögð á virkni, þ.m.t. íslenskunám, starfsþjálfun og náms- og starfsráðgjöf.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Unnið verði að því að samningar komist á fyrir árslok 2024 um framkvæmd sértæks verkefnis til þriggja ára í tengslum við félagsstarf fyrir flóttafolk. Markmið verkefnisins er að auka tækifæri flóttafólks til félagslegrar þátttöku og að vinna gegn félagslegri einangrun.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Hækkandi hlutfall flóttafólks sem nýtur þjónustu í samræmdri móttöku flóttafólks		
Áframhaldandi vinna í samráði við sveitarfélög um framtíðarfyrirkomulag hvað varðar móttöku flóttafólks.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 5.102,4 m.kr. og hækkar um 123,1m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 243,9 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin tímabundið um 150 m.kr. vegna aðgerðaáætlunar ríkisstjórnar frá febrúar 2024 um inngildinguna innflytjenda og flóttafólks í íslenskt samfélag.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 7,5 m.kr. vegna flutnings verkefna frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti til forsætisráðuneytis.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 19,4 m.kr.

## 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi</b>					
<b>30.10 Vinnumál og atvinnuleysi</b> .....	<b>35.805,7</b>	<b>45.250,7</b>	<b>44.470,3</b>	<b>-1,7</b>	<b>24,2</b>
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	35.797,8	45.250,7	44.470,3	-1,7	24,2
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	7,9			-	-100,0
<b>30.20 Vinnumarkaður</b> .....	<b>1.731,9</b>	<b>1.749,6</b>	<b>1.874,4</b>	<b>7,1</b>	<b>8,2</b>
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	1.731,9	1.749,6	1.874,4	7,1	8,2
<b>Samtals</b> .....	<b>37.537,6</b>	<b>47.000,3</b>	<b>46.344,7</b>	<b>-1,4</b>	<b>23,5</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árunna 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi árið 2025 eru áætluð 46.344,7 m.kr. og lækka um 2.560,4 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 5,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 655,6 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 1,4%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á

móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>30 Vinnumarkaður og atvinnuleysi</b>					
Rekstrarframlög .....	7.612,9	5.880,2	6.390,8	8,7	-16,1
Rekstartilfærslur .....	29.790,2	41.093,1	39.926,1	-2,8	34,0
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	134,5	27,0	27,8	3,0	-79,3
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>37.537,6</b>	<b>47.000,3</b>	<b>46.344,7</b>	<b>-1,4</b>	<b>23,5</b>
Rekstartekjur .....	-	2.388,3	2.516,9	5,4	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	44.612,0	43.827,8	-1,8	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>47.000,3</b>	<b>46.344,7</b>	<b>-1,4</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 30.10 Vinnumál og atvinnuleysi

Starfsemi málaflokksins er í höndum Vinnumálastofnunar, Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ábyrgðasjóðs launa. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Draga úr fjarveru frá vinnumarkaði		
Áframhaldandi greining einstaklinga án atvinnu þannig að unnt sé að veita einstaklingsmiðaða og þar með markvissa þjónustu í hverju tilviki fyrir sig.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
Reglulegar mælingar og greiningar á árangri þeirra vinnumarkaðsaðgerða sem gripið er til.	Vinnumálastofnun	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Efla stuðningsúrræði fyrir einstaklinga með skerta starfsgetu í tengslum við þátttöku þeirra á vinnumarkaði		
Einstaklingsmiðuð þjónusta við einstaklinga með skerta starfsgetu, svo sem „atvinna með stuðningi“ (AMS) og sérstök þjónusta við ungt fólk sem stendur frammi fyrir geðrænum eða félagslegum áskorunum.*	Vinnumálastofnun	Innan ramma.
Endurskoðun á reglum sem gilda um stuðning til atvinnurekenda sem ráða til starfa einstaklinga með skerta starfsgetu.*	Félags- og vinnumarkaðs-ráðuneyti	Innan ramma

\* Fjárheimildir og aðgerðir vegna heildarendurskoðunar örorkukerfisins eru á málaflokkum 27.1 Bætur skv. lögum um almannatryggingar, 30.1 Vinnumál og atvinnuleysi og 32.4 Stjórnsýsla félagsmála.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 44.470,3 m.kr. og lækkar um 2.578 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 1.797,6 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 303,7 m.kr. vegna atvinnuleysisbóta í samræmi við uppfærða þjóðhagsspá með tilliti til breytinga á atvinnuleysi og mannfjölda á vinnufærum aldri.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 150 m.kr. vegna millifærslu fjárheimildar vegna umsýslukostnaðar Vinnumálastofnunar hjá Fæðingarorlofssjóði til stofnunarinnar sjálfrar. Tilgangurinn er að einfalda framsetningu á rekstri stofnunarinnar í fjárlögum.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 100 m.kr. vegna vinnumarkaðsúrræða fyrir fólk með skerta starfsgetu í tengslum við heildarendurskoðun örorkulífeyriskerfisins.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 81,6 m.kr. vegna starfsendurhæfingarsjóða.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 50 m.kr. vegna aukins framlags til vinnusamninga öryrkja.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 49 m.kr. vegna Ábyrgðasjóðs launa. Fjárveitingin tengist kjarasamningum á almennum markaði sem gerðir voru í mars 2024 og snýr að hækkun hámarksgreiðslu úr sjóðnum.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 2.400 m.kr. vegna tímabundinnar fjárheimildar til launagreiðslna vegna náttúruhamfara í Grindavík sem kom í fjárlögum 2024 en fellur nú niður.

- h. Fjárheimild málaflokksins lækkar um 28 m.kr. vegna færslu verkefna varðandi eftirlit á vinnumarkaði frá Vinnumálastofnun til Vinnueftirlits ríkisins.
- i. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 888,9 m.kr.

### 30.20 Vinnumarkaður

Starfsemi málaflokksins er í höndum embættis ríkissáttasemjara og Vinnueftirlits ríkisins. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Öruggari og heilsusamlegri vinnustaðir</b>		
Vinnuvernd á mannamáli – aðgerð til að auka vitund og hvetja til samfélagslegrar umræðu um mikilvægi mats á áhættu og forvörnum á vinnustöðum.	Vinnueftirlitið	Innan ramma
Gerð fræðslu- og stöðefnis um gerð skriflegra áætlana um öryggi og heilbrigði á vinnustöðum.	Vinnueftirlitið	Innan ramma
<b>Markmið 2: Efla fyrirbyggjandi sáttamiðlun ríkissáttasemjara við gerð kjarasamninga á vinnumarkaði</b>		
Komið verði á vettvangi undir stjórn ríkissáttasemjara vegna stærri deilumála milli samningsaðila á gildistíma kjarasamninga.	Ríkissáttasemjari	Innan ramma
Þróuð verkefni sem samningsaðilar vinna á samningstíma og ráðgjöf veitt eftir þörfum.	Ríkissáttasemjari	Innan ramma
Útfærðar vinnuáferðir sáttamiðlunar varðandi úrlausn mála opinberra aðila.	Ríkissáttasemjari	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 1.874,4 m.kr. og hækkar um 17,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 107,2 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 28 m.kr. vegna færslu verkefna varðandi eftirlit á vinnumarkaði frá Vinnumálastofnun til Vinnueftirlits ríkisins.
- b. Fjárheimild málaflokksins eru aukin um 14 m.kr. vegna ráðstöfunar á útgjaldasvigrúmi ráðuneytisins til að styrkja starfsemi Vinnueftirlits ríkisins hvað varðar eftirlit á vinnumarkaði.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 24,4 m.kr.



## 31 Húsnæðis- og skipulagsmál

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð innviðaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í tvo málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>31 Húsnæðis- og skipulagsmál</b>					
<b>31.10 Húsnæðismál</b> .....	<b>19.875,9</b>	<b>23.821,8</b>	<b>26.036,8</b>	<b>9,3</b>	<b>31,0</b>
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	2.053,9	2.100,0	2.100,0	0,0	2,2
10 Innviðaráðuneyti .....	17.822,0	21.721,8	23.936,8	10,2	34,3
<b>31.20 Skipulagsmál</b> .....	<b>999,2</b>	<b>710,6</b>	<b>814,3</b>	<b>14,6</b>	<b>-18,5</b>
10 Innviðaráðuneyti .....	999,2	710,6	814,3	14,6	-18,5
<b>Samtals</b> .....	<b>20.875,1</b>	<b>24.532,4</b>	<b>26.851,1</b>	<b>9,5</b>	<b>28,6</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 31 Húsnæðis- og skipulagsmál árið 2025 eru áætluð 26.851 m.kr. og aukast um 2.054,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024 eða sem svarar til 8,4%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 2.318,7 m.kr. milli ára eða sem svarar til 9,5%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í,

t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhalds-  
markmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á  
málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu  
2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafila  
málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>31 Húsnæðis- og skipulagsmál</b>					
Rekstrarframlög .....	3.972,5	4.203,0	4.286,5	2,0	7,9
Rekstrartilfærslur .....	11.254,0	11.940,9	14.168,9	18,7	25,9
Fjármagnstilfærslur .....	5.443,4	8.136,4	8.136,4	0,0	49,5
Fjárfestingarframlög .....	205,2	252,1	259,3	2,9	26,4
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>20.875,1</b>	<b>24.532,4</b>	<b>26.851,1</b>	<b>9,5</b>	<b>28,6</b>
Rekstrartekjur .....	-	1.468,7	1.561,1	6,3	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	23.063,7	25.290,0	9,7	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>24.532,4</b>	<b>26.851,1</b>	<b>9,5</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær  
eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 31.10 Húsnæðismál

Starfsemi málaflokksins fellur undir húsnæðisbætur, stofnframlög, vaxtabætur og  
Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun,  
þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um  
árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við  
markmið ásamt helstu breytingar sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar  
breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endur-  
spegla fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli  
ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Jafnvægi verður á húsnæðismarkaði þar sem fjölbreytt framboð íbúða mæti þörf og þróun húsnæðis- og leiguverðs sé stöðug		
Samningar við sveitarfélög um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á grundvelli rammasamnings ríkis og sveitarfélaga.	HMS	Innan ramma
Fjölgun íbúða með minna vistspori með kort- lagningu á húsnæði sem mætti endurnýta til búsetu.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma

Land eða húsnæði í eigu ríkisins verði nýtt til að hraða uppbyggingu íbúða.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti, innviðaráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Skilvirkari stjórnýsla og gæði íbúða í jafnvægi við umhverfið		
Aukin réttarvernd neytenda vegna byggingargalla.	Innviðaráðuneyti, HMS	Innan ramma
Kolefnislosun bygginga verði reiknuð út, upplýsingum skilað inn og kolefnislosun takmörkuð.	HMS	Innan ramma
Mótun rannsóknarumhverfis mannvirkjagerðar.	HMS	Innan ramma
<b>Markmið 3:</b> Húsnæðisöryggi og jafnrétti landsmanna í húsnæðismálum		
Endurskoðun lánaheimilda, m.a. skv. lögum um húsnæðismál, með tilliti til almannaþjónustuhlutverks hins opinbera á húsnæðismarkaði.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Skóðað verði hvernig húsnæðisstuðningur geti nýst í auknum mæli til að auka framboð öruggra og góðra íbúða með viðuránlegum húsnæðiskostnaði.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 4:</b> Framboð íbúða stuðlar að virkum vinnumarkaði og styður við öflug atvinnu-sóknarsvæði um land allt		
Tryggð byggð – samstarfsvettvangur um húsnæðisuppbyggingu á landsbyggðinni.	HMS	Innan ramma
Greint verði hvar skortur á leiguhúsnæði standi atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni fyrir þrifum.	HMS	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 26.036,8 m.kr. og hækkar um 1.978,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 236,5 m.kr.,

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða, en 50 m.kr. verða færðar af launum og öðrum gjöldum yfir á tilfærslur, samtals 100 m.kr., vegna framlaga til Asks mannvirkjasjóðs.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild til húsnæðisbóta hækkar um 2.500 m.kr. á milli ára, en grunnfjárhæðir húsnæðisbóta voru hækkaðar 1. júní 2024, auk þess sem bætt var við tveimur flokkum, og hækka bætur nú þar til fjöldi einstaklinga í heimili telur sex eða fleiri í stað fjögurra áður.
- Tímabundin framlög til Asks mannvirkjasjóðs að fjárhæð 37,5 m.kr. falla niður.
- Tímabundin framlög vegna vaxtaniðurgreiðslna til Bríetar verða 67 m.kr. en voru áður 50 m.kr.
- Framlög til sértæks húsnæðisstuðnings vegna náttúruhamfara í Grindavík að fjárhæð 450 m.kr. falla niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 40,2 m.kr. og er útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokks.

### 31.20 Skipulagsmál

Starfsemi málaflokksins fellur undir Skipulagsstofnun og Skipulagssjóð. Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Samkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Vernd umhverfis og náttúru</b>		
Unnið verði að leiðbeiningum um hvernig draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis með skipulagsgerð.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Unnið verði að leiðbeiningum um landslagsgreiningu svo að skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Unnið verði að því að ákvarðanataka um nýtingu hafsvæða verði skýr og skilvirk.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
Forgangsröðun verkefna vegna skipulags strandsvæða.	Innviðaráðuneyti, Skipulagsstofnun	Innan ramma
<b>Markmið 2: Velsæld samfélags</b>		
Bæta aðgengi að upplýsingum um möguleika á uppbyggingu húsnæðis í skipulagsáætlunum til að stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir húsnæði.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Skipulagsgerð styðji við markmið um kolefnishlutleysi.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Unnið verði að því að einfalda ferla í skipulagsgerð og byggingarmálum þannig að til verði einn heildstæður, samþættur og skilvirkur ferill með stafræna þróun að leiðarljósi.	Innviðaráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 3: Samkeppnishæft atvinnulíf</b>		
Styrkt verði leiðbeinandi hlutverk Skipulagsstofnunar við sveitarfélög við skipulagsgerð og afgreiðslu skipulagstillagna.	Skipulagsstofnun	Innan ramma
Gerð verði strandsvæðisskipulög í Eyjafirði og Skjálfanda.	Skipulagsstofnun	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 814,3 m.kr. og eykst um 75,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema samtals 28,1 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- a. Fjárheimild til Skipulagsstofnunar hækkar um 13 m.kr. Um er að ræða tímabundið framlag til að styðja við stofnunina vegna aukinna verkefna.
- b. Fjárheimild til Skipulagssjóðs hækkar um 62 m.kr. Um er að ræða lögbundin framlög til sveitarfélaga sem annast skipulagsmál sín sjálf.
- c. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 4,4 m.kr. og er útfærð hlutfallslega á stofnanir og verkefni málaflokks.

## 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð heilbrigðisráðherra og félags- og vinnumarkaðsráðherra. Það skiptist í fjóra málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit .....</b>	<b>4.496,9</b>	<b>3.493,1</b>	<b>3.422,8</b>	<b>-2,0</b>	<b>-23,9</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	4.496,9	3.493,1	3.422,8	-2,0	-23,9
<b>32.20 Jafnréttismál .....</b>	<b>447,2</b>	<b>387,9</b>	<b>386,7</b>	<b>-0,3</b>	<b>-13,5</b>
01 Forsætisráðuneyti .....	447,2	387,9	386,7	-0,3	-13,5
<b>32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála .....</b>	<b>4.215,1</b>	<b>4.223,8</b>	<b>4.446,0</b>	<b>5,3</b>	<b>5,5</b>
08 Heilbrigðisráðuneyti .....	4.215,1	4.223,8	4.446,0	5,3	5,5
<b>32.40 Stjórnsýsla félagsmála .....</b>	<b>4.108,8</b>	<b>3.824,6</b>	<b>4.008,0</b>	<b>4,8</b>	<b>-2,5</b>
07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	4.108,8	3.824,6	4.008,0	4,8	-2,5
<b>Samtals .....</b>	<b>13.268,0</b>	<b>11.929,4</b>	<b>12.263,5</b>	<b>2,8</b>	<b>-7,6</b>

<sup>1</sup> Vakin er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024 og 2025



Heildargjöld málefnasviðs 32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála árið 2025 eru áætluð 12.263,5 m.kr. og lækka um 310,1 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 2,6%.

Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum hækka útgjöldin um 334,1 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 2,8%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>32 Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála</b>					
Rekstrarframlög .....	11.925,7	10.888,4	11.263,8	3,4	-5,6
Rekstrartilfærslur .....	983,4	983,7	941,3	-4,3	-4,3
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	358,9	57,3	58,4	1,9	-83,7
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>13.268,0</b>	<b>11.929,4</b>	<b>12.263,5</b>	<b>2,8</b>	<b>-7,6</b>
Rekstrartekjur .....	-	1.204,2	1.279,3	6,2	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	10.725,2	10.984,2	2,4	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>11.929,4</b>	<b>12.263,5</b>	<b>2,8</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 32.10 Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, embættis landlæknis, Geisla-varna ríkisins og Lyfjastofnunar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Efling heilsu og heilbrigðra lifnaðarháttá</b>		
Innleiðing aðgerða á sviði lýðheilsu- og geðheilbrigðisstefnu.	Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis	Innan ramma
Sameiginlegt átak til að draga úr útbreiðslu sýklalyfjaónæmra bakteria á Íslandi.	Heilbrigðisráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti	Innan ramma
Hvatning og stuðningur við heilsueflingu og forvarnir sem hluta af allri heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti, embætti landlæknis, heilbrigðisstofnanir og Heilsugæsla höfuðborgar-svæðisins	Innan ramma
Innleiðing krabbameinsáætlunar með hliðsjón af heilbrigðisstefnu, lýðheilsustefnu og krabbameinsáætlun ESB.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
<b>Markmið 2: Aukið öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsfólks</b>		
Mannaflaþörf greind fyrir fjölmennustu heilbrigðisstéttir í heilbrigðisþjónustunni. Yfirlit um stöðu mönnunar uppfært í rauntíma.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Gefnar verða út faglegar lágmarkskröfur fyrir ákveðin svið heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis	Innan ramma
Vinna við endurbætur klínískra leiðbeininga.	Heilbrigðisráðuneyti, embætti landlæknis og LSH	Innan ramma
<b>Markmið 3: Aukin gæði og efling rafrænnar heilbrigðisþjónustu</b>		
Áfram unnið að samþættingu á rafrænni sjúkraskrá og innleiðingu verkefna á sviði stefnu um stafræna heilbrigðisþjónustu.	Embætti landlæknis	Innan ramma
Áfram unnið að samþættingu á rafrænni sjúkraskrá, stafrænni skráningu og stafrænum skilum heilbrigðisgagna. Unnið að sameiningu Sögugrunna.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma
Aukið við fjarheilbrigðisþjónustu á öllum stigum heilbrigðisþjónustu.	Heilbrigðisráðuneyti og embætti landlæknis	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 3.422,8 m.kr. og lækkar um 250,1 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 179,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Niðurfellt er 150 m.kr. einskisframlag í fjárlögum 2024 til þróunar rafrænnar sjúkraskrár.
- Niðurfellt er 20 m.kr. einskisframlag í fjárlögum 2024 til Lýðheilsusjóðs.
- Útgjöld málaflokksins lækka um 25,2 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekju-áætlunum stjórnsýslustofnana.



- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 34,7 m.kr. og er aðhald útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.
- e. Lækkun á framlagi til samkeppnis- og styrktarsjóða nemur 5 m.kr. og er hluti af sér-tækum aðhaldsaðgerðum.
- f. Sérstök viðbótaraðhaldskrafa nemur 15,2 m.kr. og er útfærð hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.

### 32.20 Jafnréttismál

Starfsemi málaflokksins hefur verið á ábyrgð forsætisráðuneytis frá árinu 2019. Í samræmi við breytingar á forsetaúrskurði nr. 6/2022 frá 26. ágúst 2024, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, flytjast jafnréttis- og mannréttindamál frá forsætisráðuneyti til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis frá 1. september 2024. Samhliða flytjast Jafnréttisstofa og kærunefnd jafnréttismála til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Launajafnrétti verði náð – kynbundnum launamun verði útrýmt</b>		
Tryggja áframhaldandi framfylgd jafnlaunavottunar í samræmi við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
Unnið að og fylgt eftir tillögum aðgerðahóps um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2: Sporna við kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni</b>		
Framfylgd verkefna í þingsályktun nr. 37/150 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og Jafnréttisstofa	Innan ramma
<b>Markmið 3: Réttindi hinsegin fólks tryggð</b>		
Framfylgd verkefna í aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 386,7 m.kr. og lækkar um 19 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 17,8 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 12 m.kr. vegna tímabundins framlags til Samtakanna '78 sem fellur niður.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 3 m.kr. vegna millifærslu til nýrrar Mannréttindastofnunar Íslands sem tekur til starfa samkvæmt lögum nr. 88/2024.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 4 m.kr.

### 32.30 Stjórnsýsla heilbrigðismála

Starfsemi málaflokksins er í höndum heilbrigðisráðuneytis, Sjúkratrygginga Íslands og vísindasiðanefndar. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Skilvirk stjórnsýsla heilbrigðismála</b>		
Unnið að vöruhúsi gagna. Innleiðing Power BI mælaborða á heilbrigðisstofnunum.	Heilbrigðisráðuneyti og heilbrigðisstofnanir	Innan ramma
<b>Markmið 2: Efling vísindarannsókna í heilbrigðisþjónustu</b>		
Undirbúningur að stofnun heilbrigðisvísindasjóðs.	Heilbrigðisráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 4.446 m.kr. og lækkar um 23,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 240,5 m.kr.

Ekki er um miklar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Útgjöld málaflokksins hækka um 0,4 m.kr. vegna samsvarandi breytinga á sértekjuáætlunum stjórnsýslustofnana.
- Niðurfellt er tímabundið 5,3 m.kr. framlag til Alzheimersamtakanna.
- Tímabundin lækkun ráðstöfunarfjár ráðherra um 1 m.kr. gengur til baka.
- Almennt útgjaldasvigrúm málaflokksins er 25 m.kr.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 41,9 m.kr. og er aðhald útfært hlutfallslega niður á stofnanir og verkefni málaflokksins.
- Sérstök viðbótaraðhaldskrafa á aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins nemur 2,8 m.kr.

### 32.40 Stjórnsýsla félagsmála

Starfsemi málaflokksins er í höndum aðalskrifstofu félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, auk þess sem rekstur úrskurðarnefndar velferðarmála, Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála og Tryggingastofnunar fellur undir málaflokkinn. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Skilvirkari stjórnsýsla félagsmála</b>		
Fjölbreytt fræðsla fyrir starfsfólk ráðuneytis, t.d. um „EKKÓ“ og samskipti á vinnustað og námskeið um gagnagreiningu, framleiðni o.fl.	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 4.008 m.kr. og lækkar um 17,4 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 206,1 m.kr.

Engar breytingar eru á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Útgjaldasvigrúm málaflokksins er aukið um 100 m.kr.
- Fjárheimild málaflokksins er aukin um 30 m.kr. vegna hækkunar á sértekjum sem hækka um sömu fjárhæð.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 90 m.kr. vegna lækkunar á hluta innleiðingarkostnaðar vegna nýs kerfis örorku og endurhæfingar, sbr. umfjöllun í málaflokkum 27.1 og 30.1.
- Fjárheimild málaflokksins lækkar um 14,1 m.kr. vegna tímabundinna verkefna sem falla niður.
- Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefнасviðsins nemur 49,3 m.kr.

## 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í þrjá málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>33.10 Fjármagnskostnaður</b> .....	<b>103.802,8</b>	<b>99.107,2</b>	<b>98.095,6</b>	<b>-1,0</b>	<b>-5,5</b>
19 Vaxtagjöld ríkissjóðs .....	103.802,8	99.107,2	98.095,6	-1,0	-5,5
<b>33.20 Ríkisábyrgðir</b> .....	<b>180,7</b>	<b>110,0</b>	<b>110,0</b>	<b>0,0</b>	<b>-39,1</b>
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	180,7	110,0	110,0	0,0	-39,1
<b>33.30 Lífeyrisskuldbindingar</b> .....	<b>96.930,7</b>	<b>79.978,2</b>	<b>79.067,2</b>	<b>-1,1</b>	<b>-18,4</b>
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	96.930,7	79.978,2	79.067,2	-1,1	-18,4
<b>Samtals</b> .....	<b>200.914,2</b>	<b>179.195,4</b>	<b>177.272,8</b>	<b>-1,1</b>	<b>-11,8</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli ára 2024 og 2025



Heildargjöld málefнасviðs 33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindingar árið 2025 eru áætluð 177.272,8 m.kr. og lækka um 1.922,6 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 1,1%.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

33 Fjármagnskostnaður, ábyrgðir og lífeyrisskuldbindi	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög .....	200.914,2	179.085,4	177.162,8	-1,1	-11,8
Rekstrartilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjármagnstílfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	0,0	110,0	110,0	0,0	-
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>200.914,2</b>	<b>179.195,4</b>	<b>177.272,8</b>	<b>-1,1</b>	<b>-11,8</b>
Rekstrartekjur .....	-	0,0	0,0	-	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	98.236,0	107.780,0	9,7	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	80.959,4	69.492,8	-14,2	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>179.195,4</b>	<b>177.272,8</b>	<b>-1,1</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 33.10 Fjármagnskostnaður

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Viðhalda sjálfbærni skulda ríkissjóðs</b>		
Hagstæð fjármögnun ríkissjóðs með jöfnu afborgunarferli og lágmörkun áhættu.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
Uppbygging áhættustýringar fyrir ríkissjóð.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2: Lágmörkun fjármagnskostnaðar að teknu tilliti til áhættu</b>		
Endurfjármögnun útistandandi skulda þegar tækifæri gefast á betri vaxtakjörum.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 98.095,6 m.kr. og lækkar um 1.011,6 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Ekki er um breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er hækkuð um 7.764,7 m.kr. vegna innlendra lána án verðbóta.
- Verðbætur á höfuðstól verðtryggðra lána ríkissjóðs lækka um 9.414,8 m.kr.
- Vextir af erlendum lánnum hækka um 638,5 m.kr.

### 33.20 Ríkisábyrgðir

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1: Draga úr ríkisábyrgðum</b>		
Endurlána ríkisfyrirtækjum og sjóðum í stað þess að heimila lántökur með ríkisábyrgð.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 110 m.kr. og er óbreytt frá gildandi fjárlögum.

### 33.30 Lífeyrisskuldbindingar

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Helstu verkefni 2024	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Minnka ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar		
Ríkissjóður greiði 10,4 ma.kr. inn á lífeyrisskuldbindingar sínar.	Fjármála- og efnahagsráðuneyti	Innan ramma

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 79.067,2 m.kr. og lækkar um 911 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Hrein lífeyrisskuldbinding ríkissjóðs hækkaði um 58.359 m.kr. á árinu 2023 og stóð í 928.612 m.kr. í árslok 2023. Hækkunina má helst rekja til launa-hækkana opinberra starfsmanna en vísitala lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn hækkaði um 10% á árinu 2023. Gert er ráð fyrir að heildarlífeyrisskuldbinding ríkissjóðs vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins nái hámarki um þessar mundir en fari svo lækkandi sem leiðir til lækkandi gjaldfærslu að jafnaði á næstu árum.

## 34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir

### Skilgreining málefnasviðs

Starfsemi á þessu málefnasviði er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Það skiptist í þrjú málaflokka sem sjá má í eftirfarandi töflu. Þar má jafnframt sjá fjárhagslega þróun málefnasviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefnasviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>34.10 Almennur varasjóður</b> .....		<b>45.617,0</b>	<b>28.908,1</b>	<b>-36,6</b>	-
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....		45.617,0	28.908,1	-36,6	-
<b>34.20 Sértækar fjárráðstafanir</b> .....		<b>608,8</b>	<b>481,1</b>	<b>-21,0</b>	-
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....		608,8	481,1	-21,0	-
<b>34.30 Afskriftir skattkrafna</b> .....	<b>2.290,8</b>	<b>24.679,9</b>	<b>6.510,0</b>	<b>-73,6</b>	<b>184,2</b>
09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti .....	2.290,8	24.679,9	6.510,0	-73,6	184,2
<b>Samtals</b> .....	<b>2.290,8</b>	<b>70.905,7</b>	<b>35.899,2</b>	<b>-49,4</b>	<b>1.467,1</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefnasviðsins eftir helstu tilefnum, sem nánar er greint frá í inngangskafli málefnasviða.

#### Breytingar á ramma milli árána 2024–2025



Heildargjöld málefnasviðs 34 *Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir* árið 2025 eru áætluð 35.899,2 m.kr. og lækka um 35.502,7 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 49,7%. Þegar tekið er tillit til áhrifa af almennum launa- og verðlagsbreytingum lækka útgjöldin um 35.006,5 m.kr. milli ára, eða sem svarar til 49,4%.



Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsroðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, til að mynda þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefнасviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefнасviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefнасviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
Rekstrarframlög .....	2.290,8	61.262,4	28.706,6	-53,1	1.153,1
Rekstrartilfærslur .....	0,0	9.285,7	6.450,8	-30,5	-
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	137,0	0,0	-100,0	-
Fjárfestingarframlög .....	0,0	220,6	741,8	236,3	-
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>2.290,8</b>	<b>70.905,7</b>	<b>35.899,2</b>	<b>-49,4</b>	<b>1.467,1</b>
Rekstrartekjur .....	-	1.204,4	1.204,4	0,0	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	45.021,4	28.184,8	-37,4	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	24.679,9	6.510,0	-73,6	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>70.905,7</b>	<b>35.899,2</b>	<b>-49,4</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 34.10 Almennur varasjóður

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra. Samkvæmt 24. gr. laga um opinber fjármál er almennum varasjóði ætlað að bregðast við útgjöldum sem eru tímabundin, ófyrirsjáanleg og óhjálkæmleg. Samkvæmt lögum skal sjóðurinn nema að lágmarki 1% af heildarfjárheimild fjárlaga. Almennum varasjóði er einkum ætlað að mæta frávikum í launa-, gengis- og verðlagsforsendum fjárlaga og meiri háttar ófyrirséðum og óhjálkæmlegum útgjöldum, s.s. vegna náttúruhamfara, eða útgjöldum sem ókleift er að mæta með öðrum hætti samkvæmt fjárlögum. Óheimilt er að gjaldfæra útgjöld á almenna varasjóðinn en fjármála- og efnahagsráðherra er einum heimilt að ráðstafa fjármunum úr honum. Skal það gert að uppfylltum tilteknum skilyrðum og eru fjárheimildir þá millifærðar á þá málaflokka þar sem kostnaður fellur til. Nánar er fjallað um framangreind skilyrði og verkferlið í kafla 5.7 *Varasjóðir og millifærslur fjárheimilda innan fjárlagaárs*.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 28.908,1 m.kr. og lækkar um 17.200 m.kr. frá gildandi fjárlögum að frátöldum almennum launa- og verðlagsbreytingum en þær nema 491 m.kr.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 16.900 m.kr. en um er að ræða fjárheimild sem var tímabundið staðsett á almenna varasjóðnum í fjárlögum 2024 til að mæta kjarasamningshækkunum á yfirstandandi ári þegar samningar næðust. Á yfirstandandi ári enn ósamið hjá þorra opinberra starfsmanna og því nokkur óvissa um endanlega kostnað ríkissjóðs. Í frumvarpinu eru fjárheimildir málefнасviða og málaflokka

hækkaðar varanlega sem nemur áætluðum kostnaði við kjarasamningana á ársgrundvelli og er því fyrrgreind fjárheimild felld niður á móti.

- b. Fjárheimild málaflokksins er lækkuð um 700 m.kr. vegna aðhalds sem á uppruna sinn í fjármálaáætlun árin 2025–2029, en eftir er að útfæra á viðeigandi málefнасvið þar sem aðgerðir eru enn í mótun. Aðgerðir miðað að því að ná fram aukinni hagkvæmni með sameiningu stofnana og sameiningu og einföldun sjóða.
- c. Fjárheimild málaflokksins er aukin um 200 m.kr. vegna verkefna í málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd, flóttafólks og innflytjenda, en gert er ráð fyrir að heimildin verði millifærð á næsta ári. Heimildin á uppruna sinn í 1,6 ma.kr. viðbótarframlag til þessara verkefna í fjármálaáætlun 2025–2029, en nú þegar er búið að dreifa 1,4 ma.kr. af þeirri heimild á önnur málefнасvið. Nánar er fjallað um þessi framlög í kafla 5.1.

### 34.20 Sérstækar fjárráðstafanir

Starfsemi málaflokksins er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðherra en nánar er fjallað um hann í fjármálaáætlun. Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 481,1 m.kr. og lækkar um 125,7 m.kr. frá gildandi fjárlögum vegna tímabundinna verkana sem falla niður. Ekki eru gerðar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins.

### 34.30 Afskriftir skattkrafna

Starfsemi málaflokksins er í höndum fjármála- og efnahagsráðherra. Eðli málaflokksins er með þeim hætti að ekki verður fjallað um markmið og aðgerðir varðandi starfsemi hans. Um er að ræða fjárheimild á móti gjaldfærslu á bæði beinum afskriftum skattkrafna sem taldar eru sannanlega tapaðar, t.d. vegna gjaldþrota, og óbeinum afskriftum þar sem kröfur eru færðar niður um tiltekinn hluta sem reynsla bendir til að muni að líkindum ekki innheimtast. Um er að ræða kröfur vegna álagðra skatta, álagðra vaxta á ógreidda skatta og annarra tekna.

Fjárheimild málaflokksins lækkar um 18,2 ma.kr. vegna breyttrar aðferðafræði við afskriftir skattkrafna. Undanfarin ár hefur Fjársýslan innleitt nýja aðferðafræði, í áföngum, sem miðar að því að kröfur séu ekki ofmetnar út frá líkum á því að þær innheimtist. Áætlanir gera ráð fyrir að kröfur og afskriftir þeirra verði að jafnaði minni í framtíðinni en þær hafa verið sögulega en eftir miklar afskriftir á tímabilinu 2018–2021 lækkuðu afskriftir í uppgjöri ársins 2022. Innleiðingarferli breyttra matsaðferða Fjársýslunnar er lokið og sérstök áhrif tengd aðgerðum í veirufaraldrinum að mestu leyti að baki. Horfur um þróun eftirstöðva og afskrifta eru því orðnar mun skýrari og þykir tímabært að taka tillit til þess í tekjuáætlun ríkissjóðs. Afskriftir skattkrafna eru færðar til gjalda samkvæmt IPSAS-staðli en til tekjulækkunar samkvæmt GFS-staðli. Þær hafa því sem slíkar bein áhrif á afkomu en hvorki á sjóðstreymi né skuldir ríkissjóðs. Nánar er fjallað um framangreindar breytingar í fjármálaáætlun 2025–2029.

## 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna

### Skilgreining málefнасviðs

Starfsemi á þessu málefнасviði er á ábyrgð utanríkisráðherra og fellur í einn málaflokk. Í eftirfarandi töflu má sjá fjárhagslega þróun málefнасviðsins og einstakra málaflokka á tímabilinu 2023–2025. Helstu áherslum, framtíðarsýn og meginmarkmiðum á málefнасviðinu er lýst í fjármálaáætlun.


	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>35 Alþjóðleg þróunarsamvinna</b>					
<b>35.10 Þróunarsamvinna</b> .....	<b>13.201,0</b>	<b>13.106,8</b>	<b>15.010,3</b>	<b>14,5</b>	<b>13,7</b>
03 Utanríkisráðuneyti .....	13.201,0	13.106,8	15.010,3	14,5	13,7
<b>Samtals</b> .....	<b>13.201,0</b>	<b>13.106,8</b>	<b>15.010,3</b>	<b>14,5</b>	<b>13,7</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskriftir ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### Heildaryfirlit útgjalda og breytingar eftir tilefnum

Myndin hér á eftir sýnir sundurliðaðar breytingar á útgjaldaramma málefнасviðsins eftir helstu tilefnum sem nánar er greint frá í inngangskafli málefнасviða.

#### Breytingar á ramma milli árana 2024–2025



Heildargjöld málefнасviðs 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna árið 2025 eru áætluð 15.010,3 m.kr. og aukast um 1.903,5 m.kr. á föstu verðlagi fjárlaga 2024, eða sem svarar til 14,5%. Þar sem útgjöld málefнасviðsins eru miðuð við tiltekið hlutfall af vergum þjóðartekjum eru ekki gerðar almennar launa- eða verðlagsbreytingar á fjárheimild málefнасviðsins á milli ára.

Myndin endurspeglar þá útfærslu og forgangsröðun sem unnin er út frá stefnumótun málefнасviðsins. Sú niðurstaða getur eftir atvikum vikið frá þeim viðmiðum sem sett voru í fjármálaáætlun, t.a.m. þannig að nýju útgjaldasvigrúmi hafi að einhverju leyti verið jafnað á

móti aðhaldsmarkmiði. Aðhaldsmarkmiðið felur m.a. í sér sértækar afkomubætandi aðhaldsráðstafanir á málefnasviðum og er nánar fjallað um þær í kafla 5 *Gjöld ríkissjóðs*.

Framlög til þróunarsamvinnu reiknast sem hlutfall af áætluðum vergum þjóðartekjum. Samkvæmt stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028, sem var samþykkt af Alþingi hinn 15. desember 2023, var gert ráð fyrir að framlög Íslands til þróunarsamvinnu færu hækkandi yfir tímabil fjármálaáætlunarinnar úr 0,35% af vergum þjóðartekjum (VPT) árið 2024 í 0,46% árið 2028.

### Hagræn skipting útgjalda

Í eftirfarandi töflu eru útgjöld málefnasviðsins, þróun fjárheimilda og fjármögnun frá árinu 2023 greind í fjóra þætti eftir hagrænni skiptingu, eins og nánar er greint frá í inngangskafla málefnasviða. Hagræn skipting útgjalda niður á málaflokka birtist í fylgiriti með fjárlögum.

	Reikningur <sup>1</sup> 2023 m.kr.	Fjárlög 2024 m.kr.	Frumvarp 2025 m.kr.	Br. frá fjárlögum %	Br. frá reikn. %
<b>35 Alþjóðleg þróunarsamvinna</b>					
Rekstrarframlög .....	2.560,3	3.150,4	3.313,9	5,2	29,4
Rekstrartilfærslur .....	10.593,5	9.956,4	11.696,4	17,5	10,4
Fjármagnstilfærslur .....	0,0	0,0	0,0	-	-
Fjárfestingarframlög .....	47,2	0,0	0,0	-	-100,0
<b>Heildarútgjöld .....</b>	<b>13.201,0</b>	<b>13.106,8</b>	<b>15.010,3</b>	<b>14,5</b>	<b>13,7</b>
Rekstrartekjur .....	-	4,9	4,9	0,0	-
Framlag úr ríkissjóði .....	-	13.101,9	15.005,4	14,5	-
Viðskiptahreyfingar .....	-	0,0	0,0	-	-
<b>Samtals fjármögnun .....</b>	<b>-</b>	<b>13.106,8</b>	<b>15.010,3</b>	<b>14,5</b>	<b>-</b>

<sup>1</sup> Vakinn er athygli á því í samanburðinum hér að þar sem við á hafa afskrifrit ársins 2023 verið dregnar frá en fjárfestingum bætt við en þær eru ekki gjaldfærðar innan ársins heldur eignfærðar í efnahagsreikningi.

### 35.10 Þróunarsamvinna

Starfsemi málaflokksins er í höndum þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytis, sendiskrifstofa Íslands í Lilongwe, Kampala og Freetown sem og fastanefnda Íslands í New York, Genf, París og Róm. Íslensk stjórnvöld leggja sig fram um að vera áreiðanlegur samstarfsaðili í þróunarsamvinnu, fara vel með þróunarfé og vinna samkvæmt bestu starfsvenjum. Utanríkisráðuneytið á í markvissu samstarfi við alþjóðastofnanir og samstarfslönd með framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi. Rammasamningum við áherslustofnanir og frjáls félagsamtök er ætlað að auka sveigjanleika, fyrirsjáanleika og viðbragðsflýti þeirra. Yfirmarkmið þróunarsamvinnu Íslands er *útrýming fátæktar, virðing fyrir mannréttindum og bætt lífsskilyrði* sem grundvallast á framtíðarsýn heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Nánar er fjallað um málaflokkinn í fjármálaáætlun, þar á meðal ábyrgðarskiptingu, helstu áskoranir og tækifæri, markmið og mælikvarða um árangur o.fl.

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu verkefni málaflokksins árið 2025 og tengingu þeirra við markmið ásamt helstu breytingum sem verða á fjárveitingum á milli ára. Eingöngu eru sýndar breytingar sem verða á fjárveitingum til verkefna frá fjárlögum ársins 2024. Þannig endurspeglar fjárhæðir ekki heildarfjárveitingar til verkefna nema í tilvikum þar sem breyting á milli ára felur í sér heildarfjármögnun verkefnisins.

Helstu verkefni 2025	Framkvæmdaraðili	Breyting á fjárveitingu til verkefnis
<b>Markmið 1:</b> Uppbygging mannaúðs og samfélagslegra grunnstoða með áherslu á mannréttindi og jafnrétti kynjanna		
Byggingarverkefni í Malaví, Síerra Leóne og Úganda (HM 4, 3, 6, 5).	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Samstarfsverkefni með Mannfjöldasjóði SP um aðgerðir gegn fæðingarfistli í Malaví, Síerra Leóne og Úganda (HM 3, 5).	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við kjarnastofnanir SP sem vinna í þágu mannréttinda og kynjajafnréttis (HM 5, 10).	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 2:</b> Viðbrögð gegn loftslagsvánni, efling viðnámsþróttar samfélaga og sjálfbær nýting náttúruauðlinda		
Verkefni í Síerra Leóne á sviði fiskimála og bláa hagkerfisins (HM 14).	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Þátttaka í verkefni NDF um aukna nýtingu og aðgang að endurnýjanlegri orku í Afríku (HM 7, 13).	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Stuðningur við GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu með færni- og þekkingaruppbyggingu (HM 7, 15, 14, 13).	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
<b>Markmið 3:</b> Ísland er áreiðanlegur samstarfsaðili í alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðarmálum og beitir sér í þágu stöðugleika og friðar		
Fyrirsjáanlegur og tímanlegur stuðningur við lykilstofnanir SP á sviði mannúðaradstoðar.	Utanríkisráðuneyti	Innan ramma
Efnahags- og mannúðarstuðningur við Úkraínu í samræmi við þingsályktun.	Utanríkisráðuneyti	2.000 m.kr.

Heildarfjárheimild til málaflokksins fyrir árið 2025 er áætluð 15.010,3 m.kr. og hækkar um 1.903,5 m.kr. frá gildandi fjárlögum. Ekki eru gerðar almennar launa- og verðlagsbreytingar á fjárheimild málaflokksins. Ekki er um verulegar breytingar á hagrænni skiptingu innan málaflokksins að ræða.

Helstu breytingar á fjárheimildum málaflokksins eru eftirtaldar:

- Framlög til málaflokksins hækka um 2.500 m.kr. vegna aukins stuðnings við mannúðar- og uppbyggingarstarf í Úkraínu á grundvelli þingsályktunartillögu utanríkisráðherra sem samþykkt var á Alþingi í apríl 2024. Framlögum verður varið til verkefna í Úkraínu sem talist geta til þróunarsamvinnu samkvæmt skilgreiningu þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC) og þannig stuðla að því að Ísland uppfylli skuldbindingar sínar varðandi framlög til þróunarsamvinnu eins og kveðið er á um í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028. Aðkoma að verkefnum sem falla undir þennan stuðning er fjölbreytt og snertir í reynd flesta málaflokka ráðuneytis.
- Fjárheimild til málaflokksins lækkar á móti um 500 m.kr. vegna niðurfellingar tímabundins framlags til aukinnar mannúðar- og efnahagsaðstoðar við Úkraínu sem kom inn í 2. umræðu fjárlagafrumvarps 2024.
- Framlög til málaflokksins aukast um 20 m.kr., byggt á spá Hagstofunnar um vergar þjóðartekjur. Tillagan er liður í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028 þar sem stefnt var að því að framlög Íslands til þróunarsamvinnu færu

hækkandi yfir tímabil fjármálaáætlunar 2024–2028 úr 0,35% af vergum þjóðartekjum (VPT) árið 2024 í 0,46% árið 2028 og næmu 0,37% árið 2025 að undanskildum stuðningi Íslands við Úkraínu.

- d. Hlutdeild málaflokksins í aðhaldskröfu málefnasviðsins nemur 116,5 m.kr. Þar af eru 100 m.kr. sem miðast við 4% af framlögum til nýrra og aukinna verkefna. Ný og aukin verkefni í fjármálaáætlun 2025–2029 felast fyrst og fremst í hækkun framlaga vegna Úkraínu. Framlög vegna þessara verkefna eru því í skert í samræmi við sértækar aðhaldsaðgerðir fyrir 2025 en forgangsraðað verður innan viðkomandi málaflokka þannig að staðið verður við skuldbindingar sem Ísland hefur nú þegar undirgengist varðandi stuðning við Úkraínu. Annað verður útfært við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2025.

## Viðauki – Framsetning og uppgjör ríkisfjármála

Lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, kveða m.a. á um að framsetning ríkisfjármála og reikningsskil skuli byggð á alþjóðlegum stöðlum. Í því fólst umtalsverð breyting frá eldri lögum nr. 88/1997, lögum um fjárreiður ríkisins, sem kváðu á um að fylgja skyldi ákvæðum laga um ársreikninga, þó með veigamiklum undantekningum að því er varðaði meðferð á varanlegum rekstrarfjármunum og verðbótum.

Lögin gera ráð fyrir að reikningsskil fyrir A-hluta ríkisins og ríkisaðila í A1- og A2- hluta skuli gerð á grundvelli alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn, IPSAS (e. *International Public Sector Accounting Standards*). Þá gera lögin ráð fyrir því að framsetning og flokkun upplýsinga um fjármál A-hluta ríkisins, sem og um A1-hluta ríkissjóðs, skuli vera samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli, svokölluðum GFS-staðli (e. *Government Finance Statistics Manual*) sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur umsjón með.

Innleiðing á breyttum reikningsskilum er umfangsmikið verkefni og er ekki að fullu lokið fyrir útgáfu á ríkisreikningi fyrir síðastliðið ár. Í ríkisreikningi 2023 eru ákveðnar breytingar innleiddar. Stærstur hluti þess snýr að því að búið er að ljúka innleiðingu á samstæðureikningsskilum þannig að samstæðureikningurinn nú nær yfir heildarsamstæðu ríkissjóðs A-, B- og C-hluta. Í seinni hluta ríkisreiknings er svo að finna ársreikning A1-hluta ríkissjóðs ásamt ýmsum séryfirlitum og sundurliðunum, sem gefa frekari upplýsingar um ríkisfjármálin. A1-hluti ríkissjóðs er sá hluti ríkisrekstrarins sem tekur til starfsemi sem einkanlega er fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum og á sér samsvörun í fjárlögum. Reikningsskil fyrir árið 2023 eru gerð á grundvelli IPSAS-staðlanna með frávikum þar sem reikningsskilaráð hefur heimilað frestun á innleiðingu í samræmi við heimildir 52. gr. laga um opinber fjármál um gerð og framsetningu reikningsskila. Áfram er unnið að því að þróa áætlanir og reikningsskil ríkisins að kröfum GFS- og IPSAS-staðlanna í samráði við Fjársýslu ríkisins og Hagstofu Íslands með það að markmiði að tryggja samræmi gagna og upplýsinga og gagnsæi um frávik milli staðlanna tveggja.

### Yfirlit frumvarpsins

**Í 1. gr. frumvarpsins er fjárstreymisyfirlit** sem sett er fram skv. GFS-staðlinum með upplýsingum um meginstærðir ríkisfjármálanna. Þar er sett fram sundurliðuð áætlun á tekjum og gjöldum A1-hluta ríkissjóðs eftir hagrænni flokkun ásamt breytingum á eignum og skuldum. Í því yfirliti hefur verið tekið tillit til innbyrðis viðskipta og tilfærslna milli ríkisaðila innan A1-hlutans. Yfirlitið veitir góða sýn á áhrif ríkisfjármálanna í efnahagslegu tilliti, s.s. á eftirspurn, framleiðslu og tekjudreifingu. Aðrar greinar fjárlaga sem varða fjármál A1-hluta ríkissjóðs eru byggðar á reikningsskilaaðferðum í samræmi við IPSAS. Ríkisreikningur skal gerður upp samkvæmt IPSAS-staðlinum en þar ber jafnframt að sýna tengingu á milli niðurstaðna reikningsskilanna við ofangreint fjárstreymisyfirlit A1-hluta ríkissjóðs samkvæmt GFS-staðlinum.

**Í 2. gr. er áætlun um sjóðstreymi ríkissjóðs** með yfirliti um innheimtar tekjur og greidd rekstrargjöld, fjárfestingarhreyfingar og lánahreyfingar og breytingu á handbæru fé.

**Í 3. gr. frumvarpsins** er birt yfirlit um fjárheimildir fyrir 35 málefna svið A1-hluta ríkissjóðs á rekstrargrunni samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum. Fjárheimildirnar eru greindar niður eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum A1-hlutans í rekstrarframlög, rekstrar-tilfærslur, fjármagnstilfærslur og fjárfestingarframlög. Tilfærsluframlögin renna til rekstrar og fjárfestinga annarra aðila en fjárfestingarframlögin eru til eignamyndunar hjá ríkis-

aðilum í A1-hluta. Eignamyndunarframlagið færir í skuldahlið sem fyrirframgreitt framlag/frestaðar tekjur á móti eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna. Í yfirlitinu er einnig sýnt hvernig fjárheimildum er mætt með fjármögnun af rekstrartekjum ríkisaðila og framlögum úr ríkissjóði. Neðst í yfirlitinu má jafnframt sjá aðlögun að GFS-staðlinum og heildarfjárheimildir samkvæmt þeim staðli.

**Í 4. gr. frumvarpsins** er birt yfirlit um fjárheimildir málefnasviða og málaflokka á rekstrargrunni byggt á IPSAS-reikningsskilastaðlinum, sundurliðaðar eftir ráðuneytum. Markmið greinarinnar er að draga fram heildarfjárheimild hvers málefnasviðs og málaflokks og þau ráðuneyti sem ábyrgð bera á viðkomandi málaflokki.

**Í sundurliðun 2** er sýnd skipting á fjárheimildum málefnasviða eftir málaflokkum og ráðuneytum ásamt upplýsingum um fjármögnun útgjalda með rekstrartekjum, framlagi úr ríkissjóði eða af efnahagsliðum. Nánari skipting fjárheimilda í fjárveitingar til ríkisaðila og verkefna og í varasjóði málaflokka er sett fram í fylgiriti með frumvarpinu. Í fylgiritinu er yfirlit um fjárveitingar til einstakra ríkisaðila og verkefna á rekstrargrunni og fjármögnun þeirra með rekstrartekjum ríkisaðila eða beinu framlagi úr ríkissjóði. Er sú framsetning gerð samkvæmt IPSAS-reikningsskilastaðlinum á sama hátt og á við um 3. og 4. gr. frumvarpsins og sundurliðun 2.

Vakin er athygli á því að skv. 51. gr. laga um opinber fjármál skal færa allar tekjur A1-hluta ríkissjóðs í yfirlit um tekjur A1-hluta ríkissjóðs í heild en í reikninga einstakra ríkisaðila í A1-hluta færast einungis rekstrartekjur þeirra. Í athugasemdum við greinina segir að þær skatttekjur sem fram að gildistöku laga um opinber fjármála voru markaðar tilteknum stofnunum færast nú eingöngu hjá ríkissjóði. Einnig kemur þar fram að gert sé ráð fyrir því að tekjustofn sé tengdur málaflokki í heild sinni en ekki einstökum aðilum sem annast framkvæmd innan hans. Því beri að láta tekjurnar af honum renna í ríkissjóð en það sé hlutverk Alþingis að ákveða með fjárheimildum í fjárlögum hverju sinni hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflokks. Til samræmis við þetta hefur viðkomandi lagaákvæðum um markaðar tekjur, sem áður voru færðar í bókhaldi stofnana eða fjárlagaliða, verið breytt með lögum nr. 47/2018, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur.

### **Breytt framsetning ríkisfjármála**

Hagstofa Íslands gaf í lok árs 2020 út endurskoðun á flokkun hageininga (e. sector classification) sem snýr að afmörkun hins opinbera (e. general government sector) í íslenskum þjóðhagsreikningum (Hagtíðindi, greinargerð, Flokkun stofnanaeininga í þjóðhagsreikningum, 30. nóvember 2020). Með breyttri flokkun ríkisaðila samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli verða eftirleidis sjálfstæðir lögaðilar hluti af A-hluta ríkissjóðs, þ.m.t. ákveðin hlutafélög í eigu ríkissjóðs. Við þessa endurflokkun munu einnig ýmsar einingar sem áður hafa heyrt til B- og C-hluta verða flokkaðar með A-hluta.

Við þá breytingu er nauðsynlegt að um A-hluta gildi mismunandi forsendur eftir eðli og tilgangi starfseminnar. Því skiptist A-hluti í þrjá hluta: Í A1-hluta er starfsemi sem fallið hefur undir ríkissjóð og er einkanlega fjármögnuð með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum og framlögum úr ríkissjóði, í A2-hluta er starfsemi sem samanstendur af starfsemi fyrirtækja, lána- og fjárfestingarsjóða og önnur starfsemi sem er rekin undir beinni stjórn ríkisins en stendur undir sér með sölu á vöru eða þjónustu, leigu og lánastarfsemi, í A3-hluta er starfsemi hlutafélaga sem eru að meiri hluta í eigu ríkissjóðs en sinna hlutverkum á sviði opinberrar þjónustu skv. alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Eftir sem áður verða flokkar B- og C-hluta áfram til og undir þá falla aðrar fullgildar hageiningar skv. alþjóðlegum hagskýrslustöðlum.

Tilfærsla lánastofnana í A-hluta fjárlaga kallar á aðgreiningu þeirra innan A-hluta frá annarri starfsemi með tilliti til regluverks og framsetningar í fjárlögum. Því eru þessir aðilar



